Stjórnartíðindi
1982 - B-deild - 2. hluti

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Meiriháttar gallar á bls. 1493.
Minniháttar gallar á bls. 760, 1355, 1462, og 1615.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

B

1982

2. BINDI

NR. 440—814

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 — 1982

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka og við Reykjafjarðarál.

1. gr.

Frá og með 1. ágúst 1982 til og með 10. september 1982, eru allar veiðar með flotvörpu og botnvörpu bannaðar á svæði á Hornbanka og við Reykjafjarðarál á svæði, sem markast af línu, sem dregin er úr punkti 66°40'0 N 22°24'5 V um eftirgreinda punkta:

1. 66°59'0 N 22°45'5 V
2. 67°04'6 N 20°51'7 V
3. 66°55'4 N 20°46'5 V
4. 66°30'8 N 21°17'8 V
5. 66°19'6 N 21°11'5 V.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. júlí 1982.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 48, nr. 440. Útgáfudagur 30. júlí 1982.

B 94

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 — 1982

Nr. 441. 750 3. ágúst 1982.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar, nr. 315, 24. maí 1982.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá rafveitunnar frá og með 5. ágúst 1982:

Allir taxtar gjaldskrárinnar hækki um 23%

Iðnaðarráðuneytið, 3. ágúst 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 442. 3. ágúst 1982.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrar, nr. 286, 24. maí 1982.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá hitaveitunnar, frá og með 5. ágúst 1982:

Allir taxtar gjaldskrárinnar hækki um 20%

Iðnaðarráðuneytið, 3. ágúst 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Stjórnartíðindi B 49, nr. 441—442. Útgáfudagur 4. ágúst 1982.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 — 1982

AUGLÝSING

um hækkun hafnargjaldskráa.

Samkvæmt 27. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með til að öðlast þegar gildi 12.3% hækkun á gildandi gjaldskrám eftirtalinna hafnasjóða:

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, nr. 108/1975, sbr. reglugerðir nr. 61/1977, nr. 336/1977 og nr. 361/1982.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness, nr. 147/1975, sbr. reglugerð nr. 364/1982.
3. Gjaldskrá fyrir Landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, nr. 195/1975, sbr. reglugerð nr. 365/1982.
4. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsvíkurhrepps, nr. 112/1975, sbr. reglugerð nr. 366/1982.
5. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundarfjarðar, nr. 136/1975, sbr. reglugerð nr. 367/1982.
6. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stykkishólms, nr. 118/1975, sbr. reglugerð nr. 368/1982.
7. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Patrekshafnar, nr. 407/1975, sbr. reglugerð nr. 370/1982.
8. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhafnar, nr. 124/1975, sbr. reglugerð nr. 371/1982.
9. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bíldudalskauptúns, nr. 217/1976, sbr. reglugerð nr. 372/1982.
10. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þingeyrarkauptúns, nr. 179/1976, sbr. reglugerð nr. 374/1982.
11. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Flateyrarkauptúns, nr. 134/1975, sbr. reglugerð nr. 373/1982.
12. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Suðureyrarkauptúns, nr. 211/1976, sbr. reglugerð nr. 375/1982.
13. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hólmavíkurkauptúns, nr. 192/1975, sbr. reglugerð nr. 379/1982.
14. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 261/1975, sbr. reglugerð nr. 380/1982.
15. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Sauðárkrókskaupstaðar, nr. 256/1975, sbr. reglugerð nr. 283/1982.
16. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 180/1975, sbr. reglugerð nr. 385/1982.
17. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hríseyjar, nr. 173/1975, sbr. reglugerð nr. 388/1982.
18. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akureyrar, nr. 198/1975, sbr. reglugerð nr. 389/1982.
19. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grenivíkur í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 99/1979, sbr. reglugerð nr. 391/1982.

20. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grímseyjarhafnar, nr. 190/1975, sbr. reglugerð nr. 390/1982.
21. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Húsavíkur, nr. 184/1975, sbr. reglugerð nr. 393/1982.
22. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Kópaskerskauptúns, nr. 166/1977, sbr. reglugerð nr. 394/1982.
23. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarfjarðarhrepps, nr. 126/1975, sbr. reglugerð nr. 399/1982.
24. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar, nr. 122/1975, sbr. reglugerð nr. 400/1982.
25. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Neskaupstaðar, nr. 21/1976, sbr. reglugerð nr. 402/1982.
26. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Breiðdalsvíkur, nr. 140/1975, sbr. reglugerð nr. 407/1982.
27. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarkauptúns, nr. 114/1975, sbr. reglugerð nr. 408/1982.
28. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grindavíkur, nr. 182/1975, sbr. reglugerð nr. 411/1982.
29. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vogahafnar í Gullbringusýslu, nr. 499/1975, sbr. reglugerð nr. 414/1982.
30. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarfjarðar, nr. 116/1975, sbr. reglugerð nr. 415/1982.

Þrátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskrá.

Samgönguráðuneytið, 3. ágúst 1982.

F. h. r.
Brynjólfur Ingólfsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

Stjórnartíðindi B 50, nr. 443. Útgáfudagur 5. ágúst 1982.

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 — 1982

REGLUGERÐ

um loðdýrarækt og innflutning loðdýra.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirumsjón með allri loðdýrarækt í landinu, sbr. lög nr. 53 frá 29. maí 1981. Yfirdýralæknir og héraðsdýralæknar annast eftirlit með því að reglum um heilbrigði, innflutning og sóttkví loðdýra sé fylgt.

Búnaðarfélag Íslands annast eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um loðdýrarækt sé framfylgt. Skal eftirlitsmaður heimsækja hvert loðdýrabú eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Fulltrúa Búnaðarfélags Íslands er heimilt að leita álits viðkomandi héraðsdýralæknis um mál er snerta heilbrigðisþætti búanna.

2. gr.

Loðdýr og loðdýrarækt nefnist það í reglugerð þessari ef dýr eru alin vegna verðmætis skinnanna, eingöngu eða aðallega. Loðdýrabú nefnast hús, búr og girðingar þar sem loðdýr eru höfð í vörslu.

Landbúnaðarráðherra sker úr álitamálum um hvort dýrategund skuli teljast loðdýr eða ekki.

Um innflutning og sóttkví.

3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins loðdýr nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins og með samþykki yfirdýralæknis. Þeir sem óska eftir að flytja loðdýr til landsins skulu senda um það skriflega umsókn til landbúnaðarráðuneytisins ásamt upplýsingum um hvaðan dýrin verði keypt, tegund, fjölda þeirra, kyn, aldur og auðkenni, sbr. 3. gr. laga nr. 53 frá 21. maí 1981.

4. gr.

Ekki er heimilt að veita innflutningsleyfi fyrir loðdýrum til Íslands nema fyrir liggi skriflegar upplýsingar heilbrigðisyfirvalda í viðkomandi landi um að eigi hafi orðið vart smitsjúkdóma undanfarin þrjú ár í því búi þar sem dýrin eru keypt og að slíkra sjúkdóma hafi heldur ekki orðið vart í héraðinu næstliðin þrjú ár.

Áður en loðdýr eru flutt til landsins setur yfirdýralæknir reglur um þær rannsóknir, ónæmisaðgerðir o. fl. sem nauðsynlegt er talið af öryggisástæðum að gera í hvert sinn.

5. gr.

Loðdýrum sem flutt eru til landsins skulu fylgja fullgild heilbrigðisvottorð svo og vottorð um ónæmisaðgerðir, ef þeirra hefur verið krafist. Strax og dýrin koma til landsins skulu þau skoðuð af embættisdýralækni sem ganga skal úr skugga um að þau séu heilbrigð og að þeim fylgi tilskilin vottorð og aðrar þær upplýsingar sem krafist var er innflutningsleyfi var veitt.

6. gr.

Ef loðdýr sem inn eru flutt reynast heilbrigð og fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum skulu þau sett í sóttkví á kostnað og ábyrgð eiganda á meðan ríkið byggir ekki einangrunar-

stöð. Dýrunum skal haldið í sóttkví eins lengi og yfirdýralæknir telur nauðsynlegt, minkum eigi skemur en 16 mánuði og refum eigi skemur en 12 mánuði. Um útbúnað og tilhögun sóttkvíar skal fara eftir fyrirsögn yfirdýralæknis og er óheimilt að flytja þangað dýr fyrr en gengið hefur verið úr skugga um að fyrirkomulag og búnaður sé eins og fyrir hefur verið lagt.

Ef sóttkví er í nágrenni eða tengslum við loðdýrabú má eigi selja eða afhenda á annan hátt dýr úr búinu meðan á sóttkví stendur og eigi fyrr en viðkomandi embættisdýralæknir heimilar.

7. gr.

Í hvert sinn sem innflutt loðdýr eru sett í sóttkví skal embættisdýralæknir afhenda eiganda eða umráðamanni dýranna skrifleg fyrirmæli um hvaða varúðarráðstafanir séu nauðsynlegar til að varna því að smitsjúkdómar berist frá hinum innfluttu dýrum. Skulu reglur þessar staðfestar af yfirdýralækni fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins.

Ef umráðamaður eða eigandi loðdýranna vanrækir eða hlítir ekki settum reglum um sóttkví varðar það sektum.

Ef um endurtekið eða alvarlegt brot er að ræða getur landbúnaðarráðuneytið látið lóga bótalaust, á kostnað eiganda, öllum þeim dýrum sem í sóttkví eru.

8. gr.

Meðan innflutt dýr eru í sóttkví skulu þau skoðuð reglulega af embættisdýralækni samkvæmt nánari fyrirmælum yfirdýralæknis. Eigandi eða umráðamaður skal veita nauðsynlega aðstoð við skoðun dýranna. Umráðamaður dýranna skal án tafar gera embættisdýralækni viðvart ef upp kemur sjúkdómur í dýrunum og öll hræ af dauðum dýrum skal hann varðveita og senda til rannsóknar. Embættisdýralæknir hlutast til um, í samráði við yfirdýralækni, að gengið sé úr skugga um, strax og unnt er, hvaða sjúkdóm sé um að ræða. Skal hann þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu og tjón af völdum sjúkdómsins.

9. gr.

Eigandi ber ábyrgð á vanhöldum, slysum og óhöppum sem loðdýr kunna að valda meðan á sóttkví stendur.

Komi upp smitsjúkdómur í innfluttum loðdýrum meðan þau eru geymd í sóttkví er landbúnaðarráðuneytingu heimilt, ef um hættulegan og óþekktan sjúkdóm á Íslandi er að ræða skv. dómi yfirdýralæknis, að láta lóga öllum hinum innfluttu dýrunum bótalaust, á kostnað eiganda. Sama máli gegnir um önnur loðdýr sem kunna að hafa smitast ef það má rekja til vanrækslu eiganda.

Hræjum og öðru er smithætta getur stafað af skal eyða á tryggilegan hátt að fyrirmælum yfirdýralæknis. Skylt er eigendum hinna innfluttu dýra að leggja fram nauðsynlega vinnu við hreinsun og sótthreinsun að lokinni slátrun.

Sé talið nauðsynlegt að eyða búrum eða öðrum útbúnaði skal það gert á kostnað eiganda, bótalaust af hálfu ríkissjóðs.

Um almennar sjúkdómavarnir.

10. gr.

Komi upp smitsjúkdómur eða grunur um smitsjúkdóm í loðdýrabúi skal umráðamaður eða eigandi þegar í stað gera viðkomandi héraðsdýralækni aðvart.

Skal héraðsdýralæknir þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja frekari útbreiðslu sjúkdómsins og tjón af hans völdum. Jafnframt skal hann hlutast til um að fá staðfesta sjúkdómsgreiningu með því að senda nauðsynleg líffæri eða heil hræ til rannsóknar að Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum.

Ennfremur skal hann tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn og hafa samráð við hann um frekari sóttvarnaraðgerðir.

Heimilt er að hneppa loðdýrabú í sóttkví um lengri eða skemmri tíma ef upp kemur alvarlegur smitsjúkdómur í búinu og fyrirskipa aðrar ráðstafanir sem landbúnaðarráðuneytið telur nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins, þ. á m. slátrun dýranna. Skulu fyrirmæli um slíkar aðgerðir gefin skriflega.

11. gr.

Nú er talið nauðsynlegt að gera ónæmisaðgerðir á loðdýrum til að girða fyrir eða hefta útbreiðslu smitsjúkdóma. Skal þá eingöngu nota efni sem landbúnaðarráðuneytið hefur viðurkennt. Bólusetja skal eftir reglum sem yfirdýralæknir setur. Bólusetningu annast héraðsdýralæknar eða menn undir þeirra umsjón, sem lært hafa meðferð bóluefnis og héraðsdýralæknar telja fullgilda til verksins.

Skýrslur um bólusetningu skal senda yfirdýralækni jafnskjótt og við verður komið. Skulu þær gerðar á sérstök eyðublöð sem hann afhendir héraðsdýralæknum.

Innflutning bóluefnis í þessu augnamiði annast Lyfjaverslun ríkisins eða Tilraunastöðin á Keldum. Öðrum er óheimill innflutningur. Skal Tilraunastöðin á Keldum sjá um að nauðsynleg lyf séu ætíð tiltæk.

Nú fyrirskipar landbúnaðarráðuneytið bólusetningu í tilteknu búi vegna yfirvofandi smithættu eða til varnar veiki sem upp hefur komið og skulu þá allir loðdýraeigendur er fyrirskipunin nær til veita næga aðstoð við bólusetningu ella skal kveða til aðstoðarfólk á þeirra kostnað. Kostnað við bólusetningu og bóluefni skulu eigendur loðdýrabúsins bera samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðuneytið setur.

12. gr.

Óheimilt er að flytja milli fjárskiptahólfa hráar sláturafurðir sem ætlaðar eru til fóðurs fyrir loðdýr nema með leyfi sauðfjárveikinefndar.

Til loðdýrafóðurs má eingöngu nota sláturafurðir af dýrum sem reynst hafa heilbrigð við slátrun.

Við alla meðferð loðdýrafóðurs úr sláturafurðum skal þess gætt að öðrum dýrategundum stafi ekki smithætta af fóðurleifum eða fóðri sem ekki er nýtt. Hræ af loðdýrum má ekki nota ósoðin sem fóður.

13. gr.

Ef hundapestar verður vart er heimilt að fyrirskipa bann á samgangi hunda á tilteknum svæðum tiltekinn tíma. Sama máli gegnir um flutning á loðdýrum á milli búa.

Hundaeigendur á þeim svæðum sem bannið nær til skulu gæta þess að halda hundum sínum heima og forðast að þeir hafi samgang við aðra hunda eða komi nálægt loðdýrabúum. Ef út af ber eru hundar þeirra réttdræpir.

Um stofnun, gerð og rekstur loðdýrabúa.

14. gr.

Þeir sem óska að stofnsetja loðdýrabú skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um menntun og reynslu þeirra sem eiga að sjá um hirðingu og meðferð dýranna. Umsóknum skulu einnig fylgja ítarlegar áætlanir um byggingu loðdýrabúsins, gerð þess, tæknilegan rekstur og fjármál svo og upplýsingar um hvaða dýr fyrirhugað er að rækta á búinu. Ennfremur skal fylgja umsókninni umsögn viðkomandi sveitarstjórnar, skipulagsnefndar og heilbrigðisnefndar.

Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til stofnunar loðdýrabús að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Heimilt er að binda leyfi við ákveðin stærðarmörk og miða fjölda ásetningardýra við að hirðing þeirra sé fullt starf tveggja manna. Leyfin skulu gefin út á sérstökum eyðublöðum þar sem tilgreindur er fjöldi og tegund dýra. Loðdýrarækt má þó ekki hefjast á

búinu fyrr en trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralæknir hafa gert úttekt á byggingum, vörslu, búnaði og allri aðstöðu og gengið úr skugga um að gerð búsins fullnægi ákvæðum laga og reglugerða. Verði nefndir eftirlitsmenn eigi samdóma um hæfni búsins til móttöku á loðdýrum skal búseigandi bæta um svo samþykki fáist.

Óski loðdýrabóndi að stækka bú sitt umfram það sem tilgreint er í gildandi leyfi skal hann sækja um það til landbúnaðarráðuneytisins sem fer með þá umsókn á sama hátt og umsókn um ný leyfi.

Breytingar á húsum og stækkun á þeim skal taka út með sama hætti og nýjar byggingar.

15. gr.

Loðdýrabú skal hafa minnst tvöfalda vörn gegn því að dýr sem þar eru geti sloppið úr haldi. Dýr skulu ávallt vera í dýrheldum vírnetsbúrum, gerðum úr efni sem er viðurkennt af Byggingastofnun landbúnaðarins. Skálar skulu ávallt vera dýrheldir, úr viðurkenndum efnum. Inngangur í slíka skála skal vera nægilega rúmur, með tveim hurðum og þannig umbúið að ekki sé hægt að hafa ytri og innri dyr opnar samtímis. Um bú sem hafa fleiri en sem svarar eitt þúsund minkalæður eða 300 refalæður skulu og vera dýrheldar girðingar. Um þennan búnað og gerð skála skal fara eftir tillögum Búnaðarfélag Íslands og teikningum sem gerðar eru eða viðurkenndar hafa verið af Byggingastofnun landbúnaðarins.

Þar sem gömul hús eru tekin til loðdýraræktar skal eigandi eða forráðamaður afla sér teikninga af nauðsynlegum breytingum, þar á meðal gerð öryggisútbúnaðar, áður en framkvæmdir hefjast. Slíkar teikningar skulu samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands og Byggingastofnun landbúnaðarins.

Ef byggingar hafa ekki fullt vörslugildi skal gera um þær dýrhelda girðingu. Girðingar skulu fullnægja þeim ákvæðum er hér fara á eftir um vörsluhæfni og þeim styrkleikamörkum sem ákveðin eru í stöðlum frá Byggingastofnun landbúnaðarins.

Girðing skal vera a. m. k. 4 m frá skálum og mishæðum. Stólpar girðinga skulu vera úr fúavörðu tré, steinsteypu eða „galvaniseruðu" járni og grafnir niður fyrir frost. Á stólpa skulu fest 3 langbönd.

Girðing um minkabú skal eigi vera lægri ofan jarðar en 160 cm. Grindin skal vera klædd að innanverðu með vírneti og nái klæðning a. m. k. 40 cm niður fyrir jarðaryfirborð. Beggja megin girðingar skal fyllt með grófri möl. Á efri brún girðingar að innanverðu skal setja 30 cm breiðan járn- eða álrenning.

Girðingar um refabú skulu vera minnst 180 cm háar, klæddar með vírneti úr minnst 1,65 mm gildum vír. Möskvar netsins mega ekki vera stærri en 60 mm. Yfir girðingarnetinu skal hafa loftskör úr sams konar neti og skal skörin mynda sem næst 120° horn við girðinguna innanverða. Neðan á girðinguna skal festa jarðskör úr sama efni og jafn breiða loftskörinni. Jarðskörin skal grafin í jörð skáhallt inn frá girðingunni.

Standi girðingar um loðdýrabú á klöpp skulu þær steyptar niður, þannig að þær veiti trygga vörslu og séu nægilega traustar.

Lokubúnaður göngudyra skal vera spennugormslokun eða annar álíka, þannig að hurð læsist um leið og henni er sleppt. Dyrum fyrir ökutæki skal lokað með rennihurðum (bílskúrshurðum) og skulu þær aðeins opnanlegar innanfrá.

Girðing um kanínubú skal vera a. m. k. 1,5 m á hæð og grafin í jörð, skáhallt inn, a. m. k. 25 cm eða búið þannig um að dýrin geti ekki grafið sig út úr girðingunni. Gildleiki vírsins skal eigi vera minni en 1,65 mm og möskvastærð eigi meiri en 5,2 cm.

16. gr.

Í hverju minkabúi skal vera hæfilegur fjöldi af hentugum gildrum og skulu sumar þeirra ávallt vera innan girðingar og til taks ef dýr sleppa út. Einnig skulu vera í hverju loðdýrabúi nokkrir háfar og tengur eða önnur hentug tæki til að fanga dýr sem sloppið hafa.

Í hverju loðdýrabúi er skylt að halda nákvæma skrá yfir öll dýr í búinu; lifdýr, hvolpa sem fæðast, svo og hvolpa og fullorðin dýr sem kunna að drepast. Öll dýr sem misfarast skal brenna eða grafa þegar í stað séu þau ekki send til rannsóknar.

Búnaðarfélag Íslands lætur prenta og sér um útgáfu gagna til skýrsluhalds og segir nánar fyrir um notkun þeirra. Trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands skulu hafa aðgang að þessum skýrslum þegar þess er óskað.

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Sala loðdýra innanlands er aðeins heimil til þeirra er hafa leyfi landbúnaðarráðuneytisins til reksturs loðdýrabús. Skal seljandi fullvissa sig um það. Því aðeins má selja lifdýr að dýrin hafi áður verið flokkuð af trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands. Alla sölu skal skrásetja í þríriti. Heldur seljandi einu eintaki en kaupandi og Búnaðarfélag Íslands fá hvor sitt.

Flytja skal refi og minka í netbúrum og lokuðum flutningatækjum. Aldrei má flytja fullorðin dýr saman í búri og ekki fleiri en tvo hvolpa saman enda séu þeir yngri en þriggja mánaða.

Villt, íslensk loðdýr má eingöngu taka til eldis í sérstökum loðdýrabúum, að fengnu leyfi frá landbúnaðarráðuneytinu. Þeir sem veiða loðdýr lifandi í þessu skyni eiga ekki rétt til verðlauna af opinberu fé.

18. gr.

Héraðsdýralæknar og Búnaðarfélag Íslands skulu hafa samvinnu um strangt eftirlit með hreinlæti og fóðrun í loðdýrabúum. Skylt er eigendum eða umsjónarmönnum að fylgja eftirfarandi ákvæðum:

a. Fóðrun og þrif dýra skulu vera góð.
b. Óhreinindi sem setjast í búr og hreiðurkassa skal fjarlægja þegar í stað.
c. Gólf í loðdýrabúum skulu jafnan vera þurr, hrein og fóðurgangar steyptir.
d. Saur og úrgang skal fjarlægja það oft að ekki valdi raka eða ólofti. Úrgang skal geyma í sérstökum, steyptum þróm nema honum sé strax ekið í flög eða á völl.
e. Fóður skal geyma í sérstökum geymslum, blautfóður skal kæla eða frysta. Allar vélar sem notaðar eru við fóðurgerð skal hreinsa daglega eftir notkun. Í fóðurgerðarhúsum skulu veggir og gólf sléttpússuð svo auðvelt sé að halda þeim hreinum með vatnsskolun.
f. Rottum, músum, flóm, flugum og fuglum skal útrýma úr loðdýrabúum ef þeirra verður vart. Bannað er að hafa hunda og ketti í loðdýrabúum.

19. gr.

Bannað er að gera loðdýrum í loðdýrabúum ónæði.

Valdi óviðkomandi menn skemmdum á loðdýrabúum eða geri ónæði sem veldur tjóni varðar það sektum og bótaábyrgð.

Óheimilt er að fara í loðdýrabú nema með leyfi eiganda eða umsjónarmanns. Loðdýrabú skulu vera læst með lás þegar ekki er verið að starfa í þeim.

20. gr.

Loðdýr skal aflífa með eins skjótum hætti og unnt er og þess gætt að valda þeim sem minnstum sársauka eða kvölum. Yfirdýralæknir setur reglur um lyf til notkunar við aflífun loðdýra, afhendingu slíkra lyfja, varðveislu þeirra og annað er máli skiptir.

21. gr.

Óheimilt er að reisa loðdýrabú í minna en 500 m fjarlægð frá mannabústöðum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búsins. Í strjálbýli er heimilt að reisa loðdýrabú nær manna-

bústöðum á aðliggjandi bújörðum með samþykki hlutaðeigandi ábúenda og/eða eigenda. Að öðru leyti skal farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um staðsetningu, sbr. breytingu frá 12. maí 1982 á 3. málsgr. 162. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972.

Vanda skal staðarval loðdýrabúa. Jarðvegur skal vera þurr, t. d. melar, holt eða hraun, þar sem ekki er hætta á að vatn safnist fyrir.

Varast skal staði þar sem gætir sjóroks, aðfennis eða óeðlilegs hávaða, t. d. frá flugvélum, þungavinnuvélum, grjótnámi eða umferð.

22. gr.

Sleppi loðdýr úr vörslu skal sá sem vörsluna annast þegar í stað gera gangskör að því að handsama eða veiða dýrin. Jafnframt skal hann tilkynna hvarfið án tafar til veiðistjóra og viðkomandi lögreglustjóra.

Sé út af brugðið varðar það sektum til ríkissjóðs.

23. gr.

Einstaklingar þeir og félög sem fengið hafa leyfi til loðdýraræktar og loðdýraræktar stunda skulu stofna til landssamtaka sem beiti sér fyrir fræðslu meðal félagsmanna og stuðli að kynbótum og bættri arðsemi loðdýraræktar. Félagið gæti hagsmuna atvinnugreinarinnar í hvívetna. Landbúnaðarráðuneytið skal staðfesta lög félagsins.

Búnaðarfélag Íslands annast leiðbeiningaþjónustu í loðdýrarækt.

24. gr.

Hafi aðili fengið leyfi til að stofna loðdýrabú skal honum skylt, áður en dýr eru flutt í búið, að leita viðurkenningar eftirlitsmanns Búnaðarfélags Íslands og viðkomandi héraðsdýralæknis um að loðdýrabúið sé svo úr garði gert að vel sé. Verði nefndir eftirlitsaðilar eigi samdóma um búnað búsins til móttöku á loðdýrum skal búseigandi bæta um svo samþykki fáist.

25. gr.

Sé út af ákvæðum reglugerðar þessarar brugðið þannig að eftirlitsaðilar, trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands og viðkomandi héraðsdýralæknir telji að svipta beri viðkomandi aðila leyfi sínu til loðdýraræktar og/eða taka dýr úr vörslu þeirra ber þeim að tilkynna landbúnaðarráðuneytinu það.

Ráðuneytið felur viðkomandi lögregluyfirvöldum að framkvæma viðeigandi aðgerðir.

26. gr.

Brot gegn reglugerð þessari, sem ekki er sérstaklega mælt fyrir um í greinum hér að framan, varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ítrekuð, alvarleg brot af ásetningi eða stórfelldu gáleysi skulu jafnframt valda leyfishafa eða vörslumanni réttindamissi til að reka loðdýrabú.

Fara skal með mál út af brotum á reglugerð þessari að hætti opinberra mála.

27. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53 frá 29. maí 1981 um loðdýrarækt, lögum nr. 11 frá 23. apríl 1928 um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, lögum nr. 77 frá 1. október 1981 um dýralækna og lögum nr. 74 frá 28. apríl 1962 um innflutning búfjár og öðlast gildi þegar í stað og birtist þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um sama efni frá 16. nóvember 1969.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. júlí 1982.

Pálmi Jónsson.

Haukur Jörundarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 5/1968 um geislavarnir ríkisins.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Framkvæma skal árlega skoðun á þeim tækjum og efnum, sem framleiða geisla og leyfi þarf fyrir.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Eigandi tækis eða efnis, sem skoðunarskylt er samkvæmt reglugerð þessari, skal greiða sérstakt skoðunargjald, sem varið skal til að standast kostnað af skoðuninni.

Eigandi tækis eða efnis, getur óskað eftir aukaskoðun, sér að kostnaðarlausu.

Skoðunargjald greiðist á hverju ári og skal vera sem hér segir:

1. Röntgenskoðunartæki (diagnostik).

	Kr.
a. Föst tæki	1 000,00
b. Aukalampar	300,00
c. Móbíltæki	750,00
d. Tannröntgentæki	750,00

2. Röntgenlækningatæki (terapi).

Geislalækningatæki	2 250,00

3. Röntgentæki í iðnaði.

Iðnaðartæki	1 000,00

4. Geislavirk efni.

Fyrir hvern stað, sem slík efni eru notuð	750,00

5. Önnur tæki.

Tæki, sem ekki falla undir lið 1—4	750,00

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald þetta.

Fyrir skoðanir á fólki skal taka eftirfarandi gjald fyrir einstakling:

a. Persónumælingar (filmumælingar)	200,00
b. Persónumælingar (TLD. mælingar)	400,00

Gera skal árlega skýrslu til ráðuneytis og landlæknis um skoðunina.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum nr. 95/1962 öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júlí 1982.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar nr. 50 19. febrúar 1976.

Aftan við 19. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

„Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram."

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júlí 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 447. 20. júlí 1982.

AUGLÝSING

um umferð á Breiðdalsvík.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Breiðdalshrepps hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Umferð um Sæberg víki fyrir umferð um Ásveg og Sólvelli.
2. Umferð um Selnes norðan gatnamóta Selness og Sólvalla víki fyrir umferð um Sólvelli og Selnes sunnanvert.
3. Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Ásvegar.
4. Bannað er að leggja ökutækjum á austurbrún Ásvegar 50 metra frá gatnamótum Ásvegar og Sólvalla.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu, 20. júlí 1982.

Bogi Nilsson.

Nr. 448. 21. júlí 1982.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögum borgarráðs verða bifreiðastöður norðan megin á Skólavörðustíg, milli Bergstaðastrætis og Laugavegar, bannaðar.

Jafnframt eru felld úr gildi ákvæði 3. töluliðs auglýsingar um umferð í Reykjavík frá 22. október 1981.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 21. júlí 1982.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um innflutning á geislatækjum, er framleiða útfjólubláa geisla.

1. gr.

Innflutningur á geislatækjum er framleiða útfjólubláa geisla (solarium) er háður leyfi ráðuneytisins.

Innflytjendur skulu senda umsóknir til Geislavarna ríkisins og skal í umsókn greina frá framleiðanda, tegund tækis og lampa, magni UV-A, UV-B og UV-C geisla svo og bylgjudreifingu. Sé um að ræða sólarlampa, þá skal einnig greint frá magni „líffræðilegar virkrar" UV-B og UV-C geislunar. Upplýsingar um magn geislunar og dreifingu skulu staðfestar af stofnun viðurkenndri af Geislavörnum ríkisins ella getur stofnunin látið framkvæma mælingar þar að lútandi á kostnað umsækjanda.

Geislavarnir ríkisins geta krafist frekari upplýsinga telji þær þörf á slíku.

2. gr.

Leyfi skulu gefin út fyrir hverja tegund tækis að undangenginni skoðun Geislavarna ríkisins og er leyfisveiting háð því skilyrði að reglur Geislavarna ríkisins um notkun slíkra tækja séu uppfylltar. Gildir leyfi fyrir innflutning á ótilteknum fjölda tækja. Skila skal árlega skýrslum til Geislavarna ríkisins varðandi innflutninginn.

Geislavarnir ríkisins geta lagt til að leyfi verði fellt niður eða endurskoðað standi leyfishafar ekki skil á innflutningsskýrslum eða komi fram nýjar upplýsingar um skaðsemi útfjólublárrar geislunar.

3. gr.

Eftirlit með tækjum samkvæmt reglugerð þessari er í höndum Geislavarna ríkisins.

Skoðunargjald að upphæð kr. 1 000,00 skal fylgja með umsókn.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. gr. laga nr. 58/1982, um breytingu á lögum nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. júlí 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

23. júlí 1982. Nr. 450.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, annarra en tekjutryggingar skv. 14. gr., skulu hækka um 4,0% frá og með 1. júlí 1982 frá því sem þær voru í júní 1982.

2. gr.

Tekjutrygging skv. 19. gr. skal frá sama tíma hækka um 8,8%.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 og tekur þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. júlí 1982.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

Nr. 451. 22. júlí 1982.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 31. ágúst 1982.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 31. ágúst 1962:

Þorskur:	U. S. cent pr. lbs. cif.
4×14 m/r 5—8 oz	98,24
4×14 m/r 8—12 oz	99,52
4×14 m/r 12—16 oz	99,77
4×14 m/r 1—3 lbs	102,07
1×35 m/r lausfr. 4—16 oz	99,52
4×14 r/l 8—12 oz	110,12
4×14 r/l 12—16 oz	112,67
4×14 m/r 1—3 lbs	112,67
10×5 og 3×18	157,43
5×8 og 6×8 hnakkast.	175,23
6×8 mið- og sporðst.	157,43
4×10, 5×10 og 6×10	166,33
4×12	157,43
4×15 og 1×20	170,78
Blokk reg.	112,00
Blokk m/þunnildum	101,05
Blokk O. R.	100,80
Blokk m/beingarði	87,52
Þunnildisblokk Evrópa	90,00
Marningsblokk	55,00
Ýsa:	
4×14 m/r 4—8 oz	82,53
4×14 m/r 8—12 oz	88,91
4×14 m/r 12—16 oz	91,34
4×14 m/r 1—3 lbs	92,62
1×35 m/r lausfr.	89,42
10×5	157,43
3×18, 4×13 og 4×12	157,43
4×14 r/l	109,61

	U.S. cent pr. lbs. cif.
12×1	157,43
Blokk reg.	108,00
Blokk reg.	108,00
Blokk O. R.	97,20
Þunnildisblokk Evrópa	60,81
Marningsblokk	55,00
Marningsblokk (þunnildi)	28,62
Steinbítur:	
8×7 r/l	79,38
10×5	173,05
Blokk reg.	115,00
Hökkuð blokk	40,00
Karfi:	
8×7 m/r	79,38
10×5 m/r	90,68
10×5 r/l	95,13
10×5 Sea Star	88,01
4×10 m/r flokkað (SÍS)	93,35
5×8 m/r og b/l 4—8 oz	108,48
5×8 m/r og b/l 8 oz og yfir	108,48
1×35 m/r að 150 gr	86,00
1×35 r/l	78,59
4×6 kg r/l lagp.	76,11
3×8 og 2×15	50,00
12×1 m/r og b. (SÍS)	100,60
12×1 r/l	99,58
Blokk 4×16,5 m/b	72,16
Blokk reg.	80,00
Marningsblokk	25,00
Ufsi:	
8×7 r/l	64,41
10×5	95,13
4×12 og 4×13	95,13
2×15 kg	80,26
4×14 m/r	74,67
1×35	80,00
4×15 r/l (JUMBO)	96,63
4×16,5 (IGLO)	80,00
Blokk reg.	80,00
Blokk (þunnildi)	60,00
Marningsblokk	40,00
Langa:	
8×7 r/l	79,38
10×5	124,10
Blokk r/g	75,00
Marningsblokk	20,00

	U.S. cent pr. lbs. cif.
Keila:	
8×7 r/l	79,38
Lýsa:	
Blokk reg.	90,00
Grálúða:	
Heilfr. hausuð yfir 3 kg	63,75
Heilfr. hausuð yfir 2 kg	55,18
Heilfr. hausuð 1—2 kg	39,96
Heilfr. m/h U. S. S. R.	34,47
4×12, lagp.	110,75
4×10, 6×10 og 4×14	107,64
4×6	110,00
1×35	53,92
Blokk U. S. S. R.	79,38
Blokk U. S. A.	80,00
Heilfrystur fiskur 3×9 kg	34,47

Verðbil verður 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22 júlí 1982.
F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 452. 23. júlí 1982.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum nr. 338/1978.

1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en kr. 5 960,00 á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 596,00 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 10 550,00 á rúmlest.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 1 787 þúsund vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 190,00 á rúmlest af tréskipum og kr. 95,00 á rúmlest af stálskipum. Þá skal árgjald ekki vera hærra en kr. 28 510,00 af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1. og 2. gr. gilda frá 1. apríl 1982, en fjárhæðir 3. gr. frá 1. júlí 1982.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. júlí 1982.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

26. júlí 1982. Nr. 453.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 116/1974, um úthlutun örorkustyrkja.

1. gr.

4 mgr. 3. gr. orðist svo:

Styrki þessa má greiða vegna allra þeirra barna, sem eiga gilt örorkumat og ekki dveljast á sólarhringsstofnunum (hjúkrunarheimilum, heimilum sjálfseignastofnana eða vistheimilum), skv. 8., 10. og 11. tl. 11. gr. laga nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta, eða sjúkrahúsum, þar sem Tryggingastofnun ríkisins eða aðrir opinberir aðilar greiða að fullu dvalarkostnað þeirra.

2. gr.

5. mgr. 3. gr. falli niður.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru skv. 12. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, staðfestast hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. júlí 1982.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

27. júlí 1982. Nr. 454.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð nr. 256 frá 27. apríl 1981 um breytingu á reglugerð nr. 289 frá 20. júní 1979 við lög nr. 53/1978 um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.

III. kafli orðist svo:

1. gr.

Grasögglar skulu metnir og flokkaðir sem hér segir:

minna en 24% tréni í þe. 80 FE/100 kg fóðurs 1,25 kg/FE

24—30% tréni í þe. 70 FE/100 kg fóðurs 1,4 kg/FE

meira en 30% tréni í þe. 64 FE/100 kg fóðurs 1,6 kg/FE

Þurrefni 92% (90—94). Við þurrefnismælingu utan tilgreindra marka leiðréttist orkugildið til samræmis.

Ef fínleikatala er hærri en 2 í grasögglum, sem innihalda 30% tréni eða meira, bætist við útreikning kg. pr. FE 0.2 kg.

Fínleikatala segir til um kornstærð. Eftir ákveðna meðferð fóðursins, sem ekki breytir kornstærð þess, er reiknuð út fínleikatala frá 0—6 út frá sigtun gegnum mismunandi gróf sigti frá 0.15—4.5 mm.

Dæmi: Fari ekkert gegnum 4.5 mm sigti = fínleikatala 6
Fari allt gegnum 0.15 mm sigti = fínleikatala 0

Sigtisstærð sem nota þarf við mölun í verksmiðju til að ná ákveðinni fínleikatölu er háð eiginleikum hráefnisins. Ætla má að við mölun hraðþurrkaðra grasa þurfi að nota 5—6 mm sigti til að fá fínleikatöluna 2 eða minna.

(Í fóðri svína og fugla skal við orkuútreikning nota meltingartölur sem við eiga gagnvart þessum búfjártegundum og orkuútreikningur útfærður á sama hátt og í öðru kjarnfóðri).

Grasögglar skulu einnig flokkaðir eftir próteininnihaldi þannig (prótein = N x 6.25):

A flokkur 15% prótein eða meira (í sýni)
B flokkur 10.0—14.9%
C flokkur 9.9% eða minna

Merking sekkja skal teljast gild þó lágmarkshráprótein í eftirlitssýnum reynist allt að 0.5% undir lágmarkskröfu A eða B flokks.

Númerakerfi skal gert þannig að öll númer byrji á ártali og síðan verði allir sekkir að baki hverju framleiðslusýni með sýnisnúmeri t. d. 82 01 (sýni nr. 1) o. s. frv. Merkja skal sekki með ártali og sýnisnúmeri og einkennismerki verksmiðju. Á sölunótu skal færa þetta númer ásamt flokkun eftir því sem við á.

2. gr.

Ef framleiðandi grasköggla hyggst við framleiðslu blanda öðrum fóðurtegundum í grasmjölið, skal hann tilkynna það eftirlitsdeild RALA. Ef íblöndun er í þeim mæli, að um verulega breytingu verði að ræða, hvað varðar efnasamsetningu og fóðurgildi (+ - 3 FE pr 100 kg fóðurs eða meira) að mati FR, skal taka framleiðslusýni bæði fyrir og eftir íblöndun.

3. gr.

Framleiðslusýni skal taka reglulega í samráði við FR. Efnagreiningum skal hraðað eins og kostur er og framleiðendum tilkynntar niðurstöður strax.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. júlí 1982.

Pálmi Jónsson

Haukur Jörundarson

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1981.

	Kr.	Kr.
Eignir:		
Spariskírteini ríkissjóðs		10 827 110,00
Innstæða á hlr. 40091 í Seðlabanka		775 165,12
		11 602 275,12
Skuldir:		
Ósóttir styrkir frá 1978		600,00
Ósóttir styrkir frá 1979		35 000,00
Ósóttir styrkir frá 1981		117 500,00
Höfuðstóll hinn 31/12 1980	9 155 154,51	
Tekjur umfram gjöld	2 294 020,61	11 449 175,12
		11 602 275,12
Tekjur:		
Vextir af hlr. 40091		681 131,61
Verðhækkun spariskírteina		3 544 481,00
		4 225 612,61
Gjöld:		
Styrkveitingar 1981		1 920 000,00
Ýmiss kostnaður		11 592,00
Tekjur umfram gjöld		2 294 020,61
		4 225 612,61

Reikningsskil þessi hafa verið endurskoðuð og ekkert fundist athugavert.

Ríkisendurskoðun, Reykjavík, 28. júní 1982.
Halldór V. Sigurðsson

Stjórn þjóðhátíðarsjóðs,

Björn Bjarnason *Jóhannes Nordal* *Gils Guðmundsson*
Eysteinn Jónsson *Gísli Jónsson*

26. júlí 1982. Nr. 456.

REGLUR

um kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis.

1. gr.

Stofna skal bókmenntakynningarsjóð. Tekjur sjóðsins eru:
1. Árleg fjárveiting í fjárlögum.
2. Aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að hlotnast.

2. gr.

Meginhlutverk sjóðsins er að kynna íslenskar bókmenntir erlendis í þeim tilgangi, að íslensk skáldverk verði gefin út á erlendum málum í bókarformi, birt í tímaritum og flutt í leikhúsum, útvarpi og sjónvarpi.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn. Skulu tveir tilnefndir af stjórn Rithöfundasambands Íslands, en formaður skipaður af ráðherra, án tilnefningar.

4. gr.

Sjóðstjórn skal heimilt að lausráða starfsfólk eftir því sem fjárráð leyfa til þess að vinna að kynningu þessari. Stjórnin tekur endanlega ákvörðun um val á verkum til kynningar.

5. gr.

Kynning á verkum skal fyrst og fremst fólgin í því að semja lýsingu á útdrætti úr einstökum verkum og að annast þýðingu á sýnishornum úr þeim til þess að koma á framfæri við útgefendur og fjölmiðla.

6. gr.

Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum til þýðenda íslenskra bókmennta á önnur tungumál til þess að gera þeim kleift að koma hingað til lands til að vinna að þýðingum og fá innsýn í það helsta, sem er að gerast í íslenskum bókmenntum.

7. gr.

Heimilt er einnig að stuðla að annars konar kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis, svo sem með fyrirlestrum, umfjöllun og flutningi.

8. gr.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar fjórum árum eftir gildistöku þeirra.

Menntamálaráðuneytið, 26. júlí 1982.

Ingvar Gíslason.

Knútur Hallsson

Nr. 457. 22. júlí 1982.

AUGLÝSING

um umferð í Seyðisfjarðarkaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Seyðisfjarðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. Umferð um Austurveg að Hafnargötu, Hafnargötu að Strandarvegi, Strandarvegi að grindarhliði við Flýsarhúsalæk njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð af aðliggjandi götum sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
2. Umferð um Múlaveg að Brekkugötu, Brekkugötu að Austurvegi, njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð af aðliggjandi götum sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
3. Stöðvunarskylda verði fyrir umferð frá Brekkugötu að Austurvegi sbr. ákv. 2., sbr. 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
4. Umferð um Ránargötu njóti aðalbrautaréttar fyrir umferð af aðliggjandi götum, sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
5. Umferð um Vesturveg njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð af aðliggjandi götum sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
6. Umferð um Bjólfsgötu njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð af aðliggjandi götum, sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Reglur þessar taki þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Seyðisfirði, 22. júlí 1982.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, ftr.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Húsavíkurkaupstaðar nr. 231 31. maí 1978.

1. gr.

3. málsgrein 26. greinar orðist svo:

Bæjarráð getur leyft að listi, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Samþykktarbreyting þessi sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

10. ágúst 1982. Nr. 459.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Einstefnuakstur verður á **Aragötu** til norðurs frá Oddagötu að Sturlugötu. Sömuleiðis á **Oddagötu** til suðurs frá Sturlugötu og síðan til vesturs að gatnamótum við Aragötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. ágúst n.k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. ágúst 1982.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 460.

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda.

Tekju- og gjaldareikningur 1981.

IÐGJÖLD:	kr.	37 167 829,53
Iðgjöld framleiðenda 1981 skv. áætlun	—	10 077 000,00
Iðgjöld neytenda 1981 skv. áætlun	—	18 603 000,00
Iðgjöld framleiðenda, tilfærsla v/1980	—	÷117 952,69
Eldri iðgjöld	—	18 821,05
Iðgjöld launþega	—	52 981,95

Iðgjöld vinnuveitenda	—	82 183,60
Réttindaflutningur	—	+5 927,50
Framl. Ríkissjóðs Íslands v/lífeyrisgr.	—	5 286 123,60
Framl. Stofnlánadeildar landbúnaðarins v/lífeyrisgr.	—	3 171 599,52
LÍFEYRISGREIÐSLUR:	kr.	22 884 719,09
Iðgjöld — lífeyrisgreiðslur	—	14 283 110,44
FRAMLAG UMSJÓNARNEFNDAR EFTIRLAUNA:	kr.	8 473,726,62
Framlag vegna eftirlauna	—	9 930 843,00
Endurgr. 5% iðgjaldaframlag 1980	—	42 883,62
5% iðgjaldaframlag 1981, áætlað	—	+1 500 000,00
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:	kr.	12 909 060,91
Vaxtatekjur	—	8 335 187,46
Innheimt vísitölualag	—	4 591 639,95
Fjármagnsgjöld	—	+17 766,50
SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR:	kr.	511 395,01
Laun	—	236 553,60
Annar kostnaður	—	274 841,41
AFSKRIFTIR:	kr.	2 387,04
Tekjuafgangur	kr.	35 152 115,92

Efnahagsreikningur 31. desember 1981.

Eignir:

VELTUFJÁRMUNIR:		
Handbært fé, bankainnstæður	kr.	7 479 973,56
Skammtímakröfur	—	8 330 502,98
Útistandandi iðgjöld skv. áætlun stjórnar	—	7 385 129,37
Ríkissjóður Íslands, viðskiptareikningur	—	533 000,00
Umsjónarnefnd eftirlauna, viðskiptareikningur	—	412 373,61
Veltufjármunir	kr.	15 810 476,54
FASTAFJÁRMUNIR:		
Langtímakröfur og áhættufjármunir	kr.	130 482 019,37
Skuldabréf, nafnverð	—	10 737 917,43
Áfallin byggingarvísitala útreiknuð í sept. 1981	—	31 380 819,66
Skuldabréf, nafnverð	—	55 678 273,05
Áfallin lánskjaravísitala útreiknuð í nóv. 1981	—	17 522 242,93
Spariskírteini ríkissjóðs, nafnverð	—	3 000 000,00
Verðbreytingarstuðull nafnverðs 0,5832	—	1 749 600,00
Skuldabréf, óverðtryggð	—	10 413 166,30
Varanlegir fjármunir	kr.	13 219,53
Skrifstofuáhöld og húsgögn	—	19 096 33
+ Fyrningar	—	+5 876,80
Eignir samtals	kr.	146 305 715,44

Skuldir og eigið fé:

EIGIÐ FÉ:

Höfuðstóll 1. janúar 1981	kr.	81 824 804,13
Endurmat verðbréfa 31. des. 1981	—	29 328 795,39
Tekjuafgangur	—	35 152 115,92
Eigið fé samtals	kr.	146 305 715,44

Reykjavík, 19. febrúar 1982.

Pétur Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Við undirritaðir, sem erum skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, höfum endurskoðað framanskráðan tekju- og gjaldareikning 1981 og efnahagsreikning 31. desember 1981, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins. Tilgreind skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 19. febrúar 1982.

Vigfús Gunnarsson, lögg. endurskoðandi. Einar Sverrisson.

9. ágúst 1982. Nr. 461.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31 2. febrúar 1982.

1. gr.

1. málsgrein 3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 3,54 fyrir hvern rúmmetra vatns.

2. gr.

1. málsgrein 4. gr. orðist þannig:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 7,10 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Einnig skal greiða í afgreiðslugjald kr. 71 ef vatnið er afgreitt á virkum dögum kl. 8—17, en kr. 142 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tíma

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 9. ágúst 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 680 30. desember 1981 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. reglugerð nr. 19 10. febrúar 1982, reglugerð nr. 143 24. mars 1982, reglugerð nr. 219 23. apríl 1982 og reglugerð nr. 228 30. apríl 1982 um breyting á henni.

1. gr.

Tollskrárnúmerið 20.02.08 falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar. Jafnframt fellur niður sérstakt tímabundið vörugjald af kartöflum, soðnum, frystum eða tilreiddum sem falla undir tnr. 07.02.00 og 20.02.09 í A-lið 2. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 10. ágúst 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 463. 11. ágúst 1982.

AUGLÝSING

um afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir síðari gjalddaga ársins 1982 hefur verið ákveðið sem hér segir:

Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í lit	kr. 846
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu	kr. 672
Hljóðvarpsgjald (þ. e. ef greitt er af hljóðvarpi eingöngu)	kr. 216

Menntamálaráðuneytið 11. ágúst 1982.

F. h. r.
Birgir Thorlacius

Runólfur Þórarinsson

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 — 1982

21. ágúst 1982. 773 Nr. 464.

AUGLÝSING

um tollafgreiðslugengi.

1. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að nýta heimild í 11. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., til þess að ákveða, að það sölugengi myntar, sem skráð er hér á landi við opnun gjaldeyrisafgreiðslu banka hinn 23. ágúst 1982, skuli gilda við ákvörðun tollverðs til loka ágústmánaðar. Jafnframt hefur ráðuneytið ákveðið, að það sölugengi myntar sem skráð er hér á landi við opnun banka hinn 28. hvers mánaðar (eða næsta vinnudag þar á eftir, ef ekki er opið í banka þann dag) skuli gilda við ákvörðun tollverðs næsta almanaksmánuð á eftir, enda fari tollafgreiðsla viðkomandi vöru fram í þeim mánuði.

Verði breyting á sölugengi myntar umfram 3% á einum degi skal tollafgreiðslugengi þeirrar myntar breytast til samræmis við hið nýja sölugengi og gildir hið nýja tollafgreiðslugengi til loka mánaðarins, sbr. 1. mgr.

Liggi skjöl fullbúin hjá tollstjórum áður en tollafgreiðslugengi var afskráð skal tollafgreiða vöru samkvæmt hinu afskráða gengi, enda fari tollafgreiðsla fram fyrir lok fimmta starfsdags á skrifstofum tollstjóra, talið frá lokum þess dags þegar nýtt gengi var skráð.

Ofangreind ákvörðun er bundin þeirri forsendu, að venjuleg gengisskráning sé fyrir hendi í hérlendum bönkum, enda fellur móttaka tollskjala niður þegar gengi myntar er ekki skráð.

2. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., sbr. 10. gr. laga nr. 79/1982 um efnahagsaðgerðir, og tekur gildi 23. ágúst 1982. Skal skráð sölugengi hinn 23. ágúst gilda sem tollafgreiðslugengi fyrir ágústmánuð 1982.

Við gildistöku auglýsingar þessarar fellur úr gildi auglýsing nr. 427 8. desember 1978.

Fjármálaráðuneytið, 21. ágúst 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

B 97

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

AUGLÝSING

um meðferð tollskjala er voru í vörslu tollstjóra fyrir 12. ágúst 1982.

1. gr.

Með auglýsingu nr. 464/1982 um tollafgreiðslugengi tilkynnti ráðuneytið, að það sölugengi myntar sem skráð er hér á landi í bönkum hinn 23. ágúst 1982 (gengisskráning nr. 143) skuli gilda við ákvörðun tollverðs frá og með gildistöku þeirrar auglýsingar. Ákvörðun þessi hefur eigi áhrif á tollverð vöru hafi fullgild aðflutningsskjöl til tollmeðferðar hennar verið afhent viðkomandi tollstjóra fyrir niðurfellingu gengisskráningar hinn 12. ágúst 1982, enda sé tollafgreiðslu lokið eigi síðar en 3. september 1982.

Hafi innflytjandi lagt inn hjá viðkomandi tollstjóra óbankastimpluð skjöl vegna innflutnings tiltekinnar vörusendingar og jafnframt greitt kröfu í banka hennar vegna fyrir 12. ágúst 1982 er tollstjóra heimilt til 4. september 1982 að taka við bankastimpluðum vörureikningi og tollafgreiða sendinguna á grundvelli þess tollafgreiðslugengis er síðast gilti fyrir útgáfu auglýsingar þessarar.

2. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. heimild í 11. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., sbr. 10. gr. laga nr. 79/1982 um efnahagsaðgerðir, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 21. ágúst 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 466. 21. ágúst 1982.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 225/1982 um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjald af bifreiðum skal lagt á í sjö eftirfarandi flokkum miðað við eigin þyngd eða sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum:

	Eigin þyngd í kg	Sprengirými í cm^3	Gjald í %
I	0— 700	0—1 000	7
II	701— 800	1 001—1 300	12
III	801— 900	1 301—1 600	17
IV	901—1 100	1 601—2 000	22
V	1 101—1 300	2 001—2 300	27
VI	1 301—1 500	2 301—3 000	32
VII	≥1 501	≥3 001	37

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Af öllum bifhjólum og beltabifhjólum skal greiða 17% gjald.

3. gr.

Hafi vara sem gjaldskyld er samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 225/1982 um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum verið tekin til tollmeðferðar skv. 14. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. fyrir 23. ágúst 1982 skal tollafgreiða hana samkvæmt gjaldskrá 1. gr. þeirrar reglugerðar, enda fari fullnaðartollafgreiðsla fram fyrir 4. september 1982. Ákvæði þetta skal gilda eftir því sem við getur átt um gjaldskylda innlenda framleiðslu, enda fari skráning skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 225/1982 fram innan sama frests.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr., laga nr. 4/1960 um efnahagsmál og gildir frá og með 23. ágúst 1982.

Fjármálaráðuneytið, 21. ágúst 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 — 1982

Nr. 467. 776 23. ágúst 1982.

REGLUGERÐ

um sérstakt tímabundið vörugjald.

I. KAFLI

Sérstakt vörugjald.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð hér á landi.

Gjaldið skal greitt í tveimur gjaldflokkum samkvæmt ákvæðum 2. gr. Við vöruflokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal greitt í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald en á tímabilinu frá og með 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 skal þó greiða 32% gjald:

03.01.11	08.10.00	11.02.10	17.01.25
04.06.00	08.11.00	11.02.29	17.01.26
04.07.00	08.12.01	11.02.31	17.01.27
05.13.00	08.12.02	11.02.32	17.01.29
06.02.01	08.12.03	11.04.00	17.02.01
06.02.09	08.12.09	11.05.01	17.02.02
06.04.01	08.13.00	11.05.09	17.02.03
06.04.09	09.03.00	11.08.01	17.02.04
07.02.00[1])	09.04.00	11.08.02	17.02.09
07.03.00	09.05.00	11.08.03	17.03.02
07.05.00	09.06.00	11.08.09	17.03.09
07.04.00	09.07.00	11.09.00	17.04.01
07.06.00	09.08.00	13.03.03	17.04.02
08.01.50	09.09.00	16.03.00	17.04.03
08.01.60	09.10.10	17.01.10	17.04.04
08.01.79	09.10.20	17.01.21	17.04.05
08.03.00	11.01.23	17.01.22	17.04.06
08.04.21	11.01.24	17.01.23	17.04.09
08.04.22	11.01.25	17.01.24	18.06.04

1) Þó ekki kartöflur, soðnar, frystar eða tilreiddar.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

18.05.01	21.02.19	39.01.79	44.03.49
18.05.09	21.02.20	39.01.89	44.04.10
18.06.01	21.03.00	39.01.96	44.04.20
18.06.02	21.04.01	39.02.16	44.09.23
18.06.03	21.04.02	39.02.24	44.09.29
18.06.05	21.04.09	39.02.37	44.13.11
18.06.06	21.05.11	39.02.45	44.13.19
18.06.09	21.05.19	39.02.46	44.22.09
19.02.01	21.05.21	39.02.48	44.25.09
19.02.02	21.06.01	39.02.52	45.02.00
19.02.09	21.06.02	39.02.62	45.03.09
19.03.00	21.07.01	39.02.63	45.04.02
19.04.01	21.07.02	39.02.65	48.05.10
19.04.09	21.07.04	39.02.67	48.05.49
19.05.00	21.07.05	39.02.73	48.07.31
19.07.01	21.07.06	39.02.94	48.07.45
19.07.02	21.07.07	39.03.14	48.07.46
19.07.09	21.07.08	39.03.35	48.10.00
19.08.01	21.07.11	39.03.55	48.11.00
19.08.02	21.07.12	39.03.83	48.12.00
19.08.03	21.07.19	39.04.09	48.13.00
19.08.04	22.01.01	39.05.09	48.15.31
19.08.09	22.02.01	39.06.29	48.15.32
20.01.00	22.02.09	39.07.12	48.21.10
20.02.01	22.03.01	39.07.36	48.21.52
20.02.02	22.03.09	39.07.39	58.01.10
20.02.03	22.10.00	39.07.49	58.01.20
20.02.04	25.01.01	39.07.64	58.02.10
20.02.05	27.08.20	39.07.65	58.02.20
20.02.06	29.04.50	39.07.73	58.02.30
20.02.07	30.03.44	39.07.74	58.02.40
20.02.09[1])	30.05.00	39.07.78	58.02.50
20.03.00	33.04.01	40.08.02	58.02.60
20.04.00	33.04.02	40.09.09	58.02.70
20.05.01	33.04.03	40.11.10	58.02.80
20.05.02	33.04.09	40.11.20	58.02.90
20.05.03	34.07.00	40.11.40	58.03.00
20.05.09	36.02.00	40.11.50	59.02.10
20.06.10	36.04.00	40.11.61	59.06.02
20.06.20	38.14.00	40.11.69	59.08.01
20.07.11	38.19.31	40.12.00	59.10.00
20.07.19	38.19.32	40.13.01	59.11.02
20.07.20	38.19.35	40.14.06	59.11.09
20.07.30	39.01.25	40.14.08	59.12.09
20.07.40	39.01.35	41.06.00	59.15.00
20.07.50	39.01.44	42.03.03	62.05.01
20.07.60	39.01.45	42.05.03	62.05.04
20.07.70	39.01.54	42.06.00	62.05.05
21.02.11	39.01.69	44.03.42	62.05.07

1) Þó ekki kartöflur, soðnar, frystar eða tilreiddar.

65.01.00
65.02.00
65.07.00
66.01.00
66.02.00
66.03.00
68.03.00
68.04.00
68.06.00
68.07.00
68.08.09
68.10.01
68.12.01
68.12.02
68.14.00
68.16.01
69.04.00
69.05.00
69.07.00
69.08.00
69.09.00
69.10.00
69.11.00
69.12.00
70.11.00
70.12.00
70.14.02
70.15.00
70.16.00
70.17.09
70.18.00
70.20.20
70.20.32
73.10.12
73.10.13
73.10.21
73.13.51
73.17.00
73.18.19
73.18.22
73.18.29
73.20.02
73.20.03
73.20.09
73.23.02
73.24.00
73.25.01
73.25.09
73.26.00
73.27.01
73.27.02
73.27.09
73.29.02
73.29.09
73.32.00
73.33.00
73.34.01
73.34.09
73.35.09
73.36.11
73.36.12
73.36.13
73.36.14
73.36.20
73.36.30
73.38.11
73.38.12
73.38.19
73.38.23
73.38.29
73.40.47
73.40.56
74.07.09
74.08.00
74.10.00
74.15.00
74.16.00
74.17.00
85.01.40
74.18.10
74.18.20
74.19.06
75.04.00
75.06.02
75.06.03
76.03.01
76.06.09
76.07.00
76.10.01
76.11.00
76.12.00
76.15.10
76.15.20
76.16.04
76.16.13
76.16.15
77.02.00
77.04.20
78.05.00
78.06.09
79.04.00
79.06.01
79.06.02
79.06.03
79.06.05
79.06.09
80.05.00
80.06.02
82.01.09
82.02.00
82.03.10
82.03.20
82.03.30
82.04.00
82.05.00
82.08.00
82.09.01
82.09.02
82.12.01
82.12.09
82.13.01
82.13.09
82.14.00
82.15.00
83.01.01
83.04.00
83.06.09
83.08.00
83.11.00
83.13.04
84.06.39
84.06.70
84.08.31
84.08.39
84.08.41
84.08.49
84.08.60
84.09.00
84.10.10
84.10.20
84.10.39
84.10.49
84.10.50
84.10.69
84.11.19
84.11.29
84.11.30
84.11.49
84.12.00
84.13.09
84.15.20
84.15.31
84.15.32
84.15.42
84.17.10
84.18.12
84.18.13
84.18.21
84.18.22
84.18.29
84.18.39
84.19.21
84.22.19
84.22.21
84.22.29
84.22.39
84.22.41
84.22.49
84.22.50
84.22.69
84.22.79
84.23.10
84.23.21
84.23.22
84.23.29
84.23.30
84.23.40
84.23.50
84.23.61
90.17.10
84.23.69
84.23.70
84.40.50
84.40.61
84.40.69
84.40.72
84.51.10
84.51.21
84.51.29
84.51.31
84.51.39
84.52.10
84.52.20
84.52.30
84.52.40

84.54.10
84.54.20
84.55.10
84.55.29
84.55.30
84.56.10
84.56.20
84.56.40
84.58.00
84.59.20
84.59.50
84.59.82
84.59.89
84.59.91
84.61.03
84.61.04
84.61.09
84.61.12
84.61.13
84.61.14
84.61.15
84.61.19
84.62.00
84.63.03
84.63.04
84.63.05
84.63.06
84.63.07
84.63.09
84.64.00
84.65.09
85.01.10
85.01.29
85.01.31
85.01.39
85.01.40
85.01.59
85.01.60
85.01.74
85.01.80
85.01.89
85.01.90
85.02.00
85.03.09
85.05.00
85.06.19
85.06.20
85.06.39
85.06.40
85.07.03
85.07.04
85.08.00
85.09.00
85.10.09
85.12.10
85.12.21
85.12.29
85.12.41
85.12.49
85.12.53
85.12.54
85.12.55
85.12.56
85.12.57
85.12.59
85.12.61
85.12.69
85.15.20
85.15.25
85.15.30
85.15.35
85.15.40
85.15.59
85.16.00
85.17.01
85.17.09
85.19.12
85.19.14
85.19.15
85.19.18
85.19.21
85.19.29
85.20.10
85.20.20
85.20.40
85.20.50
85.21.10
85.21.20
85.21.39
85.21.60
85.22.20
85.23.01
85.23.09
85.25.10
85.25.20
85.25.30
85.26.10
85.26.20
85.26.30
85.27.00
85.28.00
87.01.10
87.01.39
87.04.09
87.06.09
87.07.19
87.07.20
87.13.01
87.13.09
87.14.29
87.14.31
87.14.39
90.01.01
90.01.09
90.03.00
90.04.09
90.05.00
90.06.00
90.08.11
90.08.19
90.08.21
90.08.29
90.08.31
90.08.39
90.09.01
90.09.09
90.10.10
90.10.20
90.10.39
90.11.00
90.12.00
90.13.00
90.14.20
90.16.10
90.16.20
90.17.10
90.17.20
90.17.30
90.18.01
90.18.09
90.20.00
90.23.01
90.23.02
90.23.03
90.23.09
90.24.01
90.24.09
90.25.00
90.26.01
90.26.02
90.26.09
90.27.09
90.28.10
90.28.20
90.28.39
90.28.40
90.28.50
90.29.09
91.05.00
91.06.00
92.11.31
92.12.11
92.12.23
92.13.01
93.03.00
93.04.03
94.02.00
96.01.04
96.05.00
96.06.00
97.04.01
97.04.02
97.04.04
97.04.09
97.05.00
97.08.00
98.01.01
98.06.01

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald en á tímabilinu frá og með 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 skal þó greiða 40% gjald:

27.10.82	44.28.95	76.16.19	90.07.39
27.11.11	44.28.99	80.06.09	91.02.00
27.11.19	45.04.09	82.09.09	91.03.00
27.11.20	46.02.03	82.11.01	91.04.00
27.11.30	46.02.09	82.11.09	91.07.00
32.10.00	46.03.09	83.01.02	91.08.00
32.13.20	48.07.59	83.01.05	91.09.00
33.06.01	48.14.01	83.01.09	91.10.00
33.06.02	48.14.02	83.02.03	91.11.00
33.06.03	48.14.03	83.02.09	92.11.10
33.06.04	48.14.09	83.03.09	92.11.20
33.06.05	48.15.20	83.05.09	92.11.39
33.06.06	48.15.39	84.06.31	92.11.40
33.06.07	48.21.29	84.06.32	92.12.19
33.06.08	48.21.39	84.06.33	92.12.29
33.06.11	48.21.69	84.06.40	92.13.09
33.06.12	55.03.01	84.06.51	93.01.00
33.06.19	59.06.09	84.06.52	93.02.00
34.05.03	65.04.00	84.06.53	93.04.04
34.05.09	65.06.09	84.06.61	93.04.05
35.03.09	67.01.00	84.06.62	93.04.09
36.01.00	67.02.00	84.06.69	93.05.00
36.05.00	67.03.00	84.25.11	93.06.00
36.08.00	67.04.00	84.25.19	93.07.10
37.01.09	68.10.09	84.25.51	93.07.22
37.02.02	68.12.09	85.07.02	93.07.29
37.02.09	68.13.09	85.07.09	95.05.00
37.03.09	68.16.09	85.12.30	95.08.09
37.04.00	69.14.00	85.13.10	98.03.00
37.05.09	70.13.00	85.13.20	98.04.00
37.07.01	70.14.03	85.14.10	98.05.00
38.11.10	70.14.09	85.14.20	98.06.09
38.11.20	70.19.00	85.15.19	98.08.00
38.11.30	70.20.39	85.15.60	98.09.00
38.11.40	70.21.09	85.15.79	98.10.00
38.11.50	71.13.01	85.15.81	98.11.00
38.19.49	71.13.09	85.15.82	98.14.00
39.07.30	71.14.09	85.15.89	98.15.00
39.07.99	71.15.00	87.10.00	98.16.00
40.14.19	71.16.00	87.12.09	99.06.00
40.16.09	73.40.59	87.14.10	
42.05.09	74.19.09	87.14.49	
44.02.00	75.06.09	90.07.29	

II. KAFLI
Innflutningur.

3. gr.

Við innflutning gjaldskyldra vara skv. 2. gr. er gjaldið lagt á tollverð vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum og vörugjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 12/1981. Skal hið sérstaka vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum innheimt með aðflutningsgjöldum.

Um ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

Gúmmígjald samkvæmt lögum nr. 79/1974, byggingariðnaðargjald samkvæmt lögum nr. 64/1965, jöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 78/1980 og sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex samkvæmt lögum nr. 26/1981, sbr. IV. kafla laga nr. 5/1982, skulu þó ekki teljast gjaldstofn við útreikning á hinu sérstaka vörugjaldi við innflutning.

4. gr.

Við tollafgreiðslu á vöru sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2.—4. gr. tollskrárlaga, þó ekki 6. tl. 3. gr., eða heimildum í sérstökum lögum skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga skal þó eigi veita slíka undanþágu hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal í stað hins hærra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður á skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið hærra vörugjald, sbr. þá 5. mgr. 15. gr.

Af innfluttum vörugjaldsskyldum vörum, sem tollar féllu almennt niður af frá og með 1. janúar 1980 samkvæmt 1. gr. tollskrárlaga, en ráðuneytið hafði fyrir þann tíma felt sérstaklega niður tolla af samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. tollskrárlaga í þeim tilvikum þar sem um innflutning á efnivöru var að ræða til nota við framleiðslu á innlendri framleiðsluvöru, skal með sama hætti og verið hefur og að uppfylltum settum skilyrðum samkvæmt viðkomandi heimildum veita undanþágu frá greiðslu vörugjalds. Sama skal gilda um vörugjaldsskyldar vélar, tæki og varahluti sem heimilt var fyrir 1. janúar 1980 að fella niður tolla af samkvæmt reglum þar að lútandi settum samkvæmt sömu heimild.

Reglur um endurgreiðslu tolla af ýmsum efnivörum í útflutningsvörur sem settar eru samkvæmt heimild í 11. tl. 3. gr. tollskrárlaga skulu gilda eftir því sem við geta átt um endurgreiðslu sérstaks vörugjalds af sömu vörum.

Þegar vara er flutt inn til eigin nota eða neyslu innflytjanda og söluskattur er innheimtur við tollafgreiðslu reiknast hið sérstaka vörugjald sem söluskattsstofn.

5. gr.

Innflytjendur og aðrir sem selja hráefni og aðrar efnivörur til innlendra framleiðenda skulu við sölu á vörum sem sérstakt vörugjald hefur verið greitt af við tollafgreiðslu færa söluna á sérstaka sölureikninga eða nótur og tilgreina þar fjárhæð vörugjalds, sbr. 4. mgr. 7. gr.

III. KAFLI
Innlend framleiðsla.

6. gr.

Þær vörur sem taldar eru upp í 2. gr. þessarar reglugerðar og framleiddar eru hér á landi fá einhverja vinnslumerðferð eða eru pakkaðar í neytendaumbúðir hér á landi eru gjaldskyldar til sérstaks vörugjalds.

7. gr.

Hið sérstaka vörugjald reiknast á verksmiðjuverð. Með verksmiðjuverði er átt við söluverð frá verksmiðju eða framleiðanda án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnaði en að viðbættu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980 um vörugjald, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 12/1981. Ákvæði 3. mgr. 3. gr. skulu gilda um innlenda framleiðslu eftir því sem við getur átt. Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, t. d. vegna þess að kaupandi eða annar en framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða pökkunar vöru, skal verksmiðjuverð teljast jafnt heildarandvirði hennar.

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 24% og 30%, sbr. 2. gr., á 83,33% heildsöluverðsins að viðbættu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980 um vörugjald, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 12/1981. Svarar það til 20% og 25% af heildsöluverði að viðbættu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980 um vörugjald en án nokkus frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- og sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds, 32% og 40%, á tímabilinu 23. ágúst 1982 til 28. febrúar 1983, sbr. 2. gr., svarar það með sama hætti til 26,67% og 33,33% af heildsöluverði.

Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

Gjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldra vara frá verksmiðju eða framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til hinnar gjaldskyldu framleiðslu, sbr. 5. gr.

8. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt þessum kafla eru allir þeir sem framleiða eða pakka hér á landi gjaldskyldar vörur, hvort sem er til sölu eða til eigin nota.

Gjaldskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal greina nafn og heimili rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu sé um að ræða.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi semja skrár um alla þá sem hafa með höndum gjaldskylda starfsemi.

9. gr.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu færa gjaldskylda sölu á sérstakar sölunótur eða reikninga.

Nóturnar eða reikningarnir skulu bera greinilega með sér hvort sérstakt vörugjald sé innifalið í heildarfjárhæðinni.

10. gr.

Allir þeir sem innheimta séstakt vörugjald skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um sérstakt vörugjald.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda hinni gjaldskyldu sölu greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu.

11. gr.

Þeir sem njóta vilja frádráttar frá innheimtu gjaldi af sölu, sbr. 4. mgr. 7. gr., skulu færa það sérstaka vörugjald, sem greitt hefur verið við kaup á hráefnum til gjaldskyldrar framleiðslu, í sérstakan reikning. Niðurstaða þess reiknings færist síðan til frádráttar á skýrslu um sérstakt vörugjald við skil til ríkissjóðs, og telst því ekki með hráefnis- eða framleiðslukostnaði og myndar ekki aðstöðugjaldsstofn.

12. gr.

Þeir sem skyldir eru að innheimta séstakt vörugjald og tilgreindir eru á skrá, sbr. 8. gr., skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, það sérstaka vörugjald sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu skal fylgja skýsla á þar til gerðu eyðublaði um gjaldskylda sölu á uppgjörstímabilinu, þar með talin úttekt til eigin nota. Gjaldskylda sölu skal sundurliða eftir vöruheitum og tollskrárnúmerum. Einnig skal tilgreina upplýsingar um frádrátt, sbr. 7. og 11. gr., svo og fjárhæð þess sérstaka vörugjalds sem inna ber af hendi.

13. gr.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1982 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1982 er 1. maí 1982, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1982 er 1. ágúst 1982, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1982 er 1. nóvember 1982 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1982 er 1. febrúar 1983.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1983 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1983 er 1. maí 1983, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1983 er 1. ágúst 1983, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1983 er 1. nóvember 1983 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1983 er 1. febrúar 1984.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag á eftir.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Að því leyti sem ekki er ákvæði í reglugerð þessari um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr.

10 22. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Um ágreining vegna flokkunar hér umræddra vara til gjaldskyldu skv. 2. gr. skulu þó gilda ákvæði 35. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, sbr. 1. málsgr. þessarar greinar.

15. gr.

Hið hækkaða vörugjald sem skv. 2. gr. þessarar reglugerðar skal lagt á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 23. ágúst 1982 skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 23. ágúst 1982 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 23. ágúst 1982. Sama gildir um innheimtu gjalds af vörum sem nú verða gjaldskyldar, sbr. c-lið 7. gr. laga nr. 79/1982.

Af birgðum, sem innlendir framleiðendur gjaldskyldra vara skv. 1. gr. laga nr. 107/1978 með síðari breytingum eiga hinn 22. ágúst 1982, skal greiða sérstakt vörugjald eins og það var ákveðið fyrir gildistöku þessarar reglugerðar en undanþiggja birgðir innlendrar framleiðsluvara sérstöku vörugjaldi sem við gildistöku þessarar reglugerðar verða gjaldskyldar, þrátt fyrir að sala eða afhending af vörubirgðum þessum fari fram eftir 22. ágúst 1982, enda liggi fyrir staðfesting af hálfu tollstjóra í því umdæmi þar sem framleiðsla fer fram um stöðu birgða hinn 22. ágúst 1982. Vegna birgðatalningar skal framleiðandi gera sérstaka birgðatalningarskýrslu um vörumagn og verksmiðjuverð birgða hinn 22. ágúst 1982, sem afhent skal tollstjóra. Birgðatalning og staðfesting hennar skal fara fram innan viku frá gildistöku reglugerðar þessarar. Staðfest birgðatalningarskýrsla skal fylgja skýrslu vegna skila á sérstöku tímabundnu vörugjaldi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1982, sbr. 12. gr. og 1. mgr. 13. gr. Við álagningu og skil á sérstöku vörugjaldi eða undanþágu frá greiðslu þess samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar skal telja að fyrstar séu seldar eða afhentar vörur sem framleiðandi átti í birgðum hinn 22. ágúst 1982. Þannig skal draga heildarandvirði birgða hinn 22. ágúst 1982 frá heildarandvirði seldra eða afhentra vara á tímabilinu 23. ágúst til 30. september 1982 og greiða af mismunin sérstakt vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, sbr. 2. gr. þessarar reglugerðar. Sé heildarandvirði birgða 22. ágúst 1982 hærra en vörusala á tímabilinu 23. ágúst til 30. september 1982 skal mismunurinn á sama hátt dreginn frá síðari sölu eða afhendingu uns vörusala eða afhending fer fram úr verðmæti birgða hinn 22. ágúst 1982. Nú ber vörugjaldsskyldum framleiðanda að greiða á sama gjalddaga séstakt vörugjald annars vegar vegna sölu eða afhendingar vörugjaldsskyldra vara fyrir 23. ágúst 1982 eða sölu eða afhendingar á birgðum samkvæmt þessari málsgrein og hins vegar sérstakt vörugjald eins og það verður við breytingu gjaldsins skv. 2. gr. þessarar reglugerðar, skal hann skila tveimur skýslum vegna skila á sérstöku vörugjaldi, annarri vegna álagningar sérstaks vörugjalds samkvæmt ákvæðum 2. gr. þessarar reglugerðar og hinni vegna álagningar gjaldsins samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 eins og þau voru fyrir gildistöku laga nr. 79/1978, og skal sama gilda vegna lækkunar gjaldsins 1. mars 1983. Verði breyting á verksmiðjuverði birgða frá því sem tilgreint hefur verið í birgðatalningarskýrslu skal við álagningu sérstaks vörugjalds samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar leggja hið nýja verksmiðjuverð til grundvallar, en gera skal innheimtumanni ríkissjóðs skriflega grein fyrir slíkum breytingum.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 23. ágúst 1982 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem samkvæmt ákvæðum 2. gr. þessarar reglugerðar gildir frá og með 23. ágúst 1982, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sé stað fyrir septemberlok 1982. Sama á við um þær vörur sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr. laga nr. 79/1982.

Hafi innflytjandi fyrir 23. ágúst 1982 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka

vörugjalds sem samkvæmt ákvæðum 2. gr. þessarar reglugerðar gildir til og með 22. ágúst en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 4. september 1982. Sömu tímamörk gilda um tollafgreiðslu vara sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr. laga nr. 79/1982.

Við beitingu 3. málsliðar 4. gr. þessarar reglugerðar skal á tímabilinu 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 hækka sérstakt vörugjald í 40% eða lækka í 32% í stað þess að hækka gjaldið í 30% eða lækka í 24% eins og þar greinir.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um séstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33/1980, lög nr. 80/1980, lög nr. 82/1981 og lög nr. 79/1982 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 1983. Jafnframt er frá sama tíma úr gildi felld reglugerð nr. 680 30. desember 1981 um sérstakt tímabundið vörugjald og reglugerðir nr. 19/1982, nr. 143/1982, 228/1982 og 462/1982.

Fjármálaráðuneytið, 23. ágúst 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

23. ágúst 1982. Nr. 468.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 634 30. desember 1980 um vörugjald, sbr. reglugerðir nr. 234 30. apríl 1981 og 244 8. maí 1981 um breyting á henni.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast vörugjald 7% og 17%, sbr. 1. gr., á 83,33% heildsöluverðsins. Svarar það til 5,83% og 14,17% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en vörugjald myndar stofn til söluskatts.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 77 23. desember 1980 um vörugjald, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 23. ágúst 1982.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 — 1982

Nr. 469. 786 25. júní 1982.

REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

Hluti J 13.
Lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum.

1. gr.

Bátar eða skip, hverju nafni sem nefnast og skoðunarskyld eru að lögum, skulu jafnan hafa lyfjakistu eða lyfjaskáp meðferðis, búinn lyfjum, umbúðum og áhöldum, svo sem fyrir er mælt í þessari reglugerð. Slíkir skápar eða kistur eru hér nefndar einu heiti **lyfjakistur.** Öll lyf í venjulegri merkingu, sótthreinsandi efni og hjúkrunargögn, er innihalda lyf, eru nefnd **lyf,** einu heiti. Ávana- og fíknilyf (euforetica) eru þau lyf og lyfjasamsetningar, sem svo eru greind í lista B í fylgiskjali við reglugerð um ávana- og fíkniefni nr. 390, 1974.

2. gr.

Lyfjakistur eru 6 talsins og auðkenndar með tölunum 1, 2, 3, 4, 5 og 6. Skylt er að hafa eina hinna 5 fyrsttöldu lyfjakistna, merkta sinni tölu, um borð í skipum, samkvæmt eftirfarandi:

Fiskiskip allt að 20 brl. hafi lyfjakistu nr. 1.
Fiskiskip 20—120 brl. hafi lyfjakistu nr. 2.
Fiskiskip 120—500 brl. hafi lyfjakistu nr. 3.
Fiskiskip yfir 500 brl. hafi lyfjakistu nr. 4.
Vöruflutningaskip undir 1500 brl. hafi lyfjakistu nr. 4.
Vöruflutningaskip yfir 1500 brl. og farþegaskip hafi lyfjakistu nr. 5.

Í björgunarbátum, flekum og gúmmíbjörgunarbátum, sem krafist er að lyf séu í samkvæmt öðrum reglum, skal vera lyfjakista nr. 6 (lyfjapakki).

Heimilt er að skylda skipstjóra til þess að varðveita fíknilyf sérstaklega undir lás og loku, og skal skipstjóri hlýta fyrirmælum siglingamálastjóra í þessu efni.

Í hverju **fiskiskipi** með þilfari skal vera tæki til lífgunar úr dauðadái af viðurkenndri gerð. Tækinu skal fylgja leiðarvísir um notkun þess á íslensku.

3. gr.

Magn lyfja í lyfjakistum 1—5 (sbr. meðfylgjandi lyfjaskrá) er minnsta magn. Skipstjóri getur krafist, að meira magn lyfja sé sett í lyfjakistu skips hans (sjá þó 2. málsgr.).

Ef skipslæknir er enginn, má ekki auka magn fíknilyfja í lyfjakistum umfram það, sem ákveðið er í meðfylgjandi lyfjaskrá. Ef læknir er fastráðinn til starfa á skipi, getur hann á eigin ábyrgð aukið birgðir af fíknilyfjum og ávísað.

4. gr.

Lyf skulu vera í tryggum umbúðum. Á umbúðum standi (prentað eða vélritað) heiti lyfja, ábendingar og fyrirmæli um notkun. Á umbúðum lyfja standi mánaðardagur og ár, er lyfið var selt úr lyfjabúð og fyrningartími, ef nokkur er.

Fíknilyf skal merkja ATH.

Áhöld úr málmi skulu vera úr ryðfríu stáli, eða tilsvarandi efni án tæringarhættu.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Lyfjakistur 1—5 skal varðveita á þurrum stað, þar sem helst er ekki lægra hitastig en 4°C, né hærra en 25°C. Lyfin skulu vera aðgengileg skipslækni, ef einhver er, skipstjóra eða staðgöngumanni hans, en engum öðrum. Ef insúlín og adrenalínlausn eru í skipum, skal geyma þau við ca. +4°C. Skulu þau pökkuð og merkt sérstaklega í lyfjakistu ásamt leiðbeiningum um notkun lyfjanna.

Efni til sótthreinsunar skulu geymd vel aðgreind frá lyfjum.

Lyfjakistu 6 (er einnig nefnd lyfjapakki) skal geyma í vatnsþéttum lokuðum og innsigluðum umbúðum, sem greinilega eru merktar „Lyfjakista 6" og áletraðar þeirri dagsetningu, er eftirlit fór síðast fram í íslenskri lyfjabúð.

6. gr.

Skipslæknir eða skipstjóri getur ávísað/pantað þau lyf, sem vera eiga í lyfjakistu skipsins. Lyf þessi má einungis nota við lækningar á skipshöfn og farþegum þess skips, er um ræðir. Lyfjaávísanir á skip skal senda skriflega til lyfjabúðar þeirrar, er lyfin selur.

Lyfjabúðum er hverju sinni skylt að gera vörureikning um sölu lyfja til skipa. Tvö eintök skulu fylgja lyfjunum, en hið þriðja skal varðveita 2 ár í lyfjabúð þeirri er lyfin selur.

Lyfjakistur skulu vera fullbúnar í upphafi hverrar sjóferðar. Nú er verulegt magn lyfja notað, meðan á sjóferð stendur, skal þá við fyrsta tækifæri fylla í skörðin með nýjum innkaupum. Ef lyf eru keypt erlendis, skal skipstjóri færa í dagbók skipsins, hvaða lyf voru keypt og í hve miklu magni.

Skipstjóra eða staðgöngumanni hans er skylt að færa í eftirlitsbók skipsins alla notkun fíknilyfja. Þó skal hann undanþeginn þessari kvöð, ef skipslæknir er starfandi um borð.

7. gr.

Skipslækni, skipstjóra eða staðgöngumanni hans er einum heimilt að afhenda lyf úr lyfjakistum.

Lyfjaeiningar til innvortis notkunar skal setja í viðeigandi umbúðir með áletruðum fyrirmælum um notkun, sé lyfjanna ekki neytt í augsýn þess er afhendir þau úr lyfjakistu. Lyf til innstungu má einungis nota í augsýn skipstjóra eða staðgöngumanns hans.

Með lyf skal ella fara svo sem segir í gildandi lækningabók fyrir sjófarendur og samkvæmt þeim fyrirmælum er gefin eru sérstaklega á umbúðum lyfja.

8. gr.

Eftirlit.

Eftirlit skal fara fram árlega á lyfjakistum 1, 2, 3, 4, 5 og 6. Eftirlitið skal framkvæmt af lyfjafræðingi frá íslenskri lyfjabúð að beiðni skipstjóra. Við eftirlit skal þess gætt að ekki vanti lyf í lyfjakistu og ennfremur tryggja að lyf þau er ekki teljast lengur uppfylla kröfur gildandi forskriftasafna séu endurnýjuð. Að eftirliti loknu skal lyfjabúðin votta í eftirlitsbók skipsins, að lyfjakistan sé fullbúin samkvæmt reglugerð þessari.

Nú er skip í langferðum og kemur ekki í höfn á Íslandi innan árs frá því er eftirlit fór síðast fram. Skipstjóra er þá skylt að framkvæma eftirlit með lyfjakistu skips síns.

Siglingamálastjóri eða fulltrúar hans geta krafið skipstjóra um vörureikninga yfir keypt lyf.

9. gr.

Bækur og fleira.

Um borð í bátum eða skipum, hverju nafni sem nefnast og skoðunarskyld eru að lögum, skulu vera:

1. Eintak af reglugerð þessari.
2. Eintak af gildandi lækningabók fyrir sjófarendur.
3. Eftirlitsbók viðkomandi skips, samkvæmt gildandi lögum um eftirlit með skipum.
4. Í lyfjakistu 6 skal vera stuttur leiðarvísir um hjálp í viðlögum.

10. gr.

Samgönguráðherra getur að tillögu siglingamálastjóra og fengnu samþykki landlæknis veitt undanþágur frá ákvæðum þeim, sem hér greinir.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða refsingu samkvæmt ákvæðum X. kafla laga nr. 52, 12. maí 1970.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 242 14. nóvember 1966 um lyf og læknisáhöld í skipum og reglugerð nr. 45 10. mars 1967 um breytingar á henni.

Samgönguráðuneytið, 25. júní 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

Fylgiskjal

Lyfjaskrá.

Skýringar:

Ábending: Sjúkdómar eða sjúkdómsástand, þar sem notkun lyfs er nauðsynleg (eða þörf).

Frábending: Sjúkdómur eða sjúkdómsástand, þar sem notkun viðkomandi lyfs er hættuleg eða óæskileg.

Aukaverkun: Allar verkanir lyfs, aðrar en þær, sem sóst er eftir og geta komið fram við lyfjagjöf.

I. Lyf

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Acetylsalicyltöflur, 0.5 g, húðaðar(„Asperin")	50 stk.	1	2	2	2	4
Tablettae acetylsalicylicae ent. obduct. 0.5 g. Enterosolubile coated tablets of acetylsalicylic acid 0.5 g. **Ábending:** Gigtþrautir, höfuðverkir. **Frábendingar:** Magasár, blæðingar. **Aukaverkanir:** Magaverkir, ógleði, magablæðingar, eyrnasuð, skert heyrn. **Skammtar:** 1—2 töflur 3—4 sinnum á dag við höfuðverk. 2 töflur 3—4 sinnum á dag við gigtþrautum.						
Adrenalínlausn, 0.1%, til inns-tungu	glerhylki	0	0	0	5	5

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Injectabile adrenalini, 0.1% Ph.Nord. 63 Injection of Adrenaline (containing 1.82 mg. Adrenaline Acid Tartrate equivalent to 1 mg Adrenaline per ml.) 1 mg/ml adrenalínbasi. **Ábending:** Við losti af völdum blóðtaps eða ofnæmis. **Skammtur:** 0.5 ml í vöðva eða 1.0 ml undir húð. **Geymist á köldum stað.**	@ 0.5 ml.					
Aluminiumhydroxid,mixtúra með Magnesíumsilícatí, (Silgel R) ..... Mixture containing: Aluminii oxidum 47 mg, Magnesii trisilicas 117 mg. **Ábending:** Við brjóstsviða eftir þörfum. **Aukaverkanir:** Hægðatregða.	750 ml.	1	1	1	2	2
Benzalkonlausn, 10%, til þynningar ..... Diluendum benzalkoni 10% Ph.Nord.63 Solution of Benzalkonium Chloride 10% w/w 10 ml (1 barnaskeið) í 1 l vatns. Sótthreinsunarlögur. Má ekki nota með sápu.	100 ml. 300 ml.	1	1	2	1	2
Brennisteinssalisýlsmyrsli ..... Unguentum sulfuris salicylicum DD 63 Ointment of Salicylic Acid 2%, Sulphur 10% Zinc Oxide 10%, Aqueous Wool Fat q.s. **Ábending:** Við sveppum, berist á 3svar á dag.	20 g	1	1	2	2	3
Brjóstdropar með ópíum ..... Liquor pectoralis benzoicus cum glycerolo DD 63. **Ábending:** Hósti. **Aukaverkanir:** Stjórnendur farartækja ættu ekki að taka dropana inn. **Skammtar:** 1 teskeið 3—5 sinnum á dag, eingöngu handa fullorðnum.	100 ml	0	2	2	5	10
Diazepamtöflur, 5 mg R ..... Tablets of Diazepam 5 mg **Ábending:** Við kvíða og óróa, 1 tafla 2—3svar á dag.	50 stk	0	0	1	1	2
Digoxintöflur, 250 mikrog. ..... Tablettae digoxini 250 mikrog. DAK 63 Tablets of Digoxine 0.25 mg **Ábending:** Hjartabilun, hjartsláttartruflanir. **Aukaverkun:** Lystarleysi, ógleði, breyting á hjartslætti, ofsjónir, rugl hjá eldri einstakl. **Skammtar:** 1—1.5 mg strax — síðan 0.25 mg viðhaldssk. á 6 st. fresti, þar til fullri verkun er náð. **EITRUNARHÆTTA — NOTIST EKKI ÁN SAMRÁÐS VIÐ LÆKNI**	50 stk.	0	0	1	1	1

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Difenoxilat-atropin-töflur (Retardin R)	24 stk.	0	0	1	2	3
Tablets of Diphenoxilat Hydrochloride 2,5 mg and Atropine Sulfate 25 mikrog.						
Ábending: Viðvarandi niðurgangur, án þess að hiti sé hækkaður.						
Frábending: Lifrarsjúkdómar, gláka.						
Aukaverkanir: Smávægileg ógleði, svimi, munnþurrkur.						
Skammtar: Fullorðnir: 2 töflur 3—4 sinnum á dag.						
Skal tekið inn ca. ½ klst. fyrir eða eftir mat.						
Etylklóríð	100 ml	0	0	1	2	2
Aethyli chloridum Ph. Nord 63						
Ethyl Choride						
Til staðdeyfingar við minni háttar meiðslum						
Eyrnadropar: (Ciloprine R)	12 g	0	0	1	1	1
Ear drops of Cinchocaine Acediasulfonate and Hydroxicarbamide 4.2 mg.						
Ábending: Eyrnaverkur. Hefur bakteríudrepandi og verkjastillandi verkun.						
Skammtur: 8—10 dropar í hlust á 3—5 klst. fresti.						
Loka hlust síðan með baðmullarhnoðra.						
Fenemaltöflur	100 stk.	0	0	1	2	2
Tablettae phenemali 15 mg Ph. Nord. 63						
Tablets of Phenobarbitone 15 mg						
Ábending: Róandi töflur. 1—2 töflur 1—3svar á dag við krampaköstum vegna ofdrykkju.						
Fortral, sjá Pentazocin						
Gigtaráburður:	túba @ 30 g	1	1	2	2	3
Ungventum mentholi compositum DD 63						
Ointment containing: Camphor 10 g, Menthol 10 g,						
Methyl Salicylate 25 g, Wihte Beeswax 18 g and Wool Fat 37 g						
Við gigtarverkjum: Núist vel inn í hörundið 1—2 sinnum á dag.						
Glyceról sæft í sérstöku dropaglasi	10 ml	1	1	1	1	2
Glycerolum Ph. Nord. 63 sterilisatum						
Glycerin sterile.						
Ábending: 2—3 dropar í hlust til að losa eyrnamerg.						
Glycerýlnitrattöflur: 0.5 mg (Nitróglýcerintöflur) ..	30 stk.	1	1	1	2	4
Resoriblettae glyceryli nitratis						
0.5 mg Ph. Nord 63 (Nitromex R)						
Tablets of Glyceryl Trinitrate 0.5 mg						
Ábending: Hjartaverkur (Angina pectoris), til að slá á kast.						
Aukaverkanir: Höfuðverkur, blóðþrýstingsfall (máttleysi, svimi)						
Skammtar: 1—2 töflur í senn, látnar renna undir tungu.						
Gylliniáburður Sulgan 99 R	túba @ 40 g	0	1	2	2	3
„Sulgan 99" ungventum.						
Haemorrhoidal, ointment.						
Ábending: Gyllinæð.						
Notkun: Berist í endaþarm eftir hægðir, og að kvöldi.						

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Gyllinistautar með cinchocaini og prednisoloni, (Scheriproct R). ..... Suppositories containing: Cincainum 1 mg and Prednisolonum kaprónat 1.9 mg **Ábending:** Gyllinæð **Notkun:** 1 stautur í senn í endaþarm.	6 stk.	0	1	1	2	3
Hálstöflur (Strepsils R) ..... **Notkun:** 1 tafla í senn við hálsbólgu og kverkaskít. Láta renna í munni.	24 stk.	1	1	1	2	2
Handáburður I ..... Unguentum dermotheli DD 63 Hand Ointment **Notkun:** Mýkjandi feitt smyrsli.	túba @ 25 g	1	2	2	4	4
Handáburður II: ..... Unguentum glyceroli Ph. Nord. 63 Hand Ointment **Notkun:** Mýkjandi rakt smyrsli.	túpa @ 25 g	1	2	2	4	4
Hexicíð áburður, (Quellada lotion R) ..... Liniment containing Gamma Benzen Hexachloride 1% in water miscible base. **Ábending:** Lúsaáburður á hárlausa húð. Einnig gegn kláðamaur. Sjá leiðbeiningar.	100 ml	0	1	2	2	2
Hexicíð hársápa, (Quellada application R) 100 ml . Shampoo containing: Gamma Benzen Hexachloride 1% in Shampoo base. **Ábending:** Gegn lús í höfuðhári. Sjá leiðbeiningar.	100 ml	0	1	2	2	2
Hydrokortison, vatnsleysanlegt: 100—125 mg til innstungu ..... Solu-Cortef, eða tilsvarandi lyf Hydrocortisone, water soluble for injections **Ábendingar:** Lost vegna ofnæmis, meiðsla, bruna, eða blæðinga, **lungnabjúgur hjá þeim, sem bjargast frá drukknun.** **Frábendingar:** Sykursýki, sýkingar af völdum smitsjúkdóma. Magasár, berklar, flogaveiki. Saga um geðsjúkdóma. **Aukaverkanir:** Magasár, minnkuð mótstaða gegn sýkingum, geðrænar breytingar, sár geta gróið hægar. **Skammtar:** Samkvæmt læknisráði.	1 hettuglas 100—125 mg + lausnarvökvi	0	0	2	3	3
Hydrokortisonsmyrsl 1% ..... Unguentum hydrocortisoni Ph. Nord. 63 Hydrocortisone Ointment 1% **Ábendingar:** Exem **Aukaverkanir:** Húð þynnist, marblettir, litabreytingar í húð. Notkun í andliti ekki æskileg. **Notkun:** Berist á 1—2svar á dag.	túpa @ 20 g	0	0	1	2	3

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Hægðalyf, t. d. Senekot[R] töflur ..... Tablets of Senna Fruit Concentrate. **Ábending:** Við hægðatregðu 1—2 töflur að kvöldi. Sérstök áletrun: „Notist ekki lengur en í eina viku í senn, án samráðs við lækni".	50 stk.	0	1	1	2	2
Indómetasín, stílar 100 mg ..... Indómethacin suppositoriae 100 mg **Ábending:** Gallsteina- eða nýrnasteinakast. 1 stíll í endaþarm við verkjum, mest 2svar á sólarhring.	5 stk.	0	1	2	2	3
Inderal, sjá Propranolol-töflur.						
Insulin Rapitard, Novo: ..... Injectabile insulini Rapitard Novo 40 ie/ml **Ábending:** Sykursýki **Aukaverkun:** Of stór insulinskammtur getur leitt til losts. **Notkun:** Sprautist undir húð samkvæmt læknisráði. Meðhöndlun á insulinlosti samkvæmt læknisráði. **Geymist á köldum stað.**	hettuglas 10 ml	0	0	0	2	2
Joðáburður: ..... Spiritus Jodi 5% Ph. Nord. 63 Solution of Iodine (Iodine 5 g. Potassium Iodide 3.5 g water 8.5 g Alcohol 93% w/w 83 g) **Notkun:** Til sótthreinsunar á hörundi.	15 ml glas	1	1	1	2	4
Karbakólíntöflur, 2 mg ..... Tablettae Carbacholini 2 mg Ph. Nord 63 Tablets of Carbacholine 2 mg **Ábending:** Við þvagtregðu og vöðvaslappleika **Notkun:** 1 tafla 3svar á dag.	50 stk.	0	0	1	1	2
Klóramfenikólaugndropar, 0.5% ..... Oculoguttae chloramphenicoli Ph. Nord. 63 Chloramphenicol Opthalmic Solution 0.5% **Ábending:** Bólga í augum. (Rauð augu). **Notkun:** 2 dropar bak við neðra augnalok 3—6 sinnum á dag, veldur ekki þokusýn, er því hentugra en smyrsl fyrir stjórnendur farartækja. Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.	10 ml í sérstöku hettuglasi með tilheyr. pípettu.	0	0	1	2	3
Klóramfenikol, augnsmyrsl 1% ..... Oculentum chloramphenicoli 1% Ph. Nord. 63 Eye ointment of Chloramphenicol 1% **Ábending:** Bólga í augum. (Rauð augu). **Aukaverkun:** Þokusýn fyrst eftir að smyrslið er sett í auga. **Notkun:** Smyrslið skal borið á bak við neðra augnlok.	túpa @ 10 g	0	1	2	3	3
Klórhexidinlausn, 5%, til þynningar: ..... t. d. Hibithane.[R] Bakteríudrepandi lausn til sótthreinsunar á verkfærum. **Notkun:** Sjá meðfylgjandi leiðarvísi.	500 ml	1	1	1	2	2

Heiti	Eining	Lyfjakista nr. 1	2	3	4	5
Klórhexidin-krem: ..... R T. d. Hibithane obstetric cream. Til hreinsunar og sótthreinsunar á húð.	50 g	1	1	1	2	2
Klórokintöflur, 0.25 g: ..... Tablettae chlorochini phosphatis 0.25 g DAK 63 Tablets of Choroquine phosphate 0.25 g **Ábending:** Fyrirbyggjandi þegar farið er inn á malaríusvæði, og við malaríu. **Aukaverkanir:** Sjóntruflanir, útbrot, skaptruflanir, magaóþægindi. **Fyrirbyggjandi:** 2 töflur á viku, en í síðasta lagi daginn áður en haldið er inn á malaríusvæði, síðan 2 töflur 1 sinni í viku. Meðferð skal haldið áfram í 1 mánuð eftir að farið er frá malaríusvæði. **Til að lækna malaríukast:** Fyrst 4 töflur í einu og 6 klst. síðar 2 töflur. Á 2. og 3. degi 2 töflur á dag. **Notkun:** Sjá annars lækningabók fyrir sjófarendur. Ef skip sigla til svæðis þar sem sérstaklega þolnir stofnar malaríusýkilsins eru skal leita sérfróðs læknis varðandi lyfjaval.	100 stk.	0	0	0	2	5
Klórprómazínlausn, 2.5% (25mg/ml) ..... Injectabile chlorpromazini 2,5% DAK 63 Injection of Chloropromazine Hydrochloride 25 mg/ml. **Ábending:** Sefandi lyf við geðveiki og drykkjuæði (delerium tremens). **Frábending:** Sjá klóprómazíntöflur. **Skammtar:** 2 ml dælt inn í vöðva Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.	ampúlla 2 ml	0	0	10	10	10
Klórpromazintöflur, 25 mg: ..... Tablettae chlorpromazini 25 mg Ph. Nord. 63 Tablets of chlorpromazine Hydrochloride 25 mg **Ábendingar:** Geðveiki, ofsaköst, drykkjuæði, (delerium tremens). **Frábendingar:** Lyfja- eða alkóhóleitranir (þó má gefa klorprómzin fái sjúklingur ekki meira alkóhól eftir klórpromazintöfluna). **Aukaverkanir:** Ósjálfráðir vöðvakippir, sljóleiki, blóðþrýstingsfall, hraður hjartsláttur, húðútbrot, munnþurrkur, krampar. **Skammtar:** 2—3 töflur 2svar á dag. Sjá lækningabók fyrir sjófarendur og hafið samband við lækni.	50 stk.	0	1	1	2	6
Klysma, einnota: ..... Microlax R eða tilsvarandi. **Við hægðatregðu:** 1 túpa tæmd í endaþarm, verkar eftir 15—20 mín. Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.	5 ml túpa	0	0	4	8	12
Kódímagnýltöflur: ..... Tablets containing Codeine Phosphate 10 mg Acetylsalicylic Acid 0.5 g and Heavy Magnesium Oxide 70 mg **Ábending:** Verkir. **Frábendingar:** Magasár, blæðingar. **Aukaverkanir:** Hægðatregða, magaóþægindi, magablæðingar, eyrnasuða, skert heyrn. **Skammtar:** 1—2 töflur 2—3svar sinnum á dag fyrir fullorðna.	50 stk.	1	1	2	2	3

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Kolakyrni og natríumsúlfat:	10 g+30 g	1	1	1	2	2
Granulatum carbonis et natrii sulfas Ph. Nord. 63 Granules of Charcoal and Powdered Sodium Sulphate. **Við ýmsum eitrunum:** 1 skammtur í ½ glas af vatni. Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.						
Kolatöflur, 0.25 g:	100 stk.	0	0	1	1	2
Tablettae carbonis Ph. Nord. 63 Tablets of Charcoal 0.25 g. **Við iðrakveisu og niðurgangi.** 3—10 töflur oft á dag.						
Lanatosíð, lausn til innstungu,(Cedilanid R)	lykjur 2 ml	0	0	1	2	4
Injection of Deslanatoside 0.2 mg/ml. **Ábending:** Til að örva hjartað í hjartveikum. Notist aðeins í samráði við lækni.						
Laxerolía:	100 ml	0	11	1	2	2
Oleum ricini Ph. Nord 63 Castor Oil **Ábending:** Við hægðatregðu og -teppu. **Frábending:** Notist alls ekki, ef um er að ræða kviðverki af ókunnum orsökum, eða ef grunur er um botnlangabólgu eða garnastíflu. **Skammtur:** 2—3 matskeiðar í senn.						
Tetracainaugndropar:	10 ml í augndropa-glasi.	0	0	2	2	2
Tetracainlausn Oculogullae tetracaini 1% Ph. Nord. 63. **Ábending:** 1—2 dropar í auga til staðdeyfingar á augnslímhúð. **Ath.:** Setja skal lepp yfir auga eftir að deyft hefur verið og aðskotahlutur fjarlægður til að verja augað hnjaski. Skal hann borinn í einn sólarhring.						
Lídókainlausn, 1% með adrenalíni til innstungu ...	hettuglas @ 20 ml	0	0	2	2	2
Injectabile lidocain-adrenalini 1% Ph. Nord. 63 Injection of Lignocaine Hydrochloride 1% w/v with Epinephrine 5 micrograms/milliliter. **Ábending:** Til staðdeyfingar skurðsára, sem ætlunin er að sauma saman. Notist **EKKI** á fingur, tær, eyru eða nef. **Frábendingar:** Lost, sýking í skurðsári (þá má ekki loka sárinu), hjartasjúkdómar. Gæta skal fyllsta hreinlætis við meðhöndlun skurðsára.						
Lídókainlausn, 1%, án adrenalíns til innstungu ...	hettuglas @ 20 ml.	0	0	2	2	2
Injectabile lidocaini non vasoconstringens 1% Ph. Nord. 63 Injection of Lignocaine Hydrochloride 1% w/v **Ábending:** Til staðdeyfingar skurðsára, sérstaklega á fingrum, tám, eyrum og nefi. **Frábendingar:** Lost, sýkingar í skurðsári (þá má ekki loka sárinu), hjartasjúkdómar. Gæta skal fyllsta hreinlætis við meðhöndlun skurðsára.						

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Magnýltöflur, 0.5 g	50 stk.	1	2	0	0	0
Tablets containing Acetylsalicylic Acid 0.5 g and Heavy Magnesium Oxide 70 mg	100 stk.	0	0	2	2	4
Við verkjum.						
1—3 töflur í senn 3—5 sinnum á dag.						
Methýlergometrintöflur, 0.125mg, (Methergin R).	10 stk.	0	0	0	1	2
Tablets of methylergometrin Maleate 0.125 mg						
Ábending: Blæðing eftir fósturlát eða fæðingu.						
Frábendingar: Meðganga, æðakölkun og aðrir slagæðasjúkdómar, lifrar- og nýrnasjúkdómar.						
Aukaverkanir: Höfuðverkur. Við eitrun getur komið drep í útlimi (vegna þrenginga í æðum) og breytingar á blóðþrýstingi.						
Skammtar: 1—2 töflur 2—3svar á dag.						
Notist aðeins í samráði við lækni.						
Metýlskópólamíntöflur, 0.5 mg	100 stk	1	1	1	2	2
Tablettae methylscoplamini 0.5 mg Ph. Nord. 63						
Tablets of Hyoschine Methionitrate 0.5 mg						
Ábending: Slæmir vindverkir eða grunur um skeifugarnarsár.						
Skammtur: 1—2 töflur 2—3svar á dag.						
Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.						
Nefdropar, (Otrivin R)	10 ml	0	1	1	1	2
Nasal drops containing Xylometazoline Hydrochloride 0.1%						
Ábending: Nefdropar við stíflu og nefkvefi						
1—2 dropar í hvora nös 2svar á dag.						
Nítróglycerintöflur, sjá Glýcerýlnitrattöflur.						
Noskapíntöflur, 25 mg	100 stk.	1	1	1	1	2
Tablettae noscapini 25 mg Ph. Nord. 63						
Tablets of Narcotine Hydrochloride 25 mg						
Ábending: Við hósta, 1—2 töflur í senn, mest 3svar á dag.						
Oxazepam-töflur, 15 mg (Serepax R)	100 stk.			1	2	2
Tablettae oxezepami, 15 mg	50 stk		1			
Ábendingar: Svefnleysi, órói, kvíði, drykkjuæði, (delerium tremens).						
Skammtar: 1—2 töflur 3svar á dag.						
Penicillínlausn, til innstungu	1 000 000 ae. + lausnarvökvi	0	0	10	15	20
Penicillinum ad injectionem						
Benzyl Penicillin 1 000 000 i. u. for injection						
Ábending: Við ígerðum og ýmsum sýklasjúkdómum. Duftið skal leysa í vökvanum.						
Frábending: Penicillin ofnæmi.						
Fylgjast með sj. í ½ klst. eftir lyfjagjöf.						
Skammtur: 1—2 stungur 2—3 á sólarhring.						

Heiti	Eining	Lyfjakista nr. 1	2	3	4	5
Penicillintöflur, 500 000 a. e.	20 stk.	1	2	4	10	15
Tablettae Phenoximethylpenicillini 0.32 g Ph. Nord 63 **Ábending:** Viðhaldsmeðferð sbr. penicillin, einnig fleiri sjúkdóma af völdum penicillin-næmra baktería. **Frábending:** Penicillinofnæmi. **Skammtur:** 1—2 töflur ekki sjaldnar en 3svar á dag.						
ATH						
Pentazocintöflur, 50 mg (Fortral^{R})	30 stk.	0	1	1	1	2
Tablets of Pentazocin Hydrochloride 50 mg						
Til innstungu 30 mg/ml	ampúlla @ 1 ml 10 stk.	0	1	1	1	2
Injection of Pentazocine 30 mg/ml **Ábending:** Miklar þrautir t. d. af völdum slyss eða hjartadreps (-kveisu) **Frábending:** Höfuðáverkar, meðvitundarleysi, minnkuð öndun. Má ekki gefa börnum. **Aukaverkun:** Sljóleiki, ógleði, svimi og sviti. **Skammtur:** 1—2 töflur 4—6 sinnuum á dag. Lausn til innstungu: Í **vöðva** 1—2 ml 4—6 sinnum á dag. **Ath.:** Þetta lyf hefur ávanabindandi eiginleika og eitrunarhætta er fyrir hendi. Ef lyfið er notað í losti, skal það eingöngu gefið í æð.						
Pivampicillíntöflur, 350 mg, (Pondocillin ^{R})	12 stk.	0	3	3	4	5
Tablets of Pivampicillin 350 mg **Ábending:** Við ýmsum sýklasjúkdómum og til meðhöndlunar á lekanda. Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.						
Probenesíðtöflur, 0.25 g	20 stk.	0	1	1	2	3
Tablettae probenecidi 0.25 g Ph. Nord. 63 Tablets of Probenecid 0.25 g **Ábending:** Notist með pivampicillíntöflum gegn lekanda. Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.						
Prófpappír fyrir eggjahvítu, blóði og sykri í þvagi og fyrir sýru	1 pakkning	0	0	1	1	1
HEMA-Combistix Litast samkvæmt áprentaðri notkunarfyrirsögn.						
Promazinlausn, til innstungu:	2 ml í ampúllu	0	0	10	10	10
Sparine FERROSAN Promazin 50 mg/ml eða hliðstætt lyf. Injectabile Promazini 50 mg/ml. **Ábendingar:** Geðveikikast, drykkjuæði (delerium tremens). **Aukaverkanir:** Blóðþrýstingsfall, krampar, húðútbrot, gula. **Skammtar:** 2—4 ml í vöðva, gefa má meira í samráði við lækni. Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.						
Propanol 35%	100 ml	1	1	2	2	2
Aqueous Solution of Propanol 35% **Ábending:** Til sótthreinsunar á húð.						

Heiti	Eining	Lyfjakista nr. 1	2	3	4	5
Propranololtöflur, 40 mg R	50 stk	0	0	1	1	2
Tablets of propranolol 40 mg **Ábendingar:** Hjartsláttartruflanir, hár blóðþrýsingur, hjartaverkur (langtímameðferð). **Frábendingar:** Asthma, hjartabilun. **Aukaverkanir:** Preyta, slappleiki, ógleði, niðurgangur, martröð, útlimir verða kaldari. **Skammtar:** 1/2—1 tafla 4 sinnum á dag.						
Quellada, sjá hexicið.						
Salbútamól—töflur, 2 mg (Ventolin R)	100 stk	0	0	1	1	1
Notist við asthma, til langtímameðferðar. **Skammtar:** Fullorðnir 1—2 töflur 2—4 sinnum á dag.						
Salbútamól, úðalyf (Ventolin R)	1 úðahylki	0	1	1	2	2
Dosisaerosol of 0.1 mg Salbutamol per dosis **Ábending:** Við asthmaköstum, 1—2 púst 3—4 sinnum á dag. **Aukaverkanir:** Hjartsláttartruflanir. Notist með varúð af hjartveikum. **Notkun:** Fullorðnir: Úðið 1—2svar og andið að ykkur. Ef nauðsyn ber til má endurtaka lyfjagjöfina eftir 4 tíma. Sjá leiðbeiningar á lyfjaumbúðum.						
Salícýlvasilín, 2%	túpa @ 50 g	0	1	2	2	2
Vaselinum salicylicum 2% Salicylic Acid 2 g Yellow Soft Paraffin 98 g. Áburður á þurra og skorpna húð.						
Salttöflur, samsettar	100 stk.	0	0	1**	2**	5**
Áletrist upplýsingum um innihald hverrar töflu ásamt „Í hitabeltinu takist 2 töflur með hverri máltíð" auk „Tyggist ekki." Tablettae natrii chloridi compositae obductae enterosolubiles. Tablets containing: Calcium Carbonate 18 mg Potassium Chloride 30 mg Sodium Chloride 450 mg Dextrose 200 mg Við salt- og vökvamissi í miklum hitum. 2—4 töflur með hverri máltíð. **Viðbót þegar siglt er í miklum hitum eða hitabelti.						
Saltvatn (0.9% salt)	300 ml	0	2	2	3	3
Irrigabile natri caloridi isotonicum **Ábending:** Til hreinsunar skurðsára, sem ætlun er að sauma saman, svo og annarra sára.						
Saltvatn (NaCl)	1 líter	0	0	2	3	4
Infundileile natrii chloridi isotonicum Ph. Nord. 63. Gefist við miklu vökvatapi, blóðmissi og losti. Hafið samráð við lækni.						
Silgel, Sjá Aluminhydroxíð mixtura með magnesii silicas 10%.						
Sjóveikistílar	10 stk.	0	1	2	2	2
Suppositories of Dimenhydrinatum 100 mg **Ábending:** Við sjóveiki. 1 stíll 1—3svar á dag. **Frábending:** Gláka. **Aukaverkun:** Svefnhöfgi.						

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Sjóveikistöflur Tablettae coffinautini Ph. Nord. 63 Tablets of Diphenhydramine Hydrocloride 50 mg and Caffeine 50 mg **Ábending:** Við sjóveiki. 1 tafla 1—3svar á dag. Við ofnæmi. 1 tafla 3svar á dag. **Frábending:** Gláka. **Aukaverkun:** Hægðatregða.	30 stk.	1	1	2	4	6
Smokkar (Getnaðarverjur karla) Condoms.	24 stk.	0	1	2	2	2
Súlfatöflur, sjá Sulfamethoxazol cum trimetoprim.						
Tabl. Sulfamethoxazol cum trimetoprim töflur (Primazol ^{R}). Tablets containing: Sulfamethoxazolum INN 400 mg and Trimethoprimum INN 80 mg **Ábending:** Þvagfærasýkingar o. fl. sýkingar af völdum súlfanæmra baktería, t. d. eyrnabólgur og ef um penicillinofnæmi er að ræða. **Frábending:** Súlfaofnæmi, þvagteppa. **Skammtur:** 2 töflur 2svar á dag. Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.	100 stk.	0	0	1	2	4
Súrefni í hylkjum, sérstaklega ætlað til innöndunar Oxygenium Ph. Nord. 63 Til innöndunar í bráðum hjarta- og lungnasjúkdómum svo og við lífgun.	minnst 5 kg í súrhylki	0	0	1	1	2
Súrvatn Solutio hydrogenii peroxidi 3% Ph. Nord. 63 Solution of Hydrogen Peroxide 3% w/w **Ábending:** Til að skola óhreina sár og storkið blóð.	100 ml	1	1	1	2	1
Sýrubindandi töflur Antacid tablets **Ábending:** Við brjóstsviða 1—2 töflur 4—6 sinnum á dag. Tyggist.	50 stk.	1	1	2	3	3
Talýlsulfatíasóltöflur Tablettae phthalylsulfathiazoli 0.5 g Ph. Nord 63 Tablets of Phthalylsulphathiazole 0.5 g **Ábending:** Við niðurgangi 2—3 töflur í senn á 4—6 klukkustunda fresti.	100 stk.	0	0	1	1	1
Tanndropar Menthol 10 g, Chloral Hydrate 10 g, Cinchocaine 1 g. **Ábending:** Í holu í tönn við tannpínu.	10 g	0	1	1	2	3
Tetracyklinhylki, 250 mg^{R} **Ábending:** Er valkostur gegn bakteríusýkingum t. d. lungnabólgu, ef um penicillinofnæmi er að ræða. **SKAL NOTAÐ MEÐ VARÚÐ.**	20 stk.	0	0	0	2	4

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Frábending: Tetracyklinofnæmi. **Má ekki gefa börnum.** **Aukaverkun:** Ógleði, niðurgangur, ljósfælni, munnangur. — **Má ekki taka með mjólk** eða mjólkurmat. **Skammtur:** 2 hylki í senn 2svar á sólarhring.						
Tópicínsmyrsli ..... Unguentum topicini Ph. Nord. 63 Ointment containing: Neomycine Sulphate 0,5 g. Bacitracine 1 g Wool Fat 10 g and Yellow Soft Paraffin 88.5 g **Ábending:** Við bruna, sárum og kaunum.	túpa @ 25 g	1	1	1	2	2
Tópicínstráduft ..... Conspergens topicini Ph. Nord 63, eða samsvarandi. Dusting Powder containing: Neomycine Sulphate 0.25 g, Bacitracine 0.5 g Sterilized Absorbable Starch Powder 99.25 g **Ábending:** Í sár, fleiður og afrifur.	strábaukur @ 10 g	1	1	1	2	2
Vasilin, sæft: ..... Vasilinum sterilisatum DD 63. Yellow Soft Paraffin sterilized. Við sárum og húðsjúkdómum.	túpa @ 25 g	1	2	5	5	5
Ventolin, sjá Salbútamól.						
Xylókaínhlaup, 2% ..... Jelly of Lignocaine Hydrochloride 2% **Ábending:** Staðdeyfing til að smyrja þvaglegg	20 ml	0	1	1	1	2
Zinkáburður ..... Linimentum zinci Ph. Nord. 63 Liniment containing: Zinc Oxide 12.5 g, Talc 12.5 g, Glycerin 12.5 g, Alkohol 61% w/w. 12.5 g, Distilled Water 50 g. Við ýmsum húðsjúkdómum (helst á hárlausa húð) Sjá lækningabók fyrir sjófarendur.	300 ml	0	0	1	2	3
Zinkpasta, mjúkur ..... Pasta zinci mollis DD 63 Zinc Oxide 30% in Yellow Soft Paraffin Við afrifum.	túpa @ 25 g	1	1	1	2	3
Zinkstráduft ..... Conspergens zinci Ph. Nord 63 Dusting-powder of Zinc Oxide and Talc, (Zinc Oxide 10 g, Talc 90 g) Á vessandi húð.	strábaukur @ 100 g	0	0	1	2	3

II. EFNI TIL SÓTTHREINSUNAR
(Geymist sérstaklega afstúkað)

Heiti	Eining	Lyfjakista nr. 1	2	3	4	5
Benzín, hreinsað. Benzinum medicinale Ph. Nord. 63 Light petroleum. Til húðhreinsunar, m. a. til að losa heftiplástra o. fl.	100 ml	1	1	1	2	3
DDT-Pýretrin: T. d. Esso Flit eða Radar Universal. Til að eyða flugum og öðrum skordýrum.	úðahylki ca 500 g	0	0	0	1	2

III. UMBÚÐIR OG HJÚKRUNARGÖGN

Heiti	Eining	Lyfjakista nr. 1	2	3	4	5
Álspelkur.	1.25 cm	1	1	1	1	1
Augnleppur. Eye pad		0	0	1	1	1
Baðmull, vatnsfælin (óþerrin). Non-Absorbent Cotton wool.	10 g	0	2	2	4	4
Baðmull, þerrin. Absorbent Cotton Wool.	100 g	2	2	2	4	6
Baðmullarpinnar (Trépinnar með baðmull). Throat Swab.	50 stk.	0	0	1	1	1
Blóðstoppandi baðmull.	10 g	0	0	1	1	1
Fetill, þríhyrndur. Arm Sling.		1	1	2	3	4
Fiðrildisplástur, til lokunar á skurðum. Plástur, butterfly.	pakkning	0	1	1	2	2
Flónelsbindi. Flannel Bandage.	ca. 5m × 7cm	0	1	1	2	2

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Fæðingarböggull er innihaldi: ..... 1Nélatons þvaglegg, 2 skæri, 13 cm löng, 3 baðmullarþræði, 1 naflabindi, sæft. Parcel for child birth containing: 1 Nélaton catheter, 2 scissors, 3 pieces of cotton thread, sterile surgical dressing for navel. * Skal vera í farþegaskipum.		0	0	1*	1*	1*
Crepbindi.	2m × 7.5 cm	0	5	5	5	5
Crepbindi.	2 m × 10 cm	0	5	5	5	5
Gipsbómull í þrýstiumbúðum.	10 cm og 15 cm breiðar rúllur		10	10	10	10
Gipsrúllur.	10 cm og 15 cm breiðar	0	0	0	10	10
Gúmhanskar. ..... Surgeons Gloves.	8 — 8½	0	0	3 pör	3 pör	3 pör
Hitapoki úr gúmmí. ..... Hot-water bottle.		0	0	1	2	2
Hægðaskál (ryðfrítt stál eða nylon). ..... Bed-pan.		0	0	1	1	1
Léreftsbindi: ..... Linen cloth-bandages	ca. 5 m × 7 cm	0	1	1	2	2
Lyfjastaup : (eða einnota mælistaup). ..... Graduated Medicine Glass.			5	10	10	10
Magaslanga. ..... með trekt og 1¼ m af gúmslöngu Gastric Lavage Tubing.	ca. 9 mm í þvermál	0	0	1	1	1
Merkimiðar (auðir).	10 stk.	0	2	3	4	5
Naglabursti er þolir suðu. ..... Nail-brush.		0	2	2	2	2
Naglaskafa úr málmi. ..... Nail-Cleaner.		0	2	2	2	2
Nýrnaskál. ..... Einnota (pappír - plast).		0	10	10	20	20

Heiti	Eining	Lyfjakista nr. 1	2	3	4	5
Plastdúkur. Plastic Roll.	1 rúlla 120 cm breið 200 cm löng	0	0	1	1	2
Plasthanskar (einnota) Plastic Disposable Exploration Gloves.	100 stk.	0	1	1	1	1
Plástur, heftiplástur. Adhesive Plaster.	ca. 5 m × 5 cm	0	1	2	2	3
Adhesive Plaster, ofnæmisplástur.	5 cm × 2,5 cm	0	1	1	2	2
Plástur, skyndiplástur.	ca. ½ m × 4 cm	1	2	3	3	6
	ca. ½ m × 6 cm	1	2	3	3	6
Plástur, teygjuplástur. Tensoplast.	ca. 2.5 m × 6 cm	1	2	3	3	5
	ca. 2.5 m × 10 cm	0	5	5	5	5
Pokar — Hvítir pappírspokar undir lyf.	50 stk. ca. 6 × 11 cm	0	1	1	2	3
Pungbindi. (Suspensorium). Suspensory Bandage.	ca. nr. 5	0	0	0	1	2
Sáralín, sæft. Gauze sponges.	böggull með 10 stk ca. 20 cm × 20 cm samanbrotið.	0	1	1	2	4
Sárahlífar. Sterile gauze pads.	7.5 cm × 7.5 cm	2	5	5	10	20
Sárahlífar. Sterile gauze pads.	10 cm × 10 cm	2	5	5	10	20
Sjúkrabaðmull, þerrin, sæfð. Sterilized Absorbent Cotton-wool	20 g	1	2	2	5	10
Skinnneglur, misstórar. Finger stalls.		2	3	3	5	5
Skolkanna, með slöngu og harðgúmstút með hana.		0	0	1	1	1
Slöngugrisja.	nr. 01—25 yds. með „applikator“ nr. 1	1	1	2	3	4

Heiti	Eining	Lyfjakista nr.				
		1	2	3	4	5
Sótthitamælir, (í hylki). ..... Clinical Thermometer.		0	2	2	2	3
Stútkanna. ..... Feeding Cup.		0	0	1	1	1
Súrefnistæki, (skolflaska, hanar mælar, leiðslur og gríma). ..... til nota við súrefnisgjöf.		0	0	1	1	1
Sveðusárabindi, sæfð. ..... Standard dressing nr. 14 B.P.C.		2	3	5	10	15
Sveðusárabindi, sæfð.		1	2	3	5	10
Standard dressing nr. 15 B.P.C.		1	2	3	5	10
Teygjubindi. ..... Elastic Bandage.	ca. 5 m × 8 cm	1	2	2	3	5
Teygjunet. ..... Surifix.	0.5 cm — 8 cm	0	1	1	1	1
Teygjanleg grisjubindi. ..... Conforming bandage.	3.5 m × 5 cm	1	5	5	10	10
Conforming bandage.	3.5 m × 7.5 cm	1	5	5	10	10
Conforming bandage.	3.5 m × 10 cm	1	5	5	10	10
Tunguspaðar úr tré (smyrslspaðar). ..... „Ointment Spatula".	50 stk.	0	0	1	1	1
Vírnetsspelkur Kramers eða tilsvarandi. ..... Kramer's Splints.	breidd ca. 10 cm	0	0	0	2 m	4 m
Þvagglas fyrir karla. ..... Urinal (Male).		0	0	1	1	1
Þvagleggur Tiemanns, einnota. ..... Catheter (disposable).	nr. 16	0	2	2	4	4

IV. Áhöld.

Heiti	Eining/ stærð	Lyfjakista nr. 1	2	3	4	5
Áhaldasuðukassi	ca. 28×15×9	0	0	0	1	1
Með tveimur handföngum og rist (Instrument sterilizer)						
Blóðþrýstingsmælir (loftmanometer)		0	0	1	1	1
Flísatöng (splinter forceps) Stieglitz		1	1	1	1	1
Infusionsett með sjálfvirku loftinnstreymi		0	0	3	5	5
Koktöng fyrir fullorðna (Magill)		0	1	1	1	1
Nefpincetta (Choronshitzky)	16 cm	0	0	0	1	1
Nefspeculum (Hartman)	anatomisk miðstærð	0	0	0	1	1
Plasthengi fyrir 1 líters vökvaflösku		0	0	3	5	5
Plastnálar fyrir vökvagjöf t. d. Venflon	18 C	0	0	10	20	20
Plastsprauta, einnota (Luer Lock)	50 ml	0	3	3	3	3
Plastsprauta, einnota (Luer-Lock)	10 ml	0	10	10	10	10
Plastsprauta, einnota	5 ml	0	10	10	20	20
Rakvél, einnota		0	0	5	5	5
Sárahaki, t. d. Sen-Miller		0	0	0	2	2
Sáratöng (klópincetta), Adson		0	1	1	2	2
Sáratöng, kírurgisk	13 cm	0	1	1	2	2
Sáratöng, anatomisk	17 cm	0	1	1	2	2
Saumasett						
1 stk. nálahaldari, t. d. Pott Smith	17 cm	0	2	2	3	3
1 stk. Adson klópincetta (sáratöng)						
1 stk. klópincetta (sáratöng)	13 cm					
1 stk. anatomisk pincetta (sáratöng)	15 cm					
1 stk. æðaklemma, bogin, t. d. Hall-Mosquito						
1 stk. skæri, oddmjó, bein.	12 cm					
Saumgirni, nylon, einþáttungur, atraumatísk nál, t. d. Ethilon	2/o	0	5	5	5	5
Saumgirni	4/o	0	10	10	10	10
Saumgirni	6/o	0	10	10	10	10
Skæri, oddmjó, bein	12 cm	0	2	2	2	2
Sprautunálar, einnota (Luer-Lock)	19 G	0	10	10	20	20
Sprautunálar, einnota	21 G	0	20	20	40	40
Sprautunálar, einnota	23 G	0	0	0	10	10
„Stethoscope" (Littman)		0	0	1	1	1
Tanntöng (Lindhardts eða jafngóð)	18 cm	0	0	0	1	1
Umbúðaskæri (Lister eða sambærileg)	20 cm	0	1	1	1	1
Vasaljós		1	1	1	1	1
Æðatöng bogin, t. d. Hall Mosquito		0	2	2	4	4

Lyfjakista nr. 6.

Lyfjakista nr. 6 er ætluð í björgunarbáta, björgunarfleka og gúmmíbjörgunarbáta. Í þessum björgunarförum skal vera ein slík lyfjakista fyrir hverja 12 menn, sem ætlað er rúm fyrir og hlutfallslega sama magn lyfja og áhalda á mann fyrir aðrar stærðir björgunarfara, þar sem slíkri skiptingu verður við komið.

I. Lyf.

Sjóveikitöflur: Tablettae coffinautini Ph. Nord '63 ..... 4×30 stk.
Ábending: 1 tafla 1—3svar á dag.
Verkjatöflur: Kódímagnýltöflur ..... 1×50 stk.
Ábending: Mest 2 töflur í senn, 3svar á sólarhring.
Bakteríudrepandi áburður: Hibithane[R] ..... 1×50 gr.
Antiseptic cream.

II. Hjúkrunargögn og áhöld.

Lásnælur	no. 4	12 stk.
Sáragrisja (kompressur), sérpakkaðar, sótthreinsaðar	ca. 10 cm×10 cm	20 stk.
Skyndiplástur (sáraplástur)	6 cm×1 m	2 stk.
Svöðusárabindi, Standard dressing nr. 14 B. P. C.		2 stk.
Svöðusárabindi, Standard dressing nr. 15 B. P. C.		2 stk.
Teygjubindi, t. d. Eloflex	8 cm breitt	5 rúllur
Teygjanleg grisjubindi, t. d. Crinx	7½ cm breitt	3 rúllur
Heftiplástur	5 cm breiður	4 rúllur
Umbúðaskæri		1 stk.
Loftspelkur á ganglim, háar og á arm		2 stk. hvort
Skæri, oddmjó, bein		1 stk.

III. Prentaðar leiðbeiningar um hjálp í viðlögum.

Leiðbeiningar um notkun lyfja.

1. Sjóveikitöflur. Gefa má fullorðnum 1 töflu 1—3svar á sólarhring, en börnum ½ töflu tvisvar á sólarhring.
2. Kódimagnýltöflur eru við verkjum. Gefa má tvær töflur í senn, mest þrisvar á sólarhring.
3. Hibithane-áburður er til húðhreinsunar.

Stutt leiðsögn í hjálp í viðlögum.

1. Meðferð svöðusára.

Blætt getur úr sárum og ígerð komið í þau. Oftast má stöðva blæðingu úr sárum með því að þrýsta þeim saman. Ef sár er á útlimum, má stöðva blæðingu með því að lyfta limnum eða þrýsta á slagæð. Leggið á sárið svöðusárabindi nr. 14 eða 15 (Standard Dressing nr. 14 eða 15). Festið bindi með grisjubindi úr umbúðarbögglinum. Herðið á grisjubindinu, ef sárið blæðir. Hersluna má auka með því að skjóta litlum hlut úr málmi, eldspýtnastokk eða öðru, sem handbært er, undir grisjubindið. Látið umbúðirnar óhreyfðar, ef þær herða ekki um of að sárinu. Forðist að hreyfa þann líkamshluta, þar sem sárið er.

Hinn slasaði getur fengið lost. Grábleikur hörundslitur, kalt og þvalt hörund, þurrar varir og hraður hjartsláttur eru einkenni um lost. Beri þetta við skal lækka undir höfði hins slasaða og vefja hann ábreiðum. Hinum slasaða má gefa vatn í litlu magni með nokkru millibili. Ef mikið vatn er gefið, er hætt við uppköstum.

2. Meðferð brunasára.

Sár eru klædd sem áður segir. Grisjubindið á að liggja þétt um svöðusárabindið, en má þó ekki herða að sárinu. Hinn slasaði liggi kyrr, ef sár hans eru mikil. Gefið honum vatn að drekka, en þó með varúð.

3. Meðferð beinbrota.

Forðast skal að hreyfa þann líkamshluta, þar sem brotið er. Þetta á eins við, ef sterkur grunur leikur á því, að bein hafi brotnað. Brotinn handlegg á að vefja með bindi. Brotinn fótlegg á að binda með bindi við hinn legginn.

GJALDSKRÁ

fyrir póstþjónustu.

Gildir frá 1. sept. 1982.

TEGUND SENDINGAR		Innanlands	Norðurlönd		Önnur lönd í Evrópu		Lönd utan Evrópu	
Hámark stærðar og þyngdar	Þyngdarmörk g	Burðargj. aur.	Alm. burðargj. aur.	[1]) Flugburðargj. aur.	Alm. burðargj. aur.	[1]) Flugburðargj. aur.	Alm. burðargj. aur.	[1]) Flugburðargj. aur.
Bréf.	20	350	350	[2])	400	[2])	400	700
Hámarksstærð:	100	700	700		950		950	2000
Lengd + breidd	250	1400	1400		1900		1900	5450
+ þykkt 900 mm.	500	2800	2800		3600		3600	10150
Mesta lengd 600 mm.	1000	4200	5250		6300		6300	19650
Í ströngum:	2000	10250	10250		10250		10250	37450
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.								
Mesta lengd 900 mm.								
Hámarksþyngd 2 kg.								
Lágmarksstærð:								
90 × 140 mm. Í ströngum:								
Lengd + tvöfalt								
þvermál 170 mm.								
Minnsta lengd 100 mm.								
Póstkort.				[2])		[2])		
Mest 105 × 148 mm.		300	300		300		300	350
Minnst 90 × 140 mm.								
Prent.								
Stærð sama og bréfs.	20	300	300	300	300	300	300	350
(Prentkort, sama stærð	100	400	400	550	450	550	450	950
og póstkort).	250	700	700	950	800	950	800	1950
Hámarksþyngd 2 kg.	500	1250	1250	2100	1400	2100	1400	3900
Bækur þó 5 kg.	1000	1950	1950	3850	2350	3850	2350	7450
Burðargjald fyrir prent	2000	2750	3300	6800	3300	6800	3300	15050
yfir 1000 g til Norðurl.	3000	4300	4950	10800	4950	10800	4950	19200
er sama og fyrir	4000	5600	6600	14800	6600	14800	6600	23350
„Önnur lönd."	5000	6950	8250	18800	8250	18800	8250	27500
Smápakkar.	100	400	400	550	450	550	450	950
Stærð sama og bréfa.	250	700	700	950	800	950	800	1950
Hámarksþyngd 1 kg.	500	1250	1250	2100	1400	2100	1400	3900
	1000	1950	1950	3850	2350	3850	2350	7450
Innrituð blöð og tímarit.			Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmálablöð og tímarit landssamtaka stéttarfélags og fyrir tímarit og blöð, sem fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúmál, vísast til reglugerðar fyrir póstþjónustu nr. 138/1982, grein 14.4.1.					
Innritunargjald 1960.00 kr.								
Stærð sama og bréfa.								
a) Til umboðsm.	hver							
(minnst 50 eintök	500	177						
til hvers í einu).								
Hámarksþ. 20 kg.								
b) Til áskrifenda.								
Minnsta gjald:								
200 eint.								
Hámarksþyngd	100	70						
500 g hvert eintak.	200	138						
	300	200						
	400	247						
	500	453						

[1]) Samanlagt fluggjald og alm. burðargjald.

[2]) Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks fluggjalds.

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald aurar
Gíróþjónusta (aðeins innanlands). Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	450
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Hámarksupphæð innanlands: 15 000 nýkr.	
Burðargjald a). almenn póstávísun	800
b). símapóstávísun	3650
b. Til annarra landa: Burðargjald	1050
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur. Hámarksupphæð sama og póstávísana (15 000 kr.) eða innborgunar á póstgíróreikning (upphæð ótakmörkuð). Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Með póstávísun	1500
Með innb. á póstgíróreikn. (aðeins innanl.)	1050
b. Til annarra landa: Burðargjald	1650

TEGUND SENDINGAR	Þyngdarmörk kg	Burðargjald aurar: Alm. bögglar aurar	Rúmfr. broth. aurar
Almennir bögglar (innanlands): Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m. Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	1	1700	2500
	3	2000	3000
	5	3100	4700
	10	4800	7200
	15	7000	10500
	20	7800	11700

	aurar
Verðbréf og -bögglar. Burðargjald sendingar eftir tegund. Skrásetningargjald	750
Tryggingargjald. Fyrir hverjar 500 kr. eða minna	750

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Loftbréf: Söluverð 50 aurar, auk burðargjalds fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki (400 aurar). Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald	750 aurar
Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu	700 aurar
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er	1650 aurar
Móttökukvittun	400 aurar

Talning í verðbréfi innanlands: 750 aurar hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð 750 aurar. Skiptiverð í frímerkjum 400 aurar.

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: 700 aurar.

Tollmeðferð bréfs, prents og smápakka: 700 aurar.

Tollmeðferð böggla: 900 aurar.

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: 400 aurar.

Geymslugjald böggla: 900 aurar á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús.

Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan 400 aurar.

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -bögglar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að 157 kr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að 790 kr. fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.
   Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Pósthólfaleiga. Ársleiga eftir stærð: 40, 65, 78, 100 og 119 kr.
Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. sept. 1982. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu nr. 236 frá 14. maí 1982.

Samgönguráðuneytið, 12. ágúst 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um umferð í Eskifjarðarkaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Eskifjarðar hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð á Eskifirði:

I. 1. Umferð um Strandgötu, sem í þessum reglum telst byrja við Eskifjarðará, hefur forgangsrétt fyrir öllum aðliggjandi akstursleiðum.
2. Umferð um Túngötu víkur fyrir umferð um Lambeyrarbraut og Botnabraut.
3. Umferð um Hátún víkur fyrir umferð um Botnabraut.
4. Umferð um veg frá Eskifjarðarseli og Byggðarholti víkur fyrir umferð um þjóðveg.
5. Umferð um veg frá sorphaugum sunnan fjarðar víkur fyrir umferð um þjóðveg.

II. Einstefna er á Túngötu til austurs, frá gatnamótum Túngötu og Kirkjustígs að Lambeyrarbraut og áfram austur Lambeyrarbraut að Hólsvegi.

III. 1. Bannað er að leggja ökutækjum á suðurbrún Strandgötu frá akstursleið af bryggju austan hraðfrystihúss að norðausturhorni matvöruverslunar Pöntunarfélags Eskfirðinga.
2. Bannað er að leggja ökutækjum á suðurbrún Lambeyrarbrautar frá gatnamótum Lambeyrarbrautar og Botnabrautar að Hólsvegi.
3. Leggja má ökutækjum á nyrðri brún einstefnuaksturshluta Lambeyrarbrautar.

Reglur þessar taka þegar gildi og falla um leið niður allar eldri auglýsingar um umferð á Eskifirði.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Eskifjarðarkaupstað, 10. ágúst 1982.

Bogi Nilsson.

Nr. 472. 11. ágúst 1982.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flokkun og mat á gærum, nr. 509 5. september 1980.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Í sláturfjárrétt skal flokka gærur hvers innleggjanda í eftirfarandi flokka, og skrá á innleggsnótur:

LU	Alhvítar lambagærur, tog jafnt og ekki gróft, án mors eða óhreininda í ull.
L Hv.	Hvítar, óskemmdar lambagærur.
L S	Svartar, óskemmdar lambagærur.
L M	Mórauðar, óskemmdar lambagærur.
L Gr.	Gráar, óskemmdar lambagærur.
L Tvíl.	Lambagærur, aðrir litir, óskemmdar.
L II	Skemmdar lambagærur, allir litir.
Æ Hv.	Óskemmdar, hvítar ærgærur.
Æ Misl.	Óskemmdar, mislitar ærgærur.
Æ II	Skemmdar ærgærur, allir litir.
Úrkast	Hrútagærur, tvíreyfar ærgærur, og ær- og lambagærur, nær ullarlausar eða ullarlausar á blettum.

Gærumatsformaður getur heimilað sláturleyfishöfum að flokka gærur í færri flokka en tilgreint er, með því að sameina tvo eða fleiri flokka.

Gærur teljast skemmdar:

1. Ef mold eða sandur í baki er það mikill eða þéttur, að ætla megi að ekki fari úr við þvott.
2. Ef miklir kleprar eru í lærum eða gæran öll útötuð í óhreinindum eða mori.
3. Ef gærurnar eru mjög illhæruskotnar, með hvítum og gulum illhærum, svo ullin líkist fremur stríi en ull. Einnig mjög ullarstuttar eða snoðnar gærur (t. d. mjög skógdregnar).

Gæta skal þess vandlega, að gærur fari í réttan litarflokk. Hvítar lambagærur með mislitum blettum eða doppum skulu flokkast í L tvíl.

Heimilt er að flokka gráar gærur á lifandi lömbum eftir feldgæðum, enda setji gærumatsformaður nánari reglur þar um

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum um flokkun og mat á gærum nr. 22/1976 og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. ágúst 1982.

Pálmi Jónsson.

Guðmundur Sigþórsson.

11. ágúst 1982. Nr. 473.

REGLUGERÐ

um Grænmetisverslun landbúnaðarins og mat og flokkun kartaflna og annarra garðávaxta.

I. KAFLI

Um Grænmetisverslun landbúnaðarins.

1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu landsins, þar með talið stjórn og rekstur Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Framleiðsluráð getur falið sérstakri nefnd manna stjórn verslunarinnar að meira eða minna leyti í umboði sínu. Framleiðsluráð ræður framkvæmdastjóra er annast daglega stjórn Grænmetisverslunarinnar, en hann ræður annað starfsfólk fyrirtækisins eftir þörfum.

Endurskoðendur Grænmetisverslunarinnar skulu vera tveir, annar tilnefndur af Framleiðsluráði landbúnaðarins, en hinn skipaður af landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins skal skipuleggja móttöku og heildsöludreifingu kartaflna og annarra garðávaxta. Grænmetisverslunin annast innflutning og heildsöludreifingu garðávaxta í umboði landbúnaðarráðuneytisins, eftir því sem ráðuneytið ákveður. Skal Grænmetisverslunin leitast við að hafa á boðstólum sem fjölbreyttast úrval innlendra garðávaxta. Sama máli gegnir um erlenda garðávexti þegar innflutningur þeirra fer fram. Grænmetisverslunin skal eftir því sem við verður komið sjá um dreifingu upplýsinga um eiginleika, meðferð og neyslu matjurta, enda sé gert ráð fyrir útgjöldum til þessara þarfa við verðlagningu.

Grænmetisverslunin skal sjá til þess að ávallt sé völ á nægu heilbrigðu kartöfluútsæði af viðurkenndum afbrigðum.

3. gr.

Garðávextir þeir sem Grænmetisverslun landbúnaðarins býður til sölu skulu vera eðlilega þroskaðir, lausir við sjúkdóma og aðra skaðvalda sem gera þá óhæfa til neyslu, óskaddaðir að mestu og án óeðlilegs bragðs og lyktar eða efnamengunar.

Grænmetisverslun landbúnaðarins kaupir innlendar kartöflur og garðávextir af framleiðendum eftir því sem þörf krefur. Skal taka tillit til vörugæða á þann hátt að láta betri vöru sitja fyrir þeirri lakari.

Grænmetisverslunin skal ávallt fylgjast vel með uppskeruhorfum og birgðum af kartöflum og öðrum garðávöxtum þannig að hægt sé að stilla innflutningi á vörum þessum svo í hóf að hann torveldi ekki sölu á innlendri gæðaframleiðslu. Þó skal þess gætt að ætíð séu til nægar birgðir af góðum kartöflum og garðávöxtum við hæfilegu verði eftir því sem við verður komið.

4. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins ræður umboðsmenn eftir þörfum til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum. Umboðsmennirnir skulu einnig sjá um verslun með þessar vörur á tilteknum sölusvæðum, samkvæmt nánari fyrirmælum þar um á hverjum tíma, sbr. 7. gr. þessarar reglugerðar. Grænmetisverslunin og umboðsmenn hennar skulu leitast við að haga móttöku kartaflna og annarra garðávaxta þannig, að afhending frá framleiðendum verði sem jöfnust hlutfallslega, sbr. 3. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins skal í samráði við Framleiðsluráð stuðla að því, að markaðurinn nýtist sem best, og að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Skipuleggja skal dreifingu og sölu þannig að Grænmetisverslunin ákveði sölusvæði hvers umboðsmanns til þess að komist verði hjá óþörfum flutningum og undirboðum miðað við það verð sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur auglýst.

Grænmetisverslun landbúnaðarins ber að vinna að því að umboðsmenn hennar komi á fót móttökustöðvum sem annist dreifingu til smásöluaðila.

5. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins ber að athuga á hvern hátt sé hagkvæmast að koma í vermæti þeim hluta kartöfluframleiðslunnar sem er umfram innlendar þarfir hverju sinni, t. d. með útflutningi eða á annan hátt eftir því sem aðstæður leyfa.

6. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins skal sjá um, eftir því sem unnt er, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu, innlendu útsæði. Skal hún þess vegna sjá um stofnræktun kartaflna og afla sér til þess sérfræðilegrar aðstoðar. Grænmetisverslunin skal semja við einstaka framleiðendur um ræktun útsæðis samkvæmt reglum og tillögum um stofnræktun, sbr. 9. gr.

II. KAFLI

Um val á sáðvöru og flokkunarreglur garðávaxta.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar samstarfsnefnd til fjögurra ára í senn. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra að reglum um ræktun og meðferð garðávaxta, sbr. 8. og 9. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins, Landssamband kartöflubænda, Samband garðyrkjubænda, Búnaðarfélags Íslands, Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Neytendasamtökin tilnefna hvert um sig einn mann í nefndina. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Yfirmatsmaður garðávaxta á sæti á fundum nefndarinnar. Þeir aðilar sem tilnefna nefndarmenn bera hver um sig beinan kostnað af þátttöku sinna fulltrúa í nefndinni.

8. gr.

Verkefni samstarfsnefndar eru:

a. að gera tillögur til landbúnaðarráðherra að reglum um flokkun og mat á kartöflum, gulrófum, gulrótum og öðrum garðávöxtum sbr. 11. gr.

b. að gera á sama hátt tillögur að reglum um útsæðisræktun kartaflna og annarrar sáðvöru garðávaxta.
c. að gera tillögur að reglum um ræktun, geymslu og aðra meðferð garðávaxta, svo sem sótthreinsun umbúða o. fl.

Grænmetisverslun landbúnaðarins og yfirmatsmaður garðávaxta sjá að hvers konar breytingar sem gerðar eru á reglum um ræktun og mat á garðávöxtum séu rækilega kynntar viðkomandi aðilum.

9. gr.

Auk verkefna skv. 8. gr. gerir nefndin áætlanir um útsæðisræktun og skal í því efni ráðfæra sig við sérfróða aðila. Nefndin skal vera Grænmetisversluninni til ráðuneytis um val manna til útsæðisræktunar og fylgjast með að ráðnir séu sérfróðir menn til að hafa eftirlit með ræktuninni. Með sama hætti tekur nefndin ákvarðanir um val annarrar sáðvöru eftir því sem tilefni gefst til.

III. KAFLI
Um mat garðávaxta.

10. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar yfirmatsmann, er hafi á hendi mat kartaflna og annarra garðávaxta í Reykjavík og umsjón með mati annars staðar á landinu. Um ráðningarkjör hans fer eftir kjarasamningi starfsmanna ríkisins hverju sinni.

Lögreglustjórar skipa matsmenn eftir tilnefningu yfirmatsmanns. Þá eina má skipa matsmenn sem ekki hafa beinna hagsmuna að gæta við framleiðslu og sölu kartaflna. Laun yfirmatsmanns, ásamt öðrum þeim kostnaði er af störfum hans leiðir, greiðast af matsgjöldum, sbr. 20. gr.

Yfirmatsmaður og matsmenn skulu undirrita eiðstaf um að þeir ræki skyldur þær sem matsstarfið leggur þeim á herðar, af alúð og samviskusemi í hvívetna.

11. gr.

Innlendar kartöflur sem seldar eru til manneldis skulu aðgreindar í þrjá flokka eftir stærð og gæðum: I. flokk, II. flokk og III. flokk.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ákveða einn gæðaflokk til viðbótar, úrvalsflokk, að fengnum tillögum samstarfsnefndar, sbr. 8. gr.

Þá er heimilt að selja sérstaklega stórar kartöflur - bökunarkartöflur og steikingarkartöflur - annars vegar og smælki hins vegar. Samstarfsnefnd skal gera tillögur til ráðherra um flokkun og mat þessara kartaflna.

Á tímabilinu frá því uppskera hefst og þar til haustverð er ákveðið er heimilt að selja kartöflur og aðra garðávexti af nýrri uppskeru án flokkunar, enda fullnægi þær þeim kröfum sem gerðar eru í reglum um útlit, stærð og gæði að dómi matsmanna.

Erlendar kartöflur skulu skoðaðar og metnar við móttöku samkvæmt íslenskum matsreglum að öðru leyti en því að sömu tegundarreglur gilda ekki.

Þá er ráðherra heimilt að ákveða flokkun og mat á öðrum garðávöxtum að fengnum tillögum samstarfsnefndar þar um.

12. gr.

Flokkun og mat kartaflna og annarra garðávaxta skal við það miðað að í I. flokk komi hrein afbrigði kartaflna og aðrir eðlisgóðir, heilbrigðir og vel með farnir garðávextir. Samstarfsnefndin skal á hverjum tíma ákveða leyfilega hámarkstíðni galla í hverjum gæðaflokki garðávaxta.

Þeir gallar sem einkum skal meta í kartöflum eru tíðni annarra afbrigða, útlitslýti, grænka, áverkar, frostskemmdir, rotnun, kláði og aðrar skemmdir af völdum sjúkdóma.

Þar til annað verður ákveðið koma í fyrsta flokk kartaflna afbrigðin Gullauga, Ólafsrauður, Helga, Mandla og Bintje. Ákveði samstarfsnefndin að fella eitthvert afbrigði úr fyrsta flokki ber að tilkynna það framleiðendum með a. m. k. tveggja ára fyrirvara. Verði ákveðið að stofna til flokkunar í úrvalsflokk skal viðhafa bragðprófun og ef til vill eðlisþyngdarmælingu við ákvörðun flokkunarinnar.

13. gr.

Verslunum er óheimilt að selja kartöflur í öðrum flokki en þeim sem matsreglur ákveða. Landbúnaðarráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs, að sala III. flokks kartaflna sé óheimil, enda sé nægilegt framboð af I. og II. flokks kartöflum. Allar kartöflur sem seldar eru í verslunum skulu greinilega auðkenndar með áletrun á umbúðum. Eftirfarandi atriði skulu koma fram:

1. Þyngd pakkningar.
2. Gæðaflokkur.
3. Nafn afbrigðis eða ræktunarlands, ef um erlendar kartöflur er að ræða.
4. Pökkunardagur.
5. Leiðbeiningar um geymslu, t. d. „Geymist á svölum og dimmum stað".
6. Nafn heildsölufyrirtækis.

Þyki ástæða til að bæta fleiri atriðum á umbúðir kartaflna getur ráðherra ákveðið það, að fengnum tillögum samstarfsnefndarinnar.

14. gr.

Allar kartöflur skal afhenda í þurrum, hreinum og gisnum pokum eða kössum en Grænmetisverslun landbúnaðarins ákveður stærð þeirra. Merkja skal umbúðir með þar til gerðum spjöldum. Á spjöldin skal öðru megin letra nafn afbrigðis, en hinu megin nafn og heimili framleiðanda.

Grænmetisversluninni er heimilt að taka á móti kartöflum í öðrum umbúðum ef henta þykir og um semst.

15. gr.

Matsmenn skulu útfylla þar til gerð eyðublöð er tilgreina tíðni og heiti þeirra atriða sem matsgerð byggist á. Framleiðandi skal fá afrit af matsgerð.

16. gr.

Mat á kartöflum fer þannig fram að matsmaður tekur safnsýni sem vegur minnst 5 kg, úr hverjum 10.000 kg, eða hverri sendingu sem er minni. Kartöflur í safnsýni skulu teknar af algjöru handahófi á mismunandi stöðum úr sendingunni, þó þannig að ekki færri en eitt sýni sé tekið úr hverju tonni. Einnig skulu sýnin tekin á mismunandi stöðum í umbúðunum. Matið er síðan framkvæmt samkvæmt reglum þar um, sbr. 8. gr.

Ef um erlendar kartöflur er að ræða mega sýni vera færri enda fylgi þeim matsvottorð.

Ef um er að ræða töku sýna fyrir bragðprófun skal taka 20-50 sem næst gallalausar kartöflur.

17. gr.

Verði ágreiningur um mat á kartöflum skv. 16. gr. sker yfirmat úr. Landbúnaðarráðuneytið skipar hverju sinni sérfróðan mann til að framkvæma yfirmatið. Hlutaðeigandi matsmaður skal stöðva sölu þeirra vara sem krafist er endurmats á uns yfirmat hefur farið fram. Kostnað við yfirmatið greiðir yfirmatsbeiðandi, nema undirmati verði breytt honum í hag um 10% eða meira. Þá greiðir matsþoli kostnaðinn.

18. gr.

Matsmenn skulu hafa eftirlit með því að kartöflur eða aðrir garðávextir séu eigi seldir ómetnir, sjá þó 11. gr. og skal þeim heimilt að skoða garðávaxtabirgðir verslana þegar þurfa þykir. Skylt er að láta matsmönnum í té upplýsingar og aðstoð við skoðunina.

19. gr.

Yfirmatsmaður garðávaxta annast útgáfu leiðarvísis um mat og flokkun á garðávöxtum. Skal þar lýst helstu afbrigðum kartaflna, svo og kvillum og göllum sem koma til greina við flokkun garðávaxta.

Yfirmatsmaður skal gangast fyrir námskeiðum fyrir matsmenn þegar þörf er á og stuðla á allan hátt að því að flokkun og mat verði í sem bestu samræmi alls staðar á landinu.

20. gr.

Fyrir mat á kartöflum og öðrum garðávöxtum skal framleiðandi greiða sérstakt matsgjald er landbúnaðarráðherra ákveður. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu gjaldsins og greiðslu til matsmanna.

21. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum nema þyngri refsing liggi við. Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Hagnaði þeim sem verða kann af rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins skal verja til tryggingar rekstri stofnunarinnar og til eflingar matjurtaræktar í landinu, samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

23. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., nr. 95/1981.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 162/1962 og breyting á þeirri reglugerð nr. 287/1968.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. ágúst 1982.

Pálmi Jónsson.

Guðmundur Sigþórsson.

11. ágúst 1982. Nr. 474.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í lögsagnarumdæmi Bolungarvíkur.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, sauðfjár, svína, geita og alifugla) er óheimilt innan lögsagnarumdæmis Bolungarvíkurkaupstaðar, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar. Undanskilið er þó búfjárhald á lögbýlisjörðunum, Ósi, Hanhóli, Miðdal, Geirastöðum og Þjóðólfstungu, nema að því er sérstaklega er tekið fram í reglugerð þessari.

2. gr.

Sá er hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr. skal senda um það umsókn til bæjarstjórnar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjársins sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru er máli kann að skipta.

Leyfisveiting fyrir hesta (og sauðfé) er háð því, að umsækjandi sé félagi í viðkomandi félagi (hestamanna eða búnaðarfélagsins) og skal staðfesting um það fylgja umsókninni.

3. gr.

Telji bæjarstjórn að skilyrði séu fyrir hendi til fjárhaldins getur hún veitt leyfið og bundið það við tiltekin hámarksfjölda. Veitt leyfi skuldbindur bæinn ekki til þess að sjá leyfishöfum fyrir beitilandi handa búfénu, né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhaldsins. Leyfið er veitt til óákveðins tíma, gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er háð gildandi reglugerð um búfjárhald á hverjum tíma og er það uppsegjanlegt með fyrirvara miðað við áramót.

4. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að greiða skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjaldið fyrir hvern grip sem leyfið er veitt fyrir, eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Sá er fær leyfi til búfjárhaldsins samkvæmt reglugerð þessari skal hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu tjóni sem það kann að valda.

6. gr.

Leyfishafi er háður gildandi reglum um meðferð búfjár, ásetning og fjallskil. Gerist hann á einhvern hátt brotlegur við reglugerð þessa, lög eða reglur er snerta búfjárhald, má afturkalla leyfið, og skal þá landbúnaðarnefnd hlutast til um að búfé sé tekið úr vörslu eiganda og er heimilt að selja það á opinberu uppboði eða slátra því. Þannig má fara með búfé sem ekki hefur verið fengið leyfi fyrir.

7. gr.

Enginn má hafa búfé nema hann hafi yfir það hús sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beitiland handa búfé sínu á sumrin og fóður á veturna, svo og allri meðferð búfjárins.

Útigangur búfjár á veturna eða útibeit er því aðeins heimil að búfé sé í öruggri vörslu innan svæðis þar sem búfjárhald er heimilt.

8. gr.

Eigendum sauðfjár er gert að greiða árlega gjald í bæjarsjóð, nefnt búfjárgjald. Ennfremur er þeim skylt að kosta fjallskil, svo og að greiða hagatoll ár hvert fyrir beit í landi bæjarins. Á sama hátt er eigendum hesta gert að greiða búfjárgjald fyrir hvern hest, svo og hagatoll, ef beit verður heimiluð í landi bæjarins.

Landbúnaðarnefnd gerir árlega tillögur til bæjarstjórnar um upphæð búfjárgjalds og hagatolls. Gjalddagi verði 1. nóvember ár hvert. Búfjárgjaldið gildir fyrir komandi ár, en beitartollur fyrir liðið sumar. Veittur beitarréttur í landi bæjarins skuldbindur ekki bæjarsjóð til að koma upp girðingu um beitarlandið á sinn kostnað.

9. gr.

Búnaðarfélag Bolungarvíkur skal tilnefna trúnaðarmann, sem í samvinnu við landbúnaðarnefnd skal fylgjast með því að leyfður fjöldi sauðfjár sé í samræmi við veitt leyfi og að umsækjendur hafi hús og möguleika til fóðuröflunar og aðra nauðsynlega aðstöðu, svo og beitarland.

10. gr.

Bæjarstjórn skal láta gera búfjárhelda girðingu sem friði byggðasvæði það sem aðalskipulag tekur til. Staðsetning og lega girðinga skal ákveðin samkvæmt tillögu landbúnaðar-

nefndar. Stofnkostnað við girðinguna skal skipt að hálfu milli bæjarsjóðs og jarðeiganda, þar sem lönd liggja saman.

11. gr.

Byggingar peningshúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum búfjársvæðum, sem bundin eru aðalskipulagi bæjarins. Byggingarnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um veitingu byggingarleyfa að fenginni umsögn landbúnaðarnefndar.

12. gr.

Bæjarstjórn getur lagt bann við öllu búfjárhaldi innan ákveðins svæðis bæjarlandsins er nái út fyrir skipulagt byggingarsvæði, ef ástæða þykir til.

Geymsla búfjár á erfðafestulöndum eða öðrum leigulöndum skal því aðeins heimil að girðingar umhverfis þau séu örugglega fjárheldar. Sama gildir um lögbýlisjarðirnar.

13. gr.

Halda skal skrá um leigð lönd. Einstaklingum og félögum hesta- og fjáreigenda sem lönd hafa á leigu til grasnytja, skal skylt að viðhalda gróðri landsins og efla hann með áburðargjöf eftir þörfum. Leigutaki skal gæta þess að löndin verði aldrei ofbeitt. Landbúnaðarnefnd skal fylgjast með ástandi leigulanda.

14. gr.

Umsjón með jarðeignum bæjarins og vörslu bæjarlandsins skal heyra undir landbúnaðarnefnd, eða þann sem bæjarstjórn ákveður.

15. gr.

Landbúnaðarnefnd er ráðgefandi um jarðareignir bæjarins og annað er búfjárhald snertir. Hún skal gera tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu erinda um búfjárhald og leigur á löndum til beitar og ræktunar.

Nefndin skal skipuð 3 mönnum kosnum af bæjarstjórn til 4 ára í senn.

16. gr.

Landbúnaðarnefnd skal sjá um að fjallskil fari fram í samræmi við gildandi fjallskilareglugerð.

17. gr.

Allir þeir sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem, fellur undir reglugerðina, skulu innan 6 mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt, og sótt um leyfi, ella skoðast búfjárhald þeirra óheimilt.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44, 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. ágúst 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

1. Skoðunargjald loftfara.

1.1. Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.

1.2. Fyrir þyrlur og flugvélar allt að 5.700 kg. að þyngd greiðast kr. 0.50 fyrir hvert kg. en lágmarksgjald er kr. 500.

1.3. Fyrir flugvélar yfir 5.700 kg. að þyngd greiðast kr. 3.000. að viðbættum kr. 0.06 fyrir hvert kg.

1.4. Fari skoðun fram erlendis greiðast ennfremur fargjöld skoðunarmanna og dagpeningar samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

2. Skírteinisgjöld flugliða.

2.1. Fyrir skrifleg og verkleg prófskírteini flugliða greiðast eftirfarandi prófgjöld:

	Skrifleg próf kr.	Verkleg próf kr.
Einkaflugmaður	200.00	200.00
Atvinnuflugmaður I og II.	300.00	400.00
Atvinnuflugmaður III., fyrir hverja námsgrein	50.00	300.00
Blindflugsréttindi	300.00	400.00
Flugkennararéttindi	250.00	300.00
Flugumsjónarmaður	250.00	

2.2. Við endurnýjun skírteinis greiðast kr. 100.00

Almenn ákvæði.

3.1. Gjöld fyrir verkleg prófskírteini flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar, Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 687 22. desember 1981 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 12. ágúst 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 476. 12. ágúst 1982.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fyrirtæki, sem starfa að loftflutningum, nr. 91 20. mars 1973, sbr. reglugerðir um breytingu á henni, nr. 49 20. febrúar 1975, nr. 205 24. maí 1976 og nr. 405 10. nóvember 1977.

1. gr.

Í reglugerðina bætist ný grein, er verði 7. gr., svohljóðandi:

Hver sá sem stundar reglubundið áætlunarflug milli landa og hver sá sem stundar reglubundið áætlunarflug innanlands með þungum flugvélum, þ. e. flugvélum með meiri hámarksþyngd en 5700 kg., skal hafa flugumsjón sem flugmálastjórn hefur viðurkennt fyrir

þann flugrekstur. Skal þar starfa flugumsjónarmaður (-menn) er hafi gilt skírteini skv. gr. 4.5. eða gr. 1.2.2. í reglugerð um skírteini gefin út af flugmálastjórn. Flugrekendur þeir, sem grein þessi tekur til, skulu í flugrekstursbók sinni gera grein fyrir verksviði og ábyrgð flugumsjónar og þeirra flugumsjónarmanna, er hjá þeim starfa.

2. gr.

Greinatala reglugerðarinnar breytist í samræmi við ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar, þannig að greinar 7—25 verði greinar 8—26.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 39 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. ágúst 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

12. ágúst 1982. Nr. 477.

REGLUGERÐ

um lágmarksafkastagetu flugvéla.

1. gr.

Flugvélar sem notaðar eru til farþegaflugs í atvinnuskyni við blindflugsskilyrði eða í næturflugi skulu hafa þá lágmarksafkastagetu, að þær með einn hreyfil óvirkan og á flugþyngd eins og hún er á hverjum tíma, geti haldið þeirri lágmarksflughæð eða lágmarksflughæðum, sem birtar eru í Flugmálahandbók - AIP Iceland - á allri fyrirhugaðri flugleið. Ef flogið er eftir flugleið sem ekki er birt í Flugmálahandbók - AIP Iceland - skal miða við 1500 feta hæð yfir hæstu hindrun innan 10 sjómílna beggja vegna flugleiðarinnar.

2. gr.

Flugvélar, sem notaðar eru til farþegaflugs í atvinnuskyni, skulu hafa þá lágmarksafkastagetu samkvæmt flughandbók að hægt sé að ná 15 m (50 feta) hæð yfir flugbrautarendanum sem framundan er í flugtaki og á sama hátt lenda úr 15 m (50 feta) hæð yfir aðflugsenda flugbrautar. Taka ber eðlilega tillit til þeirra þátta, sem einkum hafa áhrif á leyfðan hámarksþunga í hverju tilfelli, m. a. ráðandi loftþrýstings, hitastigs, vinds, yfirborðs og halla flugbrautar, svo og þess hvort á henni sé ís, snjór, krap eða bleyta.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum enda nái eigi önnur refsiákvæði XIII kafla laga nr. 31 21. maí 1961 yfir atferlið.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 89., 163. og 186 gr. laga nr. 31 21. maí 1961 um loftferðir, og tekur til íslenskra loftfara og erlendra loftfara sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir í atvinnuskyni, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 608 24. nóvember 1980 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 12. ágúst 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 443 28. desember 1976 um skoðanir, viðhald og viðgerðir loftfara, sbr. reglugerð nr. 433 18. október 1979 um breytingu á henni.

1. gr.

Í reglugerðina bætist ný grein 7. gr. svohljóðandi:

Skoðanir, viðhald, viðgerðir og/eða breytingar íslenskra loftfara erlendis mega einungis fara fram hjá aðilum sem uppfylla eitthvert eftirtalinna skilyrða:

1) hafi fullgild réttindi flugmálastjórnar Bandaríkjanna (FAA) til þess að framkvæma sama verk á loftförum skráðum í Bandaríkjunum (FAA licensed mechanic/FAA approved Repair Station or Operator), enda fari viðkomandi í einu og öllu eftir ákvæðum og reglum bandarísku flugmálastjórnarinnar (FAR).
2) hafi fullgild réttindi flugmálastjórnar Bretlands (CAA) til þess að framkvæma sama verk á loftförum skráðum í Bretlandi (CAA licensed mechanic/CAA approved Repair Station or Operator), enda fari viðkomandi í einu og öllu eftir ákvæðum og reglum bresku flugmálastjórnarinnar (BCAR).
3) hafi fullgild réttindi flugmálastjórnar heimalands síns til þess að framkvæma sama verk á loftförum skráðum í heimalandi sínu, enda fari viðkomandi í einu og öllu eftir ákvæðum og reglum flugmálastjórnar heimalands síns og heimaland hans sé eitthvert eftirtalinna landa: Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Finnland, V-Þýskaland, Holland, Belgía, Luxembourg, Austurríki, Sviss, Frakkland, Írland, Kanada, Nýja Sjáland eða Ástralía.
4) hafi verið samþykktur sérstaklega af íslensku flugmálastjórninni.

2. gr.

Greinatala reglugerðarinnar breytist í samræmi við 1. gr. reglugerðar þessarar, þannig að greinar 7—9 verði greinar 8—10.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt III. kafla, sbr. 186. og 188. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og gildir um íslensk loftför hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 12. ágúst 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 479. 12. ágúst 1982.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fallhlífarstökk, nr. 440 28. desember 1976.

1. gr.

Nýr liður, 4.2.3., bætist inn í 4. gr. Skipulagning, lágmarkskröfur o. fl. sem orðist svo:

4.2.3. Þegar fallhlífarstökk er sýnt á útisamkomum má minnka radíusinn niður í 50 m og öryggissvæði mega vera aðliggjandi svæði. Þetta má þó aðeins leyfa að því tilskyldu, að stökkvararnir uppfylli kröfur fyrir C- skírteini, samkvæmt reglum F.A.I., hafi stýranlega varafallhlíf og þegar vindur yfir jörðu er ekki meiri en 6 m á sekúndu (12 hnútar).

2. gr.

Liður 4.2.3. í 4. gr. Skipulagning, lágmarkskröfur o. fl. verði 4.2.4.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21, maí 1964 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. ágúst 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

12. ágúst 1982. Nr. 480.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Vestmannaeyjum o. fl.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Vestmannaeyjum, þ. á. m. söluturna, svo og til brauðbúða.

Um daglegan vinnutíma og önnur starfskjör fólks, sem vinnur í starfsgreinum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, fer eftir hlutaðeigandi kjarasamningum og venjum er tíðkast hafa í hverri grein.

Bæjarstjórn getur með samþykkt ráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessarar samþykktar taki að nokkru eða öllu leyti til afgreiðslutíma annara fyrirtækja, sem hafa bein viðskipti við almenning, t. d. rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og bensínafgreiðslur. Ekki ná ákvæðin heldur til sjálfsala, blaðasölu á götum, merkjasölu og annars slíks.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

Virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00, og lokað skal þeim ekki síðar en kl. 20.00.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12.00. Fyrsta laugardag í desember má þó halda sölustöðum opnum til kl. 16.00, en aðra laugardaga í þeim mánuði til kl. 18.00. Hinn 18. desember má halda verslunum opnum til kl. 22.00, en sé 18. desember sunnudagur gildir sú regla 19. desember.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

Bæjarstjórn getur að fengnum tillögum lögreglustjóra heimilað, að sölustaðir verði opnaðir fyrr en segir í grein þessari.

3. gr.

10. Grófargilsrétt.
11. Staðarrétt.
12. Skarðarétt.
13. Selnesrétt.
14. Stafnsrétt.

Rétta skal sauðfé og hross í þessum réttum á þeim tímum, sem sveitarstjórnir ákveða.

Hver sveitarstjórn ákveður á sínu svæði, hver lönd smala skuli til hverrar réttar. Rísi ágreiningur út af þessu, sker sýslunefnd úr.

24. gr.

Sveitarstjórn ber skylda til að koma upp og sjá um viðhald rétta (almenninga og dilka), og eftir því, sem lögmætur sveitarfundur samþykkir, jafnar hún niður kostnaði á fjallskilaskylda búfjáreigendur.

Nú koma hlutaðeigendur sér ekki saman um, hvernig jafna skal niður kostnaði við að koma upp rétt, og sker þá sýslunefnd úr.

Við hverja skilarétt skal vera ómerkingadilkur og sérstakur dilkur fyrir sjúkt fé. Ennfremur skulu vera til nægilega margir dilkar fyrir fé úr öðrum sveitarfélögum.

25. gr.

Sveitarstjórnir skulu skipa duglegan réttarstjóra við hverja rétt, og má réttarstjórinn teljast með gangnaskilum. Réttarstjóri skal vera kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Hann skipar fyrir, hvernig fjárdrætti skuli hagað og heldur mönnum til starfa. Vanræki einhver réttarstörfin, skal réttarstjóri ráða mann til starfans á hans kostnað.

Réttarstjóri má skipa áreiðanlega menn til að kanna fé utansveitarmanna, áður en það er rekið frá réttinni.

Fjallskilastjóri skal skipa einn eða fleiri menn frá hverju dilksfélgi til að vera réttarstjóra til aðstoðar við töfludrátt og yfirleitt við réttarstörfin.

26. gr.

Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar kindur úr safninu eða réttinni undir eins og þeirra verður vart og einangra þær. Hann skal og annast um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í sér dilk, svo að eigendum gefist kostur á að láta mæður helga sér þau.

Helgi hryssur eða ær sér ekki ómerkinga, eru þeir eign viðkomandi fjallskilasjóðs, nema ótvírætt vottorð óvilhallra manna liggi fyrir um eiganda. Enginn má helga sér marklausa kind af fjárbragði.

Að afloknum réttarstörfum skal réttarstjóri afhenda hreppstjóra alla ómerkinga til ráðstöfunar. Frá aukaréttum skal láta ómerkinga ganga til aðalréttar með öðrum úrtíningi. Réttarstjóri skal kveðja menn til að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrá í fyrstu og síðari réttum, og mega þeir ekki hverfa úr þeim starfa fyrr en lokið er, nema með leyfi réttarstjóra. Allir fjáreigendur skulu gæta þess, að fé þeirra verði ekki eftir í úrtíningi. Meðan varnir gegn sauðfjársjúkdómum haldast skulu ákvæði sauðfjársjúkdómanefndar gilda um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

Frá hverri aukarétt skulu kvaddir menn til að reka eða flytja úrtíning tafarlaust til skilaréttar, svo að hann sé þangað kominn áður en sundurdrætti er lokið.

27. gr.

Í réttum má enginn marka fénað, án þess að hann jafnframt skýri réttarstjóra frá, hverja heimild hann hafi til mörkunarinnar. Réttarstjóri skal samstundis rita hjá sér mark skepnunnar, ef hún er áður mörkuð, og nafn eiganda þess marks, ef þekkist, og afhenda skýrsluna hreppstjóra.

28. gr.

Fjallskilastjóri skal skipa hæfa menn til að fara í réttir annarra sveita, þar sem helst eru fénaðarsamgöngur, til að hirða þar fé og hross fyrir sveitunga sína.

29. gr.

Maður sá, sem sendur er til að hirða fénað í réttum, á fjárskilum og á öðrum samrekstrardögum annarra sveita, má ekki fara þaðan fyrr en úrtíningur hefir verið skoðaður vandlega eftir markaskrám. Sannist það, að hann láti verða eftir fé eða hross sveitunga sinna, sem eru með glöggu, skrásettu marki, varðar það sektum og skaðabótum, nema gildar málsbætur séu.

Fjallskilastjóri ákveður, hvert reka eða flytja skuli fénað þennan og hvernig haga skuli skilum á honum.

30. gr.

Í haustgöngum skal, ásamt fé, smala stóðhrossum af afréttum og rétta þau.

Auk þess skal fara fram almenn smölun á hrossum í heimalöndum, fyrsta þriðjudag á vetri, fyrsta þriðjudag í desember og síðan fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði vetrarins úr því eða næsta dag, ef fært er, ef veður hamlar hinn tiltekna dag. Skal þá í hverju sveitarfélagi fara fram sundurdráttur á öllum hrossum, sem koma fyrir, á þeim stöðum, sem fjallskilastjóri ákveður. Þau hross, sem ekki þekkjast og enginn hirðir, skal fara með sem óskilafénað og þau seld.

31. gr.

Stóðhross skulu dregin í sundur í aukaréttum og skilaréttum, og skal úrtíningur sá, sem verður í aukaréttum, rekinn tafarlaust til skilaréttar. Meðan á réttum stendur, skal réttarstjóri gæta þess, að hryssum gefist kostur á að helga sér folöld, og skal hann kappkosta að haga allri meðferð á hrossum þannig að ekki hljótist slys af.

VI. KAFLI

Um meðferð óskilafénaðar.

32. gr.

Hver sá, sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur við smölun afréttar eða heimalanda, skal leitast við að handsama svo fljótt sem verða má ómerkinga, sem vart kann að verða, og auðkenna þá, ef þeir fylgja móður.

Nú koma ómerkingar eða annað óskilafé til réttar, og skal þá draga það í sérstakan dilk, þar sem menn eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga og sanna eignarrétt sinn á öðru óskilafé.

33. gr.

Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í skilaréttum og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri um, að svo sé gert. Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem geta skal marks og annarra einkenna, er eigendur gætu helgað sér það eftir.

Óskilafé, sem kemur fram eftir réttir og ekki finnast eigendur að eða kemst ekki til eigenda vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt.

Andvirði alls óskilafjár, sem fargað er, skal lagt inn á sérstakan reikning, þannig að greiða megi út verð hverrar kindar, ef eigandi finnst.

Annan óskilapening, svo sem hross og nautgripi, skal hreppstjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti.

34. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppstjóri senda markaumsjónarmanni, sem ráðinn er af sýslunefnd, greinilega lýsingu á öllum óskilafénaði, er fargað hefir verið í hreppnum og eigendur hafa ekki helgað sér. Markaumsjónarmaður skal senda endurrit af lýsingum þessum til birtingar í Lögbirtingablaði. Í ómakslaun og prentunarkostnað skal greiða hæfilegt gjald.

VII. KAFLI

Um fjármörk og markaskrár.

35. gr.

Fjármörk eru: eyrnamörk, hornamörk og brennimörk. Hver fjáreigandi er skyldur að einkenna fé sitt og hross með glöggu marki á eyrum, en ef sauðfé er soramarkað, þá skal hafa brennimark á hornum. Svo er það og skylda hvers fjáreiganda að hafa hreppsbrennimark á vinstra horni á hyrndu fé eldra en lömbum. Lömb skulu mörkuð, þau er til næst, fyrir lok tólftu viku sumars. Kollótt fé skal einkenna með plötu í eyra með sömu stöfum og hreppsbrennimarkið. Ef einhver vanrækir að hafa brennimark á fé sínu eða merkja það með plötu í eyra, getur hann ekki krafist skaðabóta, þótt fé hans verði eftir í útréttum og úrtíningi eða fari skakka leið í bæjarrekstrum. Forystufé, sem á afrétt gengur, skal til auðkennis hafa bjöllu eða bjöllukeng í horni.

36. gr.

Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum. Markið helgar markeiganda kind, nema sönnun komi fyrir, að annar eigi. Enginn má draga sér kind, sem eigi ber hans rétta mark. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarks krefst, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind, sem hefir eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess, sem brennimarkið á. Þó skal hann, ef krafist er, gera grein fyrir, hvernig hann hafi eignast kindina. Enginn má nota annars mark, nema með leyfi markeiganda.

Nú er kind ómörkuð eða afeyrð eða á henni er óljóst mark eða vafasamt, en maður vill eigna sér hana af líkum, og getur hann borið málið upp við hreppstjóra. Skal þá hreppstjóri, ásamt tveim óvilhöllum mönnum, er hann til kveður, meta ástæður þær, er hlutaðeigandi hefir til stuðnings máli sínu. Ef þeim kemur öllum saman um, að hann eigi kindina, má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún óskilafé. Sé hann óánægður með úrslitin, er honum frjálst að leita réttar síns með málsókn. Sama gildir um hross marklaus eða með óglöggu marki.

37. gr.

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark, svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark, enda hafi eigi annar maður í því héraði eða hinum næstu sams konar mark eða svo svipað, að hætt sé við misdrætti.

Særingarmörk mikil má ekki upp taka, né heldur þau mörk, sem vandkvæði er á að marka, svo að eigi valdi villu eða vafa: bragð, netnál, hvathamrað, blaðrifað, helmingrifað, þrírifað, þrístúfrifað, sýlt í blaðstýft, sýlt í hvatt, sýlt í helmingað, sýlt í stúf, tvísýlt í stúf. Fleiri en tvær undirbenjar má ekki hafa sama megin á eyra. Mörk þau, sem bann er lagt við, mega ekki ganga að erfðum, gjöfum eða kaupum og sölum. Séu þau fleir en hér eru talin, skulu þau auglýst í markaskrá sýslunnar.

38. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna 8. hvert ár, og skal þar með prenta fjallskilareglugerð sýslunnar, þegar sýslunefnd telur prentunar þörf. Skylt er markeiganda að tilkynna mark sitt til prentunar í markaskrá umdæmisins. Mark, sem hvorki er prentað í markaskrá né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, skal talið niður fallið, og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, sem áður átti mark, eiga forgangsrétt til þess, ef hann tekur það upp innan 8 ára.

Markeigendum er skylt að greiða gjald, sem sýslunefnd ákveður, fyrir hvert mark, sem á að prenta í markaskrá. Hvert heimili skal fá ókeypis eitt eintak af markaskránni, er fylgja skal jörð við ábúendaskipti. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni verði send ókeypis til allra hreppa utan sýslu, er fjársamgöngur geta komið fyrir.

Áður en mörkum er safnað til prentunar skal sýslunefnd ákveða gjald fyrir mörkin til lúkningar kostnaði við söfnun þeirra, skráningu og prentun, svo og umsjón með upptöku marka. Ef gjaldið nemur meira en kostnaði, rennur afgangurinn í sýslusjóð, og hrökkvi eigi gjaldið, skal greiða það, sem á vantar, úr sýslusjóði.

39. gr.

Sýslunefnd kýs mann til að búa markaskrána undir prentun og hafa umsjón með upptöku marka og söfnun. Kosning hans gildir 8 ár í senn. Kaup hans skal að meðtöldum öllum kostaði við starf hans vera 10% af markagjaldi, nema öðru vísi sé um samið.

Rétt er, að markaumsjónarmaður geri sér far um að koma samræmi og festu á nöfn marka. Í markaskrá skal raða mörkum eftir stafrófsröð, en þó framan á eyra fyrr en aftan. Mörk eru flokkuð eftir formarki á hægra eyra, og skal það fyrsta í hverjum flokki skráð fullum stöfum, en hin síðari með strikum. Innan flokks ræður hægra eyra röðinni, en vinstra eyra, þegar sama mark er hægra. Í fyrsta flokki teljast þau mörk, sem hægra eyra er alheilt, og fremst í hverjum flokki þau, sem vinstra eyra er marklaust. Í marklýsingu er fyrst greint yfirmark, þá undirbenjar framan og aftan, og fyrr sú efri, ef tvær eru sömu megin, síðast undirmark á miðju eyra.

40. gr.

Sveitarstjórnir skulu, hver í sínu sveitarfélagi, kjósa mann til að safna mörkum í sveitinni og innheimta gjald fyrir þau. Í ómakslaun ber honum 10% af markagjaldi sveitarfélags. Kosningu hans skal oddviti tilkynna markaumsjónarmanni fyrir septemberlok það ár, sem mörkum er safnað.

Markasöfnun fer fram í október mánuði árið áður en markaskrá ber að prenta. Skal henni haga svo, að hvert mark sé ritað á sérstakan seðil með fullu nafni og heimili markeiganda. Öll afbrigði frá öðrum mörkum, hversu litlu sem munar, teljast sérstök mörk, og má ekki taka þau til greina, nema fullt gjald komi fyrir. Markaseðlar skulu tilbúnir fyrir hausthreppaskil, og skal þá hver húsráðandi afhenda safnanda alla seðla frá sínu heimili, ásamt gjaldi fyrir mörkin. Jafnframt og safnandi hefir veitt seðlum móttöku skal athuga mörkin vandlega með samanburði við gildandi markaskrá og hlutast til um leiðréttingu á þeim, sem misrituð kunna að vera, og breytingu á þeim, sem koma í bága við ákvæði

reglugerðar um upptöku marka. Síðan skal hann merkja seðlana með framhaldandi töluröð í réttri stafrófsröð og senda þá markaumsjónarmanni fyrir nóvemberlok. Skal þar með fylgja markagjald sveitarfélagsins, að frádregnum ómakslaunum safnanda. Þá er umsjónarmaður hefir prófað, að gjaldið er rétt, afgreiðir hann það til oddvita sýslunefndar.

Jafnframt markaseðlum skal safnandi hvers hrepps senda markaumsjónarmanni nákvæma skýrslu um öll nýupptekinn mörk í sveitinni og sömuleiðis þau mörk, þótt gömul séu, sem eigi hafa verið í síðustu markaskrá. Hafi markið verið notað áður, skal þess getið í skýrslunni, hvern rétt hlutaðeigandi hafi til marksins og hvenær það var síðast prentað. Með nýuppteknum mörkum teljast afbrigði frá eldri mörkum, þótt litlu muni.

Eftir að markaskrá er prentuð, skal safnandi athuga hana vandlega, að því er snertir öll mörk í sveitinni. Finni hann villur, er valdið getið misdrætti, skal hann í samráði við markeigendur semja leiðréttingar og senda þær markaumsjónarmanni fyrir árslok. Leiðéttingar skulu prentaðar á kostnað sýslusjóðs gegn endurgjaldi frá þeim, sem að villunum eru valdir.

41. gr.

Þá er umsjónarmanni hafa borist markaseðlar og skýrslur um nýupptekin mörk úr öllum hreppum sýslunnar, skal hann bera hverja skýrslu saman við markaseðla úr sveitinni, síðan allar skýrslurnar saman sín á milli, og loks hverja skýrslu saman við markaskrár innan sýslu og utan, þar sem fjársamgöngur geta átt sér stað. Skal hann fella niður þau nýupptekin mörk, sem teljast of lík eldri mörkum, svo og ný mörk, sem líkjast um of hvert öðru, og ennfremur mörk, sem ekki má taka upp samkvæmt ákvæðum reglugerðar. Þau mörk, sem niður eru felld af umsjónarmanni, má ekki prenta í markaskrá sýslunnar. Nú hefir verið fellt niður mark, og skal þá umsjónarmaður tilkynna það marktakanda bréflega og jafnframt benda honum á mark, er hann geti fengið sem líkast því, er hann hafði kosið sér. Hafi hann eigi svarað bréfi umsjónarmanns fyrir febrúarlok, má líta svo á, að hann taki upp markið, og skal það prentað í markaskránni.

Ef einhver vill taka upp mark milli þess sem markaskrá er prentuð, skal hann leita samþykkis umsjónarmanns og að því fengnu auglýsa markið í Lögbirtingablaði. Eftir það er honum markið frjálst til notkunar, en óheimilt að öðrum kosti.

42. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá sýslunnar, t. d. þeir, sem flust hafa úr öðrum sýslum, skulu þeir lýsa mörkum sínum fyrir markaumsjónarmanni sýslunnar fyrir lok fardaga á vori. Að fengnu samþykki hans skal auglýsa mörkin í Lögbirtingablaði. Þeir, sem vanrækja þetta eða hirða eigi um að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við, að með fé þeirra verið farið sem óskilafé.

43. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu skal leita samvinnu við sýslunefndir Eyjafjarðarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu um ráðstafanir til að afstýra sammerkingum og námerkingum á því svæði, er fjársamgöngur geta komið fyrir. Takist téð samvinna, skulu markaumsjónarmenn sýslnanna koma saman á fund í janúarmánuði það ár, sem markaskrá á að prenta, til þess að hafa eftirlit með upptöku marka. Á fundinum skulu umsjónarmenn leggja fram nákvæmar skýrslur, hver fyrir sína sýslu, um öll nýupptekin mörk og þau eldri mörk, sem eigi hafa verið í síðustu markaskrám. Skýrslur þessar skulu vandlega athugaðar, og felld niður þau nýupptekin mörk, sem teljast of lík eldri mörkum, eða líkjast um of hvert öðru, og má þá eigi prenta þau í markaskrár sýslnanna. Jafnframt skulu fundarmenn koma sér saman um önnur ný mörk, er upp megi taka í stað þeirra, sem niður eru felld.

Ef markaeftirlitsfundur ferst fyrir eða eigi er unnt að halda hann í tæka tíð, skulu markaumsjónarmenn bera sig saman bréflega. Skal umsjónarmaður hverrar sýslu senda

umsjónarmönnum hinna sýslnanna skýrslu um öll nýupptekin mörk í sýslunni, að undanskildum þeim mörkum, er hann hefir bent hlutaðeigendum á að fella niður, en að viðbættum þeim mörkum, er hann hefir bent hlutaðeigendum á að taka upp í þeirra stað. Ber umsjónarmönnum að annast um, að ekkert af þeim nýuppteknu mörkum, er valdið geta sammerkingum eða námerkingum á því svæði, er fjársamgöngur eiga sér stað, verði prentuð í markaskrá sýslunnar.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði.

44. gr.

Ef meirihluti búenda í upprekstrarfélagi samþykkir á almennum fundi í félaginu að leggja girðingu til að varna því, að sauðfé og stóðhross gangi úr afrétti á sumrin í búfjárhaga, er sveitarfélögum upprekstrarfélagsins heimilt að setja reglur um slíka girðingu, þar sem nákvæmlega skal mælt fyrir um alla tilhögun girðingarinnar og viðhald. Kostnaði við girðinguna skal jafna niður á notendur afréttarins eftir tölu búfjár, sem á afrétt er rekið eða ber að reka. Heimilt er einnig að jafna hluta stofnkostnaðar á landverð jarða.

Reglur þessar skulu bornar undir sýslunefnd til staðfestingar og gilda sem bindandi samþykkt fyrir upprekstrarfélagið, uns þeim er breytt á sama hátt og þær eru gerðar.

45. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fénað, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum eða gæslu, fjallgöngum eða heimalandssmölun.

46. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Sömuleiðis heyra undir úrskurð hennar allar kærur og kröfur á hendur sveitarstjórnum og hreppstjórum, er snerta fjallskilamál. Ennfremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

47. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skulu sektir renna í sveitarsjóð þess sveitarfélags, sem brot er framið í.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðarinnar, skal fara að hætti opinberra mála.

48. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu nr. 89, 16. ágúst 1935, ásamt síðari breytingum við hana.

Fjallskilareglugerð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58, 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl., nr. 42, 12. maí 1969 og breyting á þeim l. nr. 43/1976, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. september 1982.

Pálmi Jónsson.

Haukur Jörundarson.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmála Vestmannaeyjabæjar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja skal skipuð 9 (níu) bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórn er almennt í fyrirsvari fyrir Vestmannaeyjabæ, og skal engu máli er varðar sérstaklega hagsmuni bæjarins, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

A. 1) Hún skal fyrir lok desembermánaðar ár hvert gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B. lið, og enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.

2) Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun, eða samkv. annarri ákvörðun bæjarstjórnar, og ennfremur að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.

3) Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en 30. júní ár hvert.

B. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk eftir því, sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Ennfremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum er um getur í 50. gr. og semur um laun þeirra.

D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður lóðaleigur, gjaldskrá bæjarfyrirtækja, eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta, úr hópi bæjarfulltrúa til 1 árs í senn. Sá er réttkjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest atkvæði fengu.

Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um, hverja tvo skyldi kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið nýr forseti. Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti eða varaforseti deyr eða forfallast frá störfum bæjarstjórnar, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað, fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabils hans.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um að allt fari löglega og skipulaga fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til bæjarstjórnar.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til 1 árs í senn á sama fundi og forsetakosningar fara fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er fram fara atkvæðagreiðslur í bæjarstjórn.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar í samráði við forseta, eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal skráð, hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja fundinn, töluröð bæjarstjórnarfundar, svo og hver sé fundarritari, og einnig það, sem forseti vill láta til bókar færa, þótt ekki sé þess getið í dagskrá fundarins.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi, einn fund í hverjum mánuði, og getur bæjarstjórn, ef hún telur ástæðu til, ákveðið fasta fundardaga. Þó er bæjarstjórn heimilt að fella niður fundi í júlí og ágúst.

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar, eða ef 3 bæjarfulltrúar, hið fæsta, æskja þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni. Bæjarstjóri ákveður þá fundarstað og fundartíma og tilkynnir það bæjarfulltrúum með svo löngum fyrirvara, sem unnt er.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem kunna að þurfa staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar, skv. 2. gr. sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd, eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.
3. Lögmætar kosningar nefndar og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á að fjalla um að lögum.

Sá sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð, eigi síðar en 48 klst. fyrir boðaðan bæjarstjórnarfund.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi 24 klst. fyrir boðaðan bæjarstjórnarfund, hafa sent öllum bæjarfulltrúum og jafnmörgum varabæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, sem fram hafa komið og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, afrit af skýrslum og athugasemdir endurskoðenda svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá.

Ef ákveðinn verður aukafundur, skv. 3. mgr. 7. gr., skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, er send verði bæjarfulltrúum með 24 klst. fyrirvara.

Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara, ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé þess getið með fundarboðum, hvaða mál sé á dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki viðstaddir bæjarfulltrúar þau afbrigði með meirihluta greiddra atkvæða þar um.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 24 klst. fyrirvara og greina þar dagskrá.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið með atkvæðagreiðslu án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála, nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og á móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra, nefnda, eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslu um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu, nema hina árlegu fjárhagsáætlun, ársreikninga bæjarsjóðs og stofnana hans sem og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta á milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hönd.

Nafnakall skal viðhafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar, eða tveir bæjarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfn varabæjarfulltrúa skal færa á skrá í réttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal.

Við nafnakall er bæjarfulltrúum skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild.

Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem vill taka til máls á bæjarstjórnarfundum, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumenn svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjafulltrúi skal standa við sæti sitt, þá hann talar, nema ef forseti ákveður, að hann skuli flytja ræðu sína úr ræðustól.

Bæjarstjórn getur heimilað, ef 2/3 bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnafundum, en skylt er honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd.

Bæjarstjóri, sem ekki er jafnframt bæjarfulltrúi, skal hafa málfrelsi á bæjarstjórnarfundum til jafns við bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Ekki má lesa upp prentað mál á bæjarstjórnarfundum, nema forseti leyfi.

16. gr.

Ef forseti telur umræðu dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að umræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða að umræðum skuli hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, sbr. 1. og 2. mgr., umræðulaust.

Hver bæjarfulltrúi getur borið fram slíka tillögu og skal hún einnig afgreidd umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

17. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að hlíta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi, það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur, fresta eða slíta fundi.

18. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að allar umræður í bæjarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella, sem fram hefur komið á fundi bæjarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera, nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Bæjarstjórn getur einnig ákveðið, að umræðurnar skuli gefnar út á prenti, ásamt því sem fest hefur verið í gerðabækur, svo og önnur skjöl, eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef bæjastjórn ákveður slíka útgáfu, skal hún jafnframt kjósa nefnd bæjarfulltrúa til að hafa umsjón með útgáfunni.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundir skuli hljóðritaðir til geymslu einhvern ákveðinn tíma.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

II. KAFLI.

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögleg forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem hefur verið forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða öðrum nefndum, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Bæjarfulltrúum er skylt að koma prúðmannlega fram á bæjarstjórnarfundum og gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kunna að fá vitneskju um, sem bæjarfulltrúar.

Þá er þeim skylt að gæta hagsmuna og velferðar bæjarins út á við sem inn á við, eftir sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála sem upp kunna að koma milli bæjarstjórnarfulltrúa og hafa í huga, að heill bæjarfélagsins er ofar þrasi og togstreitu stjórnmálamanna.

20. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf bæjarins og stofnana hans. Með öll slík erindi skulu þeir snúa sér til bæjarstjóra.

21. gr.

Hver bæjarstjórnarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn, skv. ákvörðun hennar. Bæjarstjórn ákveður einnig þóknun fyrir nefndarstörf.

22. gr.

Ef bæjarfulltrúi kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem þess óskar, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI.
Bæjarráð.

24. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júní ár hvert, skal kjósa þrjá menn í bæjarráð og þrjá menn til vara, hlutfallskosningu. Kosning bæjarráðs gildir uns nýtt bæjarráð hefur verið kjörið. Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs.

Bæjarráð kýs formann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð skal halda fund í viku hverri og ákveður bæjarráð vikudag. Heimilt er að fækka fundum bæjarráðs í júlí og ágúst. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða ef tveir bæjarráðsmenn óska þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðs.

Bæjarráð getur ráðið fundarritara utan bæjarráðs. Í gerðabók skal greina frá því hvar fundur er haldinn og hvenær, tölu fundar, hverjir sitja fundinn og hver sé fundarritari. Þá skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

25. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjórn með framkvæmdastjórn Vestmannaeyjabæjar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin, skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur skv. heimild 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um verulegt fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni, þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum. Ekki getur bæjarráð þó tekið fullnaðarákvörðun um mál, ef bæjarráðsmaður eða bæjarstjóri óskar þess, nema um sé að ræða mál, sem bæjarstjórn hefur vísað til fullnaðarafgreiðslu hjá bæjarráði.

26. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárstjórn bæjarins. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins og sér um, að ársreikningar hans séu samdir og tilbúnir til endanlegrar afgreiðslu bæjarstjórnar.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun. Bæjarráð fjallar um fjárhagshlið þeirra málaflokka, sem sérstökum nefndum bæjarstjórnar er falið að hafa með höndum.

27. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef það eða bæjarstjóri óskar þess, þegar til umræðu eru þau málefni, sem störf þeirra snerta.

V. KAFLI.
Um bæjarstjóra.

28. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtími bæjarstjórnar. Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

29. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Bæjarstjóri skal hafa ákveðna viðtalstíma, sem auglýstir eru á skrifstofum bæjarins.

30. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Hann á einnig sæti í fastanefndum.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt í bæjarstjórn né í bæjarráði, nema hann sé til þess kjörinn.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og í nefndum.

31. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni afrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

32. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykkt bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

33. gr.

Bæjarstjóra er heimilt að fela öðrum að gegna störfum sínum í forföllum. Stendur sú ákvörðun óhögguð, nema bæjarráð ákveði aðra tilhögun.

VI. KAFLI.

Endurskoðendur.

34. gr.

Bæjarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar og jafnmargir varabæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d. liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

35. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að semja reikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans sbr. 26. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og gæta þess, að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt. Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

VII. KAFLI.

Nefndir.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin mál eftir því, sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt bæjarstjórnar í júní ár hvert:

A. Til eins árs:
1. Útsvarsnefnd: þrír aðalmenn og þrír til vara.
2. Atvinnumálanefnd: þrír aðalmenn og þrír til vara.
3. Ekknasjóður: þrír aðalmenn og þrír til vara.
4. Landnytjanefnd: þrír aðalmenn og þrír til vara.
5. Kjörstjórnir við bæjarstjórnarkosningar:
   a) Yfirkjörstjórn: þrír aðalmenn og þrír til vara.
   b) Kjördeildir: þrír aðalmenn í hverja kjördeild og þrír til vara.
6. Kjörstjórnir við Alþingis- og forsetakosningar:
   a) Undirkjörstjórn: þrír aðalmenn og þrír til vara.
   b) Kjördeildir: þrír aðalmenn í hverja kjördeild og þrír til vara.
7. Stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja: tveir aðalmenn og tveir til vara.
8. Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar: einn aðalmaður og einn til vara.
9. Stjórn veitustofnana: fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
10. Skólanefnd iðnskóla: fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
11. Skólanefnd framhaldsskóla: fimm aðalmenn og fimm til vara.
12. Samninganefnd: tveir aðalmenn og tveir til vara.

B. Til fjögurra ára:
1. Hafnarstjórn: fimm aðalmenn og fimm til vara.
2. Heilbrigðis- og umhverfisverndarnefnd: fimm aðalmenn og fimm til vara.
3. Stjórn íþróttamiðstöðvar: þrír aðalmenn og þrír til vara.
4. Umferðarnefnd: þrír aðalmenn og þrír til vara.
5. Brunavarnarnefnd: fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
6. Skólanefnd grunnskóla: fimm aðalmenn og fimm til vara.
7. Félagsmálaráð: fimm aðalmenn og fimm til vara.
8. Tómstundaráð: fimm aðalmenn og fimm til vara.
9. Barnaverndarnefnd: fimm aðalmenn og fimm til vara.
10. Stjórn sjúkrahúss og heilsugæslstöðvar: þrír aðalmenn og þrír til vara.
11. Stjón sjúkrasamlags: fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
12. Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands: einn aðalmaður og einn til vara.
13. Safnanefnd: þrír aðalmenn og þrír til vara.
14. Samband ísl. sveitarfélaga: þrír aðalmenn og þrír til vara.
15. Áfenigsvarnarnefnd: sjö aðalmenn.
16. Bygginganefnd: fimm aðalmenn og fimm til vara.

C. Endurskoðendur til eins árs, sbr. lög nr. 58/1961:
1. Tvo endurskoðendur reikninga bæjarsjóðs og tvo til vara.
2. Tvo endurskoðendur reikninga hafnarsjóðs og tvo til vara.
3. Tvo endurskoðendur reikninga rafveitu og tvo til vara.
4. Tvo endurskoðendur reikninga Sparisjóðs Vestmannaeyja og tvo til vara.
5. Tvo endurskoðendur reikninga Ekknasjóðs og tvo til vara.
6. Tvo endurskoðendur reikninga Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar og tvo til vara.
7. Tvo endurskoðendur reikninga sjúkrahúss og heilsgæslustöðvar Vestmannaeyja og tvo til vara.

Aðrar nefndir skal bæjarstjórn kjósa eftir þörfum.

37. gr.

Nefndir, sem starfa á vegum bæjarstjórnar, skulu kjósa sér formann.

Formenn skulu boða nefndir saman til funda.

Ef tveir nefndarmenn hið fæsta óska eftir að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga setu í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann, og skal hann þá boða nefndina saman til fundar svo fljótt sem auðið er.

Einnig getur bæjarstjóri boðað að fundir skuli haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til að ræða einhver bæjarmál.

38. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefnda er ákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

39. gr.

Allar fastanefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda, svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

40. gr.

Bygginganefnd skipa 5 menn og 5 til vara. Tveir hinna kjörnu fulltrúa skulu vera bæjarfulltrúar. Byggingafulltrúa er skylt að sitja fundi bygginganefndar. Bygginganefnd annast byggingamál bæjarins samkvæmt fyrirmælum í lögum og samþykktum um þau mál.

41. gr.

Í landnytjanefnd skulu kosnir þrír aðalmenn og þrír til vara og skulu tveir aðalmenn og jafnmargir varamenn kosnir úr hópi búfjáreigenda og/eða veiðiréttarhafa, en hinir úr hópi bæjarfulltrúa.

Nefndin sé bæjarstjórninni til ráðuneytis um ráðstöfun landnytja svo sem um leigu beitilands og garðlanda, úthlutun veiðileyfa, svo og um veitingu leyfa til búfjárhalds. Hún skal einnig sjá um fjallskil og fóðurgæslu.

42. gr.

Stjórn veitustofnana skipa 4 menn auk bæjarstjóra. Ekki færri en tveir hinna kjörnu fulltrúa skulu vera bæjarfulltrúar. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Stjórn veitustofnana fer með eftirtalda málaflokka:

Framkvæmdastjórn raforkumála ásamt rafveitustjóra samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 117/1949.

Framkvæmdastjórn vatnsveitumála ásamt bæjartæknifræðingi samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 175/1968.

Framkvæmdastjórn Fjarhitunar í samráði við bæjarstjóra og bæjartæknifræðing samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 479/1975.

43. gr.

Hafnarstjórn skipa 5 menn og skulu eigi færri en tveir hinna kjörnu fulltrúa vera bæjarfulltrúar.

Hafnarstjórn starfar samkvæmt fyrirmælum í hafnarlögum svo og í hafnareglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 119/1975.

44. gr.

Stjórn sjúkrahúss- og heilsugæslustöðvar skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara. Skulu þrír fulltrúar kjörnir af bæjarstjórn og tveir fulltrúar af starfsmannaráði sjúkrahússins.

45. gr.

Heilbrigðis- og umhverfisverndarnefnd skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara. Nefndin hefur á hendi heilbrigðismál, náttúruvernd og umhverfismál þar með talin útivistarsvæði og fólkvanga ef stofnaðir eru. Heilbrigðisfulltrúi skal sitja fundi nefndarinnar. Starfssvið nefndarinnar markast m. a. af 3. gr. reglugerðar um náttúruvernd nr. 205/1973 svo og lögum og samþykktum um heilbrigðismál og hollustuhætti.

46. gr.

Skólanefnd iðnskóla skal starfa þar til stofnaður hefur verið samræmdur framhaldsskóli (fjölbrautaskóli).

47. gr.

Félagsmálaráð hefur með höndum framkvæmd félagsmálastarfs kaupstaðarins. Í félagsmálaráð skulu kosnir fimm aðalmenn og fimm til vara. Auk þess situr félagsmálafulltrúi fundi ráðsins. Eigi færri en tveir ráðsmenn skulu vera bæjarfulltrúar.

Félagsmálaráð fer með dagvistunarmál, framfærslumál, heimilsishjálp, húsnæðismál, áfengisvarnarmál, félagsstörf, og þjónustu við aldraða og hvers konar almenna félagslega ráðgjöf og þjónustu. Auk þess fer ráðið með barnaverndunarmál, nema hvað snertir ættleiðingar- og forræðismál.

Félagsmálaráð skal halda fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Nánari ákvæði um starfsemi félagsmálaráðs skal setja í sérstakri reglugerð.

48. gr.

Tómstundaráð hefur með höndum stjórn æskulýðs- og íþróttamála svo og annarra tómstundamála.

Í tómstundaráð skulu kosnir fimm aðalmenn og fimm til vara. Eigi færri en tveir þeirra skulu vera bæjarfulltrúar. Tómstundafulltrúi situr fundi ráðsins. Tómstundaráð fer meðal

annars með málefni skólagarða, vinnuskóla, ungmennaklúbba og íþrótta- og æskulýðsmál almennt, að svo miklu leyti sem bæjarfélagið lætur þau til sín taka.

Tómstundaráð skal halda fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Nánari ákvæði um starfsemi ráðsins skal setja í sérstakri reglugerð.

49. gr.

Samninganefnd er skipuð tveimur aðalfulltrúum og tveimur til vara. Skulu þeir allir vera bæjarfulltrúar. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Samninganefnd hefur með höndum undirbúning að gerð aðalkjarasamnings og sérkjarasamnings við starfsmannafélag kaupstaðarins og einstaka starfsmenn, er þörf krefur.

VIII. KAFLI.

Um starfsmenn bæjarins.

50. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins, og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði að skipa í ákveðnar stöður.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarstjórn (bæjarráði) að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarstjórn (eða bæjarráð) getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um skipan í stöður hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarstjórnar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlýða breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis í af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmála Vestmannaeyjabæjar nr. 249 31. maí 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir

GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögn skipa við Ísland.

1. gr.

Gjald fyrir leiðsögn skips er miðuð við brúttórúmlestastærð þess, og þá vegalengd, sem það siglir, samkvæmt meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílur að og frá höfn eða stað, þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt meðfylgjandi töflu:

Fyrir skip allt að	500	br. rúml.	kr.	67,00
Fyrir skip allt frá	500— 1 000	br. rúml.	kr.	70,00
Fyrir skip allt frá	1 000— 1 500	br. rúml.	kr.	73,00
Fyrir skip allt frá	1 500— 2 000	br. rúml.	kr.	76,00
Fyrir skip allt frá	2 000— 3 000	br. rúml.	kr.	80,00
Fyrir skip allt frá	3 000— 4 000	br. rúml.	kr.	85,00
Fyrir skip allt frá	4 000— 5 000	br. rúml.	kr.	90,00
Fyrir skip allt frá	5 000—10 000	br. rúml.	kr.	98,00
Fyrir skip allt frá	10 000—15 000	br. rúml.	kr.	107,00
Fyrir skip allt frá	15 000—20 000	br. rúml.	kr.	116,00
Fyrir skip allt frá	20 000—30 000	br. rúml.	kr.	125,00
Fyrir skip allt frá	30 000 og þar yfir	br. rúml.	kr.	134,00

Greiðsla fyrir sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áðurnefndar 10 sjómílur skal vera:

Fyrir skip allt að	500	br. rúml.	kr.	15,00
Fyrir skip allt frá	500— 5 000	br. rúml.	kr.	18,00
Fyrir skip allt frá	5 000—10 000	br. rúml.	kr.	21,00
Fyrir skip allt frá	10 000 og þar yfir	br. rúml.	kr.	24,00

Minnsta leiðsögugjald skal vera kr. 600,00.

Leggi leiðsögumaður skipi að bryggju eða frá, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 160,00 fyrir skip allt að 500 br. rúml., og kr. 15,00 fyrir hverjar 100 br. rúmlestir skipsins þar yfir.

2. gr.

Fari viðstaða skipsins í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst., á hverjum stað. Skulu biðpeningar greiðast með kr. 78,00 pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstoðarmann.

3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands og ferðakostnaðar í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skips eftir ákveðinn komu- eða burtfartíma þess. Skal það á sama hátt vera greitt með kr. 78,00 pr. klst., þó aldrei lengur en 8 klst. á sama sólarhring (frá 00.00—24.00).

4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. mars og skal vera 1/3 hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögn skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögn skipa við Ísland nr. 494 frá 11. september 1981.

Samgönguráðuneytið, 31. ágúst 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

26. ágúst 1982. Nr. 538.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar Getraunir, nr. 472 13. ágúst 1981.

1. gr.

3. málsl. 2. málsgr. 8. gr. orðist svo: Vinstra megin á seðilinn eru prentaðir 12 knattspyrnuleikir, en hægra megin einn til tíu tölusettir aðaldálkar, sem hver um sig er þrískiptur.

2. gr.

1. málsl. 2. málsgr. 11. gr. orðist svo: Á getraunaseðli, sem gerður er fyrir einfaldar raðir, eru einn til tíu aðaldálkar, sbr. 8. gr.

3. gr.

1. málsgr. 13. gr. orðist svo:
Verð hverrar getraunaraðar er kr. 1,50.

4. gr.

3. málsl. 22. gr. orðist svo: Brot á þessum ákvæðum varða sektum, sem greiðist í Íþróttasjóð.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um getraunir nr. 59 29. maí 1972, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. ágúst 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér segir:

Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgðaákvæðum	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgðaákvæðum
	kr.	kr.
1. júní 1982	167 288,00	501 864,00
1. júlí 1982	178 747,00	536 242,00

Samgönguráðuneytið, 31. ágúst 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 — 1982

10. september 1982. 965 Nr. 540.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 467 23. ágúst 1982 um sérstakt tímabundið vörugjald.

1. gr.

Tollskrárnúmer 33.04.02 falli brott úr 2. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

1. málsl. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við tollafgreiðslu á vöru sem undanþegin er tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. — 4. gr. tollskrárlaga, þó ekki 6. tl. 3. gr. þegar ákvæðum fríverslunarsamninga er komið til framkvæmda samkvæmt þeirri heimild og annað leiðir ekki af öðrum ákvæðum þessarar málsgreinar, eða heimildum í sérlögum, skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í fyrirmælum ráðuneytisins hverju sinni.

3. gr.

5. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til hinnar gjaldskyldu framleiðslu á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 13. gr.

4. gr.

Hafi tollur verið felldur niður eða lækkaður fyrir gildistöku reglugerðar þessarar samkvæmt heimildum þeim sem um ræðir í 2. gr. án þess að sérstakt vörugjald hafi jafnframt verið fellt niður sérstaklega samkvæmt beinum fyrirmælum ráðuneytisins, þ. e. með reglugerð, auglýsingu eða ráðuneytisbréfi, skal fella sérstakt vörugjald niður, nema ráðuneytið ákveði annað síðar.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 10. september 1982.

F.h.r.
Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolls af ýmsum efnivörum til brauð-, kex- og/eða sælgætisgerðar.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður toll af efnivörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

Tollskr.nr.	Vöruheiti
08.04.21	Rúsínur.
08.05.10	Möndlur.
08.05.20	Heslihnetur, hnetukjarnar.
úr 08.13.00	Börkur af sítrusávöxtum.
09.04.00	Pipar og allrahanda.
09.05.00	Vanilla.
úr 09.06.00	Kanill.
09.07.00	Negull.
úr 09.08.00	Múskat.
úr 09.09.00	Anís og kúmen.
09.10.10	Engifer.
11.08.02	Kartöflusterkja.
úr 11.08.09	Önnur sterkja.
15.07.70	Kókósolía.
úr 15.07.90	Blönduð jurtaolía.
15.12.03	Olíur úr jurtaríkinu, ót. a.
19.02.02	Maltextrakt.
úr19.02.09	Blöndur úr mjöli, sterkju, maltextrakti og fleiri efnum.
úr 19.05.00	„Corn puffs", „puffed rice" og „puffed wheat".
úr 20.04.00	Ávaxtahýði.
úr 20.05.09	Gráfíkju- og döðlumassi.
20.06.10	Brenndar hnetur, þ. m. t. jarðhnetur.
úr 20.06.20	Gráfíkju- og döðlumassi.
úr 21.06.01	Pressuger.
21.06.02	Bökunarduft, tilreitt.
úr 21.07.19	Íblöndunarefni í brauð- og kökugerðarefni („bakery additives", „dough developers" o. fl.) einkum samsett úr neysluhæfum olíum eða feiti úr dýra- eða jurtaríkinu, eða blöndum af emulgatorum og feiti (mono-, di- eða triglycerídum) og t. d. mjólkurdufti, eggjadufti, möluðum hnetum, hunangi, sykri, tilbúnum bætiefnum, lesitíni, salti, litarefnum, vatni o. s. frv., enda innihaldi efnið að hámarki 30% af feiti miðað við heildarmagn. Tilreidd plöntueggjahvíta (Hyfoama).
úr 35.03.09	Matarlím (gelatín).

Jafnframt skal við tollafgreiðslu fella niður sérstakt tímabundið vörugjald og/eða jöfnunargjald hvíli gjöld þessi á framangreindum vöruflokkum.

2. gr.

Niðurfelling aðflutningsgjalda skv. 1. gr. er bundin eftirfarandi skilyrðum:

a) Vörurnar séu í 5 kg ytri umbúðum og stærri.
b) Innflytjandi leggi stund á brauð-, kex- og/eða sælgætisgerð og lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni að hin innflutta vara verði eingöngu notuð sem efnivara til brauð-, kex- og/eða sælgætisgerðar eða innflytjandi lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að viðkomandi vörusending sé öll eða að hluta, sem þá skal sérstaklega útreiknað í aðflutningsskýrslu, ætluð nánar tilgreindu framleiðslufyrirtæki og framvísi jafnframt yfirlýsingu frá framleiðanda (framleiðendum) nefndra vara um að viðkomandi vörusending (hluti vörusendingar) sé keypt fyrir hans atbeina eða verði keypt af honum til nefndrar framleiðslu eingöngu.
c) Tollyfirvaldi er heimill aðgangur að bókhaldsgögnum sé það talið nauðsynlegt til að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslu, sölu- eða vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind.

Ráðuneytið getur að fenginni skriflegri beiðni þar að lútandi heimilað innkaupasamböndum hér umræddra iðnfyrirtækja að tollafgreiða vörur skv. 1. gr. án þess að framvísað sé hverju sinni yfirlýsingu frá framleiðendum skv. b-lið 2. gr.

3. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m. a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., 5. gr. laga nr. 33 29. maí 1980 um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald og 4. gr. laga nr. 78 23. desember 1980 um jöfnunargjald til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 577 24. september 1980 um sama efni svo og auglýsing nr. 186 30. mars 1981 um breytingu á henni.

Fjármálaráðuneytið 10. september 1982.

F.h.r.
Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 230 3. maí 1982 um tollafgreiðslugjald.

1. gr.

1. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Vörur sem falla undir I-IV flokk 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, þó skal undanþiggja gjaldi samkvæmt þessari grein hráefni í nefndum flokkum sem notuð eru til framleiðslu á vörum sem tollar hafa verið felldir niður af samkvæmt ákvæðum samnings um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA) eða samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), sbr. 1. gr. tollskrárlaga, enda sé við tollafgreiðslu hráefna þessarar gætt ákvæða 2. gr. auglýsingar nr. 541/1982 eftir því sem við getur átt.

2. gr.

2. tl. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

2. Vörur sem við innflutning eru tollfrjálsar skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, án tillits til uppruna, og ekki eru vörugjaldsskyldar skv. 1. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum svo og vörur sem urðu vörugjaldsskyldar skv. 7. gr. laga nr. 79/1982 en voru fyrir gildistöku þeirra undanþegnar tollafgreiðslugjaldi; þó ekki vörur sem um ræðir í 1. tl. 3. gr., að undanskildum aðföngum til iðnaðar sem þar um ræðir.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. og 2. gr. laga nr. 5 27. febrúar 1982 um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið. 10. september 1982.

F.h.r.
Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 — 1982

AUGLÝSING

um tollafgreiðslugengi í september 1982.

Nýtt tollafgreiðslugengi var skráð 1. september 1982:

Bandaríkjadollar	USD	14,334
Sterlingspund	GBP	24,756
Kanadadollar	CAD	11,564
Dönsk króna	DKK	1,6482
Norsk króna	NOK	2,1443
Sænsk króna	SEK	2,3355
Finnskt mark	FIM	3,0088
Franskur franki	FRF	2,0528
Belgískur franki	BEC	0,3001
Svissneskur franki	CHF	6,7430
Holl. gyllini	NLG	5,2579
Vestur-þýskt mark	DEM	5,7467
Ítölsk líra	ITL	0,01019
Austurr. sch.	ATS	0,8196
Portug. escudo	PTE	0,1660
Spánskur peseti	ESP	0,1279
Japanskt yen	JPY	0,05541
Írskt pund	IEP	20,025
Sérstök dráttarréttindi	SDR	15,6654

Tollverð vöru sem tollafgreidd er í september skal miða við ofanskráð gengi. Hafi fullbúin tollskjöl borist tollstjórum fyrir lok september skal þó *til og með 8. október 1982* miða tollverð þeirra við tollafgreiðslugengi septembermánaðar.

Auglýsing þessi er birt með þeim fyrirvara að í september komi eigi til atvik þau er um getur í 2. mgr. 1. gr. auglýsingar nr. 464/1982 um tollafgreiðslugengi.

Hafi tollskjöl komið fullbúin til tollstjóra fyrir lok ágústmánaðar skal tollverð varnings reiknað samkvæmt tollafgreiðslugengi er skráð var 23. ágúst 1982 *til og með 8. september 1982.*

Fjármálaráðuneytið, 3. september 1982.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu **um niðurfellingu manntalsþinga í Austur-Húnavatnssýslu.**

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, dags. 14. janúar s. l., varðandi tillögu yðar, ásamt samþykkt sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, um að leggja niður manntalsþing í Austur-Húnavatnssýslu.

Með vísun til 10. gr. laga nr. 28 1981 um breyting á lögum nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, samþykkir ráðuneytið að manntalsþing í Austur-Húnavatnssýslu verði lögð niður."

Nr. 545. 8. febrúar 1982.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu **um niðurfellingu manntalsþinga í Vestur-Húnavatnssýslu.**

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, dags. 29. janúar s. l., varðandi tillögu yðar, ásamt samþykkt sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu, um að leggja niður manntalsþing í Vestur-Húnavatnssýslu.

Með vísun til 10. gr. laga nr. 28 1981 um breyting á lögum nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, samþykkir ráðuneytið, að manntalsþing í Vestur-Húnavatnssýslu verði lögð niður."

Nr. 546. 14. júlí 1982.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu **um niðufellingu manntalsþinga í Eyjafjarðarsýslu.**

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, dags. 2. þ. m., varðandi tillögu yðar, ásamt samþykkt sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, um að leggja niður manntalsþing í sýslunni.

Með vísun til 38. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 10. gr. laga nr. 28 1981, samþykkir ráðuneytið hér með, að manntalsþing í Eyjafjarðarsýslu verði lögð niður."

REGLUGERÐ

fyrir Ljósmæðraskóla Íslands.

I. KAFLI

Markmið og stjórn skólans.

1. gr.

Skólinn heitir Ljósmæðraskóli Íslands og starfar undir stjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

2. gr.

Markmið skólans er að veita nemendum sínum menntun til þess að gegna ljósmóðurstörfum, og skal sú menntun samsvara þörfum þjóðfélagsins hverju sinni.

3. gr.

Skólastjóri ræður kennara að skólanum og stjórnar daglegri starfsemi hans ásamt yfirkennara.

Við skólann skal starfa ráðgefandi námsnefnd skipuð tveimur kennurum og tveimur nemendum skólans. Námsnefnd skal fjalla um námsefni kennslugreina, námsskipan og kennslufyrirkomulag.

II. KAFLI

Inntaka nemenda.

4. gr.

Umsækjandi skal uppfylla þau skilyrði sem heilbrigðismálaráðherra ákveður að fengnum tillögum skólanefndar.

Umsóknir um skólavist skal senda skólastjóra, og úrskurðar hann um þær ásamt fastráðnum kennurum skólans.

Umsókn skal fylgja:

a) Staðfest afrit af prófskírteini.

b) Læknisvottorð.

III. KAFLI

Námstími, námsefni, próf og einkunnir.

5. gr.

Námstími skólans er tvö skólaár.

Aðalnámsgreinar eru: Fæðingarfræði og fæðingarhjúkrun, barnalæknisfræði og hjúkrun, líffræðafræði, fósturfræði, lífeðlisfræði, erfðafræði, heilsugæsla, sálarfræði, félagsráðgjöf og heilbrigðislöggjöf.

Verkleg kennsla fer fram í fæðingarstofnunum og heilsugæslustöðvum.

Prófeinkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 og upp í 10. Til þess að standast próf þarf einkunnina 5. Standist nemandi ekki próf, má hann endurtaka það síðar. Ekki má hann þó endurtaka próf oftar en einu sinni nema með samþykki skólastjóra.

Ráðuneytið skipar prófdómara, að fengnum tillögum skólastjóra, þegar tekin eru munnleg próf.

IV. KAFLI

Prófskírteini, starfsheiti og löggilding.

6. gr.

Að loknu námi skal nemandi hljóta prófskírteini frá skólanum.

7. gr.

Rétt til þess að kalla sig ljósmóður og starfa sem slík hér á landi hefur sá aðili einn, er lokið hefur prófi frá Ljósmæðraskóla Íslands eða hliðstæðu prófi og hlotið löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

V. KAFLI

Um rekstur skólans.

8. gr.

Kostnaður við rekstur Ljósmæðraskóla Íslands skal greiddur úr ríkissjóði.

VI. KAFLI

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Ljósmæðraskóla Íslands nr. 35/1964 og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 82/1932.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. ágúst 1982.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

Nr. 548. 2. september 1982.

REGLUR

um breyting á reglum nr. 229 30. apríl 1981 um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla sem skrásett eru erlendis.

1. gr.

Í fyrsta málsl. 3. mgr. 5. gr. reglanna falli orðin „eða flutt búslóð sína hingað til lands" brott.

2. gr.

9. gr. reglanna orðist svo:

Verði hækkun á tollum eða öðrum gjöldum álögðum við innflutning, t. d. vegna ákvarðana um breytingu á tollaafgreiðslugengi eða af öðrum ástæðum, undanþiggja ákvæði þessara reglna viðkomandi innflytjanda ekki greiðslu hækkaðra gjalda við endanlega tollaafgreiðslu viðkomandi ökutækis nema annað sé tekið fram í lögum eða öðrum fyrirmælum.

3. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 10. tl., 1. mgr. sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., og lögum nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 2. september 1982.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Ingólfur Friðjónsson.

REGLUGERÐ

fyrir Þjóðleikhús.

1. gr.

Hlutverk Þjóðleikhússins.

Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar sem leiksviði eru tengdar. Aðalhlutverk leikhússins skal vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleikja.

Jafnframt skal það árlega flytja óperu og söngleiki og sýna listdans. Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

Þjóðleikhúsið heyrir undir menntamálaráðuneytið. Stjórn þess er að öðru leyti í höndum þjóðleikhússtjóra og þjóðleikhúsráðs.

2. gr.

Þjóðleikhússtjóri.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og hefur forystu um að móta listræna stefnu þess. Hann stjórnar leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum.

Þjóðleikhússtjóra til ráðuneytis um rekstur og yfirstjórn leikhússins eru fjármálafulltrúi, leiklistar- og bókmenntaráðunautur og skipulagsstjóri. Sömuleiðis tónlistarstjóri, sem er í hlutastarfi, og listdansstjóri, um þau efni er að þeim listgreinum snúa.

Á leiktímabilinu ber þjóðleikhússtjóra að vera til viðtals á ákveðnum tíma, sem tilgreindur sé við skrifstofu hans, enda sé hann eigi fjarverandi úr bænum í erindum leikhússins eða forfallaður á annan hátt. Í fjarveru eða forföllum þjóðleikhússtjóra er fjármálafulltrúi leikhússins staðgengill hans.

3. gr.

Þjóðleikhúsráð.

Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri þjóðleikhússins.

Starfs- og fjárhagsáætlun hvers leikárs skal borin upp í þjóðleikhúsráði og samþykkt þar, svo og reikningar hvers liðins starfsárs.

Leita skal tillagna þjóðleikhúsráðs um öll mál, er varða leikhúsbygginguna sjálfa og önnur húsnæðismál leikhússins, öll stefnumarkandi mál, öll nýmæli, ákvarðanir um leikferðir innan lands og utan, allar fastráðningar listamanna og aðrar meiri háttar mannaráðninga, svo og ráðningar leikstjóra til einstakra verkefna, rekstur veitingahúss og mötuneytis, gestaleiki og margvísleg önnur mál er að hag hússins snúa.

Fundir skulu haldnir sem næst hálfsmánaðarlega meðan leikhúsið starfar og auk þess ef formaður ráðsins, þjóðleikhússtjóri eða meiri hluti ráðsins telur þess þörf. Formaður ráðsins kveður þjóðleikhúsráð til funda og stýrir þeim. Þjóðleikhússtjóri og fjármálafulltrúi sitja fundi ráðsins að öðru jöfnu. Þjóðleikhúsráð og starfsmannaráð geta óskað þess að fulltrúi starfsmannaráðs sitji einstaka fundi þjóðleikhúsráðs.

Halda skal gerðabók um störf þjóðleikhúsráðs.

4. gr.

Fjármálafulltrúi.

Fjármálafulltrúi annast fjárreiður Þjóðleikhússins, reikningsskil og skrifstofustjórn. Hann semur starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins ásamt þjóðleikhússtjóra, hann gerir og

fjárhagsáætlun fyrir hverja einstaka sýningu í samvinnu við skipulagsstjóra, leiksviðsstjóra og yfirleikmyndateiknara.

Fjármálafulltrúi setur reglur um frágang skriflegra heimilda vegna aðkaupa einstakra deilda leikhússins á vörum og þjónustu, svo sem notkun sérstakra vinnukaupa- og aksturs-beiðna; hann fylgist með því að greiðslur séu ekki inntar af hendi nema fullnægt sé settum reglum um aðkaupsheimildir og áritanir deildarstjóra á greiðsluskjöl.

5. gr.

Skipulagsstjóri.

Skipulagsstjóri hefur með höndum skipulagsstarf innan leikhússins, yfirumsjón með vinnuhagræðingu hinna ýmsu deilda og fylgist með innkaupum þeirra, raðar niður æfingum og æfingatímum, skipuleggur leikferðir innanbæjar og utan og annast önnur skyld störf. Hann hefur þannig á hendi starfsmannastjórn ásamt þjóðleikhússtjóra og fjármálafulltrúa.

6. gr.

Leiklistar- og bókmenntaráðunautur.

Leiklistar- og bókmenntaráðunautur Þjóðleikhússins annast könnun leikrita og annars bókmenntaefnis er að verkefnum leikhússins lýtur eða kynni að lúta. Honum ber að kynna sér innlend og erlend leikverk, er leikhúsinu berast, og segja álit sitt á þeim, skriflega ef þjóðleikhússtjóri æskir þess. Hann skal yfirfara þýðingar erlendra verka sem ætluð eru til flutnings í leikhúsinu. Hann skal vera höfundum til ráðuneytis við samningu leikverka ef þjóðleikhússtjóri og höfundur gera með sér samkomulag þar um. Hann skal auk þess vera leikstjórum og leikmyndateiknurum til halds um greiningu verka og gagnasöfnun.

7. gr.

Tónlistarráðunautur.

Tónlistarráðunautur er ráðinn í 1/3 hluta starfs. Hann skal vera leikhússtjóra og leikhús-stjórn til ráðuneytis um allan tónlistarflutning í leikhúsinu, val óperu, söngleikja, ballett-tónlistar og alls annars tónlistarefnis og gera tillögur þar að lútandi og skila umsögnum. Hann á sæti í dómnefnd þegar teknir eru nýir félagar í kór leikhússins.

8. gr.

Listdansstjóri.

Listdansstjóri Þjóðleikhússins skal veita Íslenska dansflokknum forstöðu og sjá um þjálf-un hans, hafa takmarkaða kennsluskyldu við Listdansskóla Þjóðleikhússins og taka að sér sviðssetningar og æfingar balletta eftir því sem þjóðleikhússtjóri og stjórn Íslenska dans-flokksins ákveða. Fyrir samningu hugverka á þessu sviði ber honum sérstök greiðsla.

Hann er þjóðleikhússtjóra og stjórn dansflokksins til ráðuneytis um val verkefna, svo og önnur þau atriði er að listdansi lúta í öðrum verkefnum leikhússins.

9. gr.

Aðrir starfsmenn.

Um verksvið og skyldur annarra starfsmanna en tilgreindir eru í reglugerð þessari fer eftir starfssamningi við þá og almennum reglum um réttindi og skyldur opinberra starfs-manna.

10. gr.

Leikritavalsnefnd.

Þjóðleikhússtjóri ákveður í samráði við leikritavalsnefnd og leiklistar- og bókmenntaráðunaut hvaða leikverk skulu flutt í leikhúsinu.

Í leikritavalsnefnd skulu sitja einn fulltrúi kjörinn af þjóðleikhúsráði, einn af fastráðnum leikurum hússins og einn af leikstjórum starfandi innan stofnunarinnar; skal í síðastnefnda tilvikinu miðað við að viðkomandi leikstjórar hafi haft leikstjórn á hendi a. m. k. einu sinni undangengin tvö ár fyrir kosningu. Fulltrúar og varamenn þeirra í leikritavalsnefnd skulu kjörnir til tveggja ára í senn.

Leikritavalsnefnd kemur saman reglulega og fjallar ásamt þjóðleikhússtjóra og leiklistar- og bókmenntaráðunauti um þau verkefni sem til greina koma.

Þá skulu tónlitarráðunautur og listdansstjóri kvaddir á fund nefndarinnar þegar til umræðu eru verk sem krefjast sérþekkingar þeirra.

11. gr.

Samning verkefnaskrár.

Verkefni skulu ákveðin með góðum fyrirvara og þeim raðað í verkefnaskrá þannig að skipulagning og nýting starfsmanna verði sem hagkvæmust. Leikstjórar og leikmyndateiknarar einstakra verkefna skulu valdir eigi síðar en í lok næsta leikárs á undan og skili leikstjóri tillögum sínum um hlutverkaskipan og leikmyndateiknari drögum að leikmynd eigi síðar en 1. september.

Gerð starfs- og fjárhagsáætlunar verkefnaskrár skal lokið fyrir 1. október.

Þó ekki reynist unnt að ákveða alla þætti verkefnaskrár á tilskildum tíma skal hún þó ákveðin í aðalatriðum og óákveðnir þættir takmarkast af þeirri ákvörðun.

Öllum ákvörðunum, svo og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar allra viðfangsefna fram að jólaverkefni, skal þó skilyrðislaust lokið fyrir 11. maí.

Áætla skal vinnutíma og frumsýningardag allra verkefna og gera ráð fyrir mögulegum gestasýningum, ballettsýningum o. fl. þess háttar utan aðalverkefnaskrár og ætla slíku stað og tíma.

Til þess að síðbúin ákvörðun raski ekki heildarskipulagi skal hún tekin í síðasta lagi tíu vikum fyrir áætlaða frumsýningu og sé þá hlutverkaskipan endanlega ákveðin og leikmyndateiknari hafi skilað líkani af leikmyndinni.

Verkefnaskrá skal lögð fyrir framkvæmdafund til umsagnar um röðum verkefna og vinnuhagræðingu áður en hún er borin upp í þjóðleikhúsráði.

12. gr.

Rekstrarfundir.

Rekstrarfundir skulu að jafnaði haldnir vikulega. Þá sitja auk þjóðleikhússtjóra: fjármálafulltrúi, skipulagsstjóri, leiksviðsstjórar beggja leiksviða, leikhúsritari, miðasölustjóri, yfirleikmyndateiknari og ljósameistari.

Rekstrarfundir fjalla um ýmsar ákvarðanir varðandi rekstur leikhússins, svo sem sýningaskrá, leikferðir og fleiri skyld mál.

13. gr.

Framkvæmdafundir.

Framkvæmdafundir skulu haldnir reglulega og fjalla um framkvæmd hverrar sviðssetningar fyrir sig og gera vinnuáætlanir.

Fyrstu áætlun skal gera þegar drög að leikmynd og búningum liggja fyrir.

Aðra áætlun og nákvæmari skal gera 10 vikum fyrir frumsýningu.

Þeir sem sitja framkvæmdafundi skulu gæta þess að vinnu- og kostnaðaráætlanir einstakra sýninga standist. Þótt slíkar áætlanir hafi sveigjanleika má ekki víkja frá þeim án þess að breytingar séu ræddar á framkvæmdafundi og öllum aðilum hans séu þær ljósar.

Framkvæmdafundi sitji þjóðleikhússtjóri, fjármálafulltrúi, skipulagsstjóri, leiksviðsstjórar, sýningarstjórar, yfirleikmyndateiknari, viðkomandi deildarstjórar, fulltrúi starfsmannaráðs og leikstjóri og leikmyndateiknari viðkomandi verkefnis.

14. gr.

Skipulagsfundir.

Skipulagsfundir skulu að jafnaði haldnir vikulega undir stjórn leiksviðsstjóra eða skipulagsstjóra. Þá fundi sitja fulltrúar allra deilda, þjóðleikhússtjóri, fjármálafulltrúi, leikhúsritari, sýningarstjórar, leikstjórar, leikmyndateiknarar og búningateiknarar þeirra verkefna sem eru í undirbúningi eða á sýningarskrá, auk fulltrúa starfsmannaráðs. Einnig eiga trúnaðarmenn leikara í þeim verkefnum, sem eru í æfingu eða á sýningarskrá, rétt til fundarsetu.

Hlutverk þeirra sem sitja þessa fundi er að skipa niður vinnu á sem hagkvæmastan hátt í leikhúsinu, gefa fólki yfirsýn yfir hvernig verkið gengur, fylgjast með framgangi sýninga og ræða vandamál sem upp kunna að koma við sýningar.

15. gr.

Starfsmannaráð.

Starfsmannaráð kýs sér fulltrúa til þess að sitja fundi þjóðleikhúsráðs, sbr. 3. gr. reglugerðar þessarar, og framkvæmda- og skipulagsfundi.

Þjóðleikhússtjóri haldi fundi með starfsmannaráði þegar þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á leikári.

Starfsmannaráð skal starfa við Þjóðleikhúsið í samræmi við reglur um starfsmannaráð ríkisstofnana frá 14. september 1981.

16. gr.

Þjóðleikhúskórinn.

Við Þjóðleikhúsið starfar blandaður kór. Kórfélagar eru lausráðnir og fara laun þeirra að gildandi kjarasamningum, en kórfélagar skulu ganga fyrir um kórsöng í leikhúsinu jafnframt því sem þeir skuldbinda sig til að taka ekki að sér að syngja í öðrum kórum nema með leyfi þjóðleikhússtjóra.

Úr hópi kórfélaga skal á hverju leikári kjósa einn fulltrúa sem skal vera þjóðleikhússtjóra og tónlistarráðunaut til fulltingis við val óperu og söngleikja. Sami kórfulltrúi eða annar til þess kosinn af stjórn kórsins skal sitja í dómnefnd þegar teknir eru inn nýir kórfélagar með reynslusöng.

Reynslusönginn dæmir dómnefnd skipuð þjóðleikhússtjóra, tónlistarráðunaut leikhússins, fulltrúa kórsins og tveimur söngfróðum mönnum sem þjóðleikhússtjóri og kórfulltrúi koma sér saman um.

17. gr.

Reynslusöngur í óperuhlutverk.

Ef ástæða þykir til að hafa reynslusöng í einstök óperuhlutverk skal sérstök dómnefnd starfa. Í henni sitja, auk þjóðleikhússtjóra og tónlistarráðunauts, hljómsveitarstjóri fyrirhugaðrar sýningar og leikstjóri eða staðgenglar þeirra, svo og tveir söngfróðir menn sem þjóðleikhússtjóri kallar til.

Þátttakendur í slíkum reynslusöng skulu hafa minnst 10 daga undirbúningstíma og skal undirleikari og kórstjóri leikhússins vera til aðstoðar og undirleiks sé þess óskað.

18. gr.

Um hlutverkaskipan.

Leikara er skylt að leika hvert það hlutverk sem þjóðleikhússtjóri og leikstjóri ákveða hverju sinni. Telji leikari sér hins vegar ekki fært að taka að sér hlutverk sem honum hefur verið úthlutað og færir þau rök fyrir, sem þjóðleikhússtjóri og leikstjóri taka gild, má veita honum undanþágu frá því fari hann fram á það eigi síðar en á 3. samlestri. Krefjast má skriflegrar greinagerðar frá leikara þar sem hann tilgreinir ástæðu fyrir því að hann neitar eða biðst undan að leika hlutverkið.

19. gr.

Trúnaðarmál.

Óheimilt er starfsmönnum að skýra frá trúnaðarmálum leikhússins, svo sem fyrirhuguðum leiksýningum, skiptingu hlutverka eða öðru, er leikhúsið varðar.

Starfsmönnum Þjóðleikhússins bera að sýna Þjóðleikhúsinu fulla trúmennska. Þjóðleikhússtjóri eða sá sem hann til þess kýs lætur fréttastofnunum í té upplýsingar varðandi leikhúsið og starfsemi þess.

20. gr.

Íslenski dansflokkurinn.

Meðan Íslenski dansflokkurinn starfar sem sjálfstæður aðili í tengslum við leikhúsið skulu settar sérstakar reglur um starfsemi hans.

21. gr.

Samstarf Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Um samstarf Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar Íslands við óperusýningar og annan tónlistarflutning skal gera sérstakan samning þar sem tilgreindur er hugsanlegur gagnkvæmur forgangur og önnur framkvæmdaatriði.

22. gr.

Starfsmenn.

Við val og röðun verkefna skal þess gætt að nýting starfskrafta stofnunarinnar sé sem best og vinnuálag sem jafnast. Auk þess skal þess gætt að hver listamaður fái tækifæri til að þroskast í list sinni en staðni ekki í einhæfum verkefnum eða ónógum.

Gefist starfsmanni kostur á að sinna verkefni, sem tengt er listsköpun eða stuðlar að starfsþroska hans utan stofnunarinnar eða innan hennar, utan hans aðalstarfssviðs, skal reynt að veita honum tækifæri til þess. Leita skal umsagnar þjóðleikhúsráðs í slíkum málum.

23. gr.

Gestalistamenn.

Þjóðleikhússtjóra er heimilt að ráða innlenda og erlenda leiklistarmenn sem gesti í einstök verkefni þegar þess er talin þörf eða æskilegt, enda brjóti það ekki í bága við 11. gr. laga um þjóðleikhús eða 11. og 21. gr. reglugerðar þessarar.

Á sama hátt er þjóðleikhússtjóra heimilt að ráða leikflokka sem gesti til að flytja leikrit, söngleiki eða leikdansa í Þjóðleikhúsinu, enda sé gert ráð fyrir þeim í starfs- og fjárhagsáætlun.

24. gr.

Leikhandrit.

Umfjöllun og skilafrestur handrita, sem leikhúsinu berast, skulu fara eftir samningum milli Þjóðleikhússins og Félags íslenskra leikritahöfunda.

Starfsmönnum er skylt að afhenda sýningarstjóra handrit að aflokinni notkun ellegar kaupa þau á kostnaðarverði ef þeir æskja.

25. gr.

Almennir fundir.

Þjóðleikhússstjóri getur, ef hann telur þess þörf, kallað til fundar einstaka hópa, deildir eða starfsfólk stofnunarinnar til að ræða málefni hússins.

Á sama hátt geta einstakir hópar, deildir eða starfsfólk hússins óskað funda með þjóðleikhússtjóra til að ræða málefni hússins.

26. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 58 12. maí 1978 um Þjóðleikhús og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 162 23. september 1949 með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytið, 1. september 1982.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 550. 1. september 1982.

Reglur

um smíði og búnað íslenskra skipa.

HLUTI N.

Reglur um merkingu skipa.

EFNISYFIRLIT.

1. Gildissvið.
2. Almenn ákvæði.
3. Skráningarumdæmi.
4. Bókstafir og tölur.
5. Björgunarbúnaður.
6. Ábyrgð skipstjóra.
7. Refsingar.
8. Gildistaka.

1. Gildissvið.

1.1. Reglur þessar gilda um öll íslensk skip og báta, sem eru 6 metrar eða lengri, mælt milli stafna.

2. Almenn ákvæði.

2.1. Hvert skip og bátur skal vera merktur með nafni á bóg beggja megin. Fiskiskip skulu auk þess vera merkt með umdæmisstöfum og tölum á bóg beggja megin.

2.2. Hvert skip, sem er stærra en 30 brl., skal vera merkt með nafni og heimahöfn á afturgafli eða við afturstafn beggja megin.

2.3. Þilfarsfiskiskip skulu vera merkt með skipaskrárnúmeri á heppilegum stað í báðum hliðum.

2.4. Opnir bátar skulu vera merktir með skráningarnúmeri á heppilegum stað á báðum hliðum.
Skráningarnúmer skemmtibáta skal vera skilgreint með bókstafnum S, en skráningarnúmer annarra báta skilgreint með bókstafnum B. Skulu bókstafirnir vera fyrir framan skráningarnúmerið.

2.5. Hvert skip, sem þjóðernisskírteini hlýtur, skal vera merkt með einkennisstöfum þess á lúgubita eða karm.

3. Skráningarumdæmi.

3.1. Hvert skipaskráningarumdæmi hefur sína umdæmisbókstafi og skulu skráningarskyld fiskiskip og bátar bera umdæmisbókstafi þess umdæmis, sem skipið/báturinn er skráður í, ásamt umdæmisnúmeri aftan við umdæmisbókstafina.

3.2. Umdæmisbókstafir eru sem hér greinir:

Ak	Akranes.
ÁR	Árnessýsla.
BA	Barðastrandarsýsla.
EA	Eyjafjarðarsýsla og Akureyri.
DA	Dalasýsla.
GK	Gullbringusýsla.
HF	Kjósarsýsla og Hafnarfjörður.
HU	Húnavatnssýslur.
ÍS	Ísafjarðarsýslur og Ísafjörður.
KE	Keflavík.
KÓ	Kópavogur.
MB	Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.
NK	Neskaupsstaður.
NS	Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður.
ÓF	Ólafsfjörður.
RE	Reykjavík.
SF	Austur-Skaftafellssýsla.
SH	Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
SI	Siglufjörður.
SK	Skagafjarðar- og Sauðárkrókur.
ST	Strandasýsla.
SU	Suður-Múlasýsla.
ÞH	Þingeyjarsýslur.
VE	Vestmannaeyjar.
VS	Vestur-Skaftafellssýsla.

3.3. Skip og bátar, sem skráðir eru í Kjósarsýslu eða Hafnarfirði mega halda umdæmisbókstöfum (GK) og tölum óbreyttum, en við frumskráningu skips eða umskráningu vegna eigendaskipta, skal það hljóta umdæmisbókstafina HF.

4. Bókstafir og tölur.

4.1. Stafagerð skal vera háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.

4.2. Bókstafir og tölur skulu vera dökkir stafir á ljósum grunni, eða ljósir stafir á dökkum grunni.

4.3. Hæð á bókstöfum í nafni og heimilisfangi skal ekki vera minni en sem hér greinir:
Á skipum 30 brl. og stærri ..... 15 cm
Á skipum minni en 30 brl. ..... 12 cm
Á opnum bátum ..... 10 cm

4.4. Hæð á umdæmisbókstöfum og tölum skal ekki vera minni en sem hér greinir:
Á skipum 30 brl. og stærri ..... 45 cm
Á skipum minni en 30 brl. ..... 25 cm
Á opnum bátum ..... 10 cm

4.5. Hæð á skráningarnúmeri skal ekki vera minni en sem hér greinir:
Á skipum 30 brl. og stærri ..... 45 cm
Á skipum minni en 30 brl. ..... 25 cm
Á opnum bátum öðrum en skemmtibátum ..... 20 cm
Á skemmtibátum ..... 10 cm

4.6. Hæð á einkennisbókstöfum skipa með þjóðernisskírteini, skal ekki vera minni en 15 cm.

5. Björgunarbúnaður.

5.1. Björgunarbáta, aðra en gúmmí- og slöngubáta, skal merkja með nafni skipsins og heimahöfn. Björgunarbáta á fiskiskipum má merkja með umdæmisstöfum og tölum skipsins í stað nafns og heimahafnar.

5.2. Á björgunarbáta, aðra en gúmmí- og slöngubáta, skal marka stærð bátsins þ. e. lengd, breidd og dýpt ásamt hámarkstölu þeirra manna, sem báturinn má flytja.

5.3. Björgunarhringar skulu merktir með nafni og heimahöfn skipsins eða nafni og umdæmisbókstöfum og tölu, ef um fiskiskip er að ræða.

6. Ábyrgð skipstjóra.

6.1. Bannað er að afmá einkenni þau, sem að ofan greinir, afbaka þau, gera þau ópekkjanleg, hylja þau eða dylja. Sama gildir um útlend skip meðan þau eru innan íslenskrar landhelgi.

6.2. Sú skylda hvílir á skipstjóra skips að halda vel við öllum merkjum er skipi ber að hafa og sett hafa verið á það.

7. Refsingar.

7.1. Brot gegn reglum þessum varða sektum eða varðhaldi. Með mál út af brotum á reglum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

8. Gildistaka.
Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 53 12. maí 1970, um skráningu skipa, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um merkingu skipa nr. 759 18. desember 1981, 3. mgr. 1. gr. (1.3.) reglna nr. 239 16. júní 1978 um skráningu og öryggisbúnað opinna skemmtibáta 6 m og lengri o. fl. og 34. gr. reglna um björgunar- og öryggisbúnað nr. 424 4. júlí 1980.

Samgönguráðuneytið, 1. september 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga, fyrir árið 1981.

Rekstrarreikningar fyrir árið 1981.

Rekstrargjöld:

	Kr.
Laun og launatengd gjöld	1 088 025,00
Annar rekstrarkostnaður	338 522,00
Gjaldfærð fjárfesting	20 068,00
	1 446 615,00

Rekstrartekjur:

	Kr.	Kr.
Innheimtuþóknun	21 263,00	
Lögtakskostnaður	157 465,00	
Vextir	783 167,00	961 895,00
Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		484 720,00
		1 446 615,00

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1981.

Eignir:

	Kr.
Óinnheimtar kröfur	82 931 253,00
Jöfnunarsjóður v/skrifstofukostnaðar	484 720,00
Sjóður	465 792,00
Inneign á hlr. 333 í Útvegsbanka Íslands	908 598,00
	84 790 363,00

Skuldir:

	Kr.	Kr.
Tryggingarstofnun ríkisins	55 492 633,00	
Ógreiddur kostnaður	21 452,00	55 514 085,00
Framlag Jöfnunarsjóðs		29 276 278,00
		84 790 363,00

Reykjavík, 13. september 1982.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga:

Guðmundur Vignir Jósefsson, form.,
Hallgrímur Dalberg,
Alexander Stefánsson,
Árni Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 125 5. mars 1979, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4.—5. gr. er heimilt að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 80 mm sbr. 6. gr.

Þegar notaður er hlífðarpoki sbr. 1. málsgrein við rækjuveiðar sbr. 4. gr. er óheimilt að binda fyrir hlífðarpokann að aftan. Ennfremur er óheimilt að nota net eða hvaðeina til þéttingar poka að aftan.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast gildi 1. október 1982, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. september 1982.

F.h.r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 553. 2. september 1982.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 356 1. júlí 1982 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

	1,0 l
A. Áfengi:	kr.
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	60,00
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar	75,00
3. Íslenskar áfengistegundir	245,00
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	300,00

B. Tóbak:	kr
1. Reyktóbak	150,00 pr. tylft eða lb.
2. Vindlingar	190,00 pr. 200 stk.
3. Smávindlar	25,00 pr. 10 stk.
Meðalstærð	100,00 pr. 25 stk.
Vindlar, aðrir	135,00 pr. 25 stk.

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 2. september 1982.

F. h. r.
Björn Hafsteinsson.

Ingólfur Friðjónsson.

31. ágúst 1982. Nr. 554.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Seltjarnarnesskaupstaðar nr. 254 19. ágúst 1974.

1. gr.

3. málsgrein 6. gr. falli niður.

2. gr.

9. gr. hljóði svo:

Á skrifstofum bæjarins skal auglýsa fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 24 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar.

3. gr.

3. málsgrein 19. gr. hljóði svo:

Sá, sem hefur verið forseti bæjarstjórnar, eða setið í nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

4. gr.

5. tl. A. liðar 24. gr. hljóði svo:

Fimm menn í byggingarnefnd, þar af þrjá innan bæjarstjórnar og tvo utan bæjarstjórnar og fimm varamenn á sama hátt.

5. gr.

8. tl. A. liðar 24. gr. hljóði svo:
Þrjá menn í fulltrúaráð Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi og þrjá til vara.

6. gr.

B. liður 24. gr. hljóði svo:
Til fjögurra ára á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar:

1. Bæjarstjórn fer með störf framtalsnefndar.
2. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Seltjarnarness og fjóra til vara. Auk þess skipar ráðherra til viðbótar formann og varaformann stjórnarinnar.
3. Sjö menn í félagsmálaráð og sjö til vara. Bæjarstjórn kýs formann ráðsins.
4. Sjö menn í tómstundaráð og sjö til vara. Bæjarstjórn kýs formann ráðsins.
5. Fimm menn í skólanefnd og fimm til vara.
6. Þrjá menn í heilbrigðisnefnd og þrjá til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar.
7. Þrjá menn í bókasafnsstjórn og þrjá til vara.
8. Þrjá menn í skipulagsnefnd og þrjá til vara.
9. Þrjá menn í fegrunar- og náttúruverndarnefnd og þrjá til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar.
10. Einn forðagæslumann.
11. Einn millimatsmann.
12. Sjö menn í stjórn Eigendafélags Félagsheimilis Seltjarnarness og sjö til vara. Auk þess eiga sæti í stjórninni fulltrúar tilnefndir af aðildarfélögunum.
13. Þrjá menn í stjórn Lista- og menningarsjóðs.
14. Þrjá menn í fjárhags- og launamálanefnd og þrjá til vara.
15. Einn mann í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
16. Þrjá fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og þrjá til vara.
17. Þrjá menn í stjórn Hitaveitu Seltjarnarness og þrjá til vara.
18. Þrjá menn í stjórn Vatnsveitu Seltjarnarness og þrjá til vara.
19. Einn brunabótarvirðingarmann.
20. Einn mann í Bláfjallanefnd og einn til vara.
21. Einn mann í stjórn Reykjanesfólkvangs.
22. Þrjá menn í stjórn verkamannabústaða og þrjá til vara.
23. Tvo menn í stjórn Heilsugæslustöðvar Seltjarnarness og tvo til vara.

7. gr.

3. málsgrein 31. gr. falli niður.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

I. KAFLI.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi, torg, bryggjur og brýr eða önnur svæði ætluð til almennrar umferðar, eða til almenningsnota, svo sem hátíðarsvæði, leikvelli, afgreiðslusvæði bifreiða og flugvalla. Um hvers konar samkomuhús, skeiðvelli, fjárréttir, verslanir, opinberar skrifstofur og aðra þá staði, sem almenningur hefir aðgang að, gilda ákvæði samþykktar þessarar, eftir því sem við á.

2. gr.

Á almannafæri er bannað að efna til uppþota eða óspekta. Ekki mega menn þyrpast þar saman, svo að til tálma eða óþæginda sé fyrir vegfarendur.

3. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar sem þjónusta fer fram, skulu menn raða sér svo, að þeir, sem fyrstir koma, fái afgreiðslu fyrst. Við slík tækifæri skal öllum skylt að hlýða fyrirmælum lögreglu eða umsjónarmanns, svo haldið verði uppi góðri reglu.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, hafa í frammi hávaða, klæðast eða hegða sér þannig að valdi ónæði, misbjóði almennu velsæmi eða raski allsherjarreglu.

5. gr.

Bannað er að raska næturró manna að óþörfu. Enginn má berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða síma eða aðhafast neitt, sem valdið getur ónæði eða ótta.

6. gr.

Eigi má skjóta af byssum, bogum eða öðrum skotvopnum á almannafæri. Þar má heldur eigi kveikja í neins konar eldfimum efnum. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á og skulu þá leyfin bundin við sérstök svæði. Sinubruni skal með öllu bannaður eftir 1. maí ár hvert. Öll meðferð eða notkun hvers konar hvellsprengja er bönnuð. Nauðsynlegar sprengingar vegna gerðar mannvirkja má aðeins framkvæma með sérstöku leyfi lögreglustjóra, og bera þá stjórnandi verksins, og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að fyllstu varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma þar sem lögreglustjóri samþykkir.

7. gr.

Allir eru skyldir að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögregla krefst þess.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglu sem gefnar eru til þess að halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til, getur lögregla kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga menn á fullum bótum frá lögreglustjóra fyrir tjón, sem þeir kunna að bíða á fatnaði eða limum við slíka aðstoð, en lögreglustjóri á aðgang að þeim sem tjóni veldur. Ella greiðist tjónið úr ríkissjóði.

Endurprentað blað.

II. KAFLI.

Um útivist barna o. fl.

8. gr.

Í kauptúnum og öðru slíku þéttbýli með 400 íbúa og fleiri, mega börn yngri en 12 ára ekki vera á almannafæri eftir kl. 20 tímabilið 1. september til 1. maí og eftir kl. 22 tímabilið 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum.

Unglingar yngri en 15 ára mega á slíkum stöðum ekki vera á almannafæri eftir kl. 22 tímabilið frá 1. september til 1. maí og eftir kl. 23 tímabilið frá 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtun, íþróttasamkomu eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir að löglegum útivistartíma lýkur, önnur en heimkeyrsla, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

Ungmennum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, eftir kl. 20, nema í fylgd með foreldrum, forráðamönnum eða maka. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið, að viðlögðum sektum og/eða missi veitingaleyfa sinna um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðlögðum sektum gæta þess, að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum.

Úrdráttur úr ákvæðum þessarar greinar skal festur upp á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd um það ásamt lögreglu.

III. KAFLI.

Umferðarreglur.

A. Almenn ákvæði.

9. gr.

Ákvæði þessa kafla um ökutæki, akstur og ökumenn, gilda einnig um hjólreiðar, akstur handvagna og hestvagna og umferð ríðandi manna, eftir því sem við á.

Ákvæði um fótgangandi vegfarendur gilda einnig um þá, sem leiða reiðhjól eða aka barnavagni.

Ökutæki fatlaðra, önnur en vélknúin, mega fara um gangstéttar, þar sem aðstæður leyfa.

10. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna varúð í umferð, gæta þess að trufla ekki né tefja að óþörfu aðra vegfarendur og valda eigi öðrum, sem búa eða eru staddir við umferðarleið, hættu eða óþægindum.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd við gangbrautir, svo og skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má að börn séu að leik. Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðra.

Vegfarendum er skylt að víkja fyrir líkfylgdum, hópgöngum skólabarna og öðrum leyfðum hópgöngum.

11. gr.

Vegfarendum er skylt að fara eftir fyrirmælum og merkjum lögreglu, sem hún notar við umferðarstjórn, svo og umferðarmerkjum, sem lögregluyfirvöld og vegamálastjórn setja samkvæmt heimild í lögum. Skylt er að stöðva samstundis ef lögregla gefur merki um það. Bannað er að skemma eða nema á brott umferðarmerki. Hver sá sem veldur því, eða verður þess var, að umferðarmerki laskast eða færist úr stað, skal lagfæra merkið tafarlaust, svo sem unnt er og tilkynna síðan um það til lögreglunnar.

12. gr.

Bannað er að stökkva af eða upp í ökutæki, hanga í því standa á aurhlífum þess, eða annars staðar utan á því, þegar það er á ferð. Farþega má aðeins flytja í farartæki, ef það er leyft samkvæmt lögum og þess getið í skoðunarvottorði. Farþega má aldrei flytja á léttu bifhjóli.

Sleða-, skíða- eða rennibrautir má eigi gera á alfaravegi, nema lögreglustjóri leyfi. Eigi má heldur vera að leikjum á vegum, þannig að hætta eða truflun fyrir umferð geti hlotist af, nema á vegum eða götum, sem merktar eru leikgötur að fengnu leyfi lögreglustjóra. Á leikgötum skal gæta ýtrustu varúðar gagnvart börnum og þar mega ekki aðrir fara með ökutæki, en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra.

13. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum eða hreyfa við þeim á neinn hátt, nema hann hafi fengið til þess leyfi slökkviliðsstjóra.

Enginn má snerta brunaboða, nema til þess að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafleiðslur eða síma.

14. gr.

Eigi má, án leyfis lögreglunnar, skilja eftir eða geyma á alfaravegum muni eða tæki, sem geta orðið til trafala fyrir umferð, nema sérstakar ástæður geri slíka bráðabirgðageymslu nauðsynlega. Ef eigi er unnt að setja slíka hluti út fyrir akbraut, skal þeim komið fyrir svo utarlega á henni sem unnt er. Ef talið er að umferðarhætta geti stafað af slíkum hlutum eða tækjum skal vörður gæta þeirra eða staðurinn merktur með viðurkenndum viðvörunarmerkjum. Á ljósatíma skal merkja greinilega með ólituðum ljósum hve langt hluturinn eða tækið nær inn á veginn. Þetta gildir einnig um vegagerðar- og byggingarefni. Enginn má fleygja eða skilja eftir á vegi neitt þar sem það getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina, svo sem steina, glerbrot, nagla, ávaxtahýði eða olíu. Þeim, sem verður valdur að því að slíkt fellur á veg, ber skilyrðislaust skylda til að hreinsa það, er niður hefur fallið, þegar í stað.

15. gr.

Enga atvinnu má reka á almannafæri, þar sem það tálmar umferðinni. Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð, nema til komi sérstakt leyfi lögreglustjóra. Blöð og bæklinga er heimilt að selja á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt að dómi lögreglustjóra. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá náttmálum til dagmála. Á almannafæri má eigi vinna neina þá vinnu, sem hindrar umferð eða gerir hana hættulega. Sjá þó 17. gr.

16. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, húsriðum, húsþökum, girðingum, í garðshliðum eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða húslóðir, né fara inn í hýbýli hans í sölnerindum. Auk þess getur lögregla bannað mönnum að hafast við á þessum stöðum, ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

17. gr.

Enginn má grafa í gangstéttir, götur, vegi eða torg, né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi yfirvalda og samþykki lögreglustjóra. Heimilt skal að taka gjald fyrir slík leyfi. Skal sá er raski hefir valdið setja í samt lag aftur þar, sem raskað var og halda því við í þrjá mánuði eftir að umbót hefir verið lokið og hún samþykkt af þeim, sem leyfið hefir gefið. Þegar slík verk eru unnin skal þess ætíð gætt, að þau taki sem skemmstan tíma, að sem minnstur farartálmi sé að og ætíð séu vegfarendur aðvaraðir um farartálmann með greinilegum aðvörunarmerkjum. Frá því að dimma tekur að kvöldi, þar til birtir að morgni skulu slíkir farartálmar greinilega merktir með ljósum. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, sem honum þykir þurfa, til að afstýra hættu. Ef verk dregst úr hófi fram, eftir að það er hafið, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu, eða setja raskið í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma. Sama gildir ef ekki er fullnægt viðhaldsskyldu.

18. gr.

Þar sem hús eru byggð, gert er við þau eða þau rifin, skal þesss ávallt gætt, ef það er á eða í nálægð við almannafæri, að af verkinu stafi ekki hætta eða að það tálmi umferð. Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda eða verktaka, skylt að ganga svo frá á staðnum að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af. Til að afstýra hættu getur lögreglustjóri fyrirskipað sérstakan umbúnað, svo sem girðingar um hættusvæðið. Slíkan umbúnað skal fjarlægja samstundis, ef lögreglan krefst þess. Sérstakrar varúðar skal gætt við byggingarverk, vegna opinna grunna, sem vatn safnast í, járnabindingar og vinnupalla. Hús í byggingu skulu ætíð lokuð, svo ekki sé greiður aðgangur í þau fyrir óviðkomandi.

19. gr.

Nú er hús eða mannvirki svo hrörlegt, að hætt er við, að það, eða einhver hluti þess falli, og getur þá lögreglustjóri bannað notkun þess og lagt fyrir eiganda þess að endurbæta það, innan tiltekins tíma, til þess að afstýra hættu. Ennfremur getur lögreglustjóri gert aðrar ráðstafanir á kostnað eiganda, sem hann telur nauðsynlegar, til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Þessi ákvæði ná einnig til þess ef steinvegg eða trévegg, eða öðru slíku liggur við hruni eða falli.

20. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við byggingar og viðgerðir á mannvirkjum, skal vera nægilega traustur, og þeir sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Slíkir pallar skulu að utanverðu vera með 20 cm bríkum að minnsta kosti og handriði í brjósthæð, lausir stigar, sem notaðir eru til viðgerða, eða annars á húsum, skulu vera nægilega traustir og kjálkar þannig útbúnir að neðan, að ekki sé hætta á að þeir falli. Slíkir stigar skulu felldir, þegar þeir eru ekki í notkun. Þar sem umbúnaður, sem hér á undan er getið, er notaður á almannafæri, skal gæta ýtrustu varúðar. Brot á grein þessari er á ábyrgð þess, sem verkið annast, byggingarstjóra eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð verkeiganda.

21. gr.

Vindur, áhöld og umbúnaður þess, sem notaður er til þess að hefja upp, eða renna niður varningi eða öðru, á eða við almannafæri, skal vera nægilega traust og þeir, sem nota tækin, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

22. gr.

Um þakrennur og rennsli frá húsum, skal svo umbúið, sem mælt er fyrir í byggingarsamþykkt.

B. Ákvæði um akstur og ökutæki.

23. gr.

Þar sem vegi er skipt í sérstakar brautir fyrir ýmsar tegundir umferðar, skal vegfarandi nota þá braut, sem honum er ætluð.

24. gr.

Ökumenn skulu halda ökutækjum sínum hægra megin á vegi eða akbraut, eftir því sem við verður komið og þörf er á, vegna annarrar umferðar.

Þar sem útsýni er slæmt, svo sem í beygjum, við hæðarbrúnir, eða ef skyggni er slæmt, skal ávallt aka við hægri brún vegar eða akbrautar, nema þar sem einstefnuakstur er. Skylt er ökumönnum að gæta þess sérstaklega er þeir beygja á vegi, eða aka frá vegarbrún, að það valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir þá, sem á eftir eða móti koma.

Ekki má snúa ökutækjum á vegi eða aka þeim afturábak, nema unnt sé að gera það án hættu eða óþæginda fyrir aðra umferð.

Gæta skal þess, þegar stórar bifreiðar eru á ferð utan þéttbýlis, að hæfileg fjarlægð sé á milli þeirra, þannig að eigi verði erfiðleikum bundið að komast fram fyrir þær.

25. gr.

Þegar tveir ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast, skal sá víkja, sem hefir hinn á hægri hönd. Sá sem kemur frá hægri, skal þó gæta fyllstu varúðar.

Vegur nýtur aðalbrautarréttar, ef vegur, sem að honum liggur, er við vegamótin merktur biðskyldu- eða stöðvunarmerkjum. Þar sem sett hefur verið biðskyldumerki, skal sá, sem kemur af hliðarvegi, skilyrðislaust víkja fyrir umferð þess vegar, sem hann ekur inná eða yfir, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki. Hann skal í tæka tíð draga úr hraða og nema staðar, ef nauðsyn krefur. Skylt er að nema staðar þegar ekki er fullkomið útsýni yfir veginn.

Þar sem sett hefir verið stöðvunarmerki, ber ökumanni skilyrðislaust að nema staðar. Þegar ekið er af stað aftur, er skylt að sýna ýtrustu varúð og víkja fyrir umferð frá báðum hliðum, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki.

Þeir sem aka frá brún akbrautar, einkavegum, löndum, lóðum, bifreiðastæðum eða aka yfir gangstéttar, skulu víkja fyrir umferð á vegi þeim, sem ekið er inná.

Ökumönnum ber að draga úr hraða, eða nema staðar, ef nauðsyn krefur, vegna gangandi vegfarenda á merktum gangbrautum.

26. gr.

Ökuhraða skal ávallt miða við gerð og ástand ökutækis, staðhætti, færð, veður og umferð og haga þannig, að aksturinn valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur, né geri þeim óþarfa tálmanir.

Hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á ökutækinu og stöðvað það á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem auð er og hindrunarlaus framundan og ökumaður hefir útsýni yfir.

Þegar bleyta er á vegum skal aka þannig að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum að óþörfu.

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 35 km. miðað við klukkustund.

Um ökuhraða utan þéttbýlis gilda ákvæði 50. gr. umferðarlaga.

27. gr.

Óheimilt er að efna til akstursíþrótta án leyfis lögreglustjóra og viðkomandi sveitarstjórnar. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

28. gr.

Ökutæki má ekki stöðva eða leggja þannig, að það valdi öðrum vegfarendum óþarfa hættu eða óþægindum. Leggja ber ökutæki utan vegar, ef aðstæður leyfa, en annars við brún akbrautar og samhliða henni, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Í þéttbýli má eingöngu stöðva eða leggja ökutæki á vegi við hægri brún akbrautar, miðað við akstursstefnu. Þar sem einstefnuakstur er getur lögreglustjóri þó sett aðrar reglur.

Flytja ber bilað ökutæki tafarlaust af akbrautum. Þegar ökumaður yfirgefur ökutæki, skal stöðva vél þess og ganga svo tryggilega frá því, að það geti ekki runnið sjálfkrafa, né óviðkomandi flutt það úr stað.

Þess skal vandlega gætt, þegar dyr ökutækis eru opnaðar, að það valdi eigi hættu eða óþægindum fyrir umferðina. Sama gildir og er fólk fer í eða úr ökutæki.

29. gr.

Þegar hætta er á ferðum, skal ökumaður gefa hljóðmerki, ljósmerki, eða aðrar bendingar, til þess að vekja athygli vegfarenda á hættunni. Slíkar bendingar skal ætíð gefa þannig, að sem minnstum óþægindum valdi, og bannað er að gefa þær að nauðsynjalausu.

Skylt er að gefa merki um breytta aksturstefnu, þegar þörf er á, til leiðbeiningar fyrir aðra umferð. Merkin skal gefa með stefnuljósum á þeim ökutækjum, sem hafa skulu þau tæki. Annars skulu þau gefin með því að rétta út hægri eða vinstri hönd, eftir því sem við á, eða á annan greinilegan, ótvíræðan hátt.

Ökumaður, sem ætlar að nema staðar eða draga snögglega úr hraða, skal gefa þeim, sem á eftir koma, greinilega merki um þá ætlan sína. Skal það gert með hemlaljósmerki á þeim ökutækjum, sem hafa skulu hemlaljós, en annars með því að rétta upp hönd, eða á annan greinilegan og ótvíræðan hátt.

Ökumanni er skylt að hætta merkjabendingum, þegar þær eiga ekki lengur við.

Ökumanni er skylt að gæta þess vandlega, áður en merki er gefið, að breyting á aksturstefnu eða hraða, valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra.

Merkjagjöf leysir ökumann ekki undan varúðarskyldu.

30. gr.

Ljósatími ökutækja skal vera frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás. Ákvæði um ljósatíma gilda einnig í þoku, dimmviðri, snjókomu, steypiskúrum, ef ryk er á vegum, eða ef skyggni er takmarkað af einhverjum öðrum orsökum.

Þegar ekið er á ljósatíma, skulu vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Þegar ökutæki er fest eða tengt aftan í annað nægir að afturljós séu tendruð á því ökutæki, er á eftir fer. Á ökutækjum mega ljós, sem lýsa fram, aðeins vera hvít eða daufgul.

Þegar ekið er um vel lýstan veg, skal nota lágan ljósgeisla. Þegar ekið er á móti öðru ökutæki, má ekki nota háan ljósgeisla. Skipta skal þá á lágan ljósgeisla í tæka tíð.

Ef ökutæki, sem hefir stöðuljósabúnað, er stöðvað eða lagt á dimmri akbraut á ljósatíma, skal það hafa tendruð stöðuljós. Önnur ökutæki, sem þannig eru skilin eftir, skulu greinilega auðkennd með glitaugum af viðurkenndri gerð að framan og aftan.

31. gr.

Við hleðslu ökutækis skal þess gætt, að hvorki farþegar né farmur byrgi nauðsynlega útsýn ökumanns fram, til hliðar eða aftur, né hindri notkun stjórntækja eða valdi annarri umferð hættu eða truflun. Ökumanni er skylt, áður en hann ekur af stað, að hreinsa móðu, hrím, eða annað slíkt af rúðum ökutækisins, ljóskerum og númeraspjöldum og gæta þess að halda þessu hreinu, meðan á akstri stendur.

Ganga skal svo frá farmi að hann raskist ekki né valdi óþrifnaði eða óþarfa hávaða. Eigi má farmur dragast eftir vegi, nema óhjákvæmilegt sé og valdi eigi skemmdum.

Ef farmur, eða hluti farms, fellur á veg, skal ökumanni skylt að þrífa slíkt upp þegar í stað.

Ef farmur nær aftur, fram eða út fyrir ökutæki, skal gæta sérstakrar varúðar. Þá skal til viðvörunar festa greinilegt merki á ystu brún farmsins.

Ákvæði umferðarlaga gilda að öðru leyti um hámarksbreidd og -hæð ökutækis og farms.

C. Sérreglur um bifhjól.

32. gr.

Eigi má aka tveim bifhjólum eða fleiri samhliða á sömu akbraut.

Ökumaður bifhjóls skal leiða það, þegar farið er yfir gangstéttar og gangstíga.

Þegar bifhjól er skilið eftir á almannafæri, skal því læst með lás og þannig gengið frá því, að eigi sé hætta á að það falli, þótt við það sé komið.

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálm við akstur. Þó er eigi skylt að nota hlífðarhjálm við akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar eða viðgerðarverkstæði, eða við svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota hlífðarhjálma.

D. Sérreglur um reiðhjól.

33. gr.

Ökumaður reiðhjóls skal ávallt hafa aðra eða báðar hendur á stýri og báða fætur á fótstigum. Honum er óheimilt að hanga aftaní öðrum ökutækjum á ferð, svo og að leiða annað reiðhjól. Eigi má aka tveim eða fleiri reiðhjólum samhliða á vegi.

Heimilt er að aka á reiðhjóli og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Hjólreiðamenn, sem fara eftir gangstígum eða gangstéttum, skulu ævinlega víkja og hliðra til fyrir gangandi vegfarendum. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá sem leiða reiðhjól.

Ekki má skilja reiðhjól eftir á almannafæri, nema því sé læst og svo gengið frá því, að eigi stafi hætta eða truflun fyrir umferð.

Barni yngra en sjö ára er óheimilt að aka reiðhjóli á almannafæri.

Óheimilt er að flytja farþega á reiðhjóli. Þó má vanur ökumaður, sem er orðinn sautján ára, flytja barn yngra en sjö ára á reiðhjóli, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búið, að því stafi ekki hætta af hjólteinunum.

Ekki má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðarmeiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólinu og gefið umferðarmerki, svo sem skylt er. Sömuleiðis er bannað að flytja á reiðhjóli hluti, sem valdið geta óþægindum fyrir aðra umferð.

Reglur þessar gilda einnig fyrir létt bifhjól. Þó má ekki aka léttu bifhjóli á gangstígum eða gangstéttum og ekki má flytja á því farþega. Ákvæði 32. gr. um notkun hlífðarhjálma gildir einnig fyrir ökumann létts bifhjóls.

E. Umferð gangandi vegfarenda.

34. gr.

Gangandi vegfarendur skulu nota gangstéttar og gangstíga, sem liggja með akbrautum. Skulu þeir að jafnaði ganga á hægri hluta stéttar eða stígs og víkja til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa þeim framhjá sér á vinstri hönd, er framúr ganga.

Ef ekki er gangstétt eða gangstígur meðfram vegi, skulu menn að jafnaði ganga á vinstri vegabrún, og aldrei fleiri en tveir samhliða.

Þar sem merkt gangbraut er yfir veg, skulu menn nota hana, er þeir ætla yfir veginn. Ef ekki er gangbraut, skulu menn ávallt ganga þvert yfir veg með jöfnum hraða. Gangandi menn skulu gæta vel að umferð, áður en farið er yfir veg.

F. Umferð ríðandi manna og hestvagna.

35. gr.

Í þéttbýli skulu ríðandi menn halda sig á hægri hluta vegar eða götu. Þeim ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa framfyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja. Í þéttbýli má aldrei ríða hraðar en á hægu brokki. Þar mega aldrei ríða tveir menn eða fleiri samhliða og einn maður ríðandi má aldrei teyma fleiri en einn lausan hest. Hópferðir ríðandi manna í þéttbýli eru háðar leyfi lögreglustjóra.

Á vegum skulu ríðandi menn halda sig á hægri hluta vegarins. Þeim ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja fara.

Ef vænta má umferðar ökutækja um veg, skulu aldrei fleiri en tveir menn, einhesta, ríða samhliða, né ríðandi maður teyma fleiri en tvö laus hross. Má þá enginn annar ríða samhliða honum.

Taglhnýting hesta er bönnuð á vegum. Ef farið er með hestvagna um veg í þéttbýli, skal maður stjórna hverjum vagni. Utan þéttbýlis má einn maður stjórna tveim vögnum.

Bannað er að skilja eftir lausa hesta á vegi eða fyrir vagni eða sleða. Um akstur hestvagna gilda almenn ákvæði umferðarlaga.

G. Um rekstur búfjár.

36. gr.

Óheimilt er að reka hópa búfjár á vegum í þéttbýli, nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til.

Utan þéttbýlis má reka slíka búfjárhópa eftir vegum, en fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæslumenn og ef vænta má umferðar ökutækja um veginn, skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir.

Búfénu skal vikið fljótt og greiðlega út af veginum, ef þess er þörf vegna annarrar umferðar. Þá getur lögreglustjóri auglýst umferðartafir á einstökum vegum vegna reksturs sauðfjár.

IV. KAFLI.

Um búfjárhald o. fl.

37. gr.

Í þéttbýli er allt búfjárhald bannað. Ef gripir ganga lausir í þéttbýli sem er afgirt gripheldri girðingu, er skylt að handsama þá og koma þeim í geymslu á kostnað eiganda. Tjón, sem slíkir gripir valda á eignum manna skal að fullu bætt úr hendi eiganda gripanna, og skal vera heimilt að selja gripina til greiðslu kostnaðar við handsömun og geymslu og til lúkningar skaðabóta. Sveitarstjórn skal hafa til reiðu vörslumann og forsvaranlegt geymsluplass fyrir slíka lausa gripi.

Ef sannað er að sama skepnan valdi ítrekuðu tjóni skal, í samráði við lögreglu, gera ráðstafanir, sem duga, til að koma í veg fyrir slíkt. Skal þá heimilt að lóga slíkum grip, ef með þarf.

38. gr.

Allt hundahald í þéttbýli er bannað, nema til sérþarfa, og að fenginni undanþágur frá lögreglustjóra.

Hundar, sem ráðast á menn, eða elta skepnur út um haga, eru réttdræpir hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og ketti, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, skal handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja daga og greiði áfallinn kostnað, skal lóga slíkum dýrum, ef enginn vill hirða þau. Hundar sem ítrekað ganga lausir í þéttbýli, skulu aflífaðir.

V. KAFLI.

Ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

39. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, eins og þau eru nú eða síðar kynnu að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfjár síns, geitpenings, nautgripa, hrossa, annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum eða matjurtagörðum annarra. Eigandi eða umráðamaður gripa, sem tjóni valda, skulu bæta slíkt ásamt áföllnum kostnaði. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerð.

VI. KAFLI.

Um friðun almenningseigna.

40. gr.

Mannvirki eða hlutir, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða til prýði á almannafæri, má enginn skemma, lýta eða færa úr stað.

Enginn má, án sérstakrar heimildar, hrófla við leiðslum, stöðvum eða öðrum búnaði, sem starfrækt eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitu, rafveitu eða pósts og síma. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal hann tilkynna það þegar í stað lögreglu og hlutaðeigandi stofnun. Óheimilt er að trufla eða tálma starfsemi lögreglu, slökkviliðs, hjálparsveita, eða annarra þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

41. gr.

Enginn má troða eða skemma á nokkurn hátt ræktaða bletti, tún, engi, matjurtagarða, skrúðgarða manna eða einstakar plöntur, hvort sem er girt eða ógirt. Enginn má heldur skemma girðingar eða klifra yfir eða upp þær.

42. gr.

Enginn óviðkomandi má hagnýta eða tileinka sér nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði fugla eða fiska eða önnur hlunnindi án heimildar landráðanda. Þó mega ferðamenn notfæra sér hagabeit og berjatöku til neyslu á staðnum um stundarsakir, meðan á áningu eða hvíld stendur.

VII. KAFLI.

Almenn ákvæði um hreinlæti og umgengni.

43. gr.

Viðkomandi heilbrigðisnefndir, hver á sínu svæði, skulu hafa eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda, eða síðar kunna að verða settar.

44. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þriflega um áningastaði sína og tjaldstæði, eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að hreinsa vandlega slíka staði að öllum óhroða og rusli, og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn. Gler má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á víðavangi.

45. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna. Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess vandlega gætt, að skólpi eða öðru, sem óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

46. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í læki eða ár, hafnir innan hafnargarða, né í fjörur, neins konar rusli eða úrgangi. Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri grjót, möl, timbur eða annað byggingarefni, né neins konar rusl eða úrgang.

47. gr.

Eigi má hafa á almannafæri neitt það, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur. Allri atvinnustarfsemi skal haga þannig að gufa, reykur eða óþefur valdi almenningi ekki óþægindum.

48. gr.

Skepnum má aðeins slátra í húsum inni og skal þess vandlega gætt að aðrar skepnur sjái ekki til. Sláturstaður skal hreinsaður strax að slátrun lokinni. Bannað er að láta hund komast á blóðvöll, þegar slátrað er. Brot á þessu ákvæði er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landeiganda. Að öðru leyti vísast til laga nr. 30/1966 um slátrun og búnað sláturhúsa o. fl.

49. gr.

Í þéttbýli er bannað að setja upp girðingar úr gaddavír eða öðru slíku, sem getur valdið vegfarendum hættu eða óþægindum.

Skylt er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum, portum og öðrum umráðasvæðum sínum og hafa slíkt hreint og vel um gengið á hverjum tíma. Bannað er að hafa þakjárn, spýtnarusl eða annað slíkt, sem fokið getur laust úti. Bera eigendur ábyrgð á tjóni eða meiðslum sem af því geta hlotist. Þá ber landeigendum skylda til að taka upp lélegar girðingar, nælonnet og dræsur á almannafæri.

50. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, að banna óþarfar samgöngur við skip, sem í höfn eru.

51. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað umferð ökutækja um bryggju og hafnarsvæði, eftir því sem þurfa þykir.

52. gr.

Lögreglustjóri getur, í samráði við barnaverndarnefnd, bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og bólvirki og ferðir út í skip og báta í höfn, ef þurfa þykir.

VIII. KAFLI.

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

53. gr.

Sveitarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur setja upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem sveitarstjórn hefur látið, eða lætur festa á hús, til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef þurfa þykir.

54. gr.

Sveitarstjórn ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum eða öðrum stjórnvöldum og útvegar á kostnað sveitarsjóðs spjöld í því skyni, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöng og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með leyfi hlutaðeigandi húsráðanda. Slíkar auglýsingar verða þó að vera innan velsæmismarka.

55. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa náð tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær, þeim óviðkomandi, óhreinka þær eða gera ólæsilegar á annan hátt.

Lögreglustjóri getur bannað auglýsingaspjöld, ljósaauglýsingar og aðrar lýsingar, sem valdið geta hættu eða óþægindum fyrir umferð.

IX. KAFLI.

Um gisti- og veitingahús, samkomustaði og almennar skemmtanir.

56. gr.

Allir gisti- og veitingastaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku leyfi og eftirliti lögreglustjóra, enda sé gætt ákvæða heilbrigðissamþykkta, svo sem þær eru á hverjum tíma. Lögreglu skal heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuðu eru við reksturinn. Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

57. gr.

Hverjum sem hefur veitinga- og gistisölu á hendi, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem brýtur í bága við almennt velsæmi og góða reglu.

58. gr.

Á veitinga- og gististöðum má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða taka þátt í áhættuspili.

59. gr.

Allir almennir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 23.30 að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en 1/2 stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er.

60. gr.

Skemmtanir sem aðgangur er seldur að, má eigi halda nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sama gildir um skemmtun, sem fram á að fara á almennum skemmtistað, félagsheimili eða veitingahúsi eigi hún að standa lengur en til kl. 23.30. Að öðru leyti gildir ákvæði reglugerðar um löggæslu á skemmtunum, eins og hún er nú eða síðar kann að verða.

61. gr.

Sérhver, sem sjúkling hefur á heimili sínu, getur farið fram á að bannað sé að halda almennar samkomur, sem háreysti geta valdið nærri húsi hans, ef hinum sjúka getur stafað hætta af ónæðinu.

62. gr.

Kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni, nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sveitarstjórn ákveður gjald fyrir slík leyfi sem greiða skal í sveitarsjóð. Lögreglustjóri getur veitt leyfi, til að halda einstakar kvikmyndasýningar, og ákveður hann þá gjaldið til sveitarsjóðs.

63. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi hvort sem það eru kvikmyndir eða skuggamyndir, getur lögreglustjóri bannað sýningu þeirra. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft slæm áhrif eða valdið ótta.

X. KAFLI.

Um staðgildi samþykktarinnar, refsingar, kostnað o. fl.

64. gr.

Samþykkt þessi gildir í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, í þéttbýli og dreifbýli, eftir því sem við á.

65. gr.

Með mál vegna brota á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála. Brot skulu varða sektum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Sektir álagðar samkvæmt samþykktinni renna í ríkissjóð.

66. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir, til að hindra að aðgerðaleysi valdi tjóni. Allan kostnað, sem leiðir af aðgerðum lögreglustjóra, til að hindra brot á samþykktinni, greiðir hinn seki.

67. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykktinni, sem eigi verður greiddur af einstökum mönnum, skal greiða úr ríkissjóði.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, nr. 179 18. ágúst 1965.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. september 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 58, nr. 543—555. Útgáfudagur 23. september 1982.

STJÓRNARTÍÐINDI B 59 — 1982

24. september 1982. 997 Nr. 556.

REGLUGERÐ

um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og kýlapestar í sauðfé og geitum.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Skylt er sauðfjáreigendum og þeim sem hafa sauðfé undir höndum hvar sem er á landinu, að tilkynna hlutaðeigandi héraðsdýralækni og oddvita (bæjarstjóra) ef riðuveiki (neurotrop virus) gerir vart við sig í fjárstofni þeirra eða ef líkur eru til að sjúkdómurinn geti leynst í fénu.

Héraðsdýralæknir skal afla sjúkdómsgreiningar Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum. Fylgja skal fyrirmælum tilraunastöðvarinnar um sendingar á sýnishornum og lifandi kindum ef þurfa þykir. Nákvæm skýrsla um sýkingu í viðkomandi hjörð fylgi.

Tilraunastöðin skal gefa sauðfjársjúkdómanefnd skýrslu um sýkingarstaði.

2. gr.

Óheimilt er að flytja sauðfé úr hjörðum, sem riðuveiku hefur verið staðfest í, á aðra bæi eða í önnur fjárhús.

Óheimilt er að flytja hey, heyköggla og hálm, húsdýraáburð, túnþökur og gróðurmold, sláturúrgang og hrámeti úr sláturhúsum til fóðurs yfir varnarlínur eða milli sveita á sýktum svæðum. Óhreina ull má aðeins flytja beint á verslunarstað. Ullarumbúðir skal þvo og sótthreinsa í þvottastöð strax eftir notkun. Ekki má endurnota ullarumbúðir án sótthreinsunar. Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að gera ráðstafanir til að stöðva flutning og notkun vörubíla og annarra tækja og leita fulltingis lögreglu til þess.

Kostnað þann sem af ákvæðum þessarar greinar leiðir bætir ríkissjóður ekki. Sauðfjársjúkdómanefnd getur gefið undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fenginni umsögn yfirdýralæknis.

3. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa að sauðfé sé haft í sóttkví um lengri eða skemmri tíma þar sem riðuveiki gerir vart við sig. Nefndinni er einnig heimilt að banna flutninga sauðfjár milli héraða, hreppa og einstakra bæja ef hún telur slíkt hafa þýðingu til að hindra útbreiðslu riðuveiki.

Nefndin getur fyrirskipað sérstakar litarmerkingar á sauðfé, þar sem sýking hefur fundist eða grunur leikur á um sýkingu. Verð merkjanna greiða ríkissjóður og viðkomandi sveitarfélag að jöfnu.

Ennfremur er nefndinni heimilt að fyrirskipa varnarráðstafanir, svo sem sótthreinsun fjárhúsa og rétta, lyfjameðferð, ónæmisaðgerðir, litarmerkingar fjár o. fl., eftir því sem þörf krefur og við á hverju sinni, á kostnað viðkomandi aðila.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

4. gr.

Á bæjum þar sem riða hefur verið staðfest skal ekki hýsa fé af öðrum bæjum né fóðra og ekki brynna því með heimafé, hvorki við fjárrag haust og vor né á öðrum tímum. Ef hýsing er óumflýjanleg skal nota til þess hús þar sem fé hefur ekki verið geymt, þó ekki hlöður né fjós. Sé gegn þessu brotið getur sauðfjársjúkdómanefnd ákveðið að þeim kindum, sem hýstar hafa verið, verði lógað.

Leitast skal við að samræma lögboðnar smalanir innan sveitar og milli sveita. Við allar lögréttir og skilaréttir (aukaréttir) skal vera aðstaða til að einangra sjúkar eða grunaðar kindur. Línubrjóta, fé, sjúkt af riðu og annað fé, sem vekur grunsemdir í göngum, rekstrum og fjársafni, skal einangra án tafar og senda beint í sláturhús eða lóga á staðnum, ef ekki er annars kostur. Héraðsdýralæknir getur ákveðið, að fengnu samþykki sauðfjársjúkdómanefndar og eftir tillögum sveitarstjórnar, að fé sem kemur fyrir að hausti fjarri eiginlegum sumarhögum og öðru fé, sem smithætta kann að stafa af skuli slátra. Alltaf skal taka hausinn til rannsóknar og staðfestingar og önnur sýni eftir einkennum samkvæmt áðurfengnum leiðbeiningum héraðsdýralæknis. Hræið skal grafa djúpt eða urða rækilega. Eiganda og héraðsdýralækni skal tilkynnt um slíka lógun við fyrsta tækifæri.

Skylt er að fara vel með fé af riðubæjum og sérmerkt fé og láta það njóta forgangs við flutning og við sundurdrátt hvar sem réttað er. Skal draga það í sérstakan dilk.

Fjallkóngar, réttarstjórar, hreppstjórar, riðunefndir, þar sem þær starfa skv. III. kafla, og bændur almennt við smölun heimalanda sinna annast framkvæmd 3. og 4. mgr. þessarar greinar. Sauðfjársjúkdómanefnd og héraðsdýralæknir geta gefið undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

5. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að láta fara fram skoðun á sauðfé til þess að kanna útbreiðslu riðuveiki og fyrirskipa að fargað verði sjúkum eða grunsamlegum kindum á hvaða tíma árs sem er. Fjáreigendum er skylt að greiða fyrir slíkum skoðunum og rannsóknum og veita nauðsynlega aðstoð án sérstakrar þóknunar.

6. gr.

Ef riðuveiki verður vart í héraði þar sem hún hefur ekki verið kunn áður eða veldur verulegu tjóni á einstökum bæjum, getur ráðherra, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, fyrirskipað niðurskurð alls sauðfjár þar og tímabundið fjárleysi í þeim tilgangi að hefta útbreiðslu veikinnar.

7. gr.

Þegar sauðfé er slátrað vegna riðuveiki, hvort sem um er að ræða hjarðir eða einstakar kindur, skal það gert í samráði við héraðsdýralækni. Skal hlíta fyrirmælum hans og sauðfjársjúkdómanefndar um allt það er lýtur að meðferð sláturúrgangs.

Þar sem riða hefur verið staðfest er skylt að gera viðvart um smithættu, þeim sem erindi hafa í fjárhús á viðkomandi býli.

Skylt er að gera nauðsynlegar ráðstafanir gegn því að menn geti borið veikina með sér. Sauðfjársjúkdómanefnd lætur í té skilti til viðvörunar í þessu skyni þegar þess er óskað.

Óheimilt er að flytja vélar, tæki og annað sem snert hefur fé eða saurgast á sýktu svæði til ósýktra bæja, nema héraðsdýralæknir samþykki.

8. gr.

Fjárklippur og lyfjadælur, sem notaðar hafa verið á riðubæjum, má ekki nota á öðrum bæjum. Sömu tæki og önnur sem óhreinkast af sauðfé á sýktum svæðum skulu sótthreinsuð

samkvæmt fyrirmælum héraðsdýralæknis að lokinni notkun á hverjum bæ ef þau eru notuð á tveimur eða fleiri bæjum.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa að eytt skuli að fullu skrokkum af sjúkum kindum með því að brenna þá eða grafa. Einnig getur hún fyrirskipað að eytt sé við förgun hausum og innyflum úr fé frá bæjum þar sem riðuveiki hefur verið staðfest.

9. gr.

Reglugerð þessi tekur einnig til kýlapestar (bact. purifacieus) í sauðfé og riðuveiki og kýlapestar í geitum eftir því sem við á.

II. KAFLI.

Bótareglur.

10. gr.

Framlag ríkisins við ákvörðun bóta skal miða við fjártölu samkvæmt síðasta skattframtali fjáreigenda áður en förgun fer fram.

Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd lagt til grundvallar bótum fjártölu við næstsíðasta skattframtal hjá fjáreigendum sem orðið hafa fyrir verulegu tjóni af völdum riðuveiki árið áður en förgun fer fram.

11. gr.

Bætur vegna niðurskurðar, afurðatjónsbætur, skulu fara eftir því hversu lengi fyrirskipað er að hafa fjárlaust á jörðinni. Afurðatjónsbætur skulu fyrsta og annað fjárleysisárið nema 65% af frálagsverði 15 kg dilks samkvæmt haustgrundvallarverði fyrir hverja kind, en 45% fyrir þriðja fjárleysisárið. Þessar bætur greiðast í fyrsta skipti árið eftir niðurskurð.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu sauðfjársjúkdómanefndar, heimilað að vikið sé frá ákvæðum þessarar greinar um upphæð bóta þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, svo sem sérstök afurðasemi sauðfjár.

12. gr.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að semja við fjáreigendur um breytingu á búskaparháttum og skal þá samið um bótagreiðslu í eitt skipti fyrir öll, enda staðfesti ráðherra samninginn. Skal greiðsla þá fara eftir skattmati sauðfjár eins og það verður um næstu áramót eftir förgun. Bótafjárhæðin greiðist sem næst í tveimur jöfnum greiðslum sama ár og fargað er og í janúar árið eftir.

13. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd skal ákveða bætur vegna fjár sem fargað er skv. 4. og 5. gr.

14. gr.

Ef flytja þarf líflömb vegna fjárskipta samkvæmt ákvörðun sauðfjársjúkdómanefndar úr fjarlægum héruðum skal ríkissjóður greiða 90% flutningskotnaðar en viðkomandi aðili eða aðilar 10% flutningskostnaðar. Kaup á fjárskiptafé og vörslu í flutningum annast væntanlegir eigendur.

15. gr.

Réttur til bóta við niðurskurð sauðfjár er háður því að viðkomandi aðili fari í einu og öllu eftir fyrirmælum sauðfjársjúkdómanefndar, m. a. um fjárleysi á jörðinni, kaup á líflömbum, lagfæringu á girðingum og sótthreinsun húsa. Viðkomandi aðili skal á eigin kostnað, undir eftirliti fulltrúa sauðfjársjúkdómanefndar, sótthreinsa fjárhús og nánasta umhverfi þeirra og skal því lokið minnst ári áður en þau eru tekin í notkun að nýju. Þó skal sauðfjársjúkdómanefnd leggja til endurgjaldslaust háþrýstitæki til þvotta, sótthreinsiefni, fúavarnarefni og málningu sem lagt er fyrir að nota. Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að halda eftir allt að 20% bótafjár þar til lokið er sótthreinsun húsa og fyrirmæli þessarar greinar hafa verið uppfyllt. Fjárhæð þessi skal verðtryggð.

III. KAFLI

Um riðunefndir.

16. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að skipa riðunefnd, að fengnum meðmælum sauðfjársjúkdómanefndar og héraðsdýralæknis. Kostnaður við störf riðunefnda greiðist úr sveitarsjóði. Umdæmi riðunefndar er viðkomandi sveitarfélag.

Í riðunefnd skulu vera minnst þrír menn skipaðir af sveitarstjórn til fjögurra ára að fengnum tillögum héraðsdýralæknis.

17. gr.

Riðunefnd skal aðstoða sauðfjársjúkdómanefnd og starfsfólk hennar, héraðsdýralækna, oddvita (bæjarstjóra) og fjáreigendur við framkvæmd laga, reglugerða og annarra samþykkta um varnir gegn útbreiðslu og útrýmingu riðuveiki.

Riðunefnd skal meðal annars hafa eftirlit með:

1) Einangrun, lógun og sýnatöku úr grunsamlegum kindum og flækingsfé.
2) Samgangi fjár milli bæja.
3) Flutningum sauðfjár og slátrun.
4) Skoðun á fé og eftirlit með fjárhúsum, réttum, girðingum og flutningatækjum.
5) Merkingu og skráningu á fé.
6) Varnargirðingum á sveitarmörkum eða annars staðar.
7) Framkvæmd afréttarmála, fjallskila og smölun heimalanda, með tilliti til riðuvarna.
8) Vörnum gegn smitburði með öðrum hætti.

Riðunefnd skal gera sauðfjársjúkdómanefnd aðvart telji hún einhverju áfátt í vörnum gegn riðuveiki á svæðinu. Nefndin skal hafa samvinnu við riðunefndir í nærsveitum.

Riðunefnd skal halda gjörðabók um störf sín og reynslu af baráttu við veikina. Hún skal ennfremur skila árlega starfsskýrslu til sveitarstjórnar og senda afrit hennar til sauðfjársjúkdómanefndar.

18. gr.

Komi upp grunur um riðu í kind, þar sem riðunefnd starfar, skal umráðamaður kalla til héraðsdýralækni eða tvo riðunefndarmenn. Þeir úrskurða, í umboði sauðfjársjúkdómanefndar, hvort lóga beri kindinni gegn bótum skv. 5. gr., sbr. 14. gr., taka tilskilin sýni og gera skýrslu um kindina, sem héraðsdýralæknir staðfestir.

19. gr.

Umráðamönnum sauðfjár er skylt að tilkynna riðunefnd um flutninga á fé til lífs og dvalar milli bæja og svæða eða breytingu á tilhögun upprekstrar innan sveitar. Riðunefnd er heimilt, að fengnu samþykki sauðfjársjúkdómanefndar, að gera ráðstafanir til að stöðva flutninga og notkun tækja í þessu skyni og láta flytja til baka eða lóga fé sem þannig hefur verið flutt án leyfis.

20. gr.

Riðunefnd skal hlutast til um að fylgst sé með ef fyrir kemur grunsamlegt fé í göngum, rekstrum og réttum, að fé sé skoðað á húsi a. m. k. einu sinni á ári og að fjáreigendur fái leiðbeiningar um hvernig best verði fylgt reglum um riðuvarnir.

21. gr.

Riðunefnd skal sjá um að allt fé á bæjum, þar sem sauðfjársjúkdómanefnd hefur fyrirskipað sérstakar litarmerkingar, sé merkt. Litinn ákveður sauðfjársjúkdómanefnd. Riðunefnd skal ennfremur sjá um að ærbók sé haldin til skráningar á ættum. Merkja skal lömb með sömu númerum og mæður á meðan skráning á ættum er ekki fullkomin.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur gert nægilega örugga merkingu og skráningu að skilyrði fyrir bótum.

22. gr.

Riðunefnd lætur setja upp, í samráði við héraðsdýralækni og bændur, viðvörunar- og leiðbeiningarskilti á sérstökum hættustöðum eftir því sem við á, t. d. við fjárhús og sjúkradilka í réttum. Riðunefnd hlutast til um útvegun á sótthreinsiefni og sóttvarnarbúnaði í samráði við héraðsdýralækni.

IV. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

23. gr.

Með mál sem rísa út af brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar skal fara að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 23 frá 10. mars 1956, sbr. breytingu með lögum nr. 75 frá 13. maí 1982.

24. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23 frá 10. mars 1956 og breytingu á þeim með lögum nr. 12 frá 28. mars 1967 og nr. 75 frá 13. maí 1982. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerð nr. 110 frá 18. júlí 1957 um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki (neurotrop virus) og kýlapestar (bact. purifacicus) í sauðfé, með síðari breytingum og reglugerð nr. 492 frá 16. september 1981 um riðunefndir og viðnám gegn riðuveiki fyrir svæðið frá Jökulsá í Öxarfirði, austur um land til Hornafjarðarfljóts og fyrir Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppa, Rangárvallasýslu.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. september 1982.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna Selfoss.

I. KAFLI.

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Selfoss er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Bæjarstjórn Selfoss er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli er hann varðar til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar. Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
   1) Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, ennfremur skal sýna, hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
   2) Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjármálastjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins og/eða bæjarstofnana, eða með annarri ákvörðun bæjarstjórnarinnar eða bæjarráðs í umboði hennar.
   3) Bæjarstjórn hefur umsjón með því, að eigur bæjarins séu tryggilega varðveittar.
   4) Bæjarstjórn kveður á um lántökur fyrir kaupstaðinn, þó er bæjarstjóra heimilt að taka stutt rekstrarlán án sérstakrar samþykktar bæjarstjórnar.
   5) Bæjarstjórn kveður á um ábyrgðir bæjarsjóðs. Heimilt er þó bæjarráði að taka fullnaðarákvörðun um ábyrgð bæjarsjóðs, sé ekki um meiriháttar fjárhæð að ræða og ábyrgð bæjarsjóðs er nægilega tryggð með öruggri baktryggingu.
   6) Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga kaupstaðarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

B. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um verklegar framkvæmdir á fjárhagsárinu í megindráttum. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum svo og endurskoðendur reikinga bæjarins. Ennfremur kýs bæjarstjórn fulltrúa kaupstaðarins á fundi samtaka sveitarfélaga, sem kaupstaðurinn er aðili að, svo og fulltrúa er kaupstaðnum kann að vera skylt að tilnefna samkvæmt lögum.

   Hún skipar einnig fasta starfsmenn bæjarins og semur um laun þeirra.

D. Bæjarstjórn setur reglur og reglugerðir um stjórn og meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrár bæjar og bæjarfyrirtækja eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI.

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs. Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Aldurforseti gegnir forsetastörfum uns kosinn hefur verið forseti, Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr, eða varaforseti eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar er sker þá úr.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs sér tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar sem sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í forföllum fundarritara annast skrifarar bæjarstjónar færslu gerðabókar í samráði við forseta.

Í gerðabók skal geta þess, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók og skulu viðstaddir fulltrúar undirrita hana.

Hver sá fulltrúi, sem eigi er sammála hinum á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Reglulega fundi heldur bæjarstjórn annan miðvikudag hvers mánaðar kl. 17.00 ef mál eru fyrir hendi. Fundum bæjarstjórnar skal ljúka eigi síðar en kl. 23.00. Þó er heimilt að halda fundi áfram ef $^2/_3$ bæjarfulltrúa samþykkja.

Bæjarstjórn getur þó ákveðið að fella niður fundi í júlí- og ágústmánuði, enda veiti hún þá bæjarráði jafnframt heimild til fullnaðarafgreiðslu erinda frá bygginganefnd, annarra en skipulagsmála.

Aukafundi skal halda samkvæmt ákvörðun bæjarstjóra eða forseta eða ef minnst þrír bæjarfulltrúar æskja þess skriflega, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni. Bæjarstjóri ákveður stað og stund til aukafundarhalds og boðar til hans með svo löngum fyrirvara, sem unnt er.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda í samráði við forseta.

Á dagskrá skal taka:

1) Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem kunna að þurfa staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2) Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar samkvæmt 2. gr. samþykktar þessarar sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra eða bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa að málið sé á dagskrá tekið.
3) Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á að fjalla um að lögum.

Sá sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð eigi síðar en kl. 12.00 næsta mánudag fyrir fund. Heimilt er þó bæjarstjóra að verða við ósk um að mál sé tekið á dagskrá þótt síðar berist, enda hafi ósk um það borist áður en dagskrá er send bæjarfulltrúum.

Nú óskar þegn bæjarfélagsins, sem er utan bæjarstjórnar, að erindi frá honum sé tekið á dagskrá bæjarstjórnar og skal þá bæjarstjóri vísa því til bæjarráðs eða þeirrar nefndar, sem það vegna efnis frekast heyrir undir og skal það tekið á dagskrá bæjarstjórnar, sem liður í fundargerð bæjarráðs eða nefndarinnar, nema erindið sé afgreitt með fullnaðarákvörðun bæjarráðs eða hlutaðeigandi nefndar.

Bæjarstjóri skal senda öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar eigi síðar en kl. 20.00 næsta mánudag fyrir fund. Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir sem fyrir fundi liggja, tillögur sem fram hafa komið og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur, samkvæmt 7. gr., skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er forseta að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði verði afbrigði veitt með samþykki $^2/_3$ viðstaddra bæjarfulltrúa.

9. gr.

Auglýsa skal fundi bæjarstjórnar um leið og dagskrá er borin út til bæjarfulltrúa á sama hátt og venja er að birta opinberar tilkynningar frá bæjarskrifstofunni.

Fundina skal auglýsa með dagskrá, nema um sé að ræða fundi fyrir luktum dyrum sbr. 10. gr.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði þegar þeir eru auglýstir.

Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögur, viðaukatillögur eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og bæjarstjórn á úrskurðarvald um.

Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til að semja tillögu á fundi, ef þörf krefur. Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti..

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa frá með rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefnda eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu, nema fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra. Um þessi mál skulu fram fara tvær umræður og líða vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram þannig, að bæjarfulltrúi réttir upp hönd. Nafnakall skal við hafa, ef forseti ákveður bæjarstjóri eða bæjarfulltrúi óskar.

Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta inn í skrána í réttri stafrófsröð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni er forseti metur gild.

Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann, svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal tala úr ræðustól, nema forseti leyfi annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, ef $^2/_3$ bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundi, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd um fundarsköp.

Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra um málefni, sem ekki er á dagskrá skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, þó er forseta heimilt að leyfa, að fyrirspurn sé borin fram á fundi, enda samþykki bæjarstjóri afbrigðin.

16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann taka fram hvaða lið eða liði fundargerðar hann óskar að ræða og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum sé hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur um dagskrármál en tvo tíma meðan nokkur bæjarfulltrúa er á mælendaskrá.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta samkvæmt 1. og 2. mgr. umræðulaust. Tveir fulltrúar hið fæsta geta einnig borið fram slíkar tillögur og skulu þær líka afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann og nefna þau ummæli, sem hann vítir.

Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur slíta fund.

19. gr.

Fundargerðir bæjarstjórnarfunda skal vélrita og senda bæjarfulltrúum og fyrstu varamönnum að fundi loknum, eða með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar sem haldinn er.

III. KAFLI.

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

20. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar og sitja þá til enda, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum t. d. forsetastörf, setu í nefndum o. s. frv.

Sá sem verið hefur forseti bæjarstjórnar eða setið í nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Bæjarfulltrúum er skylt að koma prúðmannlega fram á bæjarstjórnarfundum og gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem bæjarfulltrúar. Þá er þeim og skylt að gæta hagsmuna og velferðar bæjarins út á við, sem inn á við eftir sinni bestu getu og vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála.

21. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

22. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarsstjórn.

23. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn af, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn. Hafi hann engan tilnefnt fer um varamenn samkvæmt 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Bæjarfulltrúar skulu hafa auglýstan viðtalstíma á bæjarskrifstofunni fyrir bæjarbúa tvær klst. í senn, eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Skulu tveir bæjarfulltrúar mæta í hverjum viðtalstíma og skulu þeir ekki vera af sama lista.

Bæjarstjóri skipuleggur viðtalstímana og auglýsir þá um leið og bæjarstjórnarfundi.

25. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI.

Bæjarráð.

26. gr.

Á bæjarstjórnarfundi í júní skulu kosnir 3 bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði, en ekki hefur hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn í ráðið.

Bæjarráð kýs sér formann og varaformann og má kjósa bæjarstjóra þótt hann sé ekki kjörinn í ráðið.

Bæjarráð getur leyft að flokkur, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Bæjarráð skal halda fundi að jafnaði vikulega. Heimilt er þó að fella niður annan hvern fund í júlí- og ágústmánuði. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða bæjarráðsmaður óskar þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda og sér um að fundarboð sé tilkynnt bæjarráðsmönnum eigi síðar en á hádegi tveim dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé tilgreint á dagskrá, en skylt er þó að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, ef þess verður óskað.

Formaður sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum.

Bæjarritari er ritari bæjarráðs, en í forföllum hans tilnefnir formaður bæjarráðs ritara í hans stað.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau hljóta.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því sem þau geta átt við.

27. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Selfoss, að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin samkvæmt lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur samkvæmt heimild 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum, enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði né við bæjarstjóra um slíkar ákvarðanir.

Bæjarráð getur þó tekið lokaafgreiðslu í þeim málum, sem bæjarstjórn hefur vísað til þess til fullnaðarafgreiðslu.

28. gr.

Bæjarráð hefur umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúning fjárhagsáætlana og gerir tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins. Ennfremur hefur það eftirlit með allri starfsemi kaupstaðarins, sem ekki er falin öðrum samkvæmt lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar með þeim takmörkunum sem 47. gr. laga nr. 58/1961 setur. Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum bæjarstjórnar er falið að hafa með höndum tiltekna málaflokka, skal bæjarráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

29. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað.

V. KAFLI

Um bæjarstjóra.

30. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar og getur þá ráðherra ákveðið að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

31. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn og bæjarráð gerir og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekið mál. Skylt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofum bæjarins.

32. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og fastanefnda og hefur hann þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar. Ekki hefur hann þó atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar, nema hann sé bæjarfulltrúi og ekki á fundum bæjarráðs og nefnda, nema hann sé lögskipaður eða kjörinn nefndarmaður.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda.

33. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda félagsmálaráðuneytinu skýrslu og leggur það úrskurð á málið.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs sbr. 2. mgr. 27. gr.

34. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögboðin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykkt bæjarstjórnar eða fullnaðarákvörðun bæjarráðs, má ekki greiða nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð hans eða bæjarráðs til slíks.

35. gr.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn feli öðrum. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu, en þá samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Hann hefur með höndum umsjón með skrifstofum bæjarins og daglega stjórn á fjármálum bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra, þar á meðal innheimtu tekna bæjarins.

VI. KAFLI

Endurskoðendur.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að enduskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunarstarfa fer eftir ákvæðum d. liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. maí ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

37. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans, sbr. 36. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og gæta þess að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt.

Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

VII. KAFLI
Um kosningar, skipan og starfssvið nefnda.

38. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin málefni, eftir því sem lög mæla fyrir:

A. Til eins árs á fundi í júní ár hvert:
1. Forseta bæjarstjórnar.
2. 1. varaforseta bæjarstjórnar.
3. 2. varaforseta bæjarstjórnar.
4. Tvo skrifara bæjarstjórnar og jafnmarga til vara.
5. Tvo endurskoðendur bæjarreikninga og jafnmarga til vara.
6. Þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð og jafnmarga til vara.
7. 5 fulltrúa í bygginga- og skipulagsnefnd og jafnmarga til vara. Á fundum nefndarinnar eiga sæti auk nefndarmanna með málfrelsi og tillögurétt, bæjarstjóri, byggingarfulltrúi, bæjartæknifræðingur og slökkviliðsstjóri.
8. 3 fulltrúa í samninganefnd um kjaramál og jafnmarga til vara.

B. Til eins árs á fundi í desember ár hvert:
1. Fimm fulltrúa í hátíðanefnd 17. júní og jafnmarga til vara. Heimilt er að fela félagasamtökum framkvæmd hátíðahaldanna, og skal sú ákvörðun tekin á desemberfundi.
2. Þrjá fulltrúa í kjörstjórn og jafnmarga til vara.

C. Til fjögurra ára á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar:
1. Fimm fulltrúa í stjórn veitustofnana og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt. Nefndin annast málefni rafveitu, hitaveitu og vatnsveitu. Bæjarstjóri, bæjartæknifræðingur og rafveitustjóri eiga auk þess sæti á fundum nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt.
2. Fjóra fulltrúa í heilbrigðisnefnd, og jafnmarga til vara. Heilsugæslulæknar skulu vera faglegir ráðunautar. Héraðsdýralæknum er heimilt að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.
3. Fimm fulltrúa í skólanefnd grunnskóla og jafnmarga til vara, kosna á sama hátt.
4. Þrjá fulltrúa í skólanefnd Fjölbrautaskólans á Selfossi og jafnmarga til vara.

3—4. Formenn og varaformenn skólanefnda Grunnskólans og Fjölbrautaskólans skulu ásamt skólastjórum og skólameistara mynda samstarfsnefnd undir formennsku formanns skólanefndar grunnskóla. Og skal nefndin stuðla að samvinnu þessara tveggja skólastiga.

5. Fimm fulltrúa í atvinnumálanefnd og stjórn Iðnþróunarsjóðs og jafnmarga til vara.

6. Þrjá fulltrúa í umhverfisnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

7. Þrjá fulltrúa í framtalsnefnd og jafnmarga til vara. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn í nefndina.

8. Fjóra fulltrúa á þing Samtaka sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi og jafnmarga til vara.

9. Einn fulltrúa á aðalfund Brunabótafélags Íslands og einn til vara.

10. Tvo forðagæslumenn og einn til vara.

11. Þrjá fulltrúa í stjórn íbúðalánasjóðs og jafnmarga til vara.

12. Þrjá fulltrúa í stjórn verkamannabústaða og jafnmarga til vara. Auk þeirra eru tilnefndir tveir fulltrúar frá aðildarfélögum ASÍ á staðnum og einn fulltrúi frá BSRB.
13. Tvo fulltrúa í stjórn Brunavarna Árnessýslu og jafnmarga til vara.
14. Fjóra fulltrúa í íþróttaráð og jafnmarga til vara. Formaður UMF Selfoss er sjálfkjörinn í ráðið og skal varaformaður UMF Selfoss vera varamaður hans.
15. Fimm fulltrúa í félagsmálaráð og jafnmarga til vara.
16. Þrjá menn í tómstundaráð. Tveir skulu tilnefndir að auki af starfandi félögum á Selfossi á árlegum fundi félagsmálastjóra með félögunum að undanskildum stjórnmálafélögum. Jafnmarga varamenn skal kjósa með sama hætti.
17. Fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í stjórn félagsmálastofnunar Selfoss. Þar af skulu formenn félagsmálaráðs, tómstundaráðs og íþróttaráðs eiga sæti í stjórninni.
18. Einn fulltrúa og einn til vara á fulltrúanefnd Afréttamálafélags Flóa og Skeiða.
19. Þrjá fulltrúa í húsaleigunefnd og jafnmarga til vara.
20. Fjóra fulltrúa í Byggingarsjóð aldraðra og jafnmarga til vara. Stjórn Styrktarfélags aldraðra tilnefnir einn mann í nefndina.
21. Fimm fulltrúa í Ferðamálaráð og jafnmarga til vara.
22. Einn fulltrúa í stjórn Iðnþróunarsjóðs Suðurlands.

D. Aðrar nefndir vegna sérstakra samþykkta bæjarstjórnar.

Formenn skulu sjá um að nefndir séu boðaðar til fundar. Ef tveir nefndarmenn hið fæsta óska eftir að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga setu í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann og skal hann þá boða nefndina til fundar svo fljótt sem auðið er. Einnig getur bæjarstjóri boðað, að fundir skuli haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til að ræða ýmis bæjarmál.

Bæjarstjórn kýs formenn nefnda, sem starfa á vegum bæjarins, nema öðruvísi sé fyrir mælt.

39. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Kjörtímabil nefnda og umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem hefur fengið til úrlausnar ákveðið afmarkað verkefni, þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst er verkefnið er til lykta leitt eða ef bæjarstjórn leggur nefndina niður.

Fulltrúar starfsmanna eiga, ef þeir óska þess, rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt, hjá þeim nefndum, sem fara með viðkomandi starfssvið.

Starfsmönnum bæjarins er skylt að mæta á fundi nefnda sé þess óskað.

40. gr.

Allar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

41. gr.

Nefndarmenn eiga rétt á þóknun fyrir störf sín samkvæmt reglum sem bæjastjórn setur, nema annað sé tekið fram í lögum eða reglugerðum.

VIII. KAFLI

Starfsmenn kaupstaðarins.

42. gr.

Bæjarráð skipar fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarráði að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarráð getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í stöður hjá bænum, svo sem sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður. Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarstjórnar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlýða breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

43. gr.

Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum, hver störf skulu talin föst hjá kaupstaðnum og fyrirtækjum hans, auk þeirra starfa, sem samkvæmt lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

44. gr.

Uppsagnarfrestur fastra starfsmanna skal vera þrír mánuðir.

IX. KAFLI

45. gr.

Til þess að gera breytingu á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Selfoss hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um stjórn bæjarmálefna Selfoss nr. 286 4. júlí 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 6. september 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Eskifjarðarkaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. og 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 hefur bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Eskifjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum mannvirkjum og lóðum sjávarmegin við Strandgötu frá 2—120, en þar eru eftirtaldar eignir, lóðir og lóðarréttindi:

Lóðir — Mannvirki:	Skráðir eigendur:
Hafnargata 5	Jón Kjartansson hf.
Strandgata 2	Hraðfrystihús Eskifjarðar.
Strandgata 4	Friðþjófur hf.
Strandgata 6	Hraðfrystihús Eskifjarðar.
Strandgata 8	Hraðfrystihús Eskifjarðar.
Strandgata 10	Sæberg hf.
Strandgata 12	Ingvar Þ. Gunnarsson.
Strandgata 12 b	Rafmagnsv. ríkisins.
Strandgata 14	Benni og Svenni sf.
Strandgata 14 a	Þór hf.
Strandgata 14 b	Austfirðingur hf.
Strandgata 28 c	Sveinn Auðbergsson.
Strandgata 28 a	Gunnar Auðbergsson.
Strandgata 30 a	Björg hf. — Seley hf.
Strandgata 32	Vélaverkstæði Eskifjarðar.
Strandgata 34	Helgi Garðarsson.
Strandgata 34 a	Helgi Garðarsson.
Strandgata 36	Skeljungur hf.
Strandgata 38	Jón Kjartansson hf.
Strandgata 38 a	Hraðfrystihús Eskifjarðar.
Strandgata 40	Hraðfrystihús Eskifjarðar.
Strandgata 42	Hraðfrystihús Eskifjarðar.
Strandgata 44 a,b,c, ...	Pöntunarfélag Eskfirðinga.
Strandgata 46 a	Pöntunarfélag Eskfirðinga.
Strandgata 46 b	Olíuverslun Íslands.
Strandgata 48	Rafmagnsveitur ríkisins.
Strandgata 50	Pöntunarfélag Eskfirðinga.
Strandgata 52	Ríkissjóður.
Strandgata 54	Kristinn Guðmundsson.
Strandgata 58	Málmfreð Árnason, Stefán Guðmundsson.
Strandgata 60 b	Guðjón Gíslason, Gunnar Hallgrímsson, Jón Stefánsson.
Strandgata 64—66	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.
Strandgata 68	Eljan hf.
Strandgata 70	Friðrik Árnason.
Strandgata 72	Guðni Jónsson db.
Strandgata 76	Jón Kjartansson hf.
Strandgata 78	Guðjón Hjaltason.

Leiðir — Mannvirki:	Skráðir eigendur:
Strandgata 80	Ragnar Björnsson, Arnar Kristjánsson.
Strandgata 82	Jón Guðmundsson.
Strandgata 84	Kristrún Arnarsdóttir.
Strandgata 86 a	Sæberg hf.
Strandgata 86 b	Pöntunarfélag Eskfirðinga.
Strandgata 88	Ingvar Þ. Gunnarsson.
Strandgata 90	Eiríkur Þorkelsson.
Strandgata 92	Reynir Hólm.
Strandgata 94	Sporður hf.
Strandgata 96	Sjóminjasafn Austurlands, Thor Klausen.
Strandgata 98 b	Egill Karlsson, Sporður hf.
Strandgata 120	Kjartan Björgvinsson,db.

Ennfremur áskilur Eskifjarðarkaupstaður sér forkaupsrétt á öllu landi og mannvirkjum fyrir botni fjarðarins og í dalnum.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. september 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 559. 10. september 1982.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 392 29. október 1976 um gatnagerðargjöld í Dalvíkurkaupstað.

9. mgr. 14. gr. orðist svo:
Staðgreiðsluafsláttur verði samkvæmt ákvörðun bæjarráðs hverju sinni.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUR

um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.

1. gr.
Gildissvið.

1.1. Að því er varðar þessar reglur, merkir olía hráolíu og allar tegundir unninnar olíu, þar með talið bensín, steinolía, gasolía og svartolía, og skal olíumengun, olíubirgðastöð og olíubirgðageymir, hafa merkingu í samræmi við það.

1.2. Reglum þessum er ætlað að ná til allra olíubirgðageyma og mannvirkja þeirra, sem notkun geymanna tilheyrir og gætu hugsanlega valdið olíumengun sjávar, ef að þeim kæmi óvæntur olíuleki sbr. þó grein 1.3 og 1.4.

1.3. Reglur þessar skulu ekki ná til olíubirgðageyma, sem rúma minna en 10 000 lítra af olíu.

1.4. Reglur þessar skulu ekki gilda fyrir olíubirgðageyma, sem eru grafnir í jörðu, en um slíka geyma þarf sérstakt samþykki Siglingamálastofnunar hverju sinni vegna mengunarvarna.

2. gr.
Almenn ákvæði.

2.1. Eigi skal velja olíubirgðastöðvum stað, þar sem hætta er talin á að náttúruhamfarir, s. s. skriðuföll og snjóflóð, geti valdið spjöllum á landi og/eða mannvirkjum að mati viðkomandi skipulagsyfirvalda.

2.2. Um olíubirgðageyma skal vera olíuheld varnarþró, sem varnar því, að olíuleki úr geymi eða lögnum innan þróar, geti valdið óvæntri olíumengun utan hennar. Um stærð og gerð varnarþróa fer skv. 4. gr.

2.3. Olíubirgðastöðvar skulu vera girtar fyrir mannaferð og lokaðar utan þess tíma, er starfsmenn eru í stöðinni.

2.4. Í hverri olíubirgðastöð skal vera búnaður til þess að skilja að olíu og vatn, og skal allt yfirborðsvatn, svo og undantöppunarvatn frá olíubirgðageymum leitt um þennan búnað, áður en því er hleypt út úr stöðinni.

2.5. Í olíuinnflutningsstöðvum, þar sem olíu er dælt í olíuflutningaskip, skulu vera fullnægjandi móttökuskilyrði fyrir olíublandaða kjölfestu frá olíuflutningaskipum.

2.6. Eigendur olíubirgðastöðva skulu tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins tafarlaust um öll óhöpp, er verða í tengslum við starfsemi viðkomandi olíubirgastöðvar og leiða til þess, að olía fer í sjó.

3. gr.
Teikningar.

3.1. Áður en hafist er handa um byggingu nýrra olíubirgðastöðva eða breytingar á eldri stöðvum, skal senda til Siglingamálastofnunar ríkisins teikningar í þríriti af fyrirkomulagi í stöðinni til samþykktar.

Teikningar skulu sýna eftir aðstæðum:

a) Stærð og gerð olíuheldrar varnarþróar. Jarnframt skulu fylgja teikningum niðurstöður lektarprófs á jarðvegi, ef fyrirhugað er að byggja þróna úr jarðvegi, eingöngu.

b) Staðsetningu og stærð einstakra geyma, röralagnir og staðsetningu loka.

c) Staðsetningu, stærð og gerð olíuskiljubúnaðar.

3.2. Verktaki sá, er tekur að sér að sjá um verk viðkomandi búnaði olíubirgðastöðvar til varnar gegn olíumengun sjávar, skal tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins, hvenær byrjað verður á verkinu og hvenær áætlað er, að því ljúki vegna eftirlits.

4. gr.

Olíuheld varnarþró.

4.1. Stærð olíuheldrar varnarþróar skal vera sem hér segir:
a) Fyrir einn olíubirgðageymi, skal rúmtak þróarinnar ekki vera minni en 60% af rýmd geymisins.
b) Fyrir tvo olíubirgðageyma eða fleiri í sömu þró, skal rúmtak þróarinnar ekki vera minna, en sem svarar 90% af rýmd stærsta geymisins í þrónni að viðbættri rýmd annarra geyma í vegghæð þróarinnar.

4.2. Sé rúmtak varnarþróar skv. 4.1. (a) og (b) minna en 100% af rýmd viðkomandi geymis, skal tryggt, að fyrir hendi sé á staðnum, búnaður til frumaðgerða, vegna olíumengunar í sjó, fullnægjandi að mati Siglingamálastofnunar ríkisins.

4.3. Gerð olíuheldrar varnarþróar skal tryggja, að olía sú, sem geymd er í geymum í þrónni, leki ekki að marki út í umhverfi olíubirgðastöðvarinnar, ef þróin fyllist af slíkri olíu. Þetta skal merkja, að leki olíunnar um gólf og veggi þróarinnar, sé aldrei meiri á 24 klst., en sem svarar $^1/_{10}$ af rúmtaki hennar.

4.4. Ef byggja á varnarþró úr jarðvegi, skal hann lektarmældur af viðurkenndum aðila og teljast viðunandi byggingarefni, ef lektin er minni, en sem svarar 10—4 cm/s miðað við vatn eða vökva með ámóta seigju. Lektarpróf skal framkvæma með 90—95% þjöppun og skal þjöppun á staðnum ekki vera minni en það.

4.5. Siglingamálastofnun getur, í samráði við olíufélög, sett nánari ákvæði um gerð og byggingu varnarþróa, ef ástæða þykir til.

5. gr.

Lokar og lagnir.

5.1. Lokar skulu vera inni í þrónni, á lögnum að og frá geymi og skulu þeir ávallt vera lokaðir, nema á meðan dælt er úr eða í geyminn.

5.2. Á löndunarlögnum þ. e., þar sem olíu er dælt úr olíuflutningaskipum, skulu vera einstefnulokar.

5.3. Lagnir að og frá geymum utan varnarþróar, skulu gerðar fyrir 10 kg/cm^2 vinnuþrýsting.

5.4. Múrningar olíuflutningaskipa og olíulagnir, sem lagðar eru neðansjávar, skulu háðar eftirliti eigenda, að höfðu samráði við Siglingamálastofnun ríkisins.

6. gr.

Lekabyttur.

6.1. Við öll tengi á olíulögnum utan varnarþróar, skulu vera lekabyttur til þess að taka við tilfallandi olíuleka.

7. gr.

Olíuskiljubúnaður.

7.1. Olíuskiljubúnaður skal vera utan varnarþróar. Lokar skulu vera á lögnum að skiljubúnaði, og skulu þeir ávallt vera lokaðir utan þess tíma, sem starfsmenn eru stöðinni.

7.2. Gerð og fyrirkomulag olíuskiljubúnaðar er háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins, og skal stofnunin gefa út leiðbeiningar fyrir eigendur olíubirgðastöðva við hönnun á slíkum búnaði.

8. gr.
Eftirlit.

8.1. Siglingamálastofnun ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna.

9. gr.
Refsingar.

9.1. Brot gegn reglum þessum skulu varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum ákvæðum.

10. gr.
Gildistaka.

10.1. Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 3. gr. laga nr. 77, 10. maí 1966, birtast hér með til að öðlast þegar gildi gagnvart olíubirgðastöðvum, sem byggðar eru eftir gildistöku reglanna, en stefnt skal að því að koma eldri olíubirgðastöðvum, sem fyrst, í sama horf.

Samgönguráðuneytið, 10. september 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

22. september 1982. Nr. 561.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af aðalskipulagi Ísafjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 20. september 1982 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Ísafjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Ísafjarðar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur sá af Ísafirði, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 16. mars 1927.

Félagsmálaráðuneytið, 22. september 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir efnarannsóknir og aðra þjónustu, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast frá 1. september 1982.

Gjöld fyrir almennar efnarannsóknir, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Fóðurefnagreiningar:	Kr.
Vatn	45,00
Vatn í votheyi (Touleneiming)	110,00
Meltanleiki in vitro	60,00
Prótein (Kjeldhal)	110,00
Meltanlegt prótein	170,00
Tréni	110,00
Van Soest aðferð (Cellulósi, Hemicellulósi, lignin)	165,00
Fita (eter extract)	75,00
Brunagildi	140,00
Aska	60,00
Brennisteinn	80,00
Kalsíum	75,00
Fosfór	80,00
Magnesíum	75,00
Kalíum	75,00
Natríum	75,00
Kopar	80,00
Mangan	80,00
Zink	80,00
Járn	80,00
Bór	140,00
B^1 vítamín	250,00
B^2 vítamín	250,00
pH í votheyi	25,00
Sýrir+ NH_3 í vothey	145,00
Heildarrannsókn á þurrheyi [1])	110,00
Heildarrannsókn á votheyi [2])	250,00

Jarðvegsefnagreiningar:	
Fosfór (P)	40,00
Kalíum (K)	30,00
Nitrat NO_3	30,00
Leiðnitala (Lt)	25,00
Sýrustig (pH)	25,00
Áætluð „kalkþörf"	40,00

[1]) Meltanleiki, prótein, steinefni

[2]) Meltanleiki, prótein, steinefni, pH, sýrur + NH_3.

Matvælaefnagreiningar:

Prótein (Kjeldhal)	110,00
Nítrat	95,00
Nítrít	95,00
Fita (með soxhlet)	75,00
Tréni	110,00
Sykurefni	110,00
Aska	60,00
Vatn	40,00
Fitusýrugreining	1 250,00
Kalsíum	75,00
Fosfór	80,00
Magnesíum	75,00
Kalíum	75,00
Natríum	75,00
Járn	80,00
Salt	60,00
B^1 vítamín	250,00
B^2 vítamín	250,00
C vítamín	160,00

Plöntusjúkdómar og meindýr:

Einfaldar greiningar á meindýrum og öðrum skaðvöldum	60,00
Umfangsmeiri greiningar á skaðaorsökum	110,00
Útgáfa heilbrigðisvottorða eða stimplun vegna inn- og útflutnings plantna	40,00

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. september 1982.

Pálmi Jónsson.

Guðmundur Sigþórsson.

24. september 1982. Nr. 563.

REGLUGERÐ

um Olíusjóð fiskiskipa.

1. gr.

Olíusjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á gas- og svartolíu til íslenskra fiskiskipa á tímabilinu frá 1. september til 31. desember 1982.

2. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast stjórn og gæslu sjóðsins og sjá um greiðslu úr honum.

3. gr.

Niðurgreiðsla olíuverðs skal vera 22% af útsöluverði eins og það er ákveðið af verðlagsnefnd hverju sinni á tímabilinu.

4. gr.

Niðurgreiðsla á olíu skal bundin við það að olía sé afgreidd um borð í fiskiskip hér á landi.

5. gr.

Olíusjóður fiskiskipa skal greiða olíufélögunum jafngildi niðurgreiðslna sbr. 3. gr., enda láti olíufélögin sjóðnum í té afrit af sölunótum staðfestum af móttakanda, þar sem greint sé frá nafni og númeri skips, afhendingartíma, magni og tegund olíu.

Miðað skal við að uppgjör til olíufélaganna fari fram hálfsmánaðarlega.

6. gr.

„Fiskiskip" merkir í reglurgerð þessari sérhvert það skip sem gert er út til fiskveiða í atvinnuskyni og skráð er hjá Siglingamálastofnun ríkisins.

7. gr.

Olíufélögin skulu láta Seðlabankanum í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til eftirlits með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt.

8. gr.

Skipstjórum eða útgerðarmönnum íslenskra fiskiskipa sem fá keypta olíu á niðurgreiddu verði samkvæmt 3. gr. er skylt að halda til haga afritum af sölunótum og láta þau af hendi við Seðlabankann verði þess krafist. Seðlabankinn skal velja af handahófi einstök fiskiskip til athugunar á því hvort olíukaup þeirra eru með eðlilegum hætti samkvæmt reglugerðinni.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða missi niðurgreiðsluréttinda eftir ákvörðun ráðuneytisins, auk viðurlaga samkvæmt almennum hegningarlögum, eftir því sem við á. Hver sá maður, sem veitir liðsinni sitt til slíkra brota, skal einnig sæta viðurlögum almennra hegningarlaga.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 81 21. september 1982, um Olíusjóð fiskiskipa og hækkun fiskverðs, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. september 1982.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

Stjórnartíðindi B 59, nr. 556—563. Útgáfudagur 30. september 1982.

STJÓRNARTÍÐINDI B 60 — 1982

28. september 1982. 1021 Nr. 564.

REGLUR

um ryðvörn ótollafgreiddra bifreiða.

1. gr.

Tollstjóri getur heimilað farmflytjendum að flytja ótollafgreiddar bifreiðar til ryðvarnarstöðva sem fengið hafa sérstakt leyfi viðkomandi tollstjóra til að ryðverja ótollafgreiddar bifreiðar, sbr. 2. gr.

Farmflytjandi sem óskar eftir heimild til að flytja ótollafgreiddar bifreiðar í ryðvarnarstöðvar skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til tollstjóra í því umdæmi þar sem geymslur farmflytjanda fyrir ótollafgreiddar bifreiðar eru og skal hún fela í sér ábyrgðaryfirlýsingu skv. 3. gr.

2. gr.

Ryðvarnarstöð sem óskar eftir heimild til að ryðverja ótollafgreiddar bifreiðar skal senda beiðni þar að lútandi til tollstjóra í því umdæmi þar sem starfsemi fer fram og skal hún fela í sér ábyrgðaryfirlýsingu skv. 3. gr.

Ryðvarnarstöð sem leyfi fær samkvæmt þessari grein skal eiga eða hafa aðgang að nægu geymslurými fyrir starfsemi sína. Skulu það vera hús eða afgirt svæði. Beiðni slíkrar ryðvarnarstöðvar skulu fylgja uppdrættir og lýsing á þeim geymslustað sem ryðvarnarstöðin hyggst nota fyrir starfsemi sína. Viðkomandi tollstjóri og tollgæslustjóri skulu viðurkenna slíka geymslustöð áður en ryðvarnarleyfi er veitt og gilda um hana ákvæði laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Tollstjóri getur bundið leyfi skv. 1. og 2. gr. þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja framkvæmd reglna þessara.

3. gr.

Bifreið sem flutt er ótollafgreidd í ryðvarnarstöð skal teljast vera í vörslu farmflytjanda og skal hann á sína ábyrgð annast flutning bifreiðar úr geymslum sínum til ryðvarnarstöðvar og í þær aftur að ryðvörn lokinni. Farmflytjandi og ryðvarnarstöð sem leyfi hafa skv. 1. og 2. gr. bera hvor um sig fulla og óskipta ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu, þ. m. t. söluskattur, svo og hvers konar tjóni sem hljótast kann af flutningi og ryðvörn bifreiðar.

4. gr.

Bifreiðainnflytjandi sem óskar eftir að ótollafgreidd bifreið verði ryðvarin skal snúa sér til viðkomandi ryðvarnarstöðvar með beiðni þar að lútandi á þar til gerðu eyðublaði. Undirritun bifreiðainnflytjanda á ryðvarnarbeiðni skal fela í sér yfirlýsingu um ábyrgð hans á greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem á bifreiðinni hvíla svo og ef tjón hlýst við flutning eða ryðvörn bifreiðar. Í beiðninni skulu veittar upplýsingar um flutningsfar, farmskárnúmer, tegund og verksmiðjunúmer bifreiðar, fylgihluti svo og aðrar þær upplýsingar sem eyðublaðið gefur tilefni til.

B 128

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

5. gr.

Ryðvarnarstöð skal senda ryðvarnarbeiðni bifreiðainnflytjanda, sbr. 4. gr., til farmflytjanda.

Ótollafgreidda notaða bifreið má því aðeins flytja í ryðvarnarstöð að hún hafi áður verið skoðuð af tollstarfsmanni.

Bifreið sem flutt hefur verið í ryðvarnarstöð skal flutt aftur á sama stað í geymslur viðkomandi farmflytjanda innan fimmtán daga.

Óheimilt er að afhenda bifreið beint úr ryðvörn til bifreiðainnflytjanda nema fullnaðartollafgreiðsla hafi farið fram eða trygging sett samkvæmt 21. gr. tollskrárlaga og fulltrúi farmflytjanda staðfesti með áritun á ryðvarnarbeiðni að afhending bifreiðar sé heimil.

Óheimilt er að hafa fleiri en 40 ótollafgreiddar bifreiðar á svæði ryðvarnarstöðvar í einu.

6. gr.

Farmflytjandi og ryðvarnarstöðvar sem reglur þessar taka til skulu 1. dag hvers mánaðar eða næsta virkan dag þar á eftir senda viðkomandi tollstjóra skýrlsu á þar til gerðu eyðublaði um ótollafgreiddar bifreiðar sem teknar hafa verið til ryðvarnar í næstliðnum mánuði.

7. gr.

Skemmdir sem kunna að verða á bifreið sem flutt er til ryðvarnarstöðvar eða vöntun sem í ljós kann að koma, m. a. á fylgihlutum, er á ábyrgð farmflytjanda, ryðvarnarstöðvar og innflytjanda, sbr. 3. og 4. gr., og hafa ekki áhrif á tollverð bifreiðar við ákvörðun aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem á eru lögð við tollafgreiðslu bifreiðar, nema skoðun fari fram af hálfu tollgæslunnar áður en bifreið er flutt í ryðvarnarstöð. Um skemmdir eða vöntun gilda að öðru leyti almennar reglur þar að lútandi eins og þær eru á hverjum tíma.

8. gr.

Fari farmflytjandi eða ryðvarnarstöð eigi eftir fyrirmælum þeim sem sett eru samkvæmt ákvæðum reglna þessara eða sett kunna að hafa verið í einstök leyfi getur tollstjóri svipt viðkomandi leyfi í allt að sex mánuði og að fullu ef um ítrekað brot er að ræða.

Brot á reglum þessum varða að öðru leyti viðurlögum samkvæmt ákvæðum IX. kafla laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum.

9. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 23. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 28. september 1982.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Ingólfur Friðjónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Hitaveitu Hafnarhrepps, Hitaveitu Seyðisfjarðar og Rafveitu Siglufjarðar.

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 1982 um „að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu" og samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 21. ágúst, þar sem ákveðið var að „tryggður verði áfangi í jöfnun húshitunarkostnaðar frá 1. október n. k." eru hér með auglýstar eftirfarandi breytingar á gjaldskrám ofantalinna orkufyrirtækja:

1. Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66, 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða frá og með 1. október 1982:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 534, frá 18. ágúst 1982.

Taxti A5. Markmæling. Orkugjald lækki úr 0,37 kr/kwh í	0,30 kr/kwh
Taxti C1. Hitun—íbúðarhúsnæðis. Orkugjald lækki úr 0,50 kr/kwh í	0,41 kr/kwh
Taxti C2. Hitun—íbúðarhúsnæðis. Orkugjald lækki úr 0,34 kr/kwh í	0,29 kr/kwh

Aðrir gjaldskrárliðir verða óbreyttir.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 519, frá 18. ágúst 1982.

B. Heimili. Markmæling.

Orkugjald af allri notkun lækki úr 0,37 kr/kwh í	0,30 kr/kwh

D. Húshitun. Íbúðarhúsnæði.

Taxti 4.1. Orkugjald lækki úr 1,37 kr/kwh í	1,28 kr/kwh
Taxti 4.2. Orkugjald lækki úr 1,07 kr/kwh í	0,98 kr/kwh
Taxti 4.3. Orkugjald lækki úr 0,50 kr/kwh í	0,41 kr/kwh
Taxti 4.4. Markmæling. Orkugjald lækki úr 0,22 kr/kwh í	0,13 kr/kwh
Taxti 4.6. Næturhitun. Orkugjald lækki úr 0,28 kr/kwh í	0,22 kr/kwh

Gjöld fyrir húshitun annars en íbúðarhúsnæðis breytast ekki.

Aðrir gjaldskrárliðir verða óbreyttir.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 496, frá 18. ágúst 1982.

Gjald samkv. 1. mgr. 3. gr. fyrir afnot heita vatnsins fyrir íbúðarhúsnæði lækki úr kr. 0,45 samkv. orkumæli fyrir hverja kwh í kr. 0,36.

Lækkun þessi gildir eingöngu fyrir íbúðarhúsnæði.

Gjöld fyrir húshitun annars en íbúðarhúsnæðis breytast ekki.

Aðrir gjaldskrárliðir verða óbreyttir.

2. Rafveita Siglufjarðar.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá rafveitunnar nr. 521, 18. ágúst 1982, frá og með 1. október 1982:

Taxti 4.1, orka til húshitunar, lækki úr 0,50 kr/kwh í ..... kr. 0,47/kwh

Gjöld fyrir húshitun annars en íbúðarhúsnæðis breytast ekki.

Aðrir liðir gjáldskrárinnar verða óbreyttir.

3. Hitaveita Hafnarhrepps og Hitaveita Seyðisfjarðar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá hitaveitnanna frá og með 1. október 1982:

Gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps, nr. 508, 18. ágúst 1982.

Gjöld samkv. 1. mgr. 3. gr. fyrir afnot heita vatnsins samkvæmt orkumæli lækki úr 0,37 kr/kwh í kr. 0,31 kr/kwh og samkvæmt vatnsmæli úr kr. 4,67 fyrir hvern rúmmetra vatns í kr. 3,87.

Gjöld samkvæmt 4. gr.

	kr.
a) fyrir mæla til og með 3/4" lækki úr kr. 151,30 í	125,40
b) fyrir mæla 1"—2" lækki úr kr. 304,25 í	252,15
c) fyrir mæla stærri en 2" lækki úr kr. 608,50 í	504,00

Lækkun þessi gildir eingöngu fyrir íbúðarhúsnæði.
Gjöld fyrir húshitun annars en íbúðarhúsnæðis breytast ekki.

Aðrir liðir gjaldskrárinnar verða óbreyttir.

Gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, nr. 507, 18. ágúst 1982.

Gjöld samkv. 1. mgr. 3. gr. fyrir afnot heita vatnsins samkv. orkumæli lækki úr 0,44 kr/kwh í kr. 0.36 kr/kwh.
Lækkun þessi gildir eingöngu fyrir íbúðarhúsnæði.
Gjöld fyrir húshitun annars en í íbúðahúsnæðis breytast ekki.

Aðrir gjaldskrárliðir verða óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 29. september 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 61 — 1982

27. september 1982. 1025 Nr. 566.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 688 28. desember 1981, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa 1982, sbr. reglugerð nr. 234 11. maí 1982.

1. gr.

3. töluliður 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í 20 daga samtals á tímabilinu 1. september til 31. desember 1982.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á sama tíma og skip láta af þroskveiðum sbr. 2. og 6. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki vera meiri en hér segir:

1. 5% í 28 daga.
2. 15% í 41 dag.
3. 30% í 41 dag.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndum fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi 2. gr. reglugerðarinnar nr. 234 11. maí 1982, um breyting á reglugerð nr. 688 28. desember 1981, um takmarkanir á þorskveiðum togbáta 1982.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. september 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

kisprentsmiðjan Gutenberg

GJALDSKRÁ

fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpi.

I. Hljóðvarp:

(Miðað er við krónur fyrir hvert orð).

	kr.
Flokkur 1. Dánartilkynningar og jarðarfarir, messur, góðgerðarstarfsemi, tapað — fundið	16,00
Flokkur 2. Opinberar tilkynningar, auglýsingar um fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og viðskipti, sem lesnar eru kl. 09:30 og kl. 16:00.	25,00
Flokkur 3. Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir og eftir hádegisfréttir og fyrir kvöldfréttir	31,00
Flokkur 4. Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir	62,00

II. Sjónvarp

(Miðað er við krónur fyrir sekúndur).

7 sek.	2 160,00
10 sek.	3 350,00
15 sek.	4 200,00
20 sek.	5 200,00
25 sek.	5 870,00
30 sek.	6 540,00
35 sek.	7 720,00
40 sek.	8 320,00
45 sek.	8 920,00
50 sek.	9 900,00
55 sek.	10 900,00
60 sek.	11 900,00

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. október 1982 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 14. september 1982.

F. h. r.
Knútur Hallsson

Runólfur Þórarinsson.

REGLUGERÐ

um merkingu sérlyfja

1. gr.

Almenn ákvæði

Eftirfarandi reglur gilda um merkingu á ytri og innri umbúðum lyfja og um áletranir á fylgiseðli með umbúðum, ef um er að ræða.

Áletra skal á innri og ytri umbúðir lyfja:
Heiti sérlyfs, þ. e. **nafn, lyfjaform og styrkleika.**
Pakkningastærð.
Innihaldsefni.
Nafn framleiðanda.
Fyrningardagsetningu.
Nauðsynlegar leiðbeiningar um geymslu.
Nauðsynleg varnaðarorð.
Aðrar upplýsingar, er máli skipta um rétta meðferð lyfsins.

Norrænt vörunúmer skal vera á ytri umbúðum lyfs. Séu slíkar ytri umbúðir ekki fyrir hendi skal norrænt vörunúmer vera á merkimiða. Lyfjanefnd sækir um norrænt vörunúmer að fengnum upplýsingum um pakkningastærðir og gerð umbúða hvers lyfs.

Þær upplýsingar, sem mestu máli skipta um rétta afgreiðslu og notkun lyfs, skal prenta með greinilegu og áberandi letri á merkimiða lyfsins. Á þetta einkum við um nafn lyfsins, lyfjaform og styrkleika, upplýsingar um notkun þess, leiðbeiningar um geymslu, varnaðarorð og pakkningastærð. Aðrar upplýsingar t. d. innihaldsefni lyfsins og nafn framleiðanda, skal prentað með smærra letri.

2. gr.

Sérstök ákvæði

2.1. **Lyfjaform.**

Nota skal viðurkennt íslenskt heiti á lyfjaformi. Þó skal nota bæði viðurkennt íslenskt og latneskt heiti á þeim lyfjaformum, sem að jafnaði eru nær eingöngu notuð á sjúkrahúsum (t. d. Blóðskilunarþykkni/Haemodialytica concentrata; Blóðskilunarvökvi/Dialytica peritonealia; Innrennslislyf/Infundibilia). Sjá viðauka 1.

2.2. **Styrkleiki.**

Þegar lyf inniheldur aðeins eitt virkt efni, skal styrkleiki vera hluti af nafni lyfsins.
Þegar um er að ræða lyfjaform í afmældum skömmtum (t. d. töflur, hylki o. fl.), skal greina magn virks efnis í hverjum skammti. Á þetta einnig við um úðalyf (innúðalyf), sem gefa afmældan skammt við hverja úðun.
Þegar um er að ræða lyfjaform, sem ekki er í afmældum skömmtum, skal greina magn virks efnis á eftirfarandi hátt:

a) fljótandi lyfjaform (t. d. mixtúrur) sem magn í ml,
b) hálfföst eða föst lyfjaform (t. d. hlaup, smyrsli o. fl.) sem magn í g eða sem hundraðshluta af þunga (w/w %).

Magn innihaldsefnis skal að jafnaði greint í mg. Ef magn er eitt gramm eða meira, skal það greint í g. Ef magn er minna en 0.1 mg, skal það greint í míkróg.
Nota má aðrar alþjóðlegar magnákvarðanir, t. d. a. e. (alþjóðlegar einingar) og mmól/l.

2.3. **Pakkningastærð,** sjá ennfremur 4. lið.
Stærð pakkningar, t. d. fjöldi taflna, skal greind á merkimiða. Ekki skal greina í merkingu yfirmagn í lykjum (ampullae). Þegar lyf er undir þrýstingi í umbúðum, skal greina bæði nettó- og brúttóþyngd umbúða. Greina skal fjölda einstakra eininga þeirra úðalyfja (innúðalyfja), sem gefa afmælda einingu við hverja úðun. Pakkningastærð smyrsla skal greina í g.

2.4. **Innihaldsefni.**

2.4.1. **Virk innihaldsefni.**
Ávallt skal greina nafn virkra innihaldsefna og magn þeirra.
Á innri umbúðir lyfsins á að prenta nafn hins virka efnis með a. m. k. hálfri leturstærð miðað við fulla leturstærð á nafni lyfsins, þegar lyfið inniheldur aðeins eitt virkt efni.. Skal nafn hins virka efnis greint undir nafni lyfsins eða þar sem skilgreining er á lyfjaforminu sjálfu og þá á sömu hlið umbúðanna og nafn lyfsins.

2.4.2. **Óvirk innihaldsefni (hjálparefni).**
Greina skal nöfn og magn **allra** innihaldsefna í stungulyfjum og innrennslislyfjum.
Greina skal nákvæmlega nöfn allra innihaldsefna í lyfjum, sem ætluð eru til útvortis notkunar svo og í nefdropum, augndropum, spenalyfjum og lyfjum, sem ætluð eru til íkomu í leg (uteritoria - legstílar). Ávallt skal greina nafn og magn rotvarnarefna í augndropum.
Ekki þarf að jafnaði að greina nafn og magn hjálparefnis í lyfjum til inntöku (t. d. töflur og mixtúrur) eða í endaþarmsstílum á annan hátt en sem „burðarefni" (konstituentia).
Nöfn og magn sykurtegunda t. d. sakkarósa, glúkosa og sykuralkóhóla, t. d. sorbítól, skal þó greina, séu efni þessi notuð í tuggutöflur eða munsogtöflur svo og lyf til inntöku. Veita má undanþágu frá þessu ákvæði, þegar um er að ræða lítið magn efnis, sem notað er af tæknilegum ástæðum við framleiðslu lyfsins.
Litar-, lyktar- og bragðefni má greina undir samheitum, t. d. litarefni" „bragðefni" o. s. frv.
Magn etanóls skal greint, nema mjög lítið magn hafi verið notað við framleiðslu lyfsins af tæknilegum ástæðum.
Sé fylgiseðill (pökkunarseðill) með lyfi, skal greina á honum þau litarefni og rotvarnarefni, sem notuð eru í lyfið svo og alþjólegar merkingar þeirra, séu þær til, t. d. Evrópukóda, CI—númer (Colour Index).

2.4.3. **Nafngiftir og upplýsingar um magn.**
Nöfn á innihaldsefnum lyfja skal greina sem INN-nöfn, séu þau til, í öðru lagi sem NFN-nöfn, í þriðja lagi sem BAN-nöfn eða USAN-nöfn og í fjórða lagi má nota nafngiftarreglur IUPAC. Sé ekki hægt að nota þær nafngiftir, sem að framan greinir, má nota verslunarheiti efnisins.
Séu notuð önnur nöfn en INN-nöfn, skal nafngiftarheimild ávallt greind á merkimiða. Magn innihaldsefna skal greina á sama hátt og styrkleika, sbr. síðustu málsgr. í lið 2.2. hér að framan.

2.5. **Nafn framleiðanda.**
Nafn framleiðanda skal greint bæði í ytri og innri umbúðum.

2.6. **Athugasemdir framleiðanda.**

2.6.1. **Númer framleiðslulota.**
Greina skal númer framleiðslulotu lyfs bæði á ytri og innri umbúðum, sbr. þó 1. málsgr. 3. gr.

2.6.2. **Fyrning.**
Greina skal fyrningu lyfs bæði á ytri og innri umbúðum lyfs.
Fyrning skal greind þannig: (Notist fyrir: mán, ár).
Ef fyrning breytist (t. d. við endanlegan tilbúning í lyfjabúð eða breytt geymsluskilyrði hjá neytanda) skal ennfremur standa „.... í síðasta lagi eftir .....klst./daga/mán. eftir afhendingu úr lyfjabúð eða eftir að umbúðir eru rofnar."

2.7. **Geymsluákvæði.**
Leiðbeiningar um geymslu lyfs, t. d. „Geymið á köldum stað", „Geymið varið ljósi", skal letra, þegar þær eru ætlaðar neytanda.
Skorti rými á merkimiða fyrir þessar áletranir, skulu þær greindar á fylgiseðli með lyfinu.

2.8. **Varnaðarorð.**
Allar umbúðir um lyf skulu merktar áletruninni „Geymið, þar sem börn ná ekki til".
Undanþegnar þessu ákvæði eru sjúkrahúspakkningar.
Á umbúðir eða fylgiseðil skal letra varnaðarorð, sem miða að því að koma í veg fyrir slys af völdum lyfsins eða vara við aukaverkunum.
Merkja skal varúðarþríhyrningi, þau lyf, sem geta haft áhrif á hæfni manna til að aka bifreið eða stjórna hvers konar vélum.
Þríhyrningurinn skal þannig staðsettur, að hann sé áberandi og falli vel að annarri merkingu á lyfjaumbúðunum.
Þríhyrningurinn skal vera jafnhliða, rauður rammi á hvítum grunni og skulu hliðar eigi vera minni en 10 mm, en breidd rammans eigi minni en 2 mm.
Sjá viðauka 2.

2.9. **Tæknilegar leiðbeiningar.**
Lyf skulu merkt þeim tæknilegu leiðbeiningum, sem telja má nauðsynlegar. Er hér átt við leibeiningar um lokastig framleislu lyfs, sem fyrir afhendingu er geymt ófullbúið í samsettri pakkningu, um notkun úðaíláta, um notkun taflna (leysið töfluna upp fyrir inntöku, gleypið töfluna í heilu lagi, tryggið, tyggið ekki), fyrirmæli um að hrista mixtúrur og dreifur eða um dreifingu (homogenization-spädning) fyrir notkun. Vanti rými á merkimiða fyrir þessar leiðbeiningar, skulu þær greindar á fylgiseðli með lyfinu.

2.10. **Lausasölulyf.**
Á lausasölulyfjum skal greina helstu ábendingar lyfs og venjulegar skammtastærðir. Heilbrigðisyfirvöld geta krafist þess, að aukaverkanir séu greindar á merkimiðum lausasölulyfja.

2.11. **Dýralyf.**
Lyf, sem einungis eru ætluð dýrum skulu merkt: „Dýralyf". Ákvæði um, hvenær nýta megi afurðir dýrs eftir notkun lyfs, skulu greind á merkimiða.

3. gr.

Önnur ákvæði

Þegar umbúðir um lyf eru það litlar, að ógerlegt er að merkja þær fullkominni merkingu, skulu þær a. m. k. bera nafn lyfs, styrkleika, númer framleiðslulotu og innihaldsmagn.

Á þynnupökkuðum lyfjaformum (t. d. töflum) skal greina nafn lyfs, styrkleika og númer framleiðslulotu. Skal nafn lyfsins prentað á þann hátt að það sé ávallt tengt hverri einingu.

Í merkingu stungulyfs skal koma fram, á hvern hátt það skal notað. Til þessa má nota alþjóðlegar skammstafanir, t. d. iv (intravascularis (í æð)), im (intramuscularis (í vöðva)), sc (subcutanea (undir húð)).

4. gr.

Pakkningastærð, sjá ennfremur lið 2. 3.

Pakkningar skulu vera hæfilega stórar til lyfseðilsávísunar m. t. t. notkunar og geymsluþols lyfs. Lyfjum, sem ætluð eru til afgreiðslu á sjúkrahús, skal pakkað í fjöldapakkningar, t. d. 5 × 100 töflur en ekki 1 × 500 töflur.

5. gr.

Undanþágur

Ráðuneytið getur, ef knýjandi ástæður eru fyrir hendi, veitt undanþágu frá reglum þessum, enda mæli lyfjanefnd með slíkri undanþágu.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í ákvæðum 17. og 28. gr. lyfjalaga nr. 49/1978. Ákvæði reglugerðarinnar öðlast þegar gildi, að þeim undantekningum, er varða merkingu lyfja með varúðarþríhyrningi. Merkingin skal framkvæmd frá og með 1. janúar 1983 í lyfjabúðum, eftir því sem við á.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. september 1982.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.

Viðauki 1.

Íslensk heiti lyfjaforma og skilgreining þeirra.

Augndropaduft, sjá Augndropar

Augndropar (Ögondroppar/Öjendråber/Silmätippoja)

Augndropar eru fljótandi lyfjaform, ætlað til að dreypa í auga.

Duft, ætlað til framleiðslu á augndropum, nefnist **augndropaduft** (pulver till ögondroppar/pulver til öjendråber/Jauhe silmätippoja varten).

Ath. Ílát undir augndropaduft skulu merkt þannig, að heitið **augndropar** standa á þeim við afhendingu lyfsins úr lyfjabúð.

Augnskolvatn (Öjenbadevand/Öyebadevann/Ögonvatten/Silmävesi)
Augnskolvatn er fljótandi lyfjaform, ætlað til að skola augu.

Augnsmyrsli (Ögonsalva/Silmäcvoide)
Augnsmyrsli er smyrslikennt lyfjaform, ætlað til að bera í augu eða á hvarma.

Áburður (Liniment/Linimentti)
Áburður er fljótandi lyfjaform til útvortis notkunar. Áburður er ýmist lausn (solutio), fleyti (emulsio) eða dreifa (suspensio).
Með heimild í 18. gr. laga nr. 60 31. maí 1976, um skipulag ferðamála, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 266 24. júlí 1978, um almennar ferðaskrifstofur, hefur ráðuneytið ákveðið að trygging sú, sem setja verður vegna reksturs ferðaskrifstofu skuli eigi vera lægri en 800 þús. kr. frá birtingu þessarar auglýsingar að telja.

Handhöfum gildandi ferðaskrifstofuleyfa er þó veittur frestur til 31. desember 1982 til að auka tryggingarfé sitt.

Samgönguráðuneytið, 30. september 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Hvolhreppi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Hvolhrepps eru hér settar eftirgreindar reglur um umferð í Hvolhreppi.

1. Umferð um Nýbýlaveg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Króktúni, Norðurgarði, Öldugerði, Litlagerði og Stóragerði, sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðalaga.
2. Umferð um Suðurlandsveg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Dufþaksbraut, sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. og 4. mgr. 65. gr. umferðarlaga.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. október 1982.

Sýslumaður Rangárvallasýslu, 27. ágúst 1982.

Böðvar Bragason.

30. september 1982. Nr. 575.

SAMÞYKKT

um hundahald í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í Hafnarfirði. Þó er bæjarstjórn heimilt að veita undanþágur til hundahalds, ef lögregluyfirvöld eða hjálparsveitir sækja um leyfi til að halda hunda vegna löggæslu- eða leitarstarfa eða hins vegar að blindir menn sækja um leyfi til að halda hunda sér til leiðsagnar, enda liggi þá fyrir umsögn læknis.

2. gr.

Lögreglu og heilbrigðisfulltrúa er heimilt að handsama hunda, sem eru án leyfis í bænum, og tekur lögreglan ákvörðun um, hvað gert skuli við slíka hunda.

3. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum, en varðhaldi séu sakir miklar. Með mál, er rísa kunna vegna brota, skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi frá og með 1. mars 1983 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1982.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

fyrir sambýli.

1. gr.

Vistun þroskaheftra einstaklinga skal miðast við að sem flestir eigi þess kost að búa á sambýlum, þar sem íbúunum er veitt öryggi og vernd eins og á almennum heimilum.

2. gr.

Sambýli eru heimili fámenns hóps þroskaheftra, sem staðsett skulu í almennum íbúðarhverfum og skulu þau líkjast venjulegum heimilum að svo miklu leyti sem unnt er.

3. gr.

Húsnæði fyrir sambýli getur verið íbúð í fjölbýlishúsi, fleiri en ein íbúð í sama fjölbýlishúsi, raðhús, einbýlishús eða annað húsnæði sem flokkast undir almennt íbúðarhúsnæði.

4. gr.

Í hverju sambýli skulu að jafnað ekki búa fleiri en 8 einstaklingar, þó skulu á þeim sambýlum þar sem íbúar þurfa mikla aðstoð eigi búa fleiri en 6 einstaklingar.

5. gr.

Sambýli geta verið af eftirfarandi tegundum:

a) Sambýli fyrir fólk sem getur að mestu leyti séð um sig sjálft, en þarfnast lítillar leiðbeiningar í daglegu lífi þó án stöðugrar viðveru umsjónarmanns eða leiðbeinanda. Á slíku sambýli er engin næturvarsla. Á sambýli af þessari tegund skal að jafnaði einn starfsmaður starfa.

b) Sambýli fyrir fólk sem er eða vill lifa í sambúð. Ákvæði a) liðar gilda einnig um þetta sambýli.

c) Sambýli fyrir fólk sem þarfnast aðstoðar við dagleg störf með stöðugri viðveru umsjónar- eða þjálfunarmanns ásamt næturvörslu.
Á sambýli af þessari tegund skal að jafnaði miða við að 1—2 stöðugildi komi fyrir hverja 3 vistmenn. Þó er heimilt að víkja frá þessari reglu ef slíkt er talið nauðsynlegt.

6. gr.

Á sambýlum skal að jafnaði leitast við að búi fólk með svipaða færni, af báðum kynjum og á líkum aldri.

7. gr.

Íbúum sambýlis skal veita leiðsögn og aðstoð sem þeir þurfa til að ná þeim þroska og sjálfstæði sem einstaklingurinn hefur möguleika á.

Sambýlið skal hafa náið samstarf við vinnustaði, stofnanir og félagasamtök sem íbúarnir hafa mest samskipti við í þeim tilgangi að samræma þjálfun og leiðsögn íbúanna.

Íbúar á sambýlum skulu að öðru jöfnu sækja skóla, dagvist eða vinnustað utan heimilisins. Tryggja ber akstur til og frá skóla/dagvist/vinnustað, eftir því sem þörf krefur.

8. gr.

Til leiðbeiningar og umsjónarstarfa á sambýlum skal ráða fólk með menntun og/eða starfsþjálfun í meðferð og umönnun þroskaheftra.

9. gr.

Svæðisstjórn heimilar vistun á sambýli að höfðu samráði við forstöðumann sambýlisins. Greiningarstöð ríkisins ber skylda til að veita aðstoð og ráðgjöf sé þess óskað af viðkomandi svæðisstjórn eða forstöðumanni.

10. gr.

Íbúar sambýlis greiði allt að 80% af örorkubótum sínum í sameiginlegan rekstur sambýlis.

Rekstrarhalla sambýlisins greiðir ríkissjóður og sveitarsjóðir þannig að ríkið greiðir 85% en sveitarfélög 15%.

Gæta skal ýtrasta sparnaðar og hagkvæmni í rekstri sambýla.

11. gr.

Svæðisstjórnir og forstöðumenn sambýla skulu senda stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra og félagsmálaráðuneytinu yfirlit um reksturinn á síðasta almanaksári, eigi síðar en fyrir lok febrúar árið eftir, ásamt rekstraráætlun fyrir það almanaksár sem hafið er.

Á miðju almanaksári skal forstöðumaður senda félagsmálaráðuneytinu yfirlit yfir reksturinn fyrstu sex mánuði ársins og horfur varðandi rekstrarkostnað á síðustu sex mánuðum ársins, ef breytingar eru fyrirsjáanlegar.

Forstöðumenn sambýla ásamt hlutaðeigandi svæðisstjórn skulu skila fjárveitingabeiðni ásamt greinargerð til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. maí ár hvert.

12. gr.

Leyfi til reksturs sambýla veitir félagsmálaráðherra skv. 16. gr. laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 12. og 31. gr. laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. ágúst 1982.

Svavar Gestsson.

Margrét Margeirsdóttir.

8. september 1982. Nr. 577.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að umferð um Þórunnarstræti skuli njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð úr Hrafnagilsstræti samkvæmt ákvæðum 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 8. september 1982.

Elías I. Elíasson.

REGLUGERÐ

um námslán og námsstyrki.

I. KAFLI.

Hlutverk lánasjóðs íslenskra námsmanna.

1. gr.

Meginhlutverk sjóðsins.

Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námamanna er að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms við stofnanir er gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar nemenda og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Þegar umsókn berst um aðstoð skv. þessari grein til náms við stofnun þar sem eigi hefur áður verið veitt slík aðstoð kannar sjóðurinn hvort stofnunin fullnægir skilyrðum 1. málsgreinar. Jafnframt aflar hann upplýsinga um námsskipan og námstíma sem og um eftirlit af hálfu stofnunarinnar með árangri og ástundun námsmanna. Umsækjendum ber að aðstoða sjóðinn við slíka upplýsingaöflun eftir föngum.

2. gr.

Sérstök aðild sérskóla.

Nemendur eftirtalinna sérskóla eiga ennfremur rétt á aðstoð úr Lánasjóði skv. almennum reglum sjóðsins:

Fiskvinnsluskólinn, 3. og 4. ár.
Fósturskóli Íslands.
Hjúkrunarskóli Íslands.
Iðnskólar, framhaldsdeildir, 2. og 3. ár.
Íþróttakennaraskóli Íslands.
Leiklistarskóli Íslands.
Myndlista- og handíðaskóli Íslands.
Nýi hjúkrunarskólinn.
Stýrimannaskólar.

Tónlistarskólar: Tvö síðustu námsár kennaradeilda Tónlistarskólans í Reykjavík, svo og tónlistarnemar á 7. og 8. námsstigi skv. námsstigakerfi Tónlistarskólans í Reykjavík.

Tækniskóli Íslands, raungreinadeild og tæknínám.
Vélskólar.
Þroskaþjálfaskóli Íslands.

Nám á tæknifræðistigi og meinatæknínám við Tækniskóla Íslands, svo og nám í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri, er aðstoðarhæft samkvæmt 1. grein.

3. gr.

Tuttugu ára reglan.

Lánasjóði er heimilt að veita fjárhagsaðstoð öðrum en þeim sem falla undir 1. og 2. grein þessarar reglugerðar, enda hafi þeir náð 20 ára aldri á því almanaksári sem lán eru veitt og stundi sérnám. Nánari ákvæði um framkvæmt þessarar reglu eru sett í úthlutunarreglum. Meðal annars eru þar taldir upp helstu skólar og árgangar sem falla undir regluna á hverjum tíma.

4. gr.

Nám sem ekki verður stundað á Íslandi.

Auk þess sem tilgreint er í 1.—3. grein er Lánasjóði heimilt að veita fjárhagsaðstoð til náms erlendis, ef hliðstætt nám verður ekki stundað á Íslandi, enda sé um nægilega veigamikið nám að ræða, að því er varðar eðli þess og uppbyggingu, námslengd og starfsréttindi er það veitir.

5. gr.

Réttur erlendra námsmanna.

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda lánshæft nám hérlendis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn enda hljóti þeir ekki aðstoð frá heimalandi sínu, sbr. samkomulag milli Norðurlandanna um þessi efni eins og það er á hverjum tíma. Heimilt er að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra námsmanna sem eins er ástatt um og skal þá m. a. taka mið af réttarstöðu íslenskra námsmanna í viðkomandi landi. Einnig skal taka tilliti til þess hvort viðkomandi námsmaður hafi tekið sér fasta búsetu á Íslandi til frambúðar.

II. KAFLI.

Stjórn sjóðsins og skrifstofuhald.

6. gr.

Skipun stjórnar.

Um skipun stjórnar fer eftir 4. grein laga nr. 72/1982. Í forföllum formanns gegnir sá stjórnarmaður hlutverki hans sem skipaður er án tilnefningar.

7. gr.

Starfshættir stjórnar.

Ef atkvæði verða jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr. Ef ágreiningur er fyrirsjáanlegur við afgreiðslu máls skal leitast við að afgreiða það á fullskipuðum fundi. Hjáseta einstakra stjórnarmanna við afgreiðslu máls breytir engu um hæfni fundarins til að ljúka því. Sjóðstjórn setur sér að öðru leyti fundarsköp eftir því sem þurfa þykir.

8. gr.

Hlutverk stjórnar.

Hlutverk sjóðstjórnar er m. a.:

1. Að hafa yfir umsjón með úthlutun námslána og almennra styrkja skv. þessari reglugerð.
2. Að skera úr vafamálum er varða einstaka umsækjendur og lánþega.
3. Að fylgjast með fjármálum sjóðsins og gera fjárhagsáætlanir.
4. Að þróa reglur Lánasjóðs um úthlutun, endurgreiðslur o. fl., m. a. með árlegri endurskoðun á reglunum.
5. Að skera úr öðrum málum, er almennt gildi hafa, m. a. með bókuðum samþykktum.
6. Að hlutast til um gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á opinberri aðstoð.
7. Að hlutast til um útgáfustarfsemi og aðra kynningu á starfsemi sjóðsins.
8. Að annast beina úthlutun á aukalánum og aukaferðastyrkjum skv. nánari ákvæðum í þessari reglugerð.
9. Að ráða starfsfólk sjóðsins að fenginni heimild ráðuneytisins, sbr. þó 9. grein. Framkvæmdastjóra er heimilt að lausráða fók til tímabundinna verkefna.

9. gr.

Framkvæmdastjóri.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra sjóðsins til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Hann hefur yfirumsjón með öllum rekstri sjóðsins í umboði stjórnar og ráðherra. Framkvæmdastjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

10. gr.

Skrifstofa.

Skrifstofa sjóðsins starfa í umboði stjórnar. Hún sér um útreikning og úthlutun námsaðstoðar, en stjórn sjóðsins er heimilt að fela bankastofnun útborgun lána og styrkja, innheimtu vaxta og afborgana og aðra fésýslu. Bókhaldi skal haga skv. fyrirmælum ríkisbókhalds eins og þau eru á hverjum tíma. Árlegur rekstrarkostnaður greiðist af fé sjóðsins.

III. KAFLI.

Áætlanagerð.

11. gr.

Fjárlagatillögur.

Vegna fjárlagaundirbúnings gerir sjóðstjórn árlega fjárhagsáætlun fyrir næsta almanaksár með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir. Sé þess þörf endurskoðar stjórnin þessa áætlun undir lok ársins á grundvelli nýjustu upplýsinga um verðlag og gengi í hinum ýmsu námslöndum, um fjölda lánþega og fleira sem kann að hafa breyst frá því að upphafleg áætlun var gerð.

12. gr.

Fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.

Í upphafi hvers almanaksárs gerir sjóðstjórn fjárhags- og greiðsluáætlun með hiðsjón af fjárlögum. Þessi áætlun er lögð fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar, sem og hugsanlegar síðari breytingar.

IV. KAFLI.

Umsóknir um námsaðstoð.

13. gr.

Auglýsingar.

Auglýsa skal með tryggilegum hætti eftir umsóknum um námsaðstoð frá sjóðnum. Í auglýsingu skal taka fram um hvaða flokka aðstoðar sé að ræða, hvar umsóknareyðublöð og önnur umsóknargögn séu fáanleg, hvenær umsóknarfrestur renni út, sem og annað það sem máli skiptir.

14. gr.

Dreifing umsóknargagna.

Eyðublöð fyrir umsóknir og fylgiskjöl þeirra, svo og upplýsingar um námsaðstoð sjóðsins, skulu jafnan vera fáanleg í íslenskum skólum þar sem aðstoðarhæft nám fer fram, sem og í sendiráðum Íslands erlendis.

15. gr.

Efni umsókna.

Sækja skal sérstaklega um aðstoð fyrir hvert aðstoðarár, sem miðast yfirleitt við 1. júní ár hvert. Umsóknir um almenn námslán og ferðastyrki skulu vera á eyðublöðum sjóðsins og skal þeim skilað til hans eða þau póstlögð áður en umsóknarfresti lýkur, ásamt tilskildum fylgiskjölum. Eigi er veitt aðstoð til framfæris á tímanum áður en útfylltri umsókn er skilað, nema sérstakar aðstæður valdi seinkun umsóknar og sjóðstjórn taki þær gildar. Verði breytingar á högum umsækjanda eftir að umsókn var lögð fram, ber honum að skýra sjóðnum frá þeim ef ætla má að þær hafi áhrif á ákvörðun um námsaðstoð. Aðstoð skal felld niður ef í ljós kemur að umsækjandi hefur vísvitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar.

16. gr.

Synjun umsókna.

Sé umsækjanda synjað um aðstoð sjóðsins skal honum skýrt frá því og ástæður tilgreindar.

V. KAFLI.

Ákvörðun og útborgun námslána.

17. gr.

Reglur um lán.

Til þess að tryggja samræmi í meðferð einstakra umsókna og sem besta nýtingu á ráðstöfunarfé Lánasjóðs setur sjóðstjórn reglur um það hvernig upphæð einstakra lána ákvarðast með hliðsjón af högum námsmanns, hvernig útborgun skuli hagað o. s. frv. Úthlutunarreglur, ásamt öðrum reglum sjóðsins, skulu gefnar út fyrir 1. júní ár hvert að fengnu samþykki ráðherra.

18. gr.

Námsframvinda.

Forsenda þess að námsmaður geti fengið aðstoð úr Lánasjóðnum er sú að námsframvinda hans hafi verið með eðlilegum hætti miðað við samræmt mat á kröfum hinna ýmsu skóla og námsbrauta. Í slíku mati skal gert ráð fyrir hæfilegu svigrúmi miðað við ýtrustu kröfur skóla eða námsbrautar. Ef þörf krefur ber námsmanni að leggja fram gögn um kröfur skólans í þessum efnum.

19. gr.

Sjö ára reglan.

Þegar námsmaður hefur fengið aðstoð sjóðsins sem svarar 7 aðstoðarárum og sækir enn um aðstoð ber honum að gera sérstaka grein fyrir námsframvindu sinni fram að þeim tíma og leggja fram áætlun um nám sitt þar til því lýkur. Er þá mál hans lagt fyrir sjóðstjórn. Frávik frá námsáætlun sem hefur áður verið samþykkt skv. 7 ára reglu skulu einnig lögð fyrir sjóðstjórn. Námsmaður sem skiptir algerlega um námsbraut á rétt á námsaðstoð í samtals 7 ár á háskólastigi, m. ö. o. skv. 1. grein þessarar reglugerðar og 1. gr. laga nr. 72/1982, enda hafi námsframvinda hans verið fullnægjandi á báðum námsbrautunum.

20. gr.

Tólf ára regla.

Að jafnaði getur enginn námsmaður fengið aðstoð úr sjóðnum til náms á háskólastigi lengur en í 12 aðstoðarár alls.

21. gr.

Ákvörðunaratriði um lánsupphæðir.

Í úthlutunarreglum skal m. a. tekið tillit til eftirfarandi atriða er varða hagi umsækjanda:

a) Framfærslukostnaður á námsstað, sem breytist að öðru jöfnu með þróun verðlags og gengis. Sjóðstjórn fylgist einnig með því hvernig þessar tölur þróast í samanburði við launatekjur.
b) Námskostnaður í viðkomandi námsgrein á námsstað.
c) Lengd árlegs námstíma.
d) Fjölskylduaðstæður námsmanns.
e) Tekjur námsmanns og maka hans eða möguleikar á tekjuöflun, t. d. utan árlegs námstíma.

f) Skattar sem námsmaður eða maki greiða á sama tíma og nám eða tekjuöflun fer fram.
g) Aðstaða sem einhleypur námsmaður nýtur af hálfu foreldra eða kjörforeldra, t. d. húsnæði.
h) Ferðakostnaður barna og maka.

Ovígð sambúð er í störfum sjóðsins lögð að jöfnu við hjúskap, ef sambúðaraðilar eiga sameiginlegt lögheimili og hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur staðið samfleytt í 2 ár.

Í reglum sjóðsins skal á hverjum tíma gæta samræmis milli þess að hvaða leyti námsmanni telst skylt að framfæra maka sem getur ekki aflað tekna og þess sem tekjuhár maki telst leggja til framfæris námsmanns.

22. gr.

Útborgun námslána.

Námslán til námsmanna á Íslandi eru greidd með mánaðarlegum greiðslum. Lán til námsmanna erlendis eru greidd á þriggja mánaða fresti eða oftar.

23. gr.

Bráðabirgðalán.

Þegar sérstaklega stendur á er Lánasjóði heimilt að veita námsmönnum víxillán til bráðabirgða. Þau endurgreiðist þá annaðhvort í reiðufé eða með endanlegri námsaðstoð eftir að hún hefur verið ákveðin.

24. gr.

Aukalán.

Sjóðstjórn er heimilt að veita námsmönnum, er stunda aðstoðarhæft nám, aukalán umfram almenna aðstoð sjóðsins, þegar sérstaklega stendur á og þeir sækja um slíka aðstoð bréflega. Lán þessi eru veitt með sömu kjörum og almenn lán.

IV. KAFLI.

Námsstyrkir.

25. gr.

Ferðastyrkir.

Lánasjóður veitir árlega svokallaða ferðastyrki þeim námsmönnum sem stunda aðstoðarhæft nám fjarri heimili sínu innan lands eða utan. Upphæð ferðastyrkja er ákveðin skv. ferðakostnaði milli námsstaðar og lögheimilis, en réttur námsmanns til styrksins er óháður því hvort hann fer slíka ferð eða ekki. Heimilt er skv. nánari reglum að fella niður eða skerða rétt til ferðastyrkja ef umsækjandi hefur mun meira ráðstöfunarfé en almennir námsmenn er njóta annarrar aðstoðar Lánasjóðs.

26. gr.

Aukaferðastyrkir.

Sjóðstjórn er heimilt að veita námsmönnum erlendis aukaferðastyrki ef þeir taka sér íslensk verkefni í námi sínu og þurfa nauðsynlega að takast á hendur ferð til Íslands af þeim sökum, utan leyfistímabila.

VII. KAFLI.
Endurgreiðslur námslána.

27. gr.

Skuldabréf.

Þeir sem fá lán úr Lánasjóði undirrita skuldabréf til viðurkenningar á teknum lánum. Skulu þeir þá leggja fram viðurkenningu eins manns sem tekur að sér sjálfskuldarábyrð á endurgreiðslu lánsins ásamt verðtryggingu þess. Sjóðstjórn ákveður í reglum Lánasjóðs hvaða skilyrðum ábyrgarmenn skuli fullnægja. Ábyrgð þeirra getur fallið niður eftir að fyrsta greiðsla hefur verið innt af hendi, enda setji lánþegi þá aðra tryggingu fyrir lánum, sem sjóðstjórn metur fullnægjandi.

28. gr.

Verðtrygging.

Lán úr sjóðnum eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu Seðlabankans, sbr. lög nr. 13/1979. Verðtryggingin reiknast annars vegar út frá vísitölu næsta mánaðar eftir að námsmaður tekur við greiðslu og hins vegar út frá vísitölu þess mánaðar er greiðsla fer fram. Ef endurgreiðsla dregst fram yfir gjalddaga er heimilt að reikna með dráttarvöxtum eða vanskilavöxtum innan hvers mánaðar skv. almennum venjum þar um.

29. gr.

Námslok.

Endurgreiðsla námslána hefst þremur árum eftir námslok. Sjóðstjórn skilgreinir nánar í reglum sjóðsins hvað telja beri námslok í þessu samhengi. Þegar vafi leikur á því skal m. a. tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur byrjað fullt starf á almennum vinnumarkaði.

Ári eftir námslok skal námsmanni tilkynnt upphæð heildarskuldar miðað við tiltekna lánskjaravísitölu, og ber honum þá að gera athugasemdir ef einhverjar eru, t. d. vegna skilgreiningar á námslokum.

30. gr.

Föst ársgreiðsla.

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst ársgreiðsla og er gjalddagi hennar 1. mars ár hvert. Upphæð hennar er kr. 1200,00 miðað við lánskjaravísitölu 135, nema eftirstöðvar lánsins ásamt verðbótum séu lægri en því nemur, en þá ber lánþega að greiða lán sitt að fullu á fyrrnefndum gjalddaga. Krónutala fastrar ársgreiðslu breytist á hverju ári miðað við lánskjaravísitölu í janúar.

31. gr.

Viðbótargreiðsla.

Viðbótargreiðsla miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 3,75% margfaldaður samkvæmt hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Frá þessum hundraðshluta af útsvarsstofni dregst fasta greiðslan sem lýst er hér á undan. Gjalddagi viðbótargreiðslu er 1. september ár hvert.

32. gr.

Nám hafið að nýju.

Nú byrjar lánþegi lánshæft nám að nýju eftir að fyrra námi telst lokið skv. 29. gr. um námslok. Er þá heimilt að veita honum undanþágu frá endurgreiðslum af fyrri skuld meðan síðara námið stendur yfir, sbr. 36. grein. Námsmanni reiknast síðan önnur heildarskuld

vegna síðara námsins og fer um greiðslur af henni eins og um sjálfstætt lán væri að ræða nema hvað heildargreiðslur á hverju ári skulu aldrei vera meiri en kveðið er á um í 30. og 31. grein og víkur greiðsla af síðari skuld þá fyrir greiðslu af fyrri skuld þar til hún er að fullu greidd.

33. gr.

Lok endurgreiðslna.

Ef lán er ekki að fullu greitt 40 árum eftir að endurgreiðslur hófust af viðkomandi heildarskuld, eru eftirstöðvar lánsins óafturkræfar nema til komi vanskil eða vantalning tekna, sbr. 42. grein.

34. gr.

Fimm ára reglan.

Nú reiknast lánþega svo há viðbótargreiðsla einhvern tímann á fyrstu fimm árunum eftir að greiðslur hefjast, að hann mundi greiða lán sín að fullu á fjórum árum alls eða skemmri tíma, ef raungildi viðbótargreiðslunnar héldist óbreytt framvegis. Skal þá lækka viðbótargreiðslu hans niður í það mark sem dugir til þess að greiðslu mundi ljúka á 5. ári að óbreyttu raungildi viðbótargreiðslunnar, miðað við lánskjaravísitölu. Föst greiðsla skerðist hins vegar ekki af þessu ákvæði.

35. gr.

Undanþágur vegna beytinga á högum.

Nú gefur útsvarsstofn vegna tekna á fyrra ári ekki rétta hugmynd um fjárhag lánþega á endurgreiðsluári, vegna skyndilegra og verulegra breytinga sem hafa orðið á högum hans milli ára, t. d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Ef lánþegi gerir skriflega grein fyrir þessum breyttu högum sínum og styður hana tilskildum gögnum, er sjóðstjórn heimilt að veita undanþágu frá árlegum endurgreiðslum skv. 30. og 31. grein, ýmist til lækkunar eða niðurfellingar á greiðslum, eftir atvikum.

36. gr.

Undanþágur vegna varanlegra fjárhagsörðugleika.

Námsmaður sem hefur haft svo lágar tekjur á fyrra ári að honum reiknast ekki viðbótargreiðsla skv. 31. grein, og fjárhagur hans hefur ekki batnað á endurgreiðsluárinu, getur sótt um undanþágu frá fastri ársgreiðslu skv. 30. grein, ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda þessum örðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans. Skal hann þá leggja fyrir sjóðstjórn upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og annað það sem stjórnin telur máli skipta. Stjórninni er þá heimilt að veita undanþágu að hluta eða öllu leyti eftir atvikum. Sjóðstjórn setur smám saman nánari almennar reglur um framkvæmd þessa heimildarákvæðis.

37. gr.

Örari endurgreiðslur.

Lánþega er heimilt að endurgreiða lán örar en fyrir er mælt í 30. og 31. grein og reiknast þá raungildi umframgreiðslunnar í samræmi við lánskjaravísitölu þegar greiðslan fer fram.

38. gr.

Dánarbú.

Endurgreiðslur sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast falla sjálfkrafa niður. Hugsanlegar kröfur sjóðsins í dánarbú geta því eingöngu snúist um fyrri endurgreiðslur.

39. gr.

Lögtök.

Endurgreiðslur af námslánum eru lögtakskræfar ef um vanskil er að ræða, þar á meðal eftirstöðvar sem felldar eru í gjalddaga vegna vanskila.

40. gr.

Áætlaður útsvarsstofn.

Sé lánþega áætlaður útsvarsstofn skal miða árlegar endurgreiðslur við hann. Komi í ljós innan þeirra tímamarka er getur í 1. mgr. laga nr. 40/1978 að útsvarsstofn hafi verið of hátt áætlaður eða oftalinn og lánþegi því innt af hendi of háa greiðslu skal honum endurgreitt það sem ofgreitt er með þeim vöxtum sem á hverjum tíma eru reiknaðir af venjulegum sparisjóðsinnistæðum.

41. gr.

Lánþegi skattskyldur erlendis.

Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að telja fram tekjur sínar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og styðja það framtal viðeigandi gögnum um skattamál sín erlendis. Er þá endurgreiðslum hagað í samræmi við það. Geri hann þetta ekki eða telja verði framtal hans ósennilegt og ekki nægilega staðfest, skal áætla honum ríflegan útsvarsstofn til útreiknings á árlegri viðbótargreiðslu.

42. gr.

Vanskil.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námslána er sjóðstjórn heimilt að fella allt lánið í gjalddaga. Sama gildir ef tekjur hafa verið vantaldar til skatts og viðbótargreiðsla skv. 31. grein orðið lægri af þeim sökum en vera bar. Hækkun á viðbótargreiðslu vegna leiðréttingar á framtali er gjaldkræf þegar í stað ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá réttum gjalddaga. Fimm ára reglan í 34. gr. á ekki við um þessa hækkun.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

43. gr.

Upplýsingaskylda lánasjóðs.

Almennar upplýsingar, sem tengjast ekki einstökum lánþegum eða umsækjendum, eru öllum opnar eftir því sem tök eru á að afla þeirra hverju sinni. Einnig er framkvæmdastjóra sjóðsins heimilt að veita upplýsingar um nöfn og heimili þeirra sem fá aðstoð úr sjóðnum á hverjum tíma, skráða námsgrein þeirra og námsstofnun. Aðrar upplýsingar sem sjóðurinn býr yfir teljast einstaklingsbundnar og eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál sem eru eingöngu aðgengileg starfsfólki sjóðsins og stjórn, svo og námsmanni sjálfum og umboðsmanni hans, að því er hann sjálfan varðar. Skal stjórn og starfsfólki á hverjum tíma kynnt hvað í þessu felst. Námsmaður fellst með umsókn sinni á ofangreinda meðferð upplýsinga er hann varða.

44. gr.

Upplýsingaskylda annarra stofnana.

Innlendum námsstofnunum þar sem aðstoðarhæft nám er stundað er skylt að láta Lánasjóði í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd þessarar reglugerðar, þar á meðal upp-

lýsingar um námsframvindu umsækjenda. Skattstjórum er skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga um námslán og námsstyrki.

45. gr.

Ársreikningar.

Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðstjórn og endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

46. gr.

Félagsgjöld SÍNE.

Meðan stjórn Sambands íslenskra námsmanna erlendis óskar þess innheimtir Lánasjóður félagsgjald til samtakanna af lánþegum er stunda nám erlendis.

47. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. 16. grein laga nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 347/1976 með áorðnum breytingum. Um endurgreiðslur af lánum sem veitt hafa verið skv. fyrri lögum og reglugerð fer skv. ákvæðum skuldabréfs svo langt sem þau ná en að öðru leyti er heimilt að beita ákvæðum þessarar reglugerðar, og reglum sem settar verða skv. henni, t. d. um undanþágur.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Hundraðshluti árlegrar endurgreiðslu.

Hundraðshluti árlegrar endurgreiðslu skv. 31. grein skal vera 3,5% ef námsmaður hefur fengið meira en helming af raunvirði námslána sinna fyrir 1. janúar 1984, þegar hlutfall lána af reiknaðri fjárþörf námsmanna nær 100%.

2. Endurgreiðslur skv. fyrri lögum.

Ef námsmaður sem hefur tekið lán skv. þessari reglugerð er jafnframt að inna af hendi greiðslur skv. eldri lögum og reglugerðum, skal árleg heildargreiðsla hans eigi vera hærri en það sem hærra er, heildarársgreiðsla skv. eldri ákvæðum eða heildargreiðsla skv. þessari reglugerð. Þessi heildargreiðsla bókfærist þannig að greiðsla skv. þessari reglugerð víkur fyrir greiðslu af fyrri skuld.

Menntamálaráðuneytið, 7. október 1982.

Ingvar Gíslason

Birgir Thorlacius

STJÓRNARTÍÐINDI B 62 — 1982

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 491/1981 um breytingu á reglugerð nr. 348/1979 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Við 3. gr. bætist við nýtt tollskrárnúmer, sem hljóðar svo: Úr 11—02—39 valsað bygg í lausu.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. október 1982.

Pálmi Jónsson

Haukur Jörundarson.

Stjórnartíðindi B 62, nr. 579. Útgáfudagur 20. október 1982.

B 135

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 63 — 1982

Nr. 580. 1078 28. október 1982.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. nóvember 1982.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 2 093,00

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — áætlaður helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefateljurum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. **Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 339,00 að viðbættum kr. 0,80** fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. **Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 113,00 á** ársfjórðungi.

2.3. Fyrir notendabúnað, sem Póst- og símamálastofnunin lætur í té, greiðist rekstrargjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, eða afnotagjald skv. I. kafla 3. og 4.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.

Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

a.	Lengd línuleiðar	0.5—1.0 km	kr. 88,70
b.	Lengd línuleiðar	1.0—2.0 km	kr. 133,00
c.	Lengd línuleiðar	2.0—4.0 km	kr. 221,70
d.	Lengd línuleiðar	4.0—8.0 km	kr. 531,90
e.	Lengd línuleiðar	yfir 8.0 km	kr. 709,10

3. Talfæri, talfærakerfi og fleira.

Hér er um að ræða búnað sem látinn var í té á stofngjaldi og ekki er gjaldfærður skv. kostnaðarverði og rekstrargjaldi skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar.

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.1.	Aukatalfæri með gaumskífu (blinker)	1 025,00	103,40
3.2.	Talfæri með hringirafli (magnetu, DBH4)		105,90
3.3.	Vatnsþétt talfæri		123,20
3.4.	Hátalarasími		423,50
3.5.	2ja línu talfæri Siemens	2 558,00[2]	219,10
3.6.	2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört)	1 288,00[2]	174,60
3.7.	Ritarasímar (sekreter), ATEA 812L, 1 lína, 2 talfæri		182,20[3][4][5]
3.8.	Ritarasímar, AVH dialog, 2 línur, 2 til 3 talfæri	2 288,00[2][3]	195,60[3]

Skýringar:

2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.

3) Á hvert talfæri.

4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.

5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.9.	Ritarasímar, Siemens, 2 línur, 2 talfæri	6 233,00[2]	524,50
3.10.	Ritarasímar, DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört)	1 096,00[2][3]	115,70[3]
3.11.	Raðsímar, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri		192,10[3][4][5]
3.12.	Raðsímar, ATEA 822, 2 línur, 1 til 2 talfæri		229,10[3][4][5]
3.13.	Raðsímar, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri		302,70[3][4][5]
3.14.	Raðsímar, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri		369,40[3][4][5]
3.15.	Raðsímar, Reiha 1/2, 1 lína, 2 til 3 talfæri	4 359,00[2][3]	373,90[3]
3.16.	Raðsímar, Reiha 1/5, 1 lína, 3 til 6 talfæri	3 159,00[2][3]	268,60[3]
3.17.	Raðsímar, Reipos 2/5, 2 línur, 3 til 6 talfæri	2 955,00[2][3]	261,30[3]
3.18.	Raðsímar, Reipos 2/10, 2 línur, 7 til 11 talfæri	4 536,00[2][3]	393,80[3]
3.19.	Fjöllínusímar, Makler, 8 línur, 2 til 12 talfæri		657,60[3]
3.20.	Millisamband á sömu lóð (hámark 50 m) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	1 576,00[2]	174,70
3.21.	Millisamband á sama svæði DBH4 (magneto), talfæri innifalin	3 275,00[2]	381,50
3.22.	Millisamband milli svæða (Rvík) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	3 275,00[2]	2 258,00
3.23.	Millisamband innanhúss DBH4 (magneto), talfæri innifalin	1 280,00[2]	160,10
3.24.	Millisamband milli húsa án tengingar við miðstöð	3 275,00	928,40
3.25.	Millisamband milli svæða (Reykjavík) án tengingar við miðstöð	3 275,00	2 800,00
3.26.	Sjálfsalar, einnar myntar. Árstekjutrygging kr. 2 987,00		
3.27.	Sjálfsalar, 3ja mynta. Árstekjutrygging kr. 4 355,00		
3.28.	Aukagjald fyrir óskráð númer kr. 91,65		
3.29.	Tengigjald, nýr sími í stað millisambands, talfæri ekki innifalið, kr. 448,30		
3.30.	Útskipting á talfæri, kostnaðarverð.		

4. Einkasímstöðvar.

4.1. Handvirkar einkasímstöðvar (CB).

Uppsetningarkostnað einkasímstöðvar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.1. L.M.E. 1+3	9 825,00	195,00
4.1.2. L.M.E. 2+6	15 783,00	390,00
4.1.3. L.M.E. 3+9	23 294,00	585,00

Skýringar:

2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.

3) Á hvert talfæri.

4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.

5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.4. L.M.E. 4+16	36 717,00	975,00
4.1.5. L.M.E. 5+30	37 578,00	1 706,25
4.1.6. L.M.E. 6+40	41 692,00	2 242,50
4.1.7. E.B. 6+30	38 291,00	1 755,00
4.1.8. ADG 101 8+40	89 489,00	2 340,00
4.1.9. ADG 101 16+80	117 762,00	4 680,00
4.2. **Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX).** Nýjar sjálfvirkar einkasímstöðvar eru settar upp gegn greiðslu kostnaðarverðs, sem reiknast hverju sinni, og rekstrargjalds, sem er 1,5% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi. Uppsetningarkostnað símstöðvarinnar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.		
4.2.1. Fyrir hvern númerabúnað í áður uppsettum einkasímstöðvum		138,00
4.2.2. Fyrir hvern miðstöðvalínubúnað í áður uppsettum einkasímstöðvum		276,00
Greiða skal 1/3 hluta áætlaðs kostnaðargjalds, þegar stöðin er pöntuð, 1/3 þegar stöðin kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.		
4.3. **Búnaður og línur tengdar handvirkum og sjálfvirkum einkasímstöðvum í 4.1. og 4.2.**		
4.3.1. Númer frá einkasímstöð í sama húsi. Talfæri ekki innifalið		49,25
4.3.2. Númer frá einkasímstöð í öðru húsi á sömu lóð (hámark 50 m). Talfæri ekki innifalið	576,00	71,50
4.3.3. Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið	2 275,00	288,10
4.3.4. Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	2 275,00	2 165,00
4.3.5. Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	2 275,00	3 093,00
4.3.6. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi	2 275,00	1 879,00
4.3.7. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	2 275,00	3 093,00
4.3.8. Þverlínusamband milli einkastöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	2 275,00	4 036,00

5. Tegundaprófun tækja.

Skv. reglum nr. 293/1981 um heimild til innflutnings og sölu tækja til tengingar við sjálfvirka símakerfið.

5.1. Gjald fyrir tegundaprófun venjulegs talfæris ..... kr. 1 702,00
5.2. Gjald fyrir tegundaprófun annarra tækja er samkvæmt kostnaðarskýrslu.
5.3. Gjald fyrir prófanir á einstökum venjulegum talfærum flutt inn af einstaklingum til eigin nota ..... kr. 170,20
Ef talfærið stenst ekki prófun er heimilt að fella niður þetta gjald.

6. Flutningsgjald.

6.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað ..... kr. 1 046,50
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).
6.2. Milli stöðvargjaldsvæða ..... kr. 1 414,00
Til viðbótar 6.1. og 6.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.
6.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan sama gjaldsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 6. l. niður á allt að kr. 537,00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 666,00 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

7. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 1 170,00.

Viðtökugjald lækkar í kr. 209,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 419,00.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 6.1. og 6.2. hér að framan.

8. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

9. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður notendabúnaðar, sem stofnunin lætur í té, er innifalinn í rekstrargjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða, eða afnotagjaldi skv. I. kafla 3. og 4.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu búnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 1 649,00

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.2. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð með línu.

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum		2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
	kr.	kr.	kr.
2 std.	155,10	124,10	93,10
4 —	204,40	163,50	122,60
6 —	231,50	185,20	138,90
8 —	258,60	206,90	155,20
10 —	285,60	228,50	171,40
12 —	290,50	232,40	174,30
14 —	295,50	236,40	177,30
16 —	300,50	240,40	180,30
24 —	354,60	283,70	212,80

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja 1/2 klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu.

2.2. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

2.3. Almenn ákvæði.

Ofannefnt afnotagjald fyrir númer í miðstöð og línu hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum. Þessi hækkun gildir ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald greiðist fyrir fram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

3. Flutningsgjald.

3.1.	Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað	kr. 824,50
3.2.	Milli stöðvargjaldsvæða	— 1 142,00
3.3.	Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.	
3.4.	Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.	

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, má lækka flutningsgjald skv. 3. 1. niður í allt að kr. 419,00

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 907,00

Viðtökugjald lækkar í kr. 209,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 419,00.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 3.1. og 3.2. hér að framan.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af Póst- og símamálastofnuninni með tillit til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

III. KAFLI
Notendasímar í sveitum.

1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1.1. Stofngjald fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu er kr. 1 110,00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveður Póst- og símamálastofnunin stofngjald í hvert skipti eða eftir samkomulagi.

1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

1.3. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

2 std.	kr. 81,20
4 —	— 90,75
6 —	— 117,90
8 —	— 138,20
10 —	— 151,70
12 —	— 154,90
14 —	— 158,40
16 —	— 165,00
24 —	— 175,00

2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

2.4. Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða

afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

3. Almenn ákvæði.

3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.

3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.

3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigandur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.

3.5. Símnotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.

3.6. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.

3.7. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kauptúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI
Símtalagjald

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir bæjar- og langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt innanlands:

Símtöl eru gjaldfærð samkvæmt tímamælingu sem skráð er í skrefum á teljara hlutaðeigandi síma. Fyrsta talning kemur ætíð við svar. Líkur fyrir fjölda talninga ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$F = 1 + n + \frac{t - ns}{s}$$

F = Fjöldi talninga símtals
s = Skreflengd í viðkomandi gjaldflokki
n = Fjöldi viðtalsbila að tímalengd s.

$$n = \begin{cases} 0, & t<s \\ 1,2,3 \ldots & t \geq s \end{cases}$$

t = lengd símtalsins.

$\frac{t - ns}{s}$ = Líkindi fyrir talningu til viðbótar við svartalninguna og fjölda viðtalsbila, n.

$$0 \leq \frac{t - ns}{s} < 1$$

Mæla skal t og s í sömu einingum, sekúndum eða mínútum.

1.1. Dagtaxti er frá kl. 08.00 til kl. 19.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur		sek. í skrefi
0	bæjarsímtöl	360 sek.
1		60 sek.
2		18 sek.
3		12 sek.

1.2. Nætur- og helgartaxti er frá kl. 19.00 til kl. 08.00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 19.00 á föstudegi til kl. 08.00 næsta mánudag.

Gjaldflokkur		sek. í skrefi
0	bæjarsímtöl	Ót. tími
1		120 sek.
2		36 sek.
3		24 sek.

1.3. Sveitabæir með sjálfvirkan síma hafa gjaldflokk 0 við símtöl til annarra notenda sömu símstöðvar.

2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

		Minnsta gjald	Umframgjald pr. mín.
2.1. Um	0— 10 km línulengd	kr. 5,28	kr. 1,76
—	10— 25 — —	— 8,64	— 2,88
—	25—100 — —	— 11,67	— 3,89
Yfir	100 — —	— 14,07	— 4,69

Framannefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðvasímtöl.

2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.
2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.

2.4. Kvaðning kr. 6,35. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.
2.5. Afgreiðslugjald: kr. 16,00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innfalin.
2.6. Boðsending: kr. 10,30 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 10,30 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir sjálfvirkt val til útlanda gilda ekki næturtaxtar eins og fyrir val innanlands.

4. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

4.1. Línugjald kr. 8,55 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 2,85 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.2. Strandargjald kr. 18,00 fyrir fyrstu 3 mín., ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi, en annars kr. 24,60 fyrstu 3 mín. og kr. 6,00 eða kr. 8,20 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla 2.
4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
  a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
  b. Strandargjald.
  c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
  d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. kafla 2.

V. KAFLI
Símskeytagjald.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjulegt símskeyti: Grunngjald kr. 16,00 og kr. 1,00 fyrir hvert orð: Lágmarksorðafjöldi 7 orð.
1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
1.3. Veðurskeyti: Kr. 8,95 fyrir hvert skeyti.
1.4. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjulegt símskeyti, auk kr. 8,95 fyrir heillaskeytiseyðublaðið.
1.5. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 16,00. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landsspítalasjóðs.
1.6. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kauptúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 10,30 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt

sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

1.7. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

1.8. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda er ákveðið af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.

3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:

a. Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 16,00.
b. Línugjald kr. 1,00 á hvert orð.
c. Strandargjald kr. 1,20 hvert orð.
d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
e. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda. Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.

3.2. Sérstök loftskeyti.

3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 8,95 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 6,00.

3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.

3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

VI. KALFI

Fjarritvélar.

1. Stofngjald.

1. 1.	Númer í telexstöð	kr.	9 231,00
1. 2.	Bæjarlína	—	2 294,00
1. 3.	Venjuleg fjarritvél af eldri gerð	—	13 690,00
	Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.		
1. 4.	Innbyggður endurgati	kr.	2 436,00
1. 5.	Innbyggður vélsendir	—	2 436,00
1. 6.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	—	5 616,00
1. 7.	Afriðill	—	1 209,00
1. 8.	Tengipúlt	—	1 796,00
1. 9.	Fyrir útskiptingu á fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald, eða kostnaðarverð ásamt uppsetningarkostnaði.		
1.10.	Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður	—	1 209,00
1.11.	Breyting á telexheiti	—	640,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1.	Númer í telexstöð	— 3 325,00
2.2.	Bæjarlína	— 640,00
2.3.	Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega. Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.	— 5 369,00
2.4.	Innbyggður endurgati	— 788,00
2.5.	Innbyggður vélsendir	788,00
2.6.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	— 2 879,00
2.7.	Afriðill	— 640,00
2.8.	Tengipúlt	— 812,00
2.9.	Fyrir ritsímatæki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%.	
2.10.	Fyrir ICAO ritsímatæki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.3. vegna utanbæjarferða fellur niður.	
2.11.	Fyrir ritsímatæki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.	

3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

3.1.	Milli húsa á svæði sömu símstöðvar	— 2 288,00
3.2.	Innanhúss	— 1 157,00
3.3.	Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar	— 3 449,00

4. Gjald fyrir telexritanir.

4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 0,80 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 2,00 á mínútu.

4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

5. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu þess fjarritabúnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

VII. KAFLI
Modem fyrir datasendingar.

Modem eru sett upp gegn greiðslu kostnaðarverðs á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði og rekstrargjaldi, sem er 2.2% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi. Viðhald utan dagvinnutíma, sé þess óskað, greiðist sérstaklega.

Uppsetningarkostnaður ásamt tilheyrandi lögnum greiðist samkvæmt reikningi (efni og vinna). Ferðakostnaður vegna uppsetninga og viðhalds greiðist samkvæmt reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu modema, sem eru í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni. Upplýsingar um endurkaupsverð modema fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Greiða skal 1/3 hluta áætlaðs kostnaðarverðs, þegar modem er pantað, 1/3 þegar modemið kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.

VIII. KAFLI
Sambönd og línur.

1. Stofngjald.

Ef unnt er að láta innanbæjarlínu á leigu, skal stofngjaldið vera jafnt tvöfaldri ársleigu, þó aldrei lægra en sem svarar tvöfaldri ársleigu fyrir 1 km. Stofngjöld fyrir línur milli gjaldsvæða ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Viðbótarstofngjald fyrir datasamband ef lína er bætt fyrir sendingarhraða 2 400 bits/sek. eða meira, er kr. 9 925,00.

2. Afnotagjald.

2.1. Viðskiptagjald. Þetta gjald er tekið fyrir sambönd, sem Póst- og símamálastofnunin samþykkir að leigja notanda fyrir símaviðskipti, (þ. m. t. tal og dataviðskipti) og miðast gjaldið við 72 þúsund mínútna notkun á ári samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli hlutaðeigandi símamiðstöðva. Póst- og símamálastofnunin veitir afslátt á viðskiptagjöldum eftir því hver notkunin er, sbr. eftirfarandi.

2.1.1. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði skal nota margföldunarstuðul 0,694.

2.1.2. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,555.

2.1.3. Fyrir samband í fjölsímakerfi milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum, sem er notað eingöngu fyrir gæslu- og öryggismál en ekki fyrir venjuleg símaviðskipti skal nota margföldunarstuðul 0,347. Þar að auki er veittur 30% afsláttur, ef sambandið er eingöngu í aðra áttina. Fyrir sams konar samband, sem ekki er komið á með fjölsímakerfi, vísast til 2.2.

2.1.4. Fyrir ritsímarás milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,167.

2.1.5. Fyrir samband þar sem sami notandi fær aðgang að rás á fleiri en tveimur stöðum, en þó aþnnig að rásin beri aðeins eina sendingu í einu, gildi eftirfarandi gjöld enda gefi uppbygging símakerfisins kost á beinni tengingu viðkomandi staða:

2.1.5.1. Þegar einungis er um að ræða tvö gjaldsvæði greiðist viðskiptagjald samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á og km-gjald milli þeirra staða innan gjaldsvæðis, þar sem notandi fær aðgang að rásinni.

2.1.5.2. Þegar um fleiri en tvö gjaldsvæði er að ræða er viðskiptagjald miðað við þá staði, sem hæst gjald er á milli og greiðist samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á. Fyrir hvern aðgangsmöguleika notanda að rásinni á mismunandi gjaldsvæðum á leiðinni greiðist viðtengingargjald, sem er 12.5% ofan á viðskiptagjaldið.
Ef endakaflar rásarinnar eru innan sama gjaldsvæðis reiknast þeir samkvæmt kílómetragjaldi.

2.1.5.3. Þegar um afgreiningu frá rás er að ræða, er litið á hana eins og um aðskilda rás væri að ræða og gjöld fyrir hana reiknuð frá afgreiningarstað á sama hátt og í 2.1.5.1. og 2.1.5.2, en með 50% afslætti.

2.2. Innan hvers gjaldsvæðis er afnotagjald reiknað sem leiga á km (gjaldið reiknast í 500 m þrepum). Sama gildir um samband milli gjaldsvæða, þegar sambandi er ekki komið á með fjölsímakerfi og um er að ræða samband fyrir gæslu — og öryggismál. Á ársfjórðungi er afnotagjaldið:

2.2.1.	Fyrir 2 víra tallínu í notendakerfi	kr. 144,00
	Fyrir 4 víra tallínu í notendakerfi	kr. 230,40
2.2.2.	Fyrir 2 víra datalínu í notendakerfi	kr. 182,30
	Fyrir 4 víra datalínu í notendakerfi	kr. 291,60
2.2.3.	Fyrir 2 víra tallínu í langlínukerfi	kr. 203,10
	Fyrir 4 víra tallínu í langlínukerfi	kr. 325,10
2.2.4.	Fyrir 2 víra datalínu í langlínukerfi	kr. 257,30
	Fyrir 4 víra datalínu í langlínukerfi	kr. 411,50
2.2.5.	Fyrir ritsímarás í tónritsíma	kr. 76,40

2.2.6. Skemmstur leigutími fyrir framangreindar línur er 6 mánuðir. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og er gagnkvæmur. Leiga til annarrar notkunar en getið er að ofan ákvarðast af Póst- og símamálastofnunni hverju sinni.

3. Leigur í stuttan tíma.

3.1. Eftirfarandi afnotagjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ. e. a. s. í allt að 6 mánuði. Stofngjöld eru ekki tekin fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.

3.1.1. Fyrir línur milli gjaldsvæða. Fundið skal notkunargjald á dag með því að deila 360 upp í ársgjald á viðkomandi leið. Dagafjöldi ákveðst með því að deila í fjölda klukkustunda með 24, hækka upp í næstu heilu tölu og bæta 3 dögum við vegna undirbúnings- og tengingarvinnu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda.

3.1.2. Fyrir línur innan sama gjaldsvæðis. Fundið skal notkunargjald á dag með því að deila með 20 í ársfjórðungsgjaldið, sem gildir fyrir viðkomandi línu. Dagafjöldi ákveðst með því að deila í fjölda klukkustunda með 24, hækka upp í næstu heila tölu og bæta við 15 dögum vegna undirbúnings- og tengingarvinnu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda.

IX. KAFLI

Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

X. KAFLI

Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 190,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 38,00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

XI. KAFLI

1. Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri (í aðalstöðvum og einkastöðvum) eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 49,20. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 93,60 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur Póst- og símamálastofnunin heimilað það gegn 91,65 króna gjaldi sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

3. Skrásetning í stafrófsskrána.

3.1.	Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 88,60
3.2.	Aukanafn í skrá	— 93,60
3.3.	Aukalína í skrá, hver lína	— 49,20
3.4.	Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 88,60 + 93,60	— 182,20

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 93,60 sem aukanafn.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamál-

astofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 49,20. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 88,60. Auglýsingalína kostar kr. 49,20.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XII. KAFLI

Radíótæki og þjónusta um radíóstöðvar.

1. Radíóeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

1.1.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar m. a. fyrir þjónustu við bifreiðar).	
1.1.1.	Leyfisbréfagjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	kr. 229,10
1.1.2.	Árlegt eftirlitsgjald senda þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött	— 504,30
1.1.3.	Leyfisbréfagjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	— 108,50
1.1.4.	Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna	— 332,60
1.2.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni.	
1.2.1.	Leyfisbréfagjald (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	— 108,50
1.2.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir metrabylgjustöðvar í bifreiðum með sértíðni eingöngu og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir	— 137,80
1.3.	Fyrir almenningstalstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.	
1.3.1.	Starfsleyfi (gildir í 5 ár)	— 251,30
1.3.2.	Endurnýjunargjald fyrir starfsleyfi	— 201,80
1.3.3.	Stöðvarleyfi (gildir í 1 ár)	— 169,80
	Endurnýjunargjald fyrir stöðvarleyfi	— 118,20
1.3.4.	Leyfisbréfagjald fyrir stöðvar með sendiafl 50 milliwött eða minna	— 169,80
1.4.	Önnur gjöld.	
1.4.1.	Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa)	— 214,20
1.4.2.	Leyfisbréf nýliða vegna amatörsstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár) og bráðabirgðaleyfi erlendra amatöra	— 108,50
1.4.3.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum	— 90,90
1.4.4.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum	— 49,15
1.4.5.	Fyrir skírteini loftskeytamanns	— 177,30
1.4.6.	Fyrir skírteini talstöðvarvarðar	— 88,50
1.4.7.	Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar	— 118,20
1.4.8.	Innsiglisgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi)	— 236,30

1.4.9. Leyfisbréf (gildir í 4 ár) fyrir endurvarpsstöðvar fyrir sjónvarp með sendiafl minna en 100 milliwött, settar upp með heimild Ríkisútvarpsins ..... — 176,10

2. Gjöld fyrir tegundaprófun.

2.1. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0,5 watt ..... kr. 1 702,00
2.2. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl 0.5 watt eða minna ..... — 851,00
2.3. Gjald fyrir tegundaprófun á radíótækjum öðrum en talstöðvum er eftir reikningi.
2.4. Innflutningur erlendra radíótækja, þar á meðal talstöðva, er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning að ræða á tæki eða talstöð, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort tækið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru.
2.5. Innflytjandi, sem flytur inn radíótæki í fyrsta sinn, fær áritun Póst- og símamálastofnunarinnar á tollskjöl, en ber síðan að afhenda tækið í prófun. Með tækinu skal fylgja handbók, sem í eru allar nauðsynlegar upplýsingar um tækið og notkun þess. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva greiðist fyrir fram.
2.6. Að lokinni prófun skilar Póst- og símamálastofnunin niðurstöðum til innflytjanda.

3. Viðskiptagjöld.

3.1. Radíósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla IV. 4 hér að framan.
3.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3 hér að framan.
3.3. Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva í verstöðvum.
Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

Fyrir 1—5 báta ..... kr. 49,20
Fyrir 6—15 báta ..... — 91,00
Fyrir 16—30 báta ..... — 128,00
Fyrir 31 bát og fleiri ..... — 169,80

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

3.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 88,60 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.
3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.
3.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 169,80.
3.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 24,65.

4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	kr. 91,00
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	— 135,40
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	— 182,30
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	— 243,70

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

5. Sölu- og leigukjör á radíótækjum.

Fyrir þau radíótæki, sem Póst- og símamálastofnunin framleiðir, gilda eftirfarandi sölu- og leigukjör:

	Gerð	Tæki	Söluverð eða stofnverð (Ný tæki) kr.	Leigukjör Afgreiðslugj. kr.	Ársleiga kr.
5.1.	FF — 3	Talsendir/viðtæki		2 405,00	487,50
5.2.	FF — 5	Talsendir/viðtæki		2 405,00	704,40
5.3.	FF —10	Talsendir/viðtæki		1 886,00	487,50
5.4.	FVT—20	Talsendir/viðtæki		1 741,00	487,50
5.5.	FVT—30	Talsendir/viðtæki		1 886,00	517,10
5.6.	FVT—40	Talsendir/viðtæki		2 960,00	778,10
5.7.	FT	Talsendir		2 770,00	778,10
5.8.	VFT	Viðtæki	6 501,00	889,00	388,90
5.9.	VKT	Viðtæki	4 064,00	556,00	241,20
5.10.	VKT—74	Viðtæki	2 573,00	351,00	154,90
5.11.	VTS—12	.....	7 044,00	963,00	480,20

Notuð viðtæki í leigu fást einnig keypt, og er þá veittur 6% afsláttur frá nývirði tækisins fyrir hvert ár, sem það hefur verið í notkun. Þó skal söluverð slíkra tækja ekki vera lægra en 40% af nývirði.

Leigugjöld, sem tiltekin eru í lið 5.1 til 5.7 að ofan, gilda einungis um talsenda, sem settir voru upp fyrir 1. janúar 1973. Uppsetning senda af ofangreindum tegundum, sem senda út á báðum hliðarböndum burðarbylgju, er ekki lengur leyfð samkvæmt alþjóðasamþykkt.

6. Radíótæki á leigu.

6.1. Fram að 1. janúar 1973 leigði Póst- og símamálastofnunin notendum talsenda ásamt viðtækjum. Nýuppsetning senda af þeim tegundum, sem notaðar voru í þessu skyni eru ekki leyfðar eftir 1. jan. 1982, en þess í stað skal nota einhliðarbandstæki (SSB), sem Póst- og símamálastofnunin leigir ekki út, en hefur eingöngu til sölu. Allar leigutalstöðvar nema þær, sem eingöngu eru notaðar á tíðninni 2182 KHz, verða nú kallaðar inn. Fyrir hinar síðastnefndu og önnur radíótæki, sem stofnunin leigir út, skulu gilda eftirfarandi reglur:

6.2. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða á tækjunum, er stafar af slæmri meðferð og vanhirðu þeirra, meðan þau voru í vörslu leigutaka, ber honum að greiða samkvæmt mati við afhendingu eftir leigu.

6.3. Leigutaki ber allan viðhaldskostnað á tækjunum, meðan þau eru í hans vörslu, og skal hann greiddur samkvæmt reikningi.

6.4. Öll radíótæki á leigu frá Póst- og símamálastofnuninni skulu vera vátryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni, og á Póst- og símamálastofnunin beinan rétt til vátryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og símamálastofnunin annast vátryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflutningaskipum stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast vátryggingu tækjanna í þeim skipum. Vátryggingariðgjöld fyrir tæki, sem Póst- og símamálastofnunin annast vátryggingu á, skal leigutaki greiða Póst- og símamálastofnuninni samtímis með leigu, og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.

6.5. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir talsenda/viðtæki greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár.

6.6. Ef nýr eigandi verður að farartæki, sem talsendir/viðtæki er í og óskar að verða leigutaki að þeim, skal hann greiða viðtökugjald, sem er helmingur afgreiðslugjalds sbr. grein 1 í þessum kafla.

6.7. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar þar til uppsagnarfrestur er liðinn.

6.8. Séu ársleiga, vátryggingariðgjöld og viðskiptagjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá framvísun reiknings, getur Póst- og símamálastofnunin:

6.8.1. Innsiglað radíótækin, þó þannig að nota megi tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsiglun, getur Póst- og símamálastofnunin tekið hin leigðu tæki í sína vörslu.

6.8.2. Ef um ólögboðin tæki er að ræða, getur stofnunin tekið þau í sína vörslu á undangenginnar innsiglunar.

Sama gildir, ef reikningur fyrir uppsetningu og viðgerðir á radíóbúnaði, sem framkvæmdar eru af Póst- og símamálastofnuninni eru ekki greiddar innan eins mánaðar frá framvísun reiknings.

Fyrir enduropnun innsiglis greiðist innsiglisgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opnunar innsiglis greiði leigutaki, auk innsiglisgjaldsins. Fyrir að flytja stöð á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó aldrei lægri en lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta nefnd radíótækja- og viðskiptagjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila, að viðlagðri lokun símans.

6.9. Póst- og símamálastofnunin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu radíóstöðva á millibylgju á afskekktum bæjum, og þá til viðskipta við ákveðnar símstöðvar. Gjöld fyrir slíka notkun eru samkvæmt gjaldskrá um sveitasíma.

7. Almenn ákvæði.

7.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radíótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radíótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

7.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radíótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.

7.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé

þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radíótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálft eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

7.4. Þeim, sem leyfi fá fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.

7.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá Póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.

7.6. Radíóeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.

7.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.

7.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.

7.9. Hafi áfallin gjöld vegna radíótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfelli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.

7.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsiglunar greiðir leyfishafi.

7.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör"-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.

7.12. Innflutningur erlendra radíótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru.

7.13. Leyfi til starfrækslu radíóstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.

7.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radíótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

7.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radíótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

8. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

8.1. Póst- og símamálastofnunin starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir Póst- og símamálastofnunin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.

8.2. Ekki er heimiilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, á nokkurn hátt við hið almenna símakerfi.

8.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.

8.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af Póst- og símamálastofnuninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

8.5. Skylt er að halda sérstaka radíó-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

8.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannslífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

8.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

8.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 3.5. í þessum kafla gjaldskrárinnar.

XIII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist 1/5 venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.

Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).

1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símstjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIV. KAFLI.

1. Almennir skilmálar.

1.1. Frádráttur vegna eldri búnaðar, sem Póst- og símamálastofnunin kann að endurkaupa.

a) Sjálfvirkar einkasímstöðvar afskrifast á 10 árum, og skal reikna frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aldur stöðva, ár	0—1	1—2	2—3	3—4	4—5	5—10
Frádráttur, %	80	60	40	30	20	10

b) Telex- og fjarritvélar, modem, handvirkar einkasímstöðvar og talfærakerfi afskrifast á 8 árum, og skal reikna frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aldur, búnaður, ár	0—1	1—2	2—3	3—5	5—8
Frádráttur, %	80	60	40	20	10

c) Ef nýr búnaður samkv. a) og b) er settur upp í stað eldri búnaðar, er endurgreiðsla af kostnaðarverði eldri búnaðarins reiknuð út frá gildandi kostnaðarverði samkvæmt töflum í a) og b), og kemur sú upphæð til frádráttar kostnaðarverði nýja búnaðarins. Ef áðurnefndur frádráttur er hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, skal umreikna hann miðað við upprunalegt kostnaðarverð og sé hann enn hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, endurgreiðir Póst- og símamálastofnunin þann mismun (sbr. d.).

d) Ef búnaði samkv. a) og b) er sagt upp, án þess að nýr búnaður komi í staðinn, er endurgreiðsla samkv. c) miðuð við upprunalegt kostnaðarverð.

1.2. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn.
Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.

1.3. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.

1.5. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.6. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í sambandi við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.

1.7. Bili símabúnaður, ber þegar í stað að tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur á viðgerð símans má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.8. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.

1.9. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi

fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.

1.10. Hægt er að fá síma geymdan í umsaminn tíma og er þá heimilt að veita 25% afslátt af afnotagjaldi og fella niður atvinnusímaálag, ef það á við.

1.11. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.12. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.

1.13. Verðskrá sú er póst- og símamálastjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarskiptavélar, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.

1.14. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.

2.2. Eindagi síma- og radíógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 120,00 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 50,00 fyrir lokun og enduropnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radíógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símtæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann tilkynna það skriflega hlutaðeigandi stöðvarstjóra, sem lætur því næst framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. nóvember 1982. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljarskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. nóvember 1982 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 435 29. júlí 1982.

Samgönguráðuneytið, 28. október 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um hækkun hafnargjaldskráa.

Samkvæmt 27. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með, til viðbótar þeirri verðbreytingu sem heimiluð var með auglýsingum nr. 443 3. ágúst 1982 og nr. 485 20. ágúst 1982, hækkun á gjaldskrám eftirtalinna hafnarsjóða um 16.8% með gildistöku frá og með 1. nóvember 1982 að telja:

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, nr. 108/1975, sbr. reglugerðir nr. 61/1977, nr. 336/1977 og nr. 361/1982.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundartangahafnar, nr. 213/1980, sbr. reglugerð nr. 362/1982.
3. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness, nr. 267/1975, sbr. reglugerðir nr. 388/1977 og 363/1982.
4. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness, nr. 147/1975, sbr. reglugerð nr. 364/1982.
5. Gjaldskrá fyrir Landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, nr. 195/1975, sbr. reglugerð nr. 365/1982.
6. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsvíkurhrepps, nr. 112/1975, sbr. reglugerð nr. 366/1982.
7. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundarfjarðar, nr. 136/1975, sbr. reglugerð nr. 367/1982.
8. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stykkishólms, nr. 118/1975, sbr. reglugerð nr. 368/1982.
9. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykhólahafnar, Austur-Barðastrandarsýslu, nr. 259/1975, sbr. reglugerð nr. 369/1982.
10. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Patrekshafnar, nr. 407/1975, sbr. reglugerð nr. 370/1982.
11. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhafnar, nr. 124/1975, sbr. reglugerð nr. 371/1982.
12. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bíldudalskauptúns, nr. 217/1976, sbr. reglugerð nr. 372/1982.
13. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þingeyrarkauptúns, nr. 179/1976, sbr. reglugerð nr. 374/1982.
14. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Flateyrarkauptúns, nr. 134/1975, sbr. reglugerð nr. 373/1982.
15. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Suðureyrarkauptúns, nr. 211/1976, sbr. reglugerð nr. 375/1982.
16. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bolungarvíkurkaupstað, nr. 138/1975, sbr. reglugerð nr. 376/1982.
17. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar, nr. 151/1975, sbr. reglugerð nr. 377/1982.
18. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Súðavíkur, nr. 406/1975, sbr. reglugerð nr. 378/1982.
19. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hólmvíkurkauptúns, nr. 192/1975, sbr. reglugerð nr. 379/1982.
20. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 261/1975, sbr. reglugerð nr. 380/1982.
21. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduósshrepps, nr. 263/1975, sbr. reglugerð nr. 381/1982.
22. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Skagastrandar, nr. 269/1975, sbr. reglugerð nr. 382/1982.
23. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Sauðárkrókskaupstaðar, nr. 256/1975, sbr. reglugerð nr. 283/1982.
24. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hofsósskauptúns, nr. 194/1975, sbr. reglugerð nr. 384/1982.
25. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 180/1975, sbr. reglugerð nr. 385/1982.

26. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsfjarðar, nr. 213/1976, sbr. reglugerð nr. 386/1982.
27. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Dalvíkur, nr. 132/1975, sbr. reglugerð nr. 387/1982.
28. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hríseyjar, nr. 173/1975, sbr. reglugerð nr. 388/1982.
29. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akureyrar, nr. 198/1975, sbr. reglugerð nr. 389/1982.
30. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Svalbarðseyrar við Eyjafjörð, nr. 70/1981, sbr. reglugerð nr. 392/1982.
31. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grenivíkur í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 99/1979, sbr. reglugerð nr. 391/1982.
32. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grímseyjarhafnar, nr. 190/1975, sbr. reglugerð nr. 390/1982.
33. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Húsavíkur, nr. 184/1975, sbr. reglugerð nr. 393/1982.
34. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Kópaskerskauptúns, nr. 166/1977, sbr. reglugerð nr. 394/1982.
35. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Raufarhafnar, nr. 23/1976, sbr. reglugerð nr. 395/1982.
36. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þórshafnar, nr. 489/1975, sbr. reglugerð nr. 396/1982.
37. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bakkafjarðar, Skeggjastaðahreppi, Norður-Múlasýslu, nr. 188/1975, sbr. reglugerð nr. 397/1982.
38. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vopnafjarðarhrepps, nr. 110/1975, sbr. reglugerð nr. 398/1982.
39. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarfjarðarhrepps, nr. 126/1975, sbr. reglugerð nr. 399/1982.
40. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar, nr. 122/1975, sbr. reglugerð nr. 400/1982.
41. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Neskaupsstaðar, nr. 21/1976, sbr. reglugerð nr. 402/1982.
42. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Eskifjarðarkaupstaðar, nr. 149/1975, sbr. reglugerð nr. 403/1982.
43. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reyðarfjarðarkauptúns, nr. 197/1975, sbr. reglugerð nr. 404/1982.
44. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Búðakauptúns í Suður-Múlasýslu, nr. 240/1977, sbr. reglugerð nr. 405/1982.
45. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stöðvarfjarðarkauptúns, nr. 209/1976, sbr. reglugerð nr. 406/1982.
46. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Breiðdalsvíkur, nr. 140/1975, sbr. reglugerð nr. 407/1982.
47. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Djúpavogs, nr. 215/1976, sbr. reglugerð nr. 401/1982.
48. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarkauptúns, nr. 114/1975, sbr. reglugerð nr. 408/1982.
49. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vestmannaeyja, nr. 436/1981, sbr. reglugerð nr. 409/1982.
50. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Þorlákshöfn, nr. 130/1975, sbr. reglugerðir nr. 334/1977 og 410/1982.
51. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grindavíkur, nr. 182/1975, sbr. reglugerð nr. 411/1982.
52. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Miðneshrepps, nr. 186/1975, sbr. reglugerð nr. 412/1982.
53. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 128/1975, sbr. reglugerð nr. 413/1982.
54. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vogahafnar í Gullbringusýslu, nr. 499/1975, sbr. reglugerð nr. 414/1982.
55. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarfjarðar, nr. 116/1975, sbr. reglugerð nr. 415/1982.

Þrátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskrá.

Samgönguráðuneytið, 22. október 1982.

F. h. r.
Brynjólfur Ingólfsson.

Birgir Guðjónsson.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Hríseyjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um að öll störf sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og verðbréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og önnur skjöl og hvað annað sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim sem um getur í 5. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það sem nauðsynlegt er hverju sinni og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar. Getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1982.

Svavar Gestsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórnun sveitarstjórnarmála í Eyrarsveit.

1. gr.

Hreppsnefnd heldur fundi einu sinni í mánuði nema í júlí og ágúst. Reglulegir fundardagar og fundartími skal vera kl. 16.00 fyrsta fimmtudag hvers mánaðar.

Aukafundi skal halda samkvæmt ákvörðun oddvita, sveitarstjóra eða ef tveir hreppsnefndarmenn hið fæsta krefjast þess.

Sveitarstjóri boðar fundi hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri og oddviti semja dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá skal taka:

a) Gerðir og ályktanir nefnda, sem hreppsnefnd þarf að staðfesta.
b) Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem hreppsnefnd á að fjalla um að lögum.

Sá sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndar, skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð eigi síðar en 4 dögum fyrir hreppsnefndarfund. Sveitarstjóri skal í síðasta lagi 2 dögum fyrir boðaðan hreppsnefndarfund hafa sent öllum hreppsnefndarmönnum dagskrá næsta hreppsnefndarfundar.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja og tillögur sem fram hafa komið. Fylgja skulu eftirrit fundargerða og tillagna, svo og annarra gagna, sem geta orðið til upplýsinga um málefni á dagskrá.

Ef ákveðinn verður aukafundur skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, sem send verði hreppsnefndarmönnum með 24 klst. fyrirvara.

Heimilt er þó að boða fund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu enda sé þess getið með fundarboðum, hvaða mál sé á dagskrá. Mál skulu afgreidd í þeirri röð sem dagskrá segir nema að hreppsnefnd ákveði að önnur röð skuli höfð. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði enda samþykki meirihluti viðstaddra hreppsnefndarmanna þau afbrigði.

3. gr.

Hver hreppsnefndarmaður á rétt á þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd sem miðast við 20. launaflokk BSRB.

Skal hver fundur og undirbúningur fyrir hann metinn til 4 st. vinnu hjá hverjum hreppsnefndarmanni en helmingi lengri tíma hjá oddvita.

Þóknun fyrir störf í öðrum nefndum skulu metin til helmings á við hreppsnefndarstörf.

4. gr.

Að loknum hverjum hreppsnefndarfundi skal skrifstofa Eyrarsveitar senda út vélritaða fundargjörð öllum hreppsnefndarfulltrúum, og jafn mörgum varafulltrúum, eigi síðar en 5 dögum eftir fund.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1982.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um heimilis- og öldrunarþjónustu í Ölfushreppi.

1. gr.

Skrifstofa Ölfushrepps í umboði hreppsnefndar fer með yfirstjórn heimilisþjónustunnar í Ölfushreppi. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum sveitarstjóra eða annars starfsmanns er það væri falið sérstaklega.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan læknis, hjúkrunarfræðings, ljósmóður eða öðrum tilvísunum sem starfsmaður metur gildar, að hjálpar, annarrar en hjúkrunar, sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt sem starfsmaður metur að nauðsyn sé hverju sinni.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirfarandi atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel koma í veg fyrir hana.
3. Aðstoð við fatlaða sem búa einir.
4. Önnur tilfelli sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisaðstoð.

4. gr.

Ellilífeyrisþegar og öryrkjar sem ekkert hafa til framfæris, nema ellilífeyri, örorkubætur og tekjutryggingu greiða ekkert fyrir veitta heimilisþjónustu. Hafi fyrrnefndir aðilar eftirlaun eða aðrar tekjur skulu þeir endurgreiða að 1/3 hluta útlagðan launakostnað fyrir veitta heimilisaðstoð. Í veikindatilfellum einstaklings um stundarsakir skal hann greiða fyrir veitta heimilishjálp að fullu. Heimilt er hreppsnefnd að víkja frá ákvæðum þessarar greinar til lækkunar ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

5. gr.

Skrifstofa Ölfushrepps annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar sveitarsjóðs.

6. gr.

Skrifstofa Ölfushrepps gerir skýrslu um starfsemina fyrir hvert ár og leggur skýrsluna fyrir hreppsnefnd ásamt öðrum ársskýrslum er varða rekstur heimilisþjónustunnar.

Reglugerð þessi sem hreppsnefnd Ölfushrepps hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum sbr. lög nr. 34 frá 10. apríl 1974 um breytingar á þeim lögum til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. október 1982.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt.

1. gr.

1. mgr. 14. tl. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Sala á fasteignum, skipum og flugvélum.

2. gr.

15. tl. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, skíðalyftum, sundstöðum, gufubaðstofum, nuddstofum, ljósastofum, heilsuræktarstofum, kappreiðum og góðhestakeppni.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 20. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum, öðlast gildi hinn 1. nóvember 1982.

Fjármálaráðuneytið, 25. október 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 31. ágúst 1982 annars vegar og 1. september til 30. nóvember 1982 hins vegar.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski framleiddum á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst 1982 annars vegar og 1. september til 30. nóvember 1982 hins vegar:

Óverkaður saltfiskur:	U. S.$ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2 549,00
Millifiskur nr.1	2 319,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2 011,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	1 869,00

Verðbil verður 2% og miðast við verhækkun eingöngu.
Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.
Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. október 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31 2. febrúar 1982.

1. gr.

1. málsgrein 3. greinar orðist þannig:

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 4,13 fyrir hvern rúmmetra vatns.

2. gr.

1. málsgrein 4. gr. orðist þannig:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 7,60 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Einnig skal greiða í afgreiðslugjald kr. 83,00 ef vatnið er afgreitt á virkum dögum kl. 8—17, en kr. 166,00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1982.

Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1982.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 588. 18. október 1982.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 30. nóvember 1982.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 30. nóvember 1982:

Söltuð ufsaflök:	D. M. pr. lest cif.
16/20 FF	6 330,00
21/25 FF	6 110,00
26/30 FF	5 870,00
31/35 FF	5 620,00
36/40 FF	5 360,00
41/45 FF	5 120,00
46/50 FF	4 780,00

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. október 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 30. nóvember 1982.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 30. nóvember 1982:

Vélskelflett rækja:	
Færri en 350 stk. í lbs.:	SDR pr. lbs. cif.
Blokkfryst	2,61
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,61
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,74
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	3.04
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,19
Fleiri en 350 stk. í lbs. og óflokkuð:	
Blokkfryst	2,49
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,49
5×2 kg og 4×2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,61
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,89
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,04

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. október 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

18. október 1982. Nr. 590.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir söltuð þorskflök framleidd á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst 1982 annars vegar og 1. september til 30. nóvember 1982 hins vegar.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir söltuð þorskflök framleidd á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst 1982 annars vegar og 1. september til 30. nóvember 1982 hins vegar:

Söltuð þorskflök:	$ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up	3 850,00
Flokkur A 400/700	3 650,00
Flokkur A 200/400	3 450,00
Flokkur A 100/200	3 050,00
Flokkur B 700/up	3 400,00
Flokkur B 400/700	3 200,00
Flokkur B 200/400	2 800,00
Flokkur B 100/200	2 400,00

Verðbil verður 2% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. október 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 591. 20. október 1982.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 327 21. júní 1982, um friðunarsvæði við Ísland og um sérstakt línusvæði út af Melrakkasléttu.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi 2. mgr. 1. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 327 21. júní 1982, um friðunarsvæði við Ísland.

2. gr.

Á tímabilinu 1. nóvember 1982 til 31. janúar 1983, eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Melrakkasléttu, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

a. 66°59'6 N 15°53'5 V
b. 67°06'8 N 15°50'5 V
c. 67°00'4 N 15°37'5 V
d. 67°07'4 N 15°34'0 V

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. október 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs hjónanna Áslaugar Eyjólfsdóttur og Guðmundar Eyjólfssonar frá Miðbæ í Vestmannaeyjum, fyrir árið 1981.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1981.

Tekjur:

	kr.
Gjöf frá Birni og Tryggva Guðmundssonum	2 500,00
Gjöf frá nemendum II. stigs Stýrimannaskólans í Vme.	2 500,00
Vextir af vaxtaaukareikningi nr. 300556	905,64
	5 905,64

Gjöld:

	kr.
Víxilvextir	2 174,12
Til höfuðstóls	3 731,52
	5 905,64

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1981.

Eignir:

	kr.
Sparisjóðsbók í Ú.Í.	41,00
Vaxtaaukareikn. í Ú.Í.	3 690,52
Spariskírteini ríkissjóðs:	
flokkur 1972 nafnv. 100 000 gkr.	
flokkur 1979 nafnv. 80 000 gkr.	
flokkur 1979 nafnv. 500 000 gkr.	
flokkur 1980 nafnv. 200 000 gkr.	kr.
flokkur 1980 nafnv. 50 000 gkr.	57 168,30
	60 899,82

Eigið fé:

	kr.
Frá fyrra ári	41 940,04
Hækkun verðgildis spariskírteina	15 228,26
Skv. rekstraryfirliti ársins	3 731,52
	60 899,82

Ég hefi kannað, að ofangreindar eignir eru fyrir hendi í vörzlu gjaldkera sjóðsins og að verðgildi þeirra er miðað við 31. desember 1981. Rekstraryfirlitið hefi ég samið eftir fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum gjaldkera o. fl.

Vestmannaeyjum, 26. apríl 1982.

Atli Aðalsteinsson.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins

til sýslumannsins í Dalasýslu um niðurfellingu manntalsþinga í Dalasýslu.

„Ráðuneytið vísar til bréf yðar, herra sýslumaður, dags. 7. þ. m., varðandi tillögu yðar, ásamt samþykkt sýslunefndar Dalasýslu, um að leggja niður manntalsþing í Dalasýslu.

Með vísun til 10. gr. laga nr. 28 1981 um breytingu á lögum nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, samþykkir ráðuneytið að manntalsþing í Dalasýslu verði lögð niður.“

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveituna Bása í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.

1. gr.

Árlegur vatnsskattur.

Heimilt er að leggja á árlega vatnsskatt allt að 0,3% af fasteignamatsverði íbúðarhúsa, en 0,2% af öðrum húsum sem á hverju býli eða lóð standa. Gjald þetta má hækka eða lækka um allt að 30%.

2. gr.

Sé vatn notað annað en í sambandi við venjulega notkun skal semja um það sérstaklega.

3. gr.

Tengigjald.

Tengigjöld skulu vera kr. 5 000,00 og hækka með byggingarvísitölu, sem nú er 1331 stig. Óheimilt er að tengja leiðslur við vatnsveituna nema með samþykki umsjónarmanns veitunnar. Gjald fyrir lokun og opnun heimæða skal greiða samkvæmt reikningi.

4. gr.

Ef um sérstaklega langar og kostnaðarsamar heimtaugar er að ræða, skal húseigandi greiða það sem talist getur umfram eðlilegan kostnað.

5. gr.

Stofngjald skv. ákvæðum þessarar gjaldskrár skal greitt í einu lagi, áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

6. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. desember ár hvert. Loka má fyrir aðrennsli að húsum ef ekki er staðið í skilum með greiðslur. Tilkynnt skal um lokun með þriggja daga fyrirvara.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hrunamannahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. október 1982.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um áfengisvarnanefndir.

Samkvæmt 30. gr. laga nr. 82 frá 2. júlí 1969, eru hér sett ákvæði um verksvið og skyldur áfengisvarnanefnda.

1. gr.

Áfengisvarnanefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, sjö manna í kaupstöðum, öðrum en í Reykjavík, þar sem nefndin er skipuð níu mönnum. Ráðherra skipar formenn nefndanna, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnum. Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu, ef óskað er. Kjörtími nefndanna er fjögur ár.

Nú ákveður sveitarstjórn, að stofna félagsmálaráð og getur ráðherra þá falið því störf áfengisvarnanefndar að nokkru eða öllu leyti.

2. gr.

Áfengisvarnanefnd á hverjum stað skal leitast við að efla bindindi í hverjum þeim kaupstað eða hreppi, er hún starfar í, með því:

a. að styðja bindindisstarfsemi, þar sem hún er fyrir, og vinna að því, að slík starfsemi sé hafin, þar sem hún hefur ekki átt sér stað;
b. að stuðla að aukinni fræðslu meðal kaupstaðar- eða hreppsbúa um bindindis- og áfengismál;
c. að hafa eftirlit með því, að hin lögboðna bindindisfræðsla í skólum fari fram á viðunandi hátt. Skal hún eiga samvinnu við skólastjóra, kennara og skóla- og fræðsluráð um fræðsluna;
d. að vera yfirvöldum og lögreglumönnum til aðstoðar við að halda uppi hlýðni við áfengislögin og reyna af fremsta megni að sporna við ólöglegri framleiðslu, innflutningi, sölu og annarri ólöglegri meðferð áfengis, hvort heldur er á samkomum eða annars staðar;
e. að hlíta fyrirmælum áfengisvarnaráðs í öllum greinum, þ. á. m. að halda a. m. k. tvo fundi á ári hverju í hreppum, sex í kaupstöðum utan Reykjavíkur og ekki færri en einn fund í mánuði í Reykjavík.

3. gr.

Áfengisvarnanefndir skulu vinna gegn neyslu áfengra drykkja og leitast við að draga úr skaðlegum afleiðingum hennar. Þær skulu vera ráðgefandi um öll bindindis- og áfengismál fyrir sveitarstjórnir, lögreglustjóra, áfengisvarnarráð, ríkisstjórn og aðra þá aðilja, sem komið geta til greina í því sambandi, þ. á. m. fyrir presta, og gera sjálfar tillögur um áfengisvarnir, er þær telja þörf á. Skulu nefndirnar njóta aðstoðar og verndar yfirvalda og annarra opinberra starfsmanna í starfi sínu, eftir því sem þörf krefur. Áfengisvarnanefndum er rétt að leita til lögreglustjóra um upplýsingar um vínveitingaleyfi, sem veitt eru. Ef veitingastaður sækir um leyfi til áfengisveitinga skal leita álits áfengisvarnanefndar áður en ákvörðun er tekin um hvort leyfi skulu veitt.

4. gr.

Nú eru í kaupstað eða hreppi menn, einn eða fleiri, sem annað hvort gerast vandræðamenn að einhverju leyti eða ósjálfbjarga, sökum drykkjuskapar, og ber þá áfengisvarnanefnd að gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að útvega þeim hæli og hjúkrun, í því

skyni að venja þá af áfengisnautn. Einnig ber áfengisvarnanefndum að hafa vakandi auga með ungum mönnum, sem taka að drekka, og reyna að fá þá til að láta af því. Skal áfengisvarnanefnd, framfærslunefnd og lögregla á staðnum, svo og prestur, vinna saman, þegar þörf krefur, að þessum málum.

5. gr.

Áfengisvarnanefnd er skylt að gera það sem mögulegt er, til þess að bjarga heimilum drykkjumanna og vernda fjölskyldur þeirra. Nú er nefndinni kunnugt um, að einhver í kaupstað eða hreppi, þar sem hún starfar, neyti áfengis sjálfum sér, fjölskyldu sinni og ættingjum til skaða, og skal hún þá tafarlaust rannsaka málið og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úr verði bætt, ef unnt er, á viðunandi hátt (sbr. 4. gr.).

6. gr.

Rétt til að leita aðstoðar áfengisvarnanefndar hafa:

a. aðilji sjálfur;
b. maki aðilja, nákomnir ættingjar hans og venslafólk (foreldrar, börn, systkini, tengdaforeldrar o. s. frv.);
c. læknar og prestar eftir tilmælum aðilja sjálfs, ættingja hans eða venslafólks. Þeir geta og ótilkvaddir af öðrum leitað til áfengisvarnanefnda, er þeir telja einstaklingum eða heimilum hættu búna vegna áfengisnautnar;
d. lögráðendur ólögráða manna;
e. framfærslunefndir og hreppsnefndir;
f. lögregla og löggæslumenn;
g. aðrir, er persónulega eru kunnugir aðilja og bera hag hans fyrir brjósti.

7. gr.

Nú liggur fyrir kvörtun eða tilkynning um skaðlega áfengisneyslu, og skal þá einn eða fleiri úr viðkomandi áfengisvarnanefnd, eftir því sem hún ákveður, rannsaka ástandið hjá þeim manni, sem í hlut á, og á heimili hans og taka skýrslu um það af fjölskyldunni eða öðrum, sem vel þekkja til og eru vitnisbærir, enda samþykki aðiljar það. Nefndin getur leitað aðstoðar hins opinbera í slíkum málum og óskað að fá þaðan allar þær upplýsingar, er að gagni mega verða og yfirvöldum er heimilt að láta í té.

Ef það kemur í ljós við rannsókn, að málið er nefndinni ofvaxið, t. d. ef um afbrot er að ræða, skal hún tafarlaust tilkynna það hlutaðeigandi yfirvöldum og afhenda þeim það til meðferðar.

8. gr.

Áfengisvarnaráð skal hafa umsjón með áfengisvarnanefndum, samræma störf þeirra og vera þeim til aðstoðar og leiðbeiningar í hvívetna. Skulu nefndirnar standa í sambandi við ráðið og sér í lagi við formann þess, áfengisvarnaráðunaut ríkisstjórnarinnar. Skulu nefndirnar snúa sér til ráðunautsins og fá hjá honum bendingar og upplýsingar, sem þær þarfnast. Þær skulu gefa honum allar upplýsingar um bindindis- og áfengismál, sem hann biður um og þær geta látið í té, ásamt árlegri skýrslu um störf sín. Skal þeim séð fyrir skýrsluformi til útfyllingar, og ber þeim að skila skýrslum eftir hver áramót.

9. gr.

Nefndirnar fá greiddan styrk af því fé, sem áfengisvarnaráð fær til úthlutunar úr ríkissjóði, svo framarlega sem ráðið telur störf nefndanna styrksverð. Ber þeim að gefa ráðinu glögga skýrslu um meðferð styrkfjár þess, er þær fá, þá er ráðið óskar.

10. gr.

Áfengisvarnanefndum og framkvæmdastjórum þeirra ber að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál manna, er þessir aðiljar komast að í starfi sínu.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. október 1982.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

20. október 1982. Nr. 596.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa-, hrossa-, svína-, geita-, fiðurfjár- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt) er heimilt í landi kaupstaðarins að fengnu sérstöku leyfi og með skilmálum sem bæjarráð setur.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr. skal senda skriflega umsókn til bæjarráðs. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, geymslu þess og öðru sem máli skiptir um öryggi þess og hirðingu.

Allir þeir sem eru með búfé við gildistöku þessarar reglugerðar skulu sækja um leyfi samkvæmt 1. mgr.

3. gr.

Nú telur bæjarráð að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi og skal þá veita leyfið. Má veita það til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest til afturköllunar svo og takmarka leyfið að því er snertir fjölda hverrar tegundar eða binda það við tiltekin svæði innan bæjarlandsins.

Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust og einnig getur það varðað sektum.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar og samþykkt þessi tekur til þess skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því.

Búfénaður má ekki ganga laus um götur bæjarins né annars staðar innan lögsagnarumdæmisins nema maður fylgi til að gæta þess eða það sé í öruggri vörslu. Ef út af er brugðið varðar það sektum. Ennfremur greiði eigandi allan kostnað við handsömun og varðveislu þess.

Selja má búféð til lúkningar kostnaði þessum, ef eigandi greiðir hann ekki. Salan skal fara fram innan þeirra tímamarka og samkvæmt þeim reglum sem settar eru í reglugerð um fjallskil fyrir Hafnarfjörð og Gullbringusýslu.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að greiða skuli í bæjarsjóð gjald fyrir veitt leyfi. Má ákveða gjald fyrir hvern grip sem leyfið er veitt fyrir eða ákveða upphæð fyrir hvert leyfi samkvæmt lögum.

Gjaldi þessu sé varið til vörslu bæjarlandsins.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkvæmt lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar samkvæmt lögum nr. 44, 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um búfjárhald í Hafnarfirði nr. 199 frá 1967.

Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1982.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 597. 22. september 1982.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 510/1975.

1. gr.

2. gr. stafliður b. orðist svo:

Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið er ákveðið fyrir eitt ár í senn í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir. Hundar sem notaðir eru við búrekstur og á lögbýlum svo og leiðsöguhundar fatlaðra eru undanþegnir þessu gjaldi.

2. gr.

Ný gr. er verði 3. gr. orðist svo:

Lögreglustjórinn í Hveragerði og heilbrigðisnefnd Hveragerðis hafa eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar og skulu tilkynna hreppsnefnd Hveragerðishrepps um öll brot á samþykktinni.

3. gr.

Ofangreind samþykkt Hveragerðishrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 57/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1982.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 64 — 1982

4. október 1982. 1117 Nr. 598.

REGLUGERÐ

um stofnun í erlendum tungumálum við heimspekideild Háskóla Íslands

1. gr.

Við heimspekideild Háksóla Íslands starfar stofnun í erlendum tungumálum samkvæmt 2. mgr., 9. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands og er hún vísindaleg rannsókna- og fræðslustofnun skv. 1. gr. téðra laga.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

a) Að vera vettvangur rannsókna í hagnýtum málvísindum og kennslufræði erlendra tungumála, og að fást við hver önnur þau verkefni, er stuðlað geta að því að efla tungumálakennslu innan háskólans og utan.
b) Að vera vettvangur rannsókna í erlendum tungumálum, sem kennd eru við Háskóla Íslands.
c) Að annast rannsóknir í bókmenntum á viðkomandi málum.
d) Að annast útgáfu ritverka á fræðasviði sínu samkvæmt nánari ákvörðun.
e) Að gangast fyrir öflun og miðlun upplýsinga um erlend tungumál og tungumálakennslu, t. d. með ráðstefnum, fræðslufundum, námskeiðum og fyrirlestrum, og með tengslum við erlendar stofnanir.
f) Að annast rekstur á æfingastofu(m) heimspekideildar í erlendum tungumálum og skipuleggja nýtingu hennar (þeirra).
g) Að vera til ráðuneytis um kennslu, námsefni og próf í erlendum tungumálum í skólum landsins, svo og um æfingakennslu stúdenta í erlendum tungumálum og um námsdvöl þeirra við erlenda háskóla, í samvinnu við aðra aðila, sem hlut eiga að máli, og að fást við hvað annað, er gildi getur haft fyrir tungumálakennslu í skólum landsins.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur mönnum. Heimspekideild kýs tvo þeirra til þriggja ára úr hópi fastra háskólakennara í erlendum tungumálum. Deildin kýs einn þeirra formann og skal hann jafnframt vera forstöðumaður. Stúdentar sem hafa erlent tungumál að aðalgrein til B.A.- eða cand. mag.-prófs kjósa einn stjórnarmann úr hópi sínum til eins árs í senn að tilhlutan félags stúdenta í heimspekideild, á meðan ekki er til sérstakt félag stúdenta í erlendum tungumálum við deildina.

Stjórnin hefur umsjón með fjármálum stofnunarinnar, sbr. 4. gr., og gengur frá rekstraráætlun og tillögum til deildar um fjárveitingar til stofnunarinnar. Stjórnin hefur umsjón með rannsóknum og öðrum verkefnum stofnunarinnar, sbr. 2. gr., og fjallar um önnur mál, er varða starfsemi hennar, sbr. 6. gr.

Stjórnin skal halda minnst tvo fundi á ári með starfsliði stofnunarinnar, annan fyrir lok febrúar og hinn fyrir lok októbermánaðar, til að ræða málefni stofnunarinnar. Fundir þessir nefnast misserisfundir. Þeir hafa ekki ákvörðunarvald en geta samþykkt tillögur til stjórnar stofnunarinnar eða heimspekideildar.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Nú telur einhver sá, sem rétt á til setu á misserisfundi stofnunarinnar, ákvörðun stjórnar eða forstöðumanns vera andstæða ákvæðum þessarar reglugerðar eða laga háskólans, og getur hann þá skotið ákvörðuninni til deildarráðs heimspekideildar.

Stjórninni er heimilt að skipta stofnuninni í deildir eftir rannsókna- eða verkefnasviðum, ef heppilegt þykir og fé er fyrir hendi. Heimspekideild kýs þá deildarstjóra einstakra deilda, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

4. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé skv. því, sem veitt er í fjárlögum. Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

a) Styrkir til einstakra verkefna.
b) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
c) Gjafir.

Stjórn stofnunarinnar skal ályktа um viðtöku fjár skv. a), b) og c) lið, þ. á. m. um skilyrði sem framlögin kunna að vera bundin.

Ávallt er skylt að leita samþykkis deildar fyrir öflun tekna og fjárveitinga til stofnunarinnar.

Fjármálin heyra endanlega undir háskólarektor og háskólaritara, sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

5. gr.

Til bókasafns stofnunarinnar skal leggja þann bókakost Háskólabókasafns, er fellur undir fræðasvið hennar, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, bókasafnsnefndar og háskólabókavarðar til háskólaráðs.

Við stofnunarbókasafnið skal árlega auka í samræmi við fjárveitingu til Háskólabókasafns, enda heyrir stofnunarbókasafnið undir það.

Ennfremur njóti stofnunin þeirrar þjónustu, sem um getur í lögum nr. 38/1969 um Landsbókasafn Íslands, sbr. sérstaklega 1. mgr. 8. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að stofnanir Háskólans hafi söfn í sinni vörslu, sbr. og 2. mgr. sömu greinar, svo og 12. og 13. gr. téðra laga.

6. gr.

Starfslið stofnunarinnar er:

a) Kennarar í erlendum tungumálum í fullu starfi við heimspekideild.
b) Gistiprófessorar, sérfræðingar og styrkþegar eða aðrir, sem vinna að tímabundnum rannsóknarverkefnum, skv. ákvörðun stjórnar.
c) Stúdentar í erlendum tungumálum, er vinna að verkefnum undir leiðsögn kennara sinna, en stjórnin kveður nánar á um stöðu þeirra.
d) Annað starfslið eftir því, sem háskólaráð ákveður.

Stjórn, deildarstjórar svo og annað starfslið skulu fá greidda þóknun eftir gildandi reglum innan Háskólans.

Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuaðstöðu.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild 9. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands. Sbr. reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 78/1979, 66. gr., og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 4. október 1982.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um heimspekistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Í heimspekideild Háskóla Íslands starfar Heimspekistofnun samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands, og er hún vísindaleg rannsókna- og fræðslustofnun skv. 1. gr. téðra laga.

2. gr.

Hlutverk Heimspekistofnunar er:

1. Að vera vettvangur rannsókna í heimspekilegum fræðum.
2. Að vera til ráðuneytis um kennslu, námsefni og próf í heimspeki í skólum landsins og stuðla með öðrum hætti að eflingu heimspekilegra fræða á Íslandi.
3. Að annast útgáfu ritverka á fræðasviði sínu.

3. gr.

Hlutverki sínu gegnir Heimspekistofnun einkum með því að:

1. Veita starfsmönnum stofnunarinnar og gestum fyrirgreiðslu við rannsóknir.
2. Gangast fyrir ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum, fyrirlestrum og annarri starfsemi, sem starfssvið stofnunarinnar varðar.
3. Hafa samvinnu við aðila innan háskólans sem utan um rannsóknir í heimspeki og annast samskipti við rannsókna- og fræðslustofnanir í heimspekilegum fræðum við aðra háskóla.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum. Heimspekideild kýs tvo þeirra úr hópi fastra háskólakennara í heimspeki. Hún kýs annan þeirra formann og skal hann jafnframt vera forstöðumaður. Stúdentar sem hafa heimspeki að aðalgrein kjósa einn stjórnarmann úr sínum hópi til eins árs í senn. Kennararnir skulu kjörnir til þriggja ára.

Stjórnin hefur umsjón með fjármálum stofnunarinnar og gerir tillögur til deildar um fjárveitingar.

Stjórnin skal halda minnst tvo fundi á ári með starfsliði stofnunarinnar, annan fyrir lok febrúar og hinn fyrir lok októbermánaðar, til að ræða málefni stofnunarinnar. Fundir þessir nefnast misserisfundir. Þeir hafa ekki ákvörðunarvald, en geta samþykkt ályktanir til stjórnar Heimspekistofnunar eða heimspekideildar.

Nú telur einhver sá, sem rétt á til setu á misserisfundi Heimspekistofnunar, ákvörðun stjórnar eða forstöðumanns vera andstæða ákvæðum þessarar reglugerðar eða laga háskólans, og getur hann þá skotið ákvörðuninni til deildarráðs heimspekideildar.

5. gr.

Starfslið stofnunarinnar er:

1. Fastir kennarar í heimspeki í heimspekideild.
2. Gistikennarar, sérfræðingar og styrkþegar, sem vinna að tímabundnum rannsóknaverkefnum samkvæmt ákvörðun stjórnar.
3. Stúdentar í heimspeki, sem vinna að rannsóknaverkefnum undir leiðsögn kennara sinna, en stjórnin kveður nánar á um stöðu þeirra.
4. Annað starfslið, eftir því sem háskólaráð ákveður að fengnum tillögum stjórnar.

Stjórn stofnunarinnar skal fá greidda þóknun fyrir störf sín eftir gildandi reglum innan háskólans.

6. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé samkvæmt því sem veitt er í fjárlögum. Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

a) Styrkir til einstakra verkefna.
b) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
c) Gjafir.

Stjórn stofnunarinnar skal ályktа um viðtöku fjár samkvæmt liðum a) —c).

Ávallt er skylt að leita samþykkis deildarráðs fyrir fjárveitingatillögum stofnunarinnar.

Fjármálin heyra endanlega undir rektor og háskólaritara, sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands. Skal reikningshald vera hluti af heildarreikningum Háskóla Íslands.

7. gr.

Háskólinn sér stofnuninni fyrir húsnæði og annarri starfsaðstöðu. Húsnæði skal vera minnst einn lestrarsalur og ein vinnustofa.

8. gr.

Til bókasafns stofnunarinnar skal leggja þann bókakost Háskólabókasafns, sem fellur undir fræðasvið hennar, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, bókasafnsnefndar og háskólabókavarðar til háskólaráðs.

Við stofnunarbókasafnið skal árlega auka í samræmi við fjárveitingu til Háskólabókasafns, enda heyrir stofnunarbókasafnið undir það.

Ennfremur njóti stofnunin þeirrar þjónustu, sem um getur í lögum nr. 38/1969 um Landsbókasafn Íslands, sbr. sérstaklega 1. mgr. 8. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að stofnanir háskólans hafi söfn í sinni vörslu, sbr. og 2. mgr. sömu greinar, svo og 12. og 13. gr. téðra laga.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild 9. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands, sbr. reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 78/1979, 66. gr., og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 4. október 1982.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 600. 27. okt. 1982.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 270/1974, um menntaskóla.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 34. gr. bætist:

Nemandi sem hlotið hefur einkunnina 0,0 í einhverri grein telst ekki hafa lokið stúdentsprófi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 27. október 1982.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um samkomulag skv. 20. gr. í samningi frá 9. nóvember 1972 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, sbr. viðbótarsamning við samninginn frá 11. júní 1980.

Til framkvæmdar á samningnum frá 9. nóvember 1972 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum hefur orðið samkomulag um eftirfarandi ákvæði:

1. Með orðunum **„öflunar framtala eða annarra upplýsinga"** í b-lið 1. gr. samningsins er átt við öflun framtala eða annarra upplýsinga til notkunar við skattákvörðun (skattálagningu) eða aðrar aðgerðir í málum, sem varða skatt í því ríki, sem aðstoðar óskar. Orðalagið felur ennfremur í sér afhendingu framtala eða annarra gagna í frumriti eða afriti, sem skilað hefur verið vegna skattákvörðunar (skattálagningar) eða annarra aðgerða í málum, sem varða skatt í því ríki sem beiðninni er beint til.
2. Með sköttum, sem aðstoð er veitt við, skal telja;
   a) dráttarvexti og viðbótargjöld eða önnur gjöld, sem á falla vegna vanskila á skattgreiðslu, til þess tíma er krafan er afhent til innheimtu í hinu ríkinu, eða við vanrækslu á upplýsinga- eða framtalsskyldu vegna skatta eða opinberra gjalda (dráttargjald, gjaldálag o. s. frv.);
   b) þá dráttarvexti og viðbótargjöld eða önnur gjöld vegna vanskila á skattgreiðslu, sem á falla eftir þann tíma er krafan var afhent til innheimtu í hinu ríkinu og óskað er aðstoðar við innheimtu á með sérstakri beiðni; ennfremur
   c) endurgreiðslu á innheimtukostnaði og dagsektir, að því leyti sem kostnaðurinn eða dagsektirnar standa ekki í sambandi við málsmeðferð fyrir dómstólum.

3.A. Með **„skatti af vélknúnum ökutækjum"** skv. grein 2 c) í samningnum er átt við skatta og gjöld í eftirtöldum lögum með síðari breytingum á þeim:
   a) í Danmörku: skráningargjald af vélknúnum ökutækjum skv. lögum nr. 221 26. maí 1971 svo og þungaskatt af vélknúnum ökutækjum skv. reglugerð fjármálaráðuneytisins nr. 359 16. júlí 1980;
   b) í Finnlandi: skatt samkvæmt lögum um skatt af vélknúnum ökutækjum (772/66) og lögum um bifreiða- og bifhjólaskatt (482/67);
   c) á Íslandi: árgjald eða kílómetragjald af bifreiðum, sem ekki eru knúnar með bensíni, sbr. lög nr. 79/1974;
   d) í Noregi: eftirtalin gjöld skv. lögum nr. 2 19. júní 1959; þ. e. gjald álagt í eitt skipti á ökutæki o. fl., samsetningargjald, árgjald, þungaskatt af bensínknúnum vöruflutningabifreiðum o. fl., kílómetragjald o. fl., gjald af bráðabirgðaskráningu, umskráningargjald o. fl., bensíngjald og frumskráningargjald af húsvögnum;
   c) í Svíþjóð: skatta samkvæmt lögum um umferðarskatt (1973:601) og lögum (1978:69) um skatt af sölu vélknúinna ökutækja.

B. Með **„virðisaukaskatti og öðrum almennum söluskatti"** í grein 2 d) í samningnum er átt við skatta og gjöld í eftirtöldum lögum með síðari breytingum á þeim:
   a) í Danmörku: gjöld samkvæmt lögum um almennan söluskatt (virðisaukaskatt) frá 31. mars 1967;
   b) í Finnlandi: skatt samkvæmt lögum um söluskatt (532/63);
   c) á Íslandi: almennan söluskatt (lög nr. 10/1960, sbr. lög nr. 12/1980);
   d) í Noregi: gjald samkvæmt lögum um virðisaukaskatt frá 19. júní 1969; svo og
   e) í Svíþjóð: skatt samkvæmt lögum um virðisaukaskatt (1968:430).

C. Með **„punktsköttum“** skv. grein 2 e) í samningnum teljast skattar og gjöld í eftirtöldum lögum með síðari breytingum:

a) Í Danmörku: gjöld skv. lögum nr. 510 frá 18. desember 1970 um gjald af bensíni, lögum nr. 414 frá 18. desember 1968 um gjald af súkkulaði og sælgæti, lögum nr. 98 frá 17. mars 1971 um gjöld af víni og ávaxtavíni, lögum nr. 153 frá 6. maí 1980 um gjald af áfengi, lögum nr. 65 frá 23. mars 1955 um gjald af öli, lögum nr. 68 frá 28. febrúar 1950 um gjald af ilmvötnum, snyrtivörum o. fl., lögum nr. 68 frá 25. mars 1955 um gjöld af tóbaki, lögum nr. 174 frá 7. maí 1975 um gjöld af ábyrgðartryggingu ökutækja o. fl., lögum nr. 607 frá 21. desember 1946 um gjald af neysluís, lögum nr. 406 frá 20. ágúst 1976 um gjald af sykri o. fl., lögum nr. 221 frá 26. maí 1971 um skráningargjald af ökutækjum o. fl., lögum nr. 413 frá 20. ágúst 1976 um gjald af tryggingum skemmtibáta, lögum nr. 634 frá 21. desember 1977 um gjald af tilteknum smásöluumbúðum, lögum nr. 453 frá 7. september 1977 um gjald af tilteknum olíuvörum, lögum nr. 441 frá 6. september 1977 um gjald af leiguflugi, lögum nr. 89 frá 9. mars 1977 um gjald af raforku, lögum nr. 291 frá 29. júní um gjald af gasi, lögum nr. 174 frá 30. apríl 1969 um stimpilgjald, lögum nr. 284 frá 23. maí 1973 um „kapitaltilförselsavgift“, lögum nr. 313 frá 20. desember 1915 um kauphallarstimpilgjald, lögum nr. 575 frá 25. nóvember 1977 um gjald af fyrsta afsali á tilteknum eignaríbúðum og gjöld skv. lögum nr. 44 frá 14. mars 1955 um ýmis neyslugjöld og gjöld skv. lögum nr. 43 frá 14. mars 1955 um „forbrugsbegrænsende foranstaltninger“;

b) í Finnlandi: skattar og gjöld skv. lögum um gjald af tóbaki (875/79), lögum um gjald af sykurvörum (867/79), lögum um gjald af öli (877/79), lögum um gjald af gosdrykkjum (870/79), lögum um gjald af matvælum (868/79), lögum um tímabundið gjald af eldsneyti (858/80), lögum um gjald af ætri fitu (879/79), lögum um gjald af sykri (872/79), lögum um gjald af rafmagni (652/76), lögum um gjald af áburði (881/79), lögum um gjald af brennsluolíu (873/79), lögum um skatt af áfengum drykkjum (869/79), lögum um öryggisbirgðagjald af fljótandi eldsneyti (858/72), lögum um olíuverndarsjóðinn (379/74), lögum um skatt af happdrætti (259/70), lögum um skatt af tilteknum tryggingariðgjöldum (664/1966), lögum um stimpilgjald (662/43) og lögum um skatt á kvikmyndahús (366/1964);

c) á Íslandi: lög um gjald af gosdrykkjum, öli, sælgæti og kakaói (77/1980), lög um verðjöfnunargjald á raforku (83/1974) og (6/1979) lög um skemmtanaskatt (58/1980), lög um bensíngjald, gúmmígjald, þungaskatt af dísilbifreiðum undir 4 tonnum og kílómetragjald (79/1974), lög um sérstakt innflutningsgjald af bifreiðum (4/1960), lög um stimpilgjald (36/1978), lög um gjald af brennsluolíum (6/1976) og lög um flugvallagjald (8/1976);

d) í Noregi: gjald af öli skv. lögum frá 28. júní 1912 nr. 4, gjald af tóbaksvörum, bensíni, bátanetum, raforku, jarðolíu, súkkulaði og sælgæti o. fl., sykri o. fl., gosdrykkjum o. fl., snyrtivörum og hópferðum með flugvélum skv. lögum nr. 11 19. maí 1933, árgjald af bátum ásamt gjöldum af vélknúnum ökutækjum, sem nefnd eru í lið 3.A., d) skv. lögum nr. 2 19. júni 1959, gjald af skjölum skv. lögum nr. 59 12. des. 1975 gjald skv. útvarpslögum nr. 36 frá 13. júní 1980, gjald á útbúnað til upptöku eða endurflutnings hljóðs eða mynda skv. lögum nr. 69 frá 12. júní 1981, gjald af áfengi o. fl., og gjald af alkóhóli í bragðbætiefni o. fl., sem lagt er á skv. lögum nr. 1 19. júní 1964 og

e) í Svíþjóð: gjöld og skattar skv. lögum (1957:262) um almennan orkuskatt, lögum (1961:372) um bensíngjald, lögum (1973:1216) um „särskild beredskabsavgift“ af olíuvörum, lögum (1977:306) um gjald af drykkjarvörum, lögum (1961:394) um skatt af tóbaki, lögum (1941:251) um sérstakt vörugjald, lögum (1960:258)

um jöfnunargjald á tilteknar vörur, lögum (1953:397) um gjald af fituefnum, sem notuð eru við framleiðslu á „fedtemulsion" o. fl., lögum (1973:37) um gjald af tilteknum drykkjarumbúðum, lögum (1972:266) um skatt af auglýsingum og tilkynningum, lögum (1972:820) um skatt af spilum, lögum (1928:376) um sérstakan skatt af tilteknum happdrættisvinningum, stimpilskattslögum (1964:308), lögum (1978:144) um skatt af tilteknum ferðum, lögum (1978:69) um skatt af sölu vélknúinna ökutækja, lögum (1975:343) um niðurrif bifreiða, umferðarskattalögum (1973:601), lögum (1976:338) um umferðarskatt af tilteknum ökutækjum, sem ekki eru skráð í ríkinu, lögum (1972:435) um gjald vegna of mikils öxulþunga, lögum (1978:880) um greiðslutryggingu fyrir sköttum, tollum og gjöldum, lögum (1968:361) um innflutningsgjald af tilteknum tegundum af kökum, tilskipun (1964:352) um gasolíuskatt, tilkynningu (1973:717) um innheimtu o. fl. á gjaldi af „veðmálateljurum" og lögum (1976:339) um söluvagnaskatt.

D. Gjöld skv. grein 2 f) í samningnum teljast skattar og gjöld í eftirtöldum lögum með síðari breytingum:

a) í Danmörku: gjald vinnuveitenda til dagpeningasjóðs, sbr. 4. mgr. 41. gr., svo og 11., 13. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 262 7. júní 1972 um dagpeninga vegna veikinda eða fæðinga, gjald útgerðar skv. 4. mgr. 21. gr. laga nr. 311 9. júní 1971 um almenna sjúkratryggingu, gjald vinnuveitenda til örorkutryggingasjóðs skv. 34. og 35. gr. laga nr. 219 4. júní 1965 um örorkutryggingar, tryggingariðgjald, sem tryggingarskyldum vinnuveitanda ber að greiða samkvæmt slysatryggingarlögum til viðurkenndra slysatryggingarfélaga, sbr. 42., 43. og 44. gr. slysatryggingarlaga nr. 79 8. mars 1978, bætur sem ákvarðaðar hafa verið skv. lögum um opinbera framfærslu (lög nr. 333 19. júní 1974) og innheimta má skv. 7. gr. laganna, sbr. 27. gr. þeirra, sem persónulega skatta, gjald skv. V. kafla (ATP) laga um viðbótarlífeyri vinnumarkaðarins svo og gjald vinnuveitanda til atvinnuleysistrygginga (lög nr. 114 24. mars 1970);

b) í Finnlandi: gjöld og iðgjöld samkvæmt almannatryggingalögum (347/56), sjúkratryggingalögum (364/63), lögum um gjald atvinnurekanda til félagslegrar verndar (366/63) og lög um skógverndarfélög (558/50);

c) á Íslandi: gjöld samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 57/1973, lögum um iðnlánasjóð nr. 68/1967 og lögum um launaskatt nr. 14/1965, svo og skattur af atvinnurekstri o. fl. skv. V. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 73/1980, kirkjugjald samkvæmt lögum um sóknargjöld nr. 36/1948, kirkjugarðsgjald samkvæmt lögum um kirkjugarða nr. 21/1963, og iðnaðarmálagjald samkvæmt lögum um iðnaðarmálagjald nr. 48/1975;.

d) í Noregi: gjöld samkvæmt lögum frá 17. júní 1966 um almannatryggingar og lögum frá 19. júní 1969 um gjöld af fjárfestingum o. fl., svo og gjald samkvæmt reglugerð frá 17. desember 1971 með ákvæðum um gjald vegna of mikils öxulþunga; og

e) í Svíþjóð: gjöld samkvæmt lögum um almannatryggingar (1962:381), lögum um vinnuslysatryggingar (1976:280), lögum um innheimtu tiltekinna gjalda skv. lögum um almannatryggingar o. fl. (1959:552), lögum um barnavernd (1976:381), lögum um „delpensionsförsäkring" (1979:84), lögum (1946:324) um skógverndargjald, lögum (1961:300) um gjald útgerðarmanns vegna eftirlauna sjómanna og gjöld samkvæmt lögum um gjald vegna of mikils öxulþunga (1972:435).

4. Verði verulegar breytingar gerðar á sköttum eða gjöldum, sem upp eru talin í þessu samkomulagi, eða komi í þeirra stað aðrir skattar eða gjöld, sem um er fjallað í 2. gr.

samningsins, sem eru í aðalatriðum sama eðlis, skal gera nýtt samkomulag með bréfaskiptum milli hinna bæru stjórnvalda.

5. Ef skattur af tilteknum tekjum eða eignum hefur verið staðgreiddur eða endanlega greiddur í aðildarríki, getur bært stjórnvald í öðru aðildarríki mælst til þess að hin greidda skattfjárhæð verði flutt til hlutaðeigandi skattyfirvalds þess ríkis til að draga hana frá skatti af tekjunum eða eignunum.
6. Upplýsingaskylda skv. 12. gr. samningsins skal einnig taka til upplýsinga um greidda tímabilsbundna framfærslustyrki.
7. Með beiðni um aðstoð til innheimtu skal fylgja í frumriti eða staðfestu eftirriti úrskurður sá, sem skattkrafan er reist á, eða opinber úrdráttur úr skattskrá (skattseðill) eða annað skjal, sem ber með sér kröfuna.
   í beiðni skal greina:
   a) stjórnvald, sem aðstoðarinnar óskar;
   b) varðandi greiðsluskyldan mann: nafn, heimilisfang, fæðingardag og -ár, heimilissveit, svo og ef unnt er, vinnustað og dvalarstað;
   c) varðandi greiðsluskylda lögpersónu: tegund lögpersónu, nafn og heimilisfang;
   d) þegar við á, þann stað í því ríki, sem innheimtu er beiðst í þar sem hinn greiðsluskyldi á eignir, svo og tegund eigna;
   e) tegund kröfu og fjárhæð, þar með taldir áfallnir vextir, tímabil það er krafan varðar, svo og hvenær krafan fyrnist að nokkru eða öllu leyti samkvæmt löggjöf eigin ríkis;
   f) þann grundvöll, sem útreikningur á vöxtum eða gjöldum skv. lið 2. a) eða b) er reistur á; ennfremur önnur atriði, sem geta auðveldað eða flýtt fyrir innheimtu kröfunnar. Sambærilegar upplýsingar skulu veittar í beiðni um tryggingarráðstafanir vegna greiðslu á skattskuld.
8. Beiðni um aðstoð við innheimtu skatta má því aðeins bera fram að samanlögð fjárhæð kröfu, að undanskilinni þeirri fjárhæð, sem um ræðir í lið 2. a), nái a. m. k. 1400 dönskum krónum, 850 finnskum mörkum, 1400 íslenskum krónum, 1200 norskum krónum eða 1000 sænskum krónum.
9. Innheimta fer fram í mynt þess ríkis, sem aðstoðar er beiðst í. Bær stjórnvöld í þessu ríki skulu, svo fljótt sem auðið er eftir móttöku beiðni um aðstoð, umreikna þá fjárhæð sem í beiðni greinir í mynt þessa ríkis samkvæmt gengi, er ríkisbankinn mælir með, á þeim degi er beiðnin barst og skal innheimtan taka til þeirrar fjárhæðar, sem þannig er reiknuð út. Við þennan umreikning má beita þeim ákvæðum um jöfnun fjárhæða, sem kunna að gilda samkvæmt löggjöf þessa ríkis.
   Verði gengisbreyting meðan á innheimtuaðgerðum stendur getur bært stjórnvald í því aðildarríki, sem innheimtu er beiðst í, ákveðið, eftir að hafa leitað álits ríkisbanka þessa ríkis, hvaða gengi skuli notað í þessu máli vegna breytingarinnar.
   Ekkert framangreindra ákvæða í þessum lið skal koma í veg fyrir að sú fjárhæð, sem beiðni nær til, sé greidd í mynt þess ríkis, sem aðstoðar óskar.
10. Fjárhæðir, sem innheimtar hafa verið vegna aðstoðar samkvæmt samningi þessum, skal innheimtustjórnvald greiða svo fljótt, sem auðið er, til ríkisbanka eigin ríkis á reikning ríkisbanka þess ríkis, sem innheimt var fyrir.
    Við innborgun skal greina nafn og heimilisfang þess innheimtustjórnvalds, sem fjárhæðina á að fá, svo og þá skattkröfu, sem fjárhæðin á við.
    Innheimta fjárhæð má einnig leggja á póstgíróreikning þess innheimtustjórnvalds, sem aðstoðarinnar hafði óskað.
    Þar sem við á skal draga málskostnað fyrir dómstólum og kostnað vegna gjaldþrotameðferðar frá innheimtri fjárhæð (19. gr. samningsins).
    Með **„innheimtustjórnvaldi“** í þessum lið er átt við:
    í Danmörku: Sjómannaskattaskrifstofuna (Sömandsskattekontoret),

í Finnlandi: lénsskattayfirvöld (länsskatteverk), svæðisskrifstofa, og bílaskráningarmiðstöð.
á Íslandi: Gjaldheimtuna í Reykjavík,
í Noregi: Skattfógetann í Osló (Skattefogden i Oslo) og
í Svíþjóð: krúnufógetastjórnvald (kronofogdemyndighet).
Með **„ríkisbanka"** í þessum lið er átt við:
í Danmörku: Danska þjóðbankann (Danmarks Nationalbank),
í Finnlandi: Finnlandsbanka (Finlands Bank),
á Íslandi: Seðlabanka Íslands,
í Noregi: Noregsbanka (Norges Bank) og
í Svíþjóð: Sænska ríkisbankann (Sveriges Riksbank).

11. Yfirfærsla gjaldeyris vegna skattgreiðslna frá einu samningsríki til annars skal fara fram innan ramma gildandi greiðslusamninga milli ríkjanna.

Samkomulag þetta öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag, er bær stjórvöld í öllum aðildarríkjunum hafa undirritað samkomulagið og skal því beitt um mál, sem borist hafa eftir gildistökuna til bærs stjórnvalds í því ríki, sem beiðninni er beint til.

Með þessu samkomulagi fellur úr gildi samkomulag samkvæmt 20. gr. í samningnum frá 9. nóvember 1972 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, sem undirritaður var hinn 15. júní, hinn 5. og 21. október og hinn 10. og 28. nóvember 1977. Samkomulag það, sem nú er fellt úr gildi, heldur þó gildi sínu að því er varðar mál, sem borist höfðu bæru stjórnvaldi í því ríki, sem beiðninni var beint til, áður en þetta samkomulag tekur gildi.

Samkomulag þetta er gert í sex eintökum á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland, hinn fyrir Svíþjóð og skulu allir textar jafngildir.

Stockholm, den 24 juni 1982.
Kurt Malmgren.

København, den 21. juli 1982.
Jens Rosman.

Helsingfors, den 11. august 1982.
Mauno Forsman. Hillel Skurnik.

Reykjavík, 27. ágúst 1982.
Ragnar Arnalds. Árni Kolbeinsson.

Oslo, den 22. september 1982.
Arne Scheel.

Framangreint birtist hér með öllum hlutaðeigandi til upplýsingar og eftirbreytni. Auglýsing nr. 438 14. desember 1977 fellur jafnframt úr gildi í samræmi við efnisákvæði 2. og 3. mgr. 11. tl. samkomulags þessa.

Fjármálaráðuneytið, 18. október 1982.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um samkomulag um afdrátt skatts, sbr. 20. gr. í samningi frá 9. nóvember 1972 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, sbr. viðbótarsamning við samninginn frá 11. júní 1980.

Til framkvæmdar á samningi frá 9. nóvember 1972 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum hefur verið gert svofellt samkomulag samkvæmt 20. grein:

1. Hafi einstaklingur með búsetu í aðildarríki (búseturíkinu) tekjur af vinnu sem um eitt eða fleiri tímaskeið er unnin í öðru aðildarríki eða á landgrunni þess (vinnuríkinu) og telji búseturíkið að vinnan muni ekki taka meira en 183 daga samanlagt á viðkomandi almanaksári og að endurgjaldið sé greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda með búsetu í því ríki, skal staðgreiðsluskattur inntur af hendi til búseturíkisins. Skattyfirvald í vinnuríkinu skal þá ekki krefja um staðgreiðsluskatt, enda sé með skriflegri tilkynningu frá skattyfirvaldi í búseturíkinu leitt í ljós, að afdráttur vegna staðgreiðsluskatts fari fram þar. Ef vinnuríkið fellst á mat búseturíkisins samkvæmt fyrsta málslið getur vinnuríkið látið hjá líða að krefja um staðgreiðsluskatt, enda þótt ekki hafi verið send tilkynning samkvæmt öðrum málslið.
   Fari afdráttur vegna staðgreiðsluskatts ekki lengur fram í búseturíkinu skal skattyfirvald þar jafnskjótt og því verður um það kunnugt gera skattyfirvaldi í vinnuríkinu viðvart. Ákvæðum fyrstu málsgreinar skal ekki beitt ef skattyfirvald í búseturíkinu telur, að greitt endurgjald sé runnið frá fastri atvinnustöð eða varanlegri aðstöðu í vinnuríkinu.
2. Sé endurgjald sem um ræðir í 1. tölulið greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda, sem hvorki hefur búsetu í vinnuríkinu eða í búseturíki starfsmannsins, má krefja um staðgreiðsluskatt í vinnuríkinu. Skattyfirvald í búseturíkinu skal þegar svo háttar láta hjá líða að krefjast afdráttar vegna staðgreiðsluskatts eftir að tilkynning hefur borist frá skattyfirvaldi í vinnuríkinu um að staðgreiðsluskattur sé eða muni verða inntur af hendi þar.
3. Telji skattyfirvald í vinnuríkinu, að um sé að ræða útleigu vinnuafls, má innheimta staðgreiðsluskatt þar. Starfsmaður sem um ræðir í 1. tölulið, skal teljast leigður út, ef einhver aðili (leigusali) lætur hann í té til að inna af hendi vinnu í atvinnurekstri annars aðila (vinnukaupa) í vinnuríkinu og leigusalinn ber ekki ábyrgð á né tekur áhættu af árangri vinnunnar.
   Til að meta hvort starfsmaður skuli teljast leigður út skal leggja heildarmat á málið og hafa þá sérstaka hliðsjón af hvort:
   a) æðsta vinnustjórn er á höndum vinnukaupa,
   b) starfið er unnið á vinnustað sem vinnukaupi hefur til ráðstöfunar og ber ábyrgð á,
   c) endurgjald til leigusala er ákveðið á grundvelli þess tíma sem vinnan hefur tekið eða með hliðsjón af öðru sambandi milli greiðslunnar og þess endurgjalds er starfsmaðurinn fær,
   d) meginhluti verkfæra og efnis er látinn í té af vinnukaupa og
   e) leigusali ákveður ekki einhliða fjölda starfsmanna og hvaða hæfniskröfur skuli gerðar til þeirra.
   Skattyfirvald í vinnuríkinu skal tilkynna skattyfirvaldi í búseturíkinu um að staðgreiðsluskattur sé inntur af hendi í vinnuríkinu. Hafi slík tilkynning borist skal búseturíkið ekki krefja um staðgreiðsluskatt af tekjunum.
4. Ef skattyfirvald í aðildarríki, sem samkvæmt framangreindum ákvæðum skal láta hjá líða að krefja um staðgreiðsluskatt, fellst ekki á úrskurð skattyfirvalds í öðru aðildarríki,

skal málinu ráðið til lykta með samkomulagi milli bærra stjórnvalda í hlutaðeigandi aðildarríkjum.

Komi bær stjórnvöld sér ekki saman um annað skal þar til niðurstaða hefur fengist í málinu ekki krafið um skatt í

a) vinnuríkinu, í þeim tilvikum er leysa skal úr málinu samkvæmt ákvæðum 1. töluliðar;

b) búseturíkinu, í þeim tilvikum er ráða skal málinu til lykta samkvæmt ákvæðum 2. og 3. töluliðar.

Hafi staðgreiðsluskattur verið inntur af hendi í báðum ríkjunum af sömu tekjum, skal það ríki er samkvæmt ákvæðum þessa töluliðar á ekki að krefja um skatt, endurgreiða innborgaða fjárhæð.

5. Sé með tilkynningu frá vinnuveitanda eða með öðrum hætti leitt í ljós, að forsendur fyrir afdrætti í búseturíki vegna skatts samkvæmt 1. tölulið séu ekki lengur fyrir hendi eða slíkur afdráttur fari ekki fram, má frá þeim tíma krefjast afdráttar í vinnuríkinu vegna staðgreiðsluskatts. Skal þá skattyfirvald í vinnuríkinu fyrst gera skattyfirvaldi í búseturíkinu viðvart um hinar breyttu aðstæður og að krafið verði um skatt í vinnuríkinu.

Krefjist skattgreiðandi endurgreiðslu á skatti sem inntur hefur verið af hendi í einu ríkjanna skal endurgreiðslu frestað þar til skattyfirvald í hinu ríkinu sem í hlut á hefur gengið úr skugga um að tekjurnar eigi ekki að skattleggjast í síðarnefnda ríkinu. Eigi tekjurnar að skattleggjast í síðarnefnda ríkinu, skal skattyfirvald í ríkinu þar sem skatturinn var inntur af hendi tilkynna skattyfirvaldi í hinu ríkinu hið fyrsta hvaða fjárhæð hafi verið innt af hendi í staðgreiðsluskatt. Yfirfærsla skattsins skal fara fram samkvæmt ákvæðum 9. töluliðar.

6. Í tilkynningum samkvæmt 1.—5. tölulið skal greina

a) nafn starfsmanna, fæðingardag og heimilisfang, svo og skattlagningarstað í báðum ríkjunum.

b) nafn vinnuveitanda og heimilisfang í báðum ríkjunum og

c) fyrir hvaða tímabil staðgreiðsluskattur hafi verið inntur af hendi.

Í tilkynningum skal eftir því sem kostur er á einnig greina nafnnúmer starfsmanns og vinnuveitandanúmer vinnuveitandans ásamt hugsanlegu nafnnúmeri í báðum ríkjunum.

Telji skattyfirvald að upplýsingar þær sem látnar hafa verið í té samkvæmt fyrstu málsgrein séu svo ófullkomnar, að þær nægi ekki til úrskurðar um að afdráttur vegna staðgreiðsluskatts skuli ekki fara fram, skal skattyfirvaldi í hinu ríkinu þegar í stað skýrt frá því.

7. Ákvæði 1.—4. töluliðar hér að framan um rétt til undanþágu frá því að inna af hendi staðgreiðsluskatt hafa ekki áhrif á aðrar skyldur samkvæmt innlendri löggjöf, t. d. upplýsingaskyldu.

8. Hafi staðgreiðsluskattur samkvæmt 5. tölulið verið innheimtur í vinnuríkinu, skal skattyfirvald í því ríki gera skattyfirvaldi í búseturíkinu viðvart jafnskjótt og því hefur borist vitneskja um að vinnunni sé lokið.

9. Hafi verið úrskurðað, að tekjur sem um ræðir í 1. tölulið skuli skattlagðar í öðru ríki en því, sem staðgreiðsluskattur var innheimtur í, skal að beiðni bærs stjórnvalds í fyrrnefnda ríkinu yfirfæra innborgaðan staðgreiðsluskatt til hlutaðeigandi skattyfirvalds í því ríki til frádráttar álögðum skatti af tekjunum.

10. Tilkynningar samkvæmt samkomulagi þessu skulu sendar um hendur bærra stjórnvalda í aðildarríkjunum, svo framarlega sem þau ákveða ekki annað. Bær stjórnvöld geta samið um nánari framkvæmd ákvæða þessa samkomulags.

11. Með skatti er í samkomulagi þessu átt við tekjuskatt sem fellur undir gildandi tvísköttunarsamninga milli aðildarríkjanna.

12. Samningur þessi nær ekki til tekna sem aflað er af manni sem búsettur er í sveitarfélagi í Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og mörk þess liggja að landamærum Finnlands og Noregs, Finnlands og Svíþjóðar eða Noregs og Svíþjóðar, fyrir vinnu sem innt er af hendi í þess konar sveitarfélagi í einhverju þessara ríkja.
13. Samkomulag þetta öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag er bær stjórnvöld í öllum aðildarríkjunum hafa undirritað það, og skal það koma til framkvæmda við afgreiðslu erinda sem borist hafa eftir gildistökuna til bærs stjórnvalds í því ríki sem erindi er beint til.

Samkomulag þetta er gert í sex eintökum á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, þar af tveimur á sænsku, öðru fyrir Finnland en hinu fyrir Svíþjóð, og skulu allir textarnir jafngildir.

Stockholm, den 24 juni 1982.
Kurt Malmgren.

København, den 21. juli 1982.
Jens Rosman.

Helsingfors, den 11. august 1982.
Mauno Forsman. Hillel Skurnik.

Reykjavík, 27. ágúst 1982.
Ragnar Arnalds. Árni Kolbeinsson.

Oslo, den 22. september 1982.
Arne Scheel.

Framangreint birtist hér með öllum hlutaðeigandi til eftirbreytni.

Fjármálaráðuneytið, 18. október 1982.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 603. 25. október 1982.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Siglufjarðarkaupstaðar á lóðum og fasteignum, sem að sjó liggja.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. samþykkti bæjarstjórn eftirfarandi:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftirtöldum fasteignum ásamt lóðaréttindum:

1. **Hvanneyrarbraut 68b,** að hluta í eign Gísla J. Elíassonar, Margrétar Steingrímsdóttur og Halldóru Matthíasdóttur.
2. **Hvanneyrarbraut 76,** (Hvanneyrarbakki), eign Vigfúsar Friðjónssonar.
3. **Hvanneyrarkrókur III,** eign Skeljungs hf.

4. **Ránargata 2** (Kambsreitur), eign Olíuverslunar Íslands hf.
5. **Lóðir, bryggjur og mannvirki Síldarverksmiðja ríkisins** austan Vetrarbrautar.
6. **Fiskverkunarhús Hrímnis hf.** (Þormóðsreitur).
7. **Hús Björgunarsveitarinnar Stráka** (Þormóðsreitur).
8. **Húseignir Skeljungs hf. á Ásgeirsreit.**
9. **Fiskverkunarhús á Hinriksreit,** eign barna O. Henriksen.
10. **Tjarnargata 8,** eign Óskars Garíbaldasonar o. fl.
11. **Tjarnargata 6,** eign Þormóðs Eyjólfssonar.
12. **Hraðfrystihús og aðrar fasteignir Þormóðs ramma hf.** á Halldórsreit, Kveldúlfsreit og Sæbyreit.
13. **Trésmíðaverkstæði Sigurðar Konráðssonar** Hjaltalínsreitur.
14. **Hraðfrystihús og aðrar fasteignir Ísafoldar hf.** á Friðleifsreit og Helgareit.
15. **Fasteignir Dags sf.** á Álalækjarreit (við Ólagötu).
16. **Viðgerðarverkstæði Sölva S. Guðnasonar** á Álalækjarreit.
17. **Bátastöð,** eign Páls Gíslasonar, Sveins Björnssonar, Páls Kristjánssonar, Fiskibúðar Siglufjarðar og Dags sf.
18. **Gránugata 25b,** eign Dags sf.
19. **Sunnubakki** (Ólagata 1), eign Hjalta hf. o. fl. og eign Sameignarfélags sauðfjáreigenda.
20. **Ólagata 3,** eign Björns Þórðarsonar og Sverris Björnssonar.
21. **Síldarstöð Njarðar hf.** (Snorragata 9), eign Páls Pálssonar, Ólafs Guðmundssonar, Péturs Guðmundssonar og Konráðs Konráðssonar.
22. **Síldarstöð Ásgeirs Péturssonar hf.** ásamt fiskimjölsverksmiðju, vélahúsi, lagerhúsi, eign Ásgeirs Péturssonar hf.
23. **Snorragata 19,** fiskverkunarhús Guðjóns Jónssonar.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og gildir í 5 ár frá og með deginum í dag að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. október 1982.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

26. október 1982. Nr. 604.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akureyrar hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 21. október 1982 staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Akureyrar að í stað útivistarsvæðis komi bensínstöð við gatnamót Hörgárbrautar og Hlíðarbrautar.

Staðfesting þessi er gerð samkvæmt ákvæðum í 19. gr. laga nr. 19/1964 og tilkynnist hér með öllum sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1982.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá 10. nóvember 1982 til 15. maí 1983, að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita, að vestan markast svæðið af 23°42'0 V og að norðan af 64°20'0 N.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. nóvember 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 606. 2. nóvember 1982.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 172, 20. mars 1980, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Við vörulistan í 1. gr. reglugerðarinnar bætist:

Tollskrárnr.	Vörutegund
06.02.09	Lifandi rætur, græðlingar og gróðurkvistir ót. a. í mánuðunum desember til maí.

Tollskrárnr. 06.03.00 í vörulistanum í 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tollskrárnr.	Vörutegund
06.03.00	Afskorin blóm og blómknappar í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborið eða meðfarið á annan hátt, í mánuðunum desember til maí.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 2. nóvember 1982.

Tómas Árnason.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

		Kr.
1.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	1 115,00
2.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	400,00
3.	Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	400,00
4.	Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	400,00
5.	Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	90,00
6.	Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	520,00
7.	Fyrir fjármark	100,00
8.	Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	60,00
9.	Fyrir innköllun	520,00
10.	Fyrir auglýsingu um skiptafund	210,00
11.	Fyrir ógildingarstefnu	520,00
12.	Fyrir dómsbirtingu	520,00
13.	Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum	300,00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 47,00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 20. nóvember 1982. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 436 28. júlí 1982 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. október 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Thors.

29. október 1982. Nr. 608.

REGLUGERÐ

um sérstakt línusvæði í Reykjafjarðarál.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 5. nóvember 1982 til og með 15. mars 1983, eru allar togveiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Húnaflóa, sem markast þannig:

1. að vestan af línu dreginni úr punkti 66°25'0N, 21°36'7 V í punkt 66°44'5 N, 21°12'0 V.
2. að norðan af línu dreginni úr punkti 66°44'5 N, 21°12'0 V í punkt 66°45'5 N, 20°58'0 V.
3. að austan af línu dreginni úr punkti 66°45'5 N, 20°58'0 V í punkt 66°19'0 N, 20°45'5 V.
4. að sunnan markast svæðið af línu dreginni í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. október 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 609. 4. nóvember 1982.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á auglýsingum um breytingu á gildandi gjaldskrám hitaveitna, er gildi frá og með 5. nóvember 1982.

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 489, 18. ágúst 1982, hækki um	19%
Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 490, 18. ágúst 1982, hækki um	19%
Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps, nr. 108, 10. febrúar 1977, með síðari breytingum, hækki um	19%
Gjaldskrá Hitaveitu Bessastaðahrepps, nr. 428, 14. ágúst 1980, með síðari breytingum, hækki um	16,8%
Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 581, 12. nóvember 1980, með síðari breytingum, hækkuð um	25%
Gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps, nr. 322, 8. maí 1973, með síðari breytingum, hækki um	31%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps, nr. 130, 29. janúar 1980, með síðari breytingum, hækki um	50%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps, nr. 226, 26. maí 1977, með síðari breytingum, hækki um	19%
Gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 387, 27. desember 1973, með síðari breytingum, hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss, nr. 391, 26. október 1977, með síðari breytingum, hækki um	25%
Gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks, nr. 113, 3. apríl 1973, með síðari breytingum, hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 500, 18. ágúst 1982, hækki um	23%
Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368, 5. ágúst 1975, með síðari breytingum, hækki um	17%
Gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur, nr. 284, 11. desember 1970, með síðari breytingum, hækki um	30%

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 393, 3. nóvember 1977, með síðari breytingum, hækki um	16,8%
Gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur, nr. 259, 16. júní 1977, með síðari breytingum, hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, nr. 277, 1. júlí 1976, með síðari breytingum, hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar, nr. 505, 18. ágúst 1982, hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella-, nr. 506, 18. ágúst 1982, hækki um	30%
Gjaldskrá Fjarhitunar Vestmannaeyja, nr. 185, 26. apríl 1979, með síðari breytingum. Notkunargjöld hækki um	26,8%
Heimæðagjöld hækki um	16,8%
Gjaldskrá Hitaveitu Eyra, nr. 510, 18. ágúst 1982, hækki um	16,8%
Gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, nr. 511, 18. ágúst 1982, hækki um	18%
Gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, nr. 306, 9. október 1974, með síðari breytingum, hækki um	10%
Gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar, nr. 269, 28. maí 1980, með síðari breytingum, hækki um	16,8%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja, nr. 390, 6. nóvember 1976, með síðari breytingum, hækki um	16,8%

Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

4. nóvember 1982. Nr. 610.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna frá og með 5. nóvember 1982.

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 515, 16. ágúst 1982, hækki um	25%
Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 516, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um	25%
Gjaldskrá Rafveitu Akranes, nr. 517 18. ágúst 1982. Allir taxtar að undanskildum hitatöxtum, hækki um	26,5%
Hitataxtar d1—d4 hækki um	17,4%
Hitataxtar d5 og d6 hækki um	11,6%
Gjaldskrá Rafveitu Borgarness, nr. 518, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um	27,5%
Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, nr. 520, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um	27%
að undanskildum töxtum a1 og c1 sem hækki um	18,4%
Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 522, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um	29%
Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 523, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um	27%
Gjaldskrá Rafveitu Selfoss, nr. 526, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækku um	28,5%

Gjaldskrá Rafveitu Vestmannaeyja, nr. 525, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um 27%
Gjaldskrár rafveitna Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis, nr. 527, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um 28,5%
Gjaldskrá Rafveitu Grindavíkur, nr. 528, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um 27%
Gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps, nr. 529, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um 27%
Gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps, nr. 530, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um 27%
Gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur, nr. 531, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um 27%
Gjaldskrá Rafveitu Njarðvíkur, nr. 532, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um . 27%
Gjaldskrá Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar, nr. 533, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um 27%

Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 611. 4. nóvember 1982.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Flúða og nágrennis nr. 151, 14. mars 1977 með síðari breytingum.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá hitaveitunnar frá og með 5. október 1982:

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:
Gjöld fyrir notkun heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald fyrir gróðurhús fyrir 1 sek.l. kr. 154,75 á mánuði, fastagjald fyrir meiri notun en 1 sek.l. skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni. Fyrir önnur hús kr. 99,02.
b. Vatnsgjald fyrir gróðurhús kr. 11,54 á mánuði og kr. 54,96 á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mínútulítra.
c. Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir: fyrir hvern rúmmetra kr. 0,48 á mánuði. Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:
Heimæðagjöld Hitaveitu Flúða skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Hús allt að 300 m^3 að utanmáli, kr. 6 911,57. Hús 300 m^3 til 2000 m^3 að utanmáli, kr. 6 911,57 fyrir 300 m^3 og kr. 5,12 á hvern rúmmetra þar yfir. Hús stærri en 2 000 m^3 að utanmáli, kr. 15 798,24 fyrir 2000 m^3 og kr. 4,35 á hvern rúmmetra þar yfir. Stofngjald fyrir aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 887,76.
Heimæðagjöld á gróðurhús skulu vera þannig:
Gróðurhús að 200 m^2 skal greiða kr. 6 911,57. Gróðurhús stærra en 200 m^2 skal greiða kr. 6 911,57 fyrir 200 m^2 og kr. 11,41 fyrir hvern fermetra umfram 200 m^2.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:
Gjöld skv. 3. gr. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar okt. til des. 1981 sem er 811 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða.

9. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 110,00 í hvert skipti.

Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

4. nóvember 1982. Nr. 612.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Rafveitu Siglufjarðar, Rafveitu Reyðarfjarðar, Hitaveitu Seyðisfjarðar og Hitaveitu Hafnarhrepps.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66, 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða frá og með 5. nóvember 1982:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 534, 18. ágúst 1982:

Allir taxtar, að undanskildum töxtum A5, c1 og c2 hækki um 25%

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðindum nr. 565, 29. september 1982, hækka eftirtaldir taxtar sem hér segir:

Taxti A5. Markmæling. Orkugjald hækki um 20%
Taxti c1. Hitun íbúðarhúshæðis. Orkugjald hækki um 17%
Taxti c2. Hitun íbúðarhúsnæðis. Orkugjald hækki um 17%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 519, 18. ágúst 1982.

Allir taxtar, að undanskildum töxtum B. Heimili. Markmæling og D. Húshitun. Íbúðarhúsnæði, taxtar 4.1, 4.2, 4.3, 4.4 og 4.6 hækki um 25%

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðindum nr. 565, 29. september 1982 hækka eftirtaldir liðir sem hér segir:

B. Heimili. Markmæling, liður 2.2 Orkugjald af allir notkun hækki um 20%
D. Húshitun. Íbúðarhúsnæði. Taxtar 4.1, 4.2, 4.3 og 4.4 hækki um 17%
Taxti 4.6 hækki um 17%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 496, 18. ágúst 1982.

Allir taxtar, að undanskildu gjaldi samkv. 1. mgr. 3. gr. fyrir afnot heita vatnsins fyrir íbúðarhúsnæði, hækki um 25%

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðind-

um nr. 565, 29. september 1982 hækkar gjald samkv. 1. mgr. 3. gr. fyrir afnot heita vatnsins fyrir íbúðarhúsnæði um 19%

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafveitu Siglufjarðar og Rafveitu Reyðarfjarðar frá og með 5. nóvember 1982:

Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 521, 18. ágúst 1982.
Allir taxtar, að undanskildum taxta 4.1, orka til húshitunar, hækki um 25%

Í samræmingu við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr msimun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðindum nr. 565, 29. september 1982, hækkar taxti 4.1, orka til húshitunar, um ... 19%

Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar, nr. 524, 18. ágúst 1982.
Allir taxtar, að undanskildum taxta 4.2, orkugjald og 4.3, orkugjald (næturhitun), hækki um 25%

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðindum nr. 565, 29. september 1982, hækkar taxti 4.2, orkugjald um 17%
og taxti 4.3, orkugjald (næturhitun) um 18%

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Hitaveitu Seyðisfjarðar og Hitaveitu Hafnarhrepps frá og með 5. nóvember 1982:

Gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, nr. 507, 18. ágúst 1982.
Allir taxtar að undanskildum töxtum í 3. gr., hækki um 25%

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðindum nr. 565, 29. sept. 1982, hækka taxtar samkv. 3. gr. um 18,5%

Gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps, nr. 508, 18. ágúst 1982.
Allir taxtar að undanskildum töxtum í 3. gr., hækki um 25%

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðindum nr. 565, 29. september 1982, hækka taxtar samkvæmt 3. gr. um 18,5%

Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 — 1982

AUGLÝSING

um leiðréttingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

Vísað er til auglýsingar nr. 612, 4. nóvember 1982 um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vesfjarða fyrir raforku, nr. 519, 18. ágúst 1982.

D. Húshitun. Íbúðarhúsnæðis. Taxtar 4.1, 4.2, 4.3 og 4.6:
Orkugjald hækki um 17%
Taxti 4.4.:
Orkugjald af allri notkun hækki um 17%

Iðnaðarráðuneytið, 9. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Stjórnartíðindi B 65, nr. 613. Útgáfudagur 12. nóvember 1982.

B 143

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 66 — 1982

Nr. 614. 1138 15. nóvember 1982.

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 16. nóvember 1982 nema kr. 3,06 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 16. nóvember 1982. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 263/1982 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 16. nóvember 1982, skal greiða kr. 0,73 af hverjum lítra slíkra birgða, sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, er á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni eða meira þann 16. nóvember 1982, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna, er fram fór fyrir 16. nóvember 1982.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 263/1982 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 15. nóvember 1982.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 66, nr. 614. Útgáfudagur 15. nóvember 1982.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 — 1982

REGLUGERÐ

um flugvallagjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan 2 ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra Evrópulanda og Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

2. gr.

Flugvallagjald skal vera 250 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald en fyrir yngri farþega skal ekkert gjald greiða. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda þó ákvæði 3. gr.

3. gr.

Flugfélög, sem annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða í ríkissjóð gjald er nemi 18 kr. á hvern farþega er ferðast á þeim leiðum og eldri eru en tólf ára. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þótt millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar enda vari viðdvöl ekki lengur en sex klukkustundir. Heimilt er að hækka verð farmiða sem gjaldinu nemur. Sé sú heimild notuð skal sú hækkun ósérgreind í verði miðans.

4. gr.

Um innheimtu, ábyrgð, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd samkvæmt reglugerð þessari gilda ákvæði laga nr. 8/1976 um fluvallagjald með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1976, sbr. 2. gr. laga nr. 18/1980, öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1983. Frá sama tíma fellur reglugerð nr. 683/1981 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 4. nóvember 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

GJALDSKRÁ

fyrir póstþjónustu.

Gildir frá 1. des. 1982.

TEGUND SENDINGAR Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd-armörk g	Innan-lands Burðar-gj. aur.	Norðurlönd Alm. burðar-gj. aur.	Norðurlönd [1] Flug-burðar-gj. aur.	Önnur lönd í Evrópu Alm. burðar-gj. aur.	Önnur lönd í Evrópu [1] Flug-burðar-gj. aur.	Lönd utan Evrópu Alm. burðar-gj. aur.	Lönd utan Evrópu [1] Flug-burðar-gj. aur.
Bréf.	20	400	400	[2]	450	[2]	450	800
Hámarksstærð:	100	800	800		1050		1050	2300
Lengd + breidd	250	1600	1600		2100		2100	6300
+ þykkt 900 mm.	500	3200	3200		4050		4050	11750
Mesta lengd 600 mm.	1000	4800	5900		7050		7050	22800
Í ströngum:	2000	11450	11450		11450		11450	43450
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.								
Mesta lengd 900 mm.								
Hámarksþyngd 2 kg.								
Lágmarksstærð:								
90 × 140 mm. Í ströngum:								
Lengd + tvöfalt								
þvermál 170 mm.								
Minnsta lengd 100 mm.								
Póstkort.				[2]		[2]		
Mest 105 × 148 mm.		350	350		350		350	400
Minnst 90 × 140 mm.								
Prent.								
Stærð sama og bréfs.	20	350	350	350	350	350	350	400
(Prentkort, sama stærð	100	450	450	650	500	650	500	1100
og póstkort).	250	800	800	1100	900	1100	900	2250
Hámarksþyngd 2 kg.	500	1450	1450	2450	1600	2450	1600	4500
Bækur þó 5 kg.	1000	2250	2250	4450	2650	4450	2650	8650
Burðargjald fyrir prent	2000	3200	3700	7900	3700	7900	3700	17450
yfir 1000 g til Norðurl.	3000	5000	5550	12500	5550	12500	5550	22200
er sama og fyrir	4000	6500	7400	17100	7400	17100	7400	26950
„Önnur lönd."	5000	8050	9250	21700	9250	21700	9250	31700
Smápakkar.	100	450	450	650	500	650	500	1100
Stærð sama og bréfa.	250	800	800	1100	900	1100	900	2250
Hámarksþyngd 1 kg.	500	1450	1450	2450	1600	2450	1600	4500
	1000	2250	2250	4450	2650	4450	2650	8650
Innrituð blöð og tímarit.								
Innritunargjald 2274.00 kr.								
Stærð sama og bréfa.								
a) Til umboðsm.	hver							
(minnst 50 eintök	500	205						
til hvers í einu).								
Hámarksþ. 20 kg.								
b) Til áskrifenda.								
Minnsta gjald:								
200 eint.								
Hámarksþyngd	100	81						
500 g hvert eintak.	200	160						
	300	232						
	400	287						
	500	525						

Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmálablöð og tímarit landssamtaka stéttarfélags og fyrir tímarit og blöð, sem fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúmál, vísast til reglugerðar fyrir póstþjónustu nr. 138/1982, grein 14.4.1.

[1]) Samanlagt fluggjald og alm. burðargjald.

[2]) Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks fluggjalds.

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald aurar
Gíróþjónusta (aðeins innanlands). Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	550
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Hámarksupphæð innanlands: 15 000 nýkr.	
Burðargjald a). almenn póstávísun	950
b). símapóstávísun	4250
b. Til annarra landa:	
Burðargjald	1200
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur. Hámarksupphæð sama og póstávísana (15 000 kr.) eða innborgunar á póstgíróreikning (upphæð ótakmörkuð). Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda:	
Með póstávísun	1750
Með innb. á póstgíróreikn. (aðeins innanl.)	1200
b. Til annarra landa:	
Burðargjald	1900

TEGUND SENDINGAR	Þyngdarmörk kg	Burðargjald aurar: Alm. bögglar aurar	Burðargjald aurar: Rúmfr. broth. aurar
Almennir bögglar (innanlands): Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m. Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	1	2000	3000
	3	2300	3400
	5	3600	5400
	10	5600	8400
	15	8100	12100
	20	9000	13500

	aurar
Verðbréf og -bögglar. Burðargjald sendingar eftir tegund.	
Skrásetningargjald	850
Tryggingargjald.	
Fyrir hverjar 500 kr. eða minna	850

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Loftbréf: Söluverð 50 aurar, auk burðargjalds fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki (450 aurar). Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald	850 aurar
Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu	800 aurar
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Par sem daglegur útburður er	1900 aurar
Móttökukvittun	450 aurar

Talning í verðbréfi innanlands: 850 aurar hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð 850 aurar. Skiptiverð í frímerkjum 450 aurar.

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: 800 aurar.

Tollmeðferð bréfs, prents og smápakka: 800 aurar.

Tollmeðferð böggla: 1000 aurar.

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: 500 aurar.

Geymslugjald böggla: 1000 aurar á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús.

Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan 450 aurar.

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -bögglar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að 157 kr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að 790 kr. fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.
   Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Pósthólfaleiga. Ársleiga eftir stærð: 46, 75, 90, 116 og 138 kr.
Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. des. 1982. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu nr. 470 frá 12. ágúst 1982.

Samgönguráðuneytið, 12. nóvember 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Flúða og nágrennis nr. 151, 14. mars 1977 með síðari breytingum.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá hitaveitunnar er öðlist þegar gildi:

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:
Gjöld fyrir notkun heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald fyrir gróðurhús fyrir 1 sek.l. kr. 254,52 á mánuði, fastagjald fyrir meiri notun en 1 sek.l. skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni. Fyrir önnur hús kr. 162,83.
b. Vatnsgjald fyrir gróðurhús kr. 18,97 á mánuði og kr. 90,36 á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mínútulítra.
c. Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir: fyrir hvern rúmmetra kr. 0,77 á mánuði.

Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:
Heimæðagjöld Hitaveitu Flúða skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Hús allt að 300 m^3 að utanmáli, kr. 11 367,97. Hús 300 m^3 til 2000 m^3 að utanmáli, kr. 11 397,07 fyrir 300 m^3 og kr. 8,40 á hvern rúmmetra þar yfir. Hús stærri en 2 000 m^3 að utanmáli, kr. 25 647,07 fyrir 2000 m^3 og kr. 6,99 á hvern rúmmetra þar yfir. Stofngjald fyrir aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 1 427,51.
Heimæðagjöld á gróðurhús skulu vera þannig:
Gróðurhús að 200 m^2 skal greiða kr. 11 367,07. Gróðurhús stærra en 200 m^2 skal greiða kr. 11 397,07 fyrir 200 m^2 og kr. 18,35 fyrir hvern fermetra umfram 200 m^2.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:
Gjöld skv. 3. gr. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar okt. til des. 1982 sem er 1331 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða.

9. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:
Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 176,88 í hvert skipti.

Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um breytingu á gjaldskránni nr. 611, 4. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 19. nóvember 1982.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUR

um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

1. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra veitir framlög til byginga húsnæðis fyrir aldraða í samræmi við þær reglur sem hér eru settar.

2. gr.

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra raðar verkefnum í forgangsröð í samræmi við þörf á vistrými fyrir aldraða á hverjum stað og með hliðsjón af framkvæmdaáætlun sjóðstjórnar 1982—1986. Framlög verða veitt til verkefna í samræmi við forgangsröð og fjárhag sjóðsins.

3. gr.

Árlega skal 1/10 ráðstöfunarfjár Framkvæmdasjóðs aldraðra varið til bygginga íbúða fyrir aldraða.

Framkvæmdasjóður aldraðra greiðir allt að 10% byggingakostnaðar íbúða, sem komast í forgangsröð og samþykkt er að veita framlög til. Greiðslum framlagsins má dreifa á þrjú ár og skal, ef unnt er, endanlegt uppgjör gert ári eftir framkvæmdalok.

4. gr.

Framkvæmdaasjóður aldraðra greiðir allt að 50% byggingakostnaðar dvalarheimila fyrir aldraða, sem komast í forgangsröð og samþykkt er að veita framlög til. Greiðslum framlagsins má dreifa á fjögur ár og skal, ef unnt er, endanlegt uppgjör gert ári eftir framkvæmdalok.

5. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra greiðir 85% byggingakostnaðar hjúkrunar- og sjúkradeilda fyrir aldraða. Greiðslum framlagsins má dreifa á sex ár og skal, ef unnt er, endanlegt uppgjör gert ári eftir framkvæmdalok.

6. gr.

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra getur, að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, krafið þá, sem framlög hafa fengið úr sjóðnum, um endurgreiðslu framlagsins, ef í ljós kemur að húsnæði það, sem framlag var veitt til, er ekki nýtt í þágu aldraðra.

7. gr.

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra auglýsir hverju sinni frest til að skila umsóknum um framlög úr sjóðnum.

8. gr.

Reglur þessar um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra skulu endurskoðaðar eigi síðar en að 5 árum liðnum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. október 1982.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Í Vestur-Húnavatnssýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer eftir ákvæðum vegalaga hverju sinni.
Sýsluvegir eru:

Staðarhreppur.

1. Óspaksstaðavegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Óspaksstöðum
2. Hrútartunguvegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Hrútartungu
3. Hrútartunguréttarvegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Hrútartungurétt
4. Síkárvegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Fosseli
5. Bálkastaðavegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Bálkastöðum I og II
6. Staðarflatarvegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Staðarflöt
7. Staðarvegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Staðarkirkju og Stað.
8. Smáragilsvegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Smáragili
9. Brandagilsvegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Brandagili
10. Hvalshöfðavegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Hvalshöfða
11. Oddsstaðavegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Oddsstöðum
12. Brautarholtsvegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Brautarholti
13. Þóroddstaðavegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Þóroddsstöðum
14. Akurbrekkuvegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Akurbrekku
15. Reykjavegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Reykjum
16. Reykjaskólavegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Byggðasafni
17. Hveravíkurvegur: ..... Af Reykjaskólavegi að Hveravík
18. Skólavegur: ..... Af Reykjaskólavegi að Reykjaskóla
19. Skólastjórabústaðarvegur: ..... Af Reykjaskólavegi að Skólastjórabústað
20. Barnaskólavegur: ..... Af Reykjaskólavegi að Barnaskóla
21. Sæbergsvegur: ..... Af Barnaskólavegi að Sæbergi
22. Eyjanesvegur: ..... Af Norðurlandsvegi að Eyjanesi
23. Tannstaðabakkavegur: ..... Af Heggstaðanesvegi að Tannstaðabakka
24. Tannstaðavegur: ..... Af Heggstaðanesvegi að Tannstöðum
25. Ytri-Jaðarsvegur: ..... Af Heggstaðanesvegi að Ytri-Jaðri

Fremri Torfustaðahreppur.

1. Bjargsvegur: ..... Af Miðfjarðarvegi að Bjargi
2. Ytra-Bjargsvegur: ..... Af Bjargsvegi að Ytra-Bjargi
3. Bjargshólsvegur: ..... Af Miðfjarðarvegi að Bjargshóli
4. Uppsalavegur: ..... Af Miðfjarðarvegi að Uppsölum
5. Litla-Bakkavegur: ..... Af Miðfjarðarvegi að Litla-Bakka
6. Barkarstaðavegur: ..... Af Miðfjarðarvegi að Barkarstöðum
7. Aðalbólsvegur: ..... Af Miðfjarðarvegi að Aðalbóli
8. Núpsdalstunguvegur: ..... Af Aðalbólsvegi að Núpsdalstungu
9. Skárastaðavegur: ..... Af Aðalbólsvegi að Skárastöðum

10. Hnausakotsvegur:	Af Aðalbólsvegi að Hnausakoti
11. Fosskotsvegur:	Af Núpsdalsv. hjá Torfastöðum að Fosskoti
12. Torfastaðavegur:	Af Núpsdalsvegi að Torfastöðum
13. Haugsvegur I:	Af Núpsdalsvegi að Haugi
14. Haugsvegur II:	Af Miðfjarðarvegi að Haugi II, nýbýli
15. Litla-Hvammsvegur:	Af Miðfjarðarvegi að Litla-Hvammi
16. Grundarásvegur:	Af Miðfjarðarvegi að Grundarási
17. Fosshólsvegur:	Af Vesturárdalsvegi að Fosshóli
18. Kollufossvegur:	Af Vesturárdalsvegi að Kollufossi
19. Húksvegur:	Af Vesturárdalsvegi að Húki
20. Dalgeirsstaðavegur:	Af Vesturárdalsvegi að Dalgeirsstöðum
21. Skeggjastaðavegur:	Af Dalgeirsstaðavegi að Skeggjastöðum
22. Áslandsvegur:	Af Fitjavegi að Áslandi
23. Finnmerkurvegur:	Að Fitjavegi að Finnmörk
24. Fremri-Fitjavegur:	Af Finnmerkurvegi að Fremri-Fitjum
25. Miðfjarðarréttarvegur:	Af Miðfjarðarvegi að Miðfjarðarrétt

Ytri Torfustaðahreppur.

1. Melsstaðavegur:	Af Miðfjarðarvegi að Melsstaðakirkju
2. Staðarbakkavegur:	Af Miðfjarðarvegi að Staðarbakkakirkju
3. Búrfellsvegur:	Af Miðfjarðarvegi að Búrfelli
4. Skarfhólsvegur:	Af Búrfellsvegi að Skarfhóli
5. Króksstaðavegur:	Af Miðfjarðarvegi að Króksstöðum
6. Flugvallarvegur:	Af Miðfjarðarvegi að Flugvelli
7. Brekkulækjarvegur:	Af Miðfjarðarvegi að Brekkulæk
8. Hlíðarfossvegur:	Af Vesturárdalsvegi að Hlíðarfossi
9. Huppahlíðarvegur:	Af Hlíðarfossvegi að Huppahlíð
10. Urriðaárvegur:	Af Miðfjarðarvegi að Urriðaá
11. Torfustaðavegur:	Af Miðfjarðarvegi að Efri og Neðri Torfustöðum
12. Bergsstaðavegur:	Af Miðfjarðarvegi að Bergsstöðum
13. Laugabakkaskólavegur:	Af Miðfjarðarvegi að Laugabakkaskóla
14. Ytri Reykjavegur:	Af Miðfjarðarvegi að Ytri Reykjum
15. Sauravegur:	Af Norðurlandsvegi að Saurum
16. Syðsta-Ósvegur:	Af Norðurlandsvegi að Syðsta- Ósi
17. Stóra-Ósvegur:	Af Norðurlandsvegi að Stóra- Ósi
18. Barðsvegur:	Af Heggstaðanesvegi að Barði
19. Sandavegur I:	Af Heggstaðanesvegi að Söndum I
20. Sandavegur II:	Af Heggstaðanesvegi að Söndum II
21. Heggstaðavegur:	Af Heggstaðanesvegi að Heggstöðum
22. Bálkastaðavegur:	Af Heggstaðanesvegi að Bálkastöðum
23. Bessastaðavegur:	Af Bálkastaðavegi að Bessastöðum
24. Mýravegur I:	Af Heggstaðanesvegi að Mýrum I
25. Mýravegur II:	Af Heggstaðanesvegi að Mýrum II
26. Mýravegur III:	Af Heggstaðanesvegi að Mýrum III
27. Tjarnarkotsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Tjarnarkoti
28. Sveðjustaðavegur:	Af Hálsabæjavegi að Sveðjustöðum
29. Brúarholtsvegur:	Af Hálsabæjavegi að Brúarholti
30. Reynhólavegur:	Af Hálsabæjavegi að Reynhólum
31. Svertingsstaðavegur:	Af Norðurlandsvegi að Efri- Svertingsstöðum

32.	Teigagrund, Laugabakka:	Af Miðfjarðarvegi
33.	Smáragrund, Laugabakka:	Af Miðfjarðarvegi
34.	Reykjagrund, Laugabakka:	Af Miðfjarðarvegi
35.	Gilsbakki, Laugabakka:	Af Miðfjarðarvegi
36.	Árbakki, Laugabakka:	Af Gilsbakka
37.	Hitaveituvegur, Laugabakka:	Af Miðfjarðarvegi

Kirkjuhvammshreppur.

1.	Þóreyjarnúpsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Þóreyjarnúpi
2.	Ytri Þóreyjarnúpsvegur:	Af Þóreyjarnúpsvegi að Ytri Þóreyjarnúpi
3.	Vatnshólsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Vatnshóli
4.	Neðra-Vatnshornsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Neðra-Vatnshorni
5.	Efra-Vatnshornsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Efra-Vatnshorni
6.	Gauksmýrarvegur:	Af Norðurlandsvegi að Gauksmýri
7.	Múlavegur:	Af Norðurlandsvegi að Múla
8.	Lækjarhvammsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Lækjarhvammi
9.	Grafarkotsvegur:	Af Lækjarhvammsvegi að Grafarkoti
10.	Vigdísarstaðavegur:	Af Hvammstangavegi að Vigdísarstöðum
11.	Litla-Ósvegur:	Af Hvammstangavegi að Litla-Ósi
12.	Syðri-Vallavegur:	Af Hvammstangavegi að Syðri-Völlum
13.	Ytri-Vallavegur:	Af Hvammstangavegi að Ytri-Völlum
14.	Höfðavegur:	Af Hvammstangavegi að Höfða
15.	Kirkjuhvammsvegur:	Af Hvammavegi að Kirkjugarði
16.	Helguhvammsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Helguhvammi
17.	Grafarvegur:	Af Vatnsnesvegi að Gröf
18.	Syðri-Kárastaðavegur:	Af Vatnsnesvegi að Syðri-Kárastöðum
19.	Mið- og Ytri-Kárastaðavegur:	Af Vatnsnesvegi að Mið- og Ytri-Kárastöðum
20.	Ánastaðavegur:	Af Vatnsnesvegi að Ánastöðum
21.	Ytri-Ánastaðavegur:	Af Vatnsnesvegi að Ytri-Ánastöðum
22.	Sauðárvegur:	Af Vatnsnesvegi að Sauðá
23.	Hlíðardalsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Tungukoti
24.	Hjallholtsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Hjallholti
25.	Bergsstaðavegur:	Af Vatnsnesvegi að Bergsstöðum
26.	Svalbarðsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Svalbarði
27.	Stapavegur:	Af Vatnsnesvegi að Stöpum
28.	Illugastaðavegur:	Af Vatnsnesvegi að Illugastöðum
29.	Geitafellsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Geitafelli
30.	Gnýstaðavegur:	Af Vatnsnesvegi að Gnýstöðum
31.	Þorgrímsstaðavegur:	Af Þorgrímsstaðad.v. að Þorgrímsstöðum
32.	Hamarsréttarvegur:	Af Vatnsnesvegi að Hamarsrétt

Þverárhreppur.

1.	Tunguvegur:	Af Þorgrímsstaðad.v. að Tungu
2.	Katadalsvegur:	Af Þorgrímsstaðad.v. að Katadal
3.	Egilsstaðavegur:	Af Þorgrímsstaðad.v. að Egilsstöðum
4.	Tjarnarvegur I:	Af Vatnsnesvegi að Tjarnarkirkju
5.	Tjarnarvegur II:	Af Vatnsnesvegi að Tjörn II
6.	Saurbæjarvegur:	Af Vatnsnesvegi að Saurbæ
7.	Hindisvíkurvegur:	Af Vatnsnesvegi að Hindisvík
8.	Krossanesvegur:	Af Vatnsnesvegi að Krossanesi

9. Hrísakotsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Hrísakoti
10. Ægissíðuvegur:	Af Vatnsnesvegi að Ægissíðu
11. Kistuvegur:	Af Vatnsnesvegi að Kistu
12. Vesturhópshólavegur:	Af Vatnsnesvegi að Vesturhópshólum
13. Sigríðarstaðavegur:	Af Vatnsnesvegi að Sigríðarstöðum
14. Kolþernumýrarvegur:	Af Vatnsnesvegi að Kolþernumýri
15. Neðri-Þverárvegur:	Af Vatnsnesvegi að Efri- og Neðri-Þverá
16. Syðri-Þverárvegur:	Af Vatnsnesvegi að Syðri-Þverá
17. Hvolsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Hvoli
18. Breiðabólstaðarvegur:	Af Vatnsnesvegi að Breiðabólsstaðarkirkju
19. Grundarvegur:	Af Vatnsnesvegi að Grund
20. Böðvarshólavegur:	Af Vatnsnesvegi að Böðvarshólum
21. Hörgshólsvegur:	Af Vatnsnesvegi að Hörgshóli
22. Urðarbaksvegur:	Af Vatnsnesvegi að Urðarbaki
23. Síðuvegur:	Af Síðuvegi að Síðu
24. Bjarghúsavegur:	Af Síðuvegi að Bjarhúsum
25. Vatnsendavegur:	Af Borgarvegi að Vatnsenda
26. Ásbjarnarnesvegur:	Af Borgarvegi að Ásbjarnarnesi
27. Gottorpsvegur:	Af Borgarvegi að Gottorp
28. Stóru-Borgarvegur:	Af Borgarvegi að Stóru-Borg I og II
29. Þverárréttarvegur:	Af Vatnsnesvegi að Þverárrétt

Þorkelshólshreppur.

1. Stórhólsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Stórhól
2. Auðunnarstaðavegur:	Af Norðurlandsvegi að Auðunnarstöðum
3. Brautarlandsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Brautarlandi
4. Galtarnesvegur I:	Af Norðurlandsvegi að Galtarnesi I
5. Galtarnesvegur II:	Af Norðurlandsvegi að Galtarnesi II
6. Lækjarmótsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Lækjarmóti
7. Nýpukostsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Nýpukoti
8. Þorkelshólsvegur:	Af Nýpukotsvegi að Þorkelshóli
9. Sólbakkavegur:	Af Norðurlandsvegi að Sólbakka
10. Melrakkadalsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Melrakkadal
11. Árnesvegur:	Af Norðurlandsvegi að Árnesi
12. Jörfavegur:	Af Norðurlandsvegi að Jörfa
13. Laufásvegur:	Af Norðurlandsvegi að Laufási
14. Refsteinsstaðavegur:	Af Norðurlandsvegi að Refsteinsstöðum
15. Enniskotsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Enniskoti
16. Miðhópsvegur:	Af Norðurlandsvegi að Miðhópi
17. Grafarvegur:	Af Miðhópsvegi að Gröf
18. Víðidalstunguvegur:	Af Víðidalsvegi v. að Víðidalstungukirkju
19. Kolugilsvegur:	Af Víðidalsvegi v. að Kolugili I og II
20. Hrappstaðavegur:	Af Víðidalsvegi v. að Fosshól (Öxná)
21. Litluhlíðarvegur:	Af Víðidalsvegi v. að Litluhlíð
22. Dælisvegur:	Af Víðidalsvegi e. að Dæli
23. Litlu-Ásgeirsárvegur:	Af Víðidalsvegi e. að Litlu-Ásgeirsá
24. Stóru-Ásgerisárvegur:	Af Víðidalsvegi e. að Stóru-Ásgeirsá
25. Þórukotsvegur:	Af Víðidalsvegi e. að Þórukoti
26. Hrísavegur:	Af Fitjavegi að Hrísum
27. Efri-Fitjavegur:	Af Fitjavegi að Efri Fitjum

28. Króksvegur: ..... Af Fitjavegi að Króki
29. Kambhólsvegur: ..... Af Króksvegi að Kambhóli
30. Valdarásvegur syðri: ..... Af Króksvegi að Valdarási syðri
31. Valdarásvegur ytri: ..... Af Valdarásvegi s. að Valdarási ytri
32. Sporðsvegur: ..... Af Vatnsnesvegi að Sporði
33. Valdarásréttarvegur: ..... Af Valdarásvegi að Valdarásrétt

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, lands og lóðar með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 7 000 000. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu 3/4 sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd V-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 6 25 mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 303 3. ágúst. 1977.

Samgönguráðuneytið, 1. nóvember 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

12. nóvember 1982. Nr. 620.

AUGLÝSING

um niðurfellingu framleiðsluforskriftar lyfs.

Frá og með 1. apríl 1983 er framleiðsla eftirtalins lyfs framleitt skv. óstaðlaðri forskrift óheimil:

Tablettae:

Codeini phosphas	10 mg
Phenemalum	25 mg
Coffeinum	50 mg
Phenacetinum	200 mg
Acidum acetylsalicylicum	200 mg

Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 30. september 1983, en ekki meira en 30 töflur í senn.

Auglýsing þessi er birt með stoð í reglugerð um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334/1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. nóvember 1982.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.

AUGLÝSING

um umferð í Keflavík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Keflavíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér settar eftirgreindar reglur um umferð í Keflavík:

Biðskylda samkvæmt 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga verður framvegis á Skólavegi við Flugvallarveg andstætt því sem nú er.

Bannað er að stöðva ökutæki eða leggja þeim á Skólavegi að norðanverðu á kaflanum milli Hafnargötu og Suðurgötu.

Bannað er að stöðva ökutæki eða leggja þeim beggja vegna Skólavegar á kaflanum milli Suðurgötu og Sólvallagötu.

Bannað er að leggja ökutæki á Skólavegi að norðanverðu á kaflanum milli Sólvallagötu og Hringbrautar.

Hafnargötu milli Flugvallarvegar og Faxabrautar hefur nú verið skipt í tvær akreinar, þegar ekið er til norðurs, og er framúrakstur því heimill á þessum kafla.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Keflavík, 2. nóvember 1982.

Jón Eysteinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilishjálp á Húsavík.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta skv. reglugerð um heimilisþjónustu, skal sá er þjónustu nýtur greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

1. taxti — kr. 0,00 fyrir hverja unna klukkustund.
2. taxti — kr. 6,00 fyrir hverja unna klukkustund.
3. taxti — kr. 45,00 fyrir hverja unna klukkustund.

2. gr.

1. taxti gildir fyrir þá notendur, sem hafa fulla tekjutryggingu almannatrygginga.
2. taxti gildir fyrir þá notendur, sem hafa minni tekjur en sem svarar til tvöfalds einstaklingslífeyris almannatrygginga auk tvöfaldrar tekjutryggingar.
3. taxti gildir fyrir þá notendur, sem hafa hærri tekjur en að framan greinir.

3. gr.

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við mánaðarlaun starfsfólks heimilisþjónustunnar og ber að breyta honum til samræmis við þær breytingar, sem á þeim kunna að verða.

4. gr.

Félagsmálaráði Húsavíkur er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari, ef umsókn um það berst ráðinu og aðstæður krefjast þess.

5. gr.

Heimilishjálp sem innt er af hendi eftir 1. nóvember 1982 skal greidd eftir þessari gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir heimilishjálp á Húsavík frá 4. apríl 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 9. nóvember 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

3. nóvember 1982. Nr. 623.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o. fl.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Borgarráð getur að fenginni umsögn heilbrigðismálaráðs heimilað, að verslanir sem eingöngu selja heitar pylsur, smurt brauð, heita smárétti, öl, gosdrykki, mjólk og vörutegundir innan þeirra marka, er um ræðir í 5. mgr. 4. gr., svo og verslanir sem eingöngu selja neysluís megi vera opnar alla daga nema þá, sem um getur í A-lið 6. gr., sbr. C-lið sömu greinar.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. nóvember 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

26. október 1982. Nr. 624.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 140 10. ágúst 1964.

4. mgr. 24. gr. orðist svo:

Flokkur, sem fulltrúa á í borgarstjórn, en ekki fulltrúa í borgarráði, má tilnefna borgarfulltrúa til að sitja fundi borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkurborgar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1982.

Svavar Gestsson.

Jón S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 21. október 1982 staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að hluti útivistarsvæðis við enda Kleifarvegs verði tekinn undir 4 bílskúra og aðkomuleiðir að þeim.

Staðfesting þessi er gerð samkvæmt ákvæðum 19. gr. laga nr. 19/1964 og tilkynnist hér með öllum sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26.október 1982.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 626.

GJALDSKRÁ

8. nóvember 1982.

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.
Löggildingargjöld.

		kr.
1.	Vogarlóð:	
	Þyngd 1—200 g	5,00
	Þyngd 1/2 kg — 20 kg	6,00
	Þyngd 50 kg	14,00
	Þyngd 4 — 8 oz	5,00
	Þyngd 1 lb — 7 lb	5,00
	Þyngd 8 lb — 20 lb	6,00
2.	Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur:	
	Burðarþol: Allar stærðir	30,00
3.	Jafnarma vogir:	
	Burðarþol: Allar stærðir	30,00
4.	Tugavogir: hundraðsvogir og rennilóðsvogir:	
	Burðarþol 10— 100 kg	30,00
	Burðarþol 101— 500 kg	45,00
	Burðarþol 501— 2 000 kg	70,00
	Burðarþol 2 001— 15 000 kg	220,00
	Burðarþol 15 001— 30 000 kg	235,00
	Burðarþol yfir 30 000 kg	250,00
5.	Vísavogir:	
	Burðarþol 1— 5 kg	30,00
	Burðarþol 6— 25 kg	45,00
	Burðarþol 26— 100 kg	55,00
	Burðarþol 101— 500 kg	90,00
	Burðarþol 501— 1 000 kg	130,00
	Burðarþol 1 001— 5 000 kg	180,00
	Burðarþol 5 001— 15 000 kg	235,00
	Burðarþol 15 001— 30 000 kg	315,00
	Burðarþol yfir 30 000 kg	385,00

6.	Rafmagnsvogir (tölvuvogir):	
	Burðarþol 1— 10 kg	55,00
	Burðarþol 11— 25 kg	70,00
	Burðarþol 26— 100 kg	105,00
	Burðarþol 101— 500 kg	145,00
	Burðarþol 501— 1 000 kg	165,00
	Burðarþol 1 001— 5 000 kg	190,00
	Burðarþol 5 001— 15 000 kg	270,00
	Burðarþol 15 001— 30 000 kg	455,00
	Burðarþol yfir 30 000 kg	500,00
7.	Kvarðar og málbönd:	
	Lengd 1/2 m — 1 m	15,00
	Lengd stálmálbanda allt að 50 m	30,00
	Lengd mælivéla fyrir lengdarmál	40,00
8.	Mæliker:	
	Rúmtak 1 dl — 1 l	10,00
	Rúmtak 10 dl — 50 l	10,00
	Rúmtak vínmæla (veltim. og kúlum.) 3-6 cl	40,00
9.	Rennslismælir fyrir olíur og bensín og bensínsölumælir:	
	Rennslimælir	45,00
	Bensínsölumælir	30,00
10.	Rennslismælir fyrir mjólk	45,00

2. gr.

Vottorðagjald	25,00

3. gr.

Auk löggildingargjalda reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar fyrir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, reiknast auk kaupgjalds, ferðakostnaður og iðgjald af vátryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkv. 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 88 12. mars 1982.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. nóvember 1982.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

I. KAFLI

Um innheimtu framleiðendagjalds af söluvörum og seldri þjónustu landbúnaðarins.

1. gr.

Greiða skal gjald til Stofnlánadeildar landbúnaðarins af vöru og leigusölu í landbúnaði. Gjaldstofn er sá hluti afurðaverðs eða leigu, sem greiðist framleiðendum og leigusölum, hvort sem um er að ræða staðgreiðslu- eða reikningsviðskipti.

Vöru- og leigusala skiptist í tvo gjaldflokka, annars vegar 0,50% gjaldflokk og hins vegar 1,00% gjaldflokk.

Greiða skal 0,50% gjald af:

a) Eggjum og fuglakjöti.
b) Svínakjöti.
c) Eldisfiski frá fiskeldis- og hafbeitarstöðvum, netafiski úr vötnum og ám, lifandi fiski til sölu innanlands eða utan (þ. m. t. eldisseiði) og leigu af útleigðri lax- og silungsveiði.
d) Leigu á landi lögbýla skv. skilgreiningu í 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 til annarra nota en búrekstrar, svo sem leigu sumarbústaðalóða, leigu tjaldstæða og hagabeitar fyrir hross. Leiga lóða undir ársíbúðarhús er undanþegin gjaldskyldu.
d) Hestaleigu.
f) Lífdýrum til alifuglaræktar og svínaræktar.

Greiða skal 1,00% gjald af:

a) Nautgripaafurðum.
b) Sauðfjárafurðum.
c) Hrossaafurðum, þ. m. t. lifandi hross til útflutnings.
d) Grænmetis-, garð- og gróðurhúsaframleiðslu hvers konar.
e) Garðávöxtum.
f) Grávöru.
g) Skógarafurðum, s. s. eldiviði, reykingarviði, efniviði, girðingastaurum, viðarkolum, jólatrjám, skrautgreinum og könglum.
h) Trjáplöntum til skrúðgarðyrkju og skógræktar.
i) Æðardún.
j) Reka.

Undanþegnar gjaldskyldu eru búvörur og hlunnindaafnot til nota fyrir fjölskyldu framleiðenda, sem ekki hafa komið til sölumeðferðar.

2. gr.

Gjald það sem um ræðir í 1. grein greiðist til Framleiðsluráðs landbúnaðarins af þeim heildsölu- og smásöluaðilum sem kaupa eða taka til sölu eða vinnslu vörur frá framleiðendum, og þeim aðilum sem fyrstir eiga hlut að kaupum, sölu, þjónustu, leigu hlunninda eða lands. Gjaldinu skal halda eftir, hvort sem um staðgreiðslu eða reikningsviðskipti er að ræða. Af gögnum um viðskiptin skal koma fram hver upphæð gjaldsins er.

Framleiðendur sem selja vöru eða leigu án milliliða, skulu standa Framleiðsluráði skil á gjaldinu. Þeir skulu halda skýrslu um alla ráðstöfun afurða og hvenær sem Framleiðsluráð óskar þess, hafa haldbærar upplýsingar um sölu til bókhaldsskyldra aðila og sölu beint til neytenda. Af þessum upplýsingum skal koma fram tegund, magn, flokkun og verðmæti vöru- eða leigusölu.

3. gr.

Innheimtu skal haga þannig, að aðilum sem ber að standa Framleiðslulráði skil á gjöldum skv. 2. gr., skal skylt að senda Framleiðsluráði skrá um gjaldskylda vöru- og leigusölu skv. 1. gr. Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur gera eyðublöð fyrir þessar skrár og sendir gjaldskyldum aðilum þær, þeim að kostnaðarlausu. Uppgjör skv. þessum skrám skal fara fram fyrir hvert 3ja mánaða tímabil frá 1. september að telja, innan 20 daga frá lokum hvers tímabils. Skrárnar skulu staðfestar með undirritun löggiltra endurskoðenda þegar um bókhaldsskylda aðila er að ræða, en annars af fyrirsvarsmanni gjaldanda.

Framleiðsluráð getur heimilað þeim sem hafa með höndum árstíðabundna vöru- eða leigusölu í landbúnaði, s. s. sölu veiðileyfa, hestaleigu o. þ. h., að skila skrám um gjaldskyldu og greiða gjaldið að loknu hverju sölutímabili.

4. gr.

Ef gögn um viðskipti með gjaldskyldar vörur eða þjónustu þykja ófullnægjandi að mati Framleiðsluráðs, eða gjaldskyldur aðili skilar ekki skrá um innheimt gjöld skv. 3. gr., skal Framleiðsluráð skora á viðkomandi aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og gögn sem Framleiðsluráð telur þörf á. Fái Framleiðsluráð fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma, skal gjaldið ákvarðað og innheimt í samræmi við þau.

Berist svar við áskorun skv. 1. mgr. ekki innan tiltekins tíma, eða ef skýringar eða gögn eru ófullnægjandi, er Framleiðsluráði heimilt að áætla gjaldið og innheimta það skv. þeirri áætlun. Framleiðsluráð skal skriflega tilkynna greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga getur hann, innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningar um áætlun gjaldsins, krafist þess skriflega að Framleiðsluráð taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrám eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Framleiðsluráð skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu Framleiðsluráðs til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu bréfs Framleiðsluráðs.

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deilda um gjaldskyldu frestar ekki eindaga stofnlánadeildargjalds né leysir undan neinum viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu þess. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu Framleiðsluráðs eða úrskurði ráðherra, skal endurgreiðsla þegar fara fram.

5. gr.

Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skv. 3. gr., skal greiða Framleiðsluráði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknast hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, skv. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir skulu reiknast mánaðarlega fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð, eftir 30 daga frá gjalddaga.

Stofnlánadeildargjald má taka lögtaki.

II. KAFLI

Um innheimtu neytendagjalds og jöfnunargjalds á heildsölu landbúnaðarafurða.

6. gr.

Innheimta skal af gjaldstofni skv. 1. gr. gjald af óniðurgreiddu heildsöluverði landbúnaðarafurða, er nemi 1% og kallast hér neytendagjald. Jafnframt skal innheimta af sama gjaldstofni 1% jöfnunargjald.

Gjaldheimta sem ekki grundvallast á verðlagningu sexmannanefndar skal byggð á áætlun Framleiðsluráðs eða sannanlegu verði. Gjöld þessi skal einnig greiða af afurðum sem fluttar eru úr landi og skal í því tilviki greiða gjöldin hverju sinni um leið og útflutningsbætur eru greiddar, nema gjöldin séu þegar fallin í gjalddaga. Þó er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða endurgreiðslu þessa gjalds eða niðurfellingu þess við útflutning afurða, sem ekki njóta útflutningsbóta úr ríkissjóði eða þegar útflutningsbætur hrökkva ekki lengur til.

Innheimtu skal sömu gjöld af innfluttum kartöflum og tekin eru af kartöflum framleiddum innanlands skv. 1. mgr. þessara greinar.

7. gr.

Um innheimtu og álagningu á neytendagjaldi og jöfnunargjaldi gilda sömu reglur og tilgreindar eru í 2. til 5. gr. þessarar reglugerðar, eftir því sem við á. Framleiðsluráði er heimilt að halda þessum gjöldum eftir hverju sinni þegar skil niðurgreiðslna eða útflutningsbóta úr ríkissjóði fara fram til viðkomandi aðila, enda séu þau gjaldfallin.

III. KAFLI

Almenn ákvæði

8. gr.

Framleiðsluráð greiðir til Stofnlánadeildar landbúnaðarins hin innheimtu gjöld auk vaxtatekna, eigi síðar en mánuði eftir að þau hafa verið innheimt. Kostnað Framleiðsluráðs við innheimtu þessa greiðir Stofnlánadeild eftir reikningi.

Endurskoðendur Búnaðarbankans skulu endurskoða reikningsskil Framleiðsluráðsins fyrir gjöldunum og skal þeim heimill aðgangur að öllum þeim gögnum er gjöldin varða og Framleiðsluráð getur í té látið.

9. gr.

Rísi ágreiningur um gjaldskyldu skv. 1. gr. eða önnur atriði varðandi reglugerð þessa, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 45 16. apríl 1971 ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 381 30. ágúst 1979 um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem annast innheimtu á stofnlánadeildargjaldi skv. 2. og 3. gr., sbr. 7. gr. þessarar reglugerðar, skulu fyrir 20. janúar 1983 skila skrám og uppgjöri fyrir gjaldskylda vöru- og leigusölu sem þeir hafa þegar innheimt eða innheimta fram til 1. desember 1982 og ekki er þegar gjaldfallið skv. ákvæðum reglugerðar nr. 381/1979. Gjöld skv. þessum skrám falla í gjalddaga 20. janúar 1983. Ekki skal innheimta af afurðum eða seldri þjónustu sem í fyrsta sinn varð gjaldskyld skv. lögum nr. 41/1982, fyrr en frá og með 1. júní 1982.

Gjald skv. 1. gr. þessarar reglugerðar af eggjum, fuglakjöti, svínakjöti, netaveiði úr ám og vötnum og leigu af útleigðri lax- og silungsveiði skal reiknast 0,50% frá 1. janúar 1982. Hafi framleiðandi greitt 1% gjald af framleiðslu sinni skv. ákvæðum áðurgildandi reglugerðar eftir 1. janúar 1982 skal innheimtuaðili endurgreiða framleiðanda mismuninn.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. nóvember 1982.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraness og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið að Sunnubraut skuli vera lokuð fyrir allri umferð við gatnamót Sunnubrautar og Skagabrautar.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akranesi, 1. nóvember 1982.

Björgvin Bjarnason.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

1. Umferð um Súluveg skal víkja fyrir umferð um Þingvallastræti og umferð um Hlíðarfjallsveg skal víkja fyrir umferð um Hlíðarbraut (biðskylda).
2. Tvístefnuakstur verður á Oddagötu.
3. Tvístefnuakstur verður á Skólastíg frá Hrafnagilsstræti að tengingu nýja íþróttahússins við Skólastíg. Umferð um Skólastíg skal víkja fyrir umferð um Hrafnagilsstræti (biðskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarrar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 5. nóvember 1982.

Elías I. Elíasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 168/1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum.

1. gr.

Aftan við 3. gr., 3. lið, komi eftirfarandi setning:
„Í sláturhúsum sem hlotið hafa viðurkenningu til útflutnings afurða er bannað að slátra sjúkum gripum eða gripum sem grunur leikur á að séu haldnir smitandi sjúkdómi.“

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30, 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1982.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu gjalda til Búnaðarmálasjóðs.

1. gr.

Greiða skal gjald, búnaðarmálasjóðsgjald, af vöru- og leigusölu í landbúnaði. Gjaldstofn er sá hluti afurðaverðs eða leigu, sem greiðist framleiðendum og leigusölum, hvort sem um er að ræða staðgreiðslu- eða reikningsviðskipti.

Vöru- og leigusala skiptist í tvo gjaldflokka, annars vegar 0,25% gjaldflokk og hins vegar 0,50% gjaldflokk.

Greiða skal 0,25% gjald af:

a) Eggjum og fuglakjöti.
b) Svínakjöti.
c) Eldisfiski frá fiskeldis- og hafbeitarstöðvum, netafiski úr vötnum og ám, lifandi fiski til sölu innanlands eða utan (þ. m. t. eldisseiði) og leigu af útleigðri lax- og silungsveiði.
d) Leigu á landi lögbýla skv. skilgreiningu í 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 til annarra nota en búrekstrar, svo sem leigu sumarbústaðalóða, leigu tjaldstæða og hagabeitar fyrir hross. Leiga lóða undir ársíbúðarhús er undanþegin gjaldskyldu.
e) Hestaleigu.
f) Lífdýrum til alifuglaræktar og svínaræktar.

Greiða skal 0,50% gjald af:

a) Nautgripaafurðum.
b) Sauðfjárafurðum.
c) Hrossaafurðum, þ. m. t. lifandi hross til útflutnings.
d) Grænmetis-, garð- og gróðurhúsaframleiðslu hvers konar.
e) Garðávöxtum.
f) Grávöru.
g) Skógarafurðum, s. s. eldiviði, reykingarviði, efniviði, girðingastaurum, viðarkolum, jólatrjám, skrautgreinum og könglum.
h) Trjáplöntum til skrúðgarðyrkju og skógræktar.
i) Æðardún.
j) Reka.

Undanþegnar gjaldskyldu eru búvörur og hlunnindaafnot til nota fyrir fjölskyldu framleiðanda, sem ekki hafa komið til sölumeðferðar.

2. gr.

Gjald það sem um ræðir í 1. grein, greiðist til Framleiðsluráðs landbúnaðarins af þeim heildsölu- og smásöluaðilum sem kaupa eða taka til sölu eða vinnslu vörur frá framleiðendum, og þeim aðilum sem fyrstir eiga hlut að kaupum, sölu, þjónustu, leigu hlunninda eða lands. Gjaldinu skal halda eftir, hvort sem um staðgreiðslu eða reikningsviðskipti er að ræða. Af gögnum um viðskiptin skal koma fram hver upphæð gjaldsins er.

Framleiðendur sem selja vöru eða leigu án milliliða, skulu standa Framleiðsluráði skil á gjaldinu. Þeir skulu halda skýrslu um alla ráðstöfun afurða, og hvenær sem Framleiðsluráð óskar þess, hafa handbærar upplýsingar um sölu til bókhaldsskyldra aðila og sölu beint til neytenda. Af þessum upplýsingum skal koma fram tegund, magn, flokkun og verðmæti vöru eða leigusölu.

3. gr.

Innheimtu búnaðarmálasjóðsgjalds skal haga þannig, að aðilum sem ber að standa Framleiðsluráði skil á gjöldum skv. 2. gr., skal skylt að senda Framleiðsluráði skrá um gjaldskylda vöru- og leigusölu skv. 1. gr. Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur gera eyðublöð fyrir þessar skrár og sendir gjaldskyldum aðilum þær, þeim að kostnaðarlausu. Uppgjör skv. þessum skrám skal fara fram fyrir hvert 3ja mánaða tímabil frá 1. september að telja, innan 20 daga frá lokum hvers tímabils. Skrárnar skulu staðfestar með undirritun löggiltra endurskoðenda, þegar um bókhaldsskylda aðila er að ræða, en annars af fyrirsvarsmanni gjaldanda.

Framleiðsluráð getur heimilað þeim sem hafa með höndum árstíðabundna vöru- eða leigusölu í landbúnaði, s. s. sölu veiðileyfa, hestaleigu o. þ. h. að skila skrám um gjaldskyldu og greiða gjaldið að loknu hverju sölutímabili.

4. gr.

Ef gögn um viðskipti með gjaldskyldar vörur eða þjónustu þykja að mati Framleiðsluráðs ófullnægjandi, eða gjaldskyldur aðili skilar ekki skrá um innheimt gjöld skv. 3. gr., skal Framleiðsluráð skora á viðkomandi aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og gögn, sem Framleiðsluráð telur þörf á. Fái Framleiðsluráð fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma, skal gjaldið ákvarðað og innheimt í samræmi við þau.

Berist svar við áskorun skv. 1. mgr. ekki innan tiltekins tíma, eða ef skýringar eða gögn eru ófullnægjandi, er Framleiðsluráði heimilt að áætla gjaldið og innheimta það skv. þeirri áætlun. Framleiðsluráð skal skriflega tilkynna greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningar um áætlun gjaldsins krafist þess skriflega að Framleiðsluráð taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrám eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Framleiðsluráð skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu Framleiðsluráðs til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu bréfs Framleiðsluráðs.

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga búnaðarmálasjóðsgjalds né leysir undan neinum viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu þess. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu Framleiðsluráðs eða úrskurði ráðherra, skal endurgreiðsla þegar fara fram.

5. gr.

Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skv. 3. gr., skal greiða Framleiðsluráði dráttarvexti af því, sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknast hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, skv. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir skulu reiknast mánaðarlega fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð, eftir 30 daga frá gjalddaga.

Búnaðarmálasjóðsgjald má taka lögtaki.

6. gr.

Jafnhliða búnaðarmálasjóðsgjaldi skal Framleiðsluráð innheimta á sama hátt af söluvörum landbúnaðarins sbr. 1. gr. 0,6%, er renna til Bjargráðasjóðs Íslands sbr. 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 57/1980.

Endurprentað blað.

7. gr.

Framleiðsluráð skiptir innheimtum gjöldum og vaxtatekjum skv. reglugerð þessari eigi sjaldnar en ársfjórðungslega á eftirfarandi hátt: Til Búnaðarfélags Íslands 22,73%, til Stéttarsambands bænda 22,73% og til Bjargráðasjóðs Íslands 54,54%. Áður en skipting fer fram, skal draga frá kostnað við innheimtu og endurskoðun.

Þeim hlutum sem Búnaðarfélag Íslands veitir móttöku skiptir það milli búnaðarsambandanna með hliðsjón af gjaldskyldu framleiðsluverðmæti á hverju búnaðarsambandssvæði.

8. gr.

Reikninga sjóðsins skal birta árlega í Búnaðarritinu og Árbók landbúnaðarins, endurskoðaða af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

9. gr.

Rísi ágreiningur um gjaldskyldu skv. 1. gr. eða önnur atriði varðandi reglugerð þessa, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 40 7. maí 1982 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 166 29. febrúar 1980 um innheimtu til Búnaðarmálasjóðs.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem annast innheimtu á gjöldum skv. þessari reglugerð, skulu fyrir 20. janúar 1983 skila skrám og uppgjöri fyrir gjaldskylda vöru- og leigusölu, sem þeir hafa þegar innheimt eða innheimta fram til 1. desember 1982 og ekki er þegar gjaldfallið skv. ákvæðum reglugerðar nr. 166/1980. Gjöld skv. þessum skrám falla í gjalddaga 20. janúar 1983. Ekki skal innheimta af afurðum eða seldri þjónustu sem í fyrsta sinn varð gjaldskyld skv. lögum nr. 40/1982 fyrr en frá og með 1. júní 1982.

Gjald skv. 1. gr. þessarar reglugerðar af eggjum, fuglakjöti, svínakjöti, netaveiði úr ám og vötnum og leigu af útleigðri lax- og silungsveiði skal reiknast 0,25% frá 1. janúar 1982. Hafi framleiðandi greitt 0,50% gjald af framleiðslu sinni skv. ákvæðum áðurgildandi reglugerðar eftir 1. janúar 1982 skal innheimtuaðili endurgreiða framleiðanda mismuninn.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. nóvember 1982.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 68 — 1982

25. nóvember 1982. 1161 Nr. 632.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Rangæinga.

1. gr.

Stofnun og stjórnun.

Holtahreppur, Hvolhreppur og Rangárvallahreppur eiga og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Rangæinga, hér eftir nefnd hitaveitan.

Hitaveitan er stofnuð með samningi milli aðila frá 13. október 1981, þar sem kveðið er á um stjórn hennar og skipulag.

Hitaveitan er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Lögheimili hitaveitunnar og varnarþing er í Rangárvallasýslu.

Stjórn hitaveitunnar ræður umsjónarmann sem annst daglegan rekstur hitaveitunnar.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allt veitusvæði hitaveitunnar. Veitusvæði hitaveitunnar er Holtahreppur, Hvolhreppur og Rangárvallahreppur eins og veitukerfi hitaveitunnar nær til.

3. gr.

Einkaleyfi hitaveitunnar.

Hitaveitan hefur einkaleyfi til reksturs hitaveitu og dreifingar og sölu á heitu vatni á veitusvæði sínu sbr. 2. gr.

4. gr.

Verkefni.

Verkefni hitaveitunnar er að sjá um gerð og rekstur hitaveitu á veitusvæðinu. Í þessu skyni skal hitaveitan leita eftir samningum um borunar og virkjunarrétt, láta bora eftir heitu vatni og virkja þegar hagkvæmt þykir, leggja veitukerfi hitaveitu og annast sölu á heitu vatni eða varma til notenda.

5. gr.

Hitaveitugjöld.

Til þess að standa straum af kostnaði við hitaveituna innheimtir hún hitaveitugjöld svo sem orkugjald og heimæðagjald samkvæmt nánari ákvæðum í gjaldskrá. Stefnt skal að því að tekjur skv. gjaldskrá standi undir rekstrarkostnaði og fjármagnskostnaði hitaveitunnar.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

B 146

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld, en henni ber að tilkynna fyrirætlun um lokun með 5 daga fyrirvara.

Kostnað af opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, samkvæmt gjaldskrá. Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki á kostnaði gjaldanda.

6. gr.

Lagnir veitukerfis.

Hitaveitan á og lætur leggja allar lagnir veitukerfisins: aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar og heimæðar ásamt þeim innanhússlögnum sem liggja að hemla- og mælagrindum, svo og grindurnar sjálfar með tilheyrandi búnaði. Hitaveitunni er ekki skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin.

Hitaveitunni er heimilt að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í byggingarskilmála, þar sem um nýja byggð er að ræða.

7. gr.

Kvöð um tengingu við hitaveitu.

Þeim sem húseign á við götu eða veg innan veitusvæðis hitaveitunnar þar sem vatnsæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi og lagnir fyrir heitt kranavatn við hitaveituna.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss, eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, þá getur hitaveitan ákveðið að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

8. gr.

Eignarréttur hitaveitu og viðhaldsskylda.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á aðveituæðum, stofnæðum, dreifiæðum og götuæðum veitunnar svo og heimæðum og lögnum innanhúss, að og með mæla- eða hemlagrindum ásamt tilheyrandi búnaði, er tengja vatnskerfi hússins við veituna, og telst dreifikerfið ná þangað. Tengingu vatnshitunarkerfis húss við mælagrind svo og nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum og hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi annast og kosta.

9. gr.

Ábyrgð og skyldur hitaveitunnar.

Hitaveitunni er skylt að haga starfsemi sinni þannig að sem best verði tryggður eðlilegur og truflunarlaus rekstur eftir því sem aðstæður leyfa.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Hitaveitan er ekki skuldbundin gagnvart húseiganda til þess að tryggja að þrýstingur í vatnsæðum sé ávallt nægilegur. Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

10. gr.

Afnot varmaorku.

Varmi sá, sem hitaveitan lætur í té, er ætlaður til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá á mæla- eða hemlagrind sem til þess er ætluð.

Nú kemur fram ósk um að nota heita vatnið til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitunnar, sem hún getur bundið nánari skilyrðum og fyrirmælum hverju sinni.

11. gr.

Afrennslisvatn frá húskerfum.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitunarkerfi húss. Húsráðendum er heimilt að nota afrennslisvatnið til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o. s. frv. en skulu skila afrennslisvatninu aftur ef hitaveitan þarf á því að halda. Óski hitaveitan ekki eftir afrennslisvatninu skal húsráðandi annast og kosta að leiða afrennslisvatn í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þangað heitara en 40°C.

Ef húseigendur nota hitaveituvatn til hitunar bílastæða, gangstíga o. s. frv. og hitunarkerfin eru beint tengd veitunni þá getur hitaveitan krafist þess, að þessi kerfi séu þrýstiprófuð við þann hita sem gert er ráð fyrir að notaður verði.

12. gr.

Tenging við hitaveituna.

Áður en hitunarkerfi húss eða lagnir fyrir heitt kranavatn eru tengdar hitaveitukerfinu skal liggja fyrir uppdráttur samþykktur af hitaveitunni og gildir það jafnt um nýlagnir og viðbætur við eða breytingar á eldri lögnum.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitunarkerfum þá getur hitaveitan krafist þess að þeir séu þegar gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er og ber húseigandi allan kostnað af því.

Húseigandi skal heimila að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar, ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitu.

Ef inntak hitaveitu og mælagrind eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stokk, sem auðvelt er að opna. Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar nema að fengnu leyfi hitaveitunnar.

Á öllum húskerfum tengdum hitaveitu skulu vera einstreymislokar og öryggisbúnaður skv. fyrirmælum hitaveitunnar.

Á hitakerfum tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu skal nota sjálfvirka afrennslisloka og/eða annan búnað sem heldur hæfilegum þrýstingi á hitakerfum.

13. gr.

Uppdrættir.

Uppdráttur skal gerður í samræmi við lög og reglur um byggingamál. Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir áður en bygging húss er hafin.
Ef hitaveitan telur ástæðu til, getur hún krafist þess, að útreikningar verði lagðir fram.

14. gr.

Hitalagnir.

Þeir sem leggja hitalagnir, bera ábyrgð á að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, samþykkta uppdrætti, svo og nánari fyrirmæli, er sett kunna að verða.

Hitaveitan getur áskilið að þeir einir megi annast suðuvinnu á pípum samkvæmt reglugerð þessari, er staðist hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu og/eða rafsuðu.

Engir aðrir en þeir, sem réttindi hafa, mega taka að sér lagnir eða breytingar á hitakerfum sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar.

Nú brýtur pípulagningameistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, þá getur hitaveitan samþykkt, að hann fái ekki að annast tengingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekuð brot.

15. gr.

Eftirlit.

Hitaveitan skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykkta uppdrætti, reglugerð um hitalagnir og aðrar reglur og lög er gilda um byggingamál.

Álíti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, ákvæðum reglugerðar um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

16. gr.

Mælar og hemlar.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð mæla, sem nota skal, og lætur setja þá á inntakspípur húsa, sem tengd eru kerfi veitunnar og innsigla þá. Mælar þessir eru í eigu og umsjá hitaveitunnar.

Ef maður rýfur innsigli mælis eða breytir rennsli um hann, varðar það refsingu skv. almennum hegningarlögum.

Notandi mælis er sá, sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem mælirinn er fyrir. Uppsögn eða flutning skal tilkynna hitaveitunni með hálfs mánaðar fyrirvara.

Ef notandi óskar að mælir sé leiðréttur, skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun að mesta skekkja sé innan við 5%, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og lækka reikning notanda, í samræmi við niðurstöðu hennar, ef notandi fékk minna vatn, en mælir sýndi, þó ekki fyrir lengra tímabil en 4 mánuði, nema sannað sé að skekkjan hafi verið í lengri tíma.

Öll þau sömu ákvæði og hér eru talin um mæla, skulu gilda jafnt um hemla, ef selt er samkvæmt hemilstaxta.

Starfsmenn hitaveitu skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að pípulögnum bæði innanhúss og utan. Húsráðanda er skylt að láta þeim í té þær upplýsingar sem máli geta skipt um hitun hússins og heitt kranavatn.

17. gr.

Skyldur húseiganda og ábyrgð.

Húseiganda er skylt að hlíta þeim reglum og fyrirmælum sem hitaveitan setur, um gerð og búnað neysluvatnsins og hitunarkerfis hússins.

Húsráðandi ber ábyrgð á þeim búnaði og lögnum innanhúss, sem eru í eigu og umsjá hitaveitunnar. Húsráðanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum, og skal hann hlíta fyrirmælum um viðgerð á bilunum og gera ráðstafanir til varnar misnotkun á hitaveituvatninu.

Nú verða tæki eða annar búnaður fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun.

18. gr.

Viðurlög við brotum.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að láta vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá hitaveitunni heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað eiganda. Kostnaðinn má innheimta hjá eiganda með lögtaki ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Rangæinga er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 25. nóvember 1982.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

25. nóvember 1982. Nr. 633.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Rangæinga.

1. gr.

Hitaveita Ranæinga selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja rennslismæli ásamt hemlum, sem takmarka hámarksrennsli við inntak og miðast gjald hitaveitunnar við mælt vatnsrennsli um mælinn. Óski húseigandi þess getur hann fengið keypt vatn samkvæmt hámarksrennsli um hemil.

3. gr.

Einungis stafsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Ef selt er vatn samkvæmt hámarksstillingu hemils verður stillingu hemils að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveituna. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt rennslismæli kr. 21,70 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Vatn um hemil er selt sem margfeldi af 0,5 mínútulítrum þó aldrei minna en 2,0 mínútulítrar.

Minnsta vatnsmagn sem selt er um hemil er fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,7 l/mín fyrir hverja 100 m^3, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,4 l/mín fyrir hverja 100 m^3.

Fyrir vatn sem selt er um hemil greiðast kr. 495,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr. getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun innheimtist fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði eftirfarandi fastagjald:

a) Fyrir mæla til og með 3/4" ..... kr. 85,00
b) Fyrir mæla 1" til 2" ..... kr. 170,00
c) Fyrir mæla 3" eða stærri ..... kr. 340,00

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. verða krafin mánaðarlega. Lesið verður af mælum að jafnaði tvisvar á ári, en notkun þess á milli áætluð.

Þó er heimilt að fækka eða fjölga álestrum og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 100,00.

7. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

8. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m^3 kr. 34 410,00.

Fyrir hús stærri en 400 m^3 kr. 34 410,00 að viðbættum kr. 26,35 fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

Hús, sem eru með kynditæki, þegar hitaveitan tekur til starfa og tengjast hitaveitunni fyrir árslok 1983 fá afslátt af heimæðagjöldum, sem hér segir:

a) Fyrir hús með vatnshitakerfum er veittur 20% afsláttur, þ. e. greiða skal kr. 27 528,00 fyrir hvert hús auk kr. 21,08 fyrir hvern rúmmetra umfram 400.
b) Fyrir rafhituð hús með rafmagnsofnum er veittur 50% afsláttur þ. e. greiða skal kr. 17 205,00 fyrir hvert hús auk kr. 13,18 fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er að hluta reiknast ekki heimæðagjalda af þeim hluta húss sem ekki er hitaður.

Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar samkvæmt reikningi eða samningi og fella niður heimæðagjald.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 2 000,00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

Óski notandi sem hefur mæli/hemil að breyta og fá í staðinn hemil/mæli skal greiða kr. 500,00 fyrir breytinguna.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldsfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

10. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 150,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. október 1982 (1331 stig).

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Rangæinga er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 25. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Seltjarnarnesi og Mosfellshreppi) hækki matsverð íbúðarhúsnæðis um 78% og verði framreikningsstuðull að því leyti 1.78.
2. Allar aðrar fasteignir, þar með taldar lóðir íbúðarhúsa, hækki um 65% og verði framreikningsstuðull að því leyti 1.65.
3. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.

Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1981, ásamt síðari breytingum og leiðréttingum, ákveðnum af hálfu Fasteignamats ríkisins og yfirfasteignamatsnendar.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignaskrár innihalda einnig þær matsbreytingar, er Fasteignamat ríkisins hefur gert á einstökum eignum, svo sem við endurskoðun á eldri mötum og vegna úrskurða á kærum, er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skrám Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1982.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 643 frá 12. nóvember 1981.

Fjármálaráðuneytið, 26. nóvember 1982.

Ragnar Arnalds.

Gunnlaugur Claessen.

STJÓRNARTÍÐINDI B 69 — 1982

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir vörumerki o. fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist:

a)	Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	kr.	820,00
b)	Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	kr.	200,00

2. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:

a)	Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	kr.	820,00
b)	Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	kr.	200,00

3. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:

a)	Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	kr.	1 400,00
b)	Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	kr.	200,00

4. gr.

Önnur gjöd eru:

a)	Innritun í vörumerkaskrá	kr.	145,00
b)	Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá	kr.	100,00
c)	Fyrir athugun á því hvort vörumerki sé skráð greiðist fyrir hvern vöruflokk sem athugunin nær til	kr.	100,00

5. gr.

Gjöld samkvæmt 1., 2. og 3. gr. skulu greidd við afhendingu tilkynningar, þó með þeirri undantekningu að flokkagjöld skv. 1. gr. b) greiðast ekki fyrr en merkið hefur verið skráð.

Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki og öðlast gildi 1. janúar 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 679, 15. desember 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 26. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Grundarfirði.

1. gr.

Eyrarsveit annast eða býður út alla sorphreinsun innan skipulagðra svæða sveitarfélagsins, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og með umsjón heilbrigðisnefndar.

2. gr.

2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 140,00 á skrifstofu Rafveitunnar.

Söluskattur 23,5% auk 19% verðjöfnunargjalds til Rafveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I kafla gjaldskrár þessarar, nema á Taxta D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 610/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 520 18. ágúst 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 744. 30. nóvember 1982.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA.

1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar ..... kr. 2,00 á kwh

2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana ..... kr. 2,00 á kwh

3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar ..... kr. 2,00 á kwh

3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalaflsmælingu, lágmark 20 kw ..... kr. 0,70 á kwh
Aflgjald með lýsingu ..... kr. 2 910,00 kw/á ári.

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kwst á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.-mæli þannig:
Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun ..... kr. 2,00 hverja kwh
Fyrir næstu 80 000 kwst. ársnotkun ..... kr. 1,50 hverja kwh
Fyrir umfr. 100 000 kwst. ársnotkun ..... kr. 1,38 hverja kwh

4. Hitun.

4.1 Orka til húshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag ..... kr. 0,56 á kwh
4.2 Orka til hitunar í iðnaði, roftími 2 ×1,5 klst. á dag ..... kr. 0,62 á kwh
4.3 Orka til hitunar í iðnaði, roftími 2 ×1,5 klst. á dag ..... kr. 0,89 á kwh

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafv.stjóra.
b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar.
c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld		Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa	kr.	8 176,00	465,00
63 A 3-fasa	kr.	8 176,00	465,00
100 A 3-fasa	kr.	11 023,00	528,00
125 A 3-fasa	kr.	13 567,00	597,00
200 A 3-fasa	kr.	17 878,00	808,00
300 A 3-fasa	kr.	30 986,00	950,00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálft heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 78,00. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 78,00 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla og gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 612/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 512 18. ágúst 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 745. 30. nóvember 1982.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA.

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 2,45 hver kWh til lýsingar.

A—2 Kr. 1,57 hver kWh til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 806,00 á ári fyrir 25 m^2 gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 24,00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m^2.

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Kr. 1,88 hver kWh til heimilisnotkunar.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 2,33 hver kWh til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári kr. 2 432/kW/ár og kr. 0,55 kWh. Ljósanotkun hjá notendum sem kaupa samkvæmt þessum gjaldskrárlið verði mæld um sama mæli og vélanotkunin.

C—3 Kr. 2,33 hver kWh ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári.

C—4 Sértaxti Gefjunar, kr. 0,31/0,27 hver kWh og kr. 2 482,00 hvert kW.

C—5 Kr. 3,28 hver kWh til nýbygginga.

D. Hitun.

D—1 Kr. 0,49 hver kWh til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

D—2 Kr. 0,35 hver kWh til upphitunar (næturhitun), ef straumur er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 1,07 hver kWh til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWh á ári.
F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 0,73 hver kWh til iðnaðar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn, getur með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGUR.

Rafveita ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns, og skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr.	125,00
Orkumælir, þrífasa	kr.	499,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr.	842,00
Aflmælir	kr.	814,00
Aflmælir með straumspennum	kr.	1 282,00
Móttökuliði, einpóla	kr.	561,00
Móttökuliði, þrípóla	kr.	814,00

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi Rafveitu Akureyrar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
3. Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Heimtaugargjald
63 A	1-fasa	kr. 10 565,00
63 A	3-fasa	kr. 11 455,00
100 A	3-fasa	kr. 18 112,00
160 A	3-fasa	kr. 29 006,00
200 A	3-fasa	kr. 36 255,00
315 A	3-fasa	kr. 57 106,00
400 A	3-fasa	kr. 72 479,00
715 A	3-fasa	kr. 128 677,00
1 200 A	3-fasa	kr. 217 365,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4. Bráðabirgðaheimtaugar.
Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald Jarðstrengur	Loftlína
	kr.	kr/m	kr/stólpi
63 A 1-fasa	2 064,00	304,00	3 870,00
63 A 3-fasa	2 870,00	304,00	4 476,00
100 A 3-fasa	3 044,00	400,00	5 134,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

5. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
6. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
7. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram.
8. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 258,00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 258,00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 5. nóv. 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 610 1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 522 18. ágúst 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA.

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

1.1 Um kWh-mæli á kr. 8,37.

1.2 Um kWh-mæli á kr. 3,52 á hverja kWh, auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 2,81 á ferm., á mánuði.

b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 1,49 á ferm., á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

2.1 Um kWh-mæli kr. 2,08 á hverja kWh, auk fastagjalds er nemi kr. 15,24 á mánuði, af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íbúðarherbergi, hol eða eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. telst hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

3.1 Um einn kWh-mæli þannig: á kr. 5,70 á hverja kWh.

3.2 Kr. 1,77 hver kWh, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.

3.3 Kr. 2,29 hver kWh, án skilyrða um lokun fyrir straum. Til iðnaðar, ef uppsett vélarafl fasttengdra véla er yfir 20 kW.

3.4 Um afl- og orkumæla (mestaaflsmæla) þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu afli kr. 2 158,00 kW/ári.
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 0,76 hver kWh.

3.5 Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja það þannig:
Um kWh-mæli á kr. 0,76 á hverja kWh, auk fastagjalds kr. 1 713,00 á ári, fyrir hvert kW í málraun véla.

D. Hitun.

4.1 Til húshitunar um kWh-mæli kr. 0,93 hver kWh.

4.2 Til húshitunar um kWh-mæli kr. 0,48 hver kWh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.

b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

5.1 Til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kWh-mæli kr. 3,52. Alla raforkunotkun sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1.

5.2 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum kr. 1,44. Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum ..... kr. 15,24 á mán.
2. Af þrífasa mælum allt að 100 amp. ..... kr. 19,81 á mán.
3. Af þrífasa mælum yfir 100 amp. ..... kr. 48,64 á mán.
4. Af mestaaflsmælum ..... kr. 88,90 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan inniheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Stofngjald:

1. 60 A 1-fasa ..... kr. 14 211,00 innif. allt að 40 m.
2. 60 A 3-fasa ..... kr. 21 323,00 innif. allt að 40 m.
3. 100 A 3-fasa ..... kr. 27 495,00 innif. allt að 40 m.
4. 2000 A 3-fasa ..... kr. 37 795,00 innif. allt að 40 m.

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitingar- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJALD.

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 211,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 211,00 á skrifstofu Rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 23,5% söluskattur og 19% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 5. nóv. 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 610/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 523 18. ágúst 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐUR.

1. Lýsing.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1.1	Fast gjald	F1
	Orkugjald	5,44 kr. á kWh
1.2	Fast gjald	F1 + F2
	Orkugjald	2,54 kr. á kWh

2. Notkun til heimilisþarfa.

2.1	Fast gjald	F1 + F3
	Orkugjald	1,63 kr. á kWh

3. Vélanotkun.

3.1	Fast gjald	F1 + F2
	Orkugjald	3,14 kr. á kWh
	Lágmarksgjald	18 × F1 á ári
3.2	Aflgjald lágmark 3 kW	6 796,00 kr. á ári.
	Aflgjald frá 3—5 kW	2 301,00 kr. á kW
	Fast gjald	F1 + F3
	Orkugjald	0,79 kr. á kWh
3.3	Aflgjald umfram 5 kW	2 037,00 kr. á kW á ári.
	Fast gjald	F1 + F3
	Orkugjald	0,65 kr. á kWh
3.4	Til súgþurrkunar	
	Fast gjald	F1
	Orkugjald	0,73 kr. á kWh

4. Húshitun.

4.1	Fast gjald	F1 + F4
	Orkugjald	1,23 kr. á kWh
	Roftími allt að 1 klst. á dag.	
4.2	Fast gjald	F1 + F4
	Orkugjald	0,49 kr. á kWh
	Roftími allt að 3 klst. á dag.	
4.3	Fast gjald	F1 + F4
	Orkugjald	0,26 kr. á kWh
	Roftími allt að 15 klst. á dag.	

5. Utanhússlýsing.

5.1	Fast gjald	F1
	Orkugjald	1,63 kr. á kWh

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.
Föst gjöld.

F1	.....	38,53 kr. á mán.
F2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	1,21 kr. á m^2 mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	0,71 kr. á m^2 mán.
F3	.....	12,30 kr. á gj.e. mán.

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslu. Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft, 25 m^2 eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla gistihús o. þ. h. 20 m^2 mælt innan útveggja.

c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m^2 fyrir vinnslurúm, 40 m^2 fyrir geymslurúm.

d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m^2 eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m^2 ein gjaldeining.

F4 Hvert uppsett kW ..... 160,56 kr. kW á ári.

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusöku til hitunar:

a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.

b) Að vélaafl, götulínur, og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.

c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðli undir 0,8.

II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 327,00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 172,00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 67,59
Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að ..... kr. 4 855,00
5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3 × 70q, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 5. nóv. 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 612/1982, um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 524 18. ágúst 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

30. nóvember 1982. Nr. 748.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Vestmannaeyja.

1. RAFORKA.

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Almenn notkun.

A1 Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.
Orkugjald 1,96 kr/kWh.
Fastagjald 710,00 kr/a.
Þessi liður kemur í stað liða A1, A2, A3, A6, B1, C1 og F1 í fyrri gjaldskrám, og getur verið skráður þannig á reikningum.

C. Afl og orkumæling.

C2 Um kW-kWh — mæli, enda sé málraun tækja yfir 40 kW.
Aflgjald 2 934,00 kr/kW/a.
Orkugjald:
0—2500 kWh/kW 0,94 kr/kWh
2500—4000 kWh/kW 0,54 kr/kWh
Yfir 4000 kWh/kW 0,27 kr/kWh
Mælaleiga samkvæmt dagskrá.
Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins. Á tímabilinu 16. maí—15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20%, án þess að aflgjald hækki.
Sé húshitun innan þessa liðar, sérmæld, þá greiðist ekki verðjöfnunargjald og sölugjald af þeirri orku.
Ofangreindur taxti fylgir kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning rafveitunnar sé ávallt 40%. Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

D. Hitun.

D1 Orkugjald 0,53 kr/kWh (án söluskatts og verðjöfnunargjalds).
Fastagjald 710,00 kr/a
D3 Orkugjald 0,76 kr/kWh
Fastagjald 710,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mestasamtímaafl og ársorkuþörf þess húsrýmis, sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

F2 Orkugjald 2,84 kr/kWh.
Fastagjald 710,00 kr/a
til vinnuljósa, vinnuvéla og annarar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

F5 Aflgjald 5 868,00 kr/kWa
af uppsettu afli til gatna- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxta C2 og 3600 h. nýtingartíma á ári. Leggi rafveita til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiði notandi aðrar 5 868,00 kr/kW/a fyrir þá þjónustu.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan leigir mælitæki við því verði sem hér segir:

1.	Einfasa kWh-mælir	140,00 kr/a
2.	Þrífasa kWh-mælir	530,00 kr/a
3.	Þrífasa kWh-mælir með straumspennum	890,00 kr/a
4.	Þrífasa kW-kWh-mælir	890,00 kr/a
5.	Þrífasa kW-kWh-mælir með straumspennum	1 420,00 kr/a

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald[1]) kr/m
63 A einfasa	11 700,00	360,00
63 A þrífasa	12 800,00	360,00
100 A þrífasa	20 400,00	440,00
200 A þrífasa	42 200,00	530,00
315 A þrífasa	63 900,00	Skv. kostnaði
400 A þrífasa	79 800,00	—
710 A þrífasa	146 100,00	—
1200 A þrífasa	247 700,00	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald [1][2] Jarðstrengur kr/m
63 A einfasa	2 300,00	360,00
63 A þrífasa	3 200,00	360,00
100 A þrífasa	3 400,00	440,00

A merkir málstraum stofnvara í amper.
kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt út loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðar við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 286,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 286,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og önnur þjónusta, sem rafveitan veitir, að ósk notanda, skal greiða gjald, kr. 286,00.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrám um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágs ársnýtingartíma, getur Rafveita Vestmanneyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.

---

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

6. 23,5% sölugjald, ásamt 19% verðjöfnunargjaldi til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. nóv. 1982 sbr. auglýsingu ráuneytisins nr. 610/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 525 18. ágúst 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 749. 30. nóvember 1982.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1 Til almennrar lýsingar, svo og til götulýsingar.
Orkugjald 2,40 kr/kWh.
1.2 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald 3,00 kr/kWh.

2. Heimili o. fl.

2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum. Orkugjald 2,20 kr/kWh.

3. Vélar o. fl.

3.1 Til vélanotkunar.
Orkugjald 2,40 kr/kWh.
3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald 0,76 kr/kWh.
Aflgjald 2 295,00 kr/kW á ári.

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag:
Orkugjald 1,10 kr/kWh.
4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 1½ klst. á dag.
Orkugjald 0,42 kr/kWh.
4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald 1,58 kr/kWh.

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.
Orkugjald 0,48 kr/kWh.
Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 177,00
Orkumælir, þrífasa	kr. 417,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr. 708,00
Aflmælir	kr. 678,00
Aflmælir með straumspennum	kr.1 080,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Gjald af yfirlengd	
Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	10 845,00	353,00	2 891,00
3 × 63	11 758,00	353,00	4 973,00
3 × 100	18 620,00	540,00	6 335,00
3 × 200	36 764,00	893,00	
3 × 315	58 596,00	1 041,00	
3 × 400	74 466,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	132 098,00	—	
3 × 1200	223 256,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:
1 × 63A ..... kr. 2 403,00 3 × 63A ..... kr. 3 232,00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald, samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 158,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 610/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 526 18. ágúst 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 750. 30. nóvember 1982.

GJALDSKRÁ

Rafveitna Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis.

I. RAFORKA.

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1 Til almennrar lýsingar.
Orkugjald ..... 7,70 kr/kWh

1.2 Til almennrar lýsingar.
Orkugjald ..... 2,40 kr/kWh
Fastagjald af gólffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja.
Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ..... 40,35 kr/m² á ári
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi ..... 15,00 kr/m² á ári

1.3 Til götulýsingar.
Orkugjald ..... 2,40 kr/kWh

1.4 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald ..... 3,85 kr/kWh

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

2.1 Til heimilisnotkunar.
Orkugjald ..... 1,80 kr/kWh
Fastagjald af hverju herbergi ..... 162,00 kr. á ári
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, en 25 m² eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

2.2 Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum slíkum stöðum, ennfremur súgþurrkunar, enda séu tæki fasttengd.
Orkugjald ..... 1,80 kr/kWh

3. Vélanotkun o. fl.

3.1 Til véla o. fl.
Orkugjald ..... 3,85 kr/kWh
Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2, en þriðjungi lægra.

3.2 Til véla o. fl.
Orkugjald ..... 0,62 kr/kWh
Aflgjald, lágmark 2 kW ..... 6 246,00 kr. á ári
Aflgjald, umfram 2 kW ..... 2 082,00 kr/kW á ári
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2 og lágmarksaflgjald af 20 kW.

3.3 Til véla.
Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
Orkugjald ..... 0,62 kr/kWh
Aflgjald, lágmark ..... 5 814,00 kr. á ári
Aflgjald, af uppsettum kW í málraun véla, umfram 2 kW ..... 1 650,00 kr á ári
Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur viðkomandi rafveita krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum hjá notendum, eða takmarka notkun þeirra tiltekinn tíma sólarhrings.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... 1,46 kr/kWh

4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 1½ klst á dag.
Orkugjald ..... 0,63 kr/kWh

4.3 Til húshitunar, roftími 15 klst. að degi til.
Orkugjald ..... 0,39 kr/kWh

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.
Orkugjald ..... 0,71 kr/kWh

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði: Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum viðkomandi rafveitu.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem viðkomandi rafveita leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum viðkomandi rafveitu, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Viðkomandi rafveita ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 132,00
Orkumælir, þrífasa	kr. 294,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr. 720,00
Aflmælir	kr. 681,00
Aflmælir með straumspennum	kr.1 080,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Gjald af yfirlengd	
Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	9 509,00	308,00	2 943,00
3 × 63	10 254,00	308,00	4 035,00
3 × 100	12 233,00	347,00	5 185,00
3 × 200	19 468,00	475,00	
3 × 315	41 043,00	648,00	
3 × 400	57 337,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	94 193,00	—	
3 × 1200	152 362,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvorttveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt, að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum viðkomandi rafveitu um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt sem hér segir:

1 × 63 A kr. 2 107,00 3 × 63 A kr. 2 827,00.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulegt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 1 080,00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra árshelmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 180,00.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 610/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 527 18. ágúst 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

30. nóvember 1982. Nr. 751.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA.

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWh-mæli á kr. 9,37 hverja kWh. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWh-mæli á kr. 3,86 á hverja kWh auk fastagjalds, sem er kr. 41,25 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 13,72 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWh-mæli á kr. 2,36 hverja kWh.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWh-mæli á kr. 5,25 hverja kWh. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta ársgjalds kr. 2 601,00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWh-mæli á kr. 5,25 hverja kWh.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWh-mæli kr. 0,76 hverja kWh auk fastagjalds kr. 2 601. Notað afl telst vera meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl má selja þannig: Um kWh-mæli á kr. 0,76 hverja kWh auk fastagjalds kr. 2 464,00 kW. Í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00. og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 2 601,00 á kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 0,76 hverja kWh. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósa kr. 41,25 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 13,65 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 22,63 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWh-mæli á kr. 0,97 hverja kWh án rofs.

D—2. Um kWh-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0,61 hverja kWh.

D—3. Um afl- og orkumæla:

a) á kr. 0,61 hverja kWh auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 491,36 hvert kW.

b) ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWh-mæli á kr. 0,27 hverja kWh með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði af þeim samkv. gjaldskrá.

d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.

e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.

f) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem sett verður upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 2,81 hverja kWh enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWh-mæli á kr. 5,02.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á kr. 0,86 hverja kWh ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 0,69 hver kWh, á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 2,16 hver kWh, frá 8,30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 2,78 hverja kWh.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbundin fyrir notandann, sem greiða skal af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ..... kr. 13,94
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. ..... — 16,36
3. Af þrífasa mælum 50—200 amp. ..... — 41,27
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. ..... — 61,85
5. Af álagsstýringarliðum ..... — 61,85

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kVA	Heimtaugargjald kr.
1.	3× 60	22	11 844,00
2.	3×100	38	17 269,00
3.	3×200	75 sp.	34 172,00
4.	3×350	132 sp.	68 241,00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa ..... kr. 2 663,00
Fyrir 60 amp. þrífasa ..... — 3 738,00
Fyrir 100 amp. þrífasa ..... — 3 964,00.

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnað).

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 332,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 332,00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalin í gjaldskrá eru 42.5% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds, nema hitatöxtum vegna húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 610/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 528 18. ágúst 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 752. 30. nóvember 1982.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA.

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWh-mæli á kr. 9,44 hverja kWh. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWh-mæli á kr. 3,91 hverja kWh auk fastagjalds, sem er kr. 41,28 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 13,73 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWh-mæli á kr. 2,36 hverja kWh.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWh-mæli á kr. 5,27 hverja kWh. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 2 601,00

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWh-mæli á kr. 5,27 hverja kWh.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWh-mæli á kr. 0,76 hverja kWh auk fastagjalds kr. 2 601,00. Notað afl telst vera meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWh-mæli á kr. 0,76 hverja kWh auk fastagjalds kr. 2 464,00 hvert kW í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3, kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 2 115,00 kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 0,76 hverja kWh. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósa kr. 41,31 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 13,73 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 22,66 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWh-mæli á kr. 0,98 hverja kWh án rofs.

D—2. Um kWh-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0,60 hverja kWh.

D—3. Um afl- og orkumæla:

a) á kr. 0,60 hverja kWh auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 492,00 hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWh-mæli á kr. 0,28 hverja kWh með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði þá samkv. gjaldskrá.

d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.

e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.

f) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 2,81 hverja kWh enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWh-mæli á kr. 5,19.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWh-mæli á kr. 0,84 hverja kWh ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 0,70 hver kWh á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 2,16 hver kWh frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 2,78 hverja kWh.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og kemst ekki undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri, þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGUR.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ..... kr. 13,73 pr. mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. ..... kr. 16,34 pr. mán.
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. ..... kr. 41,41 pr. mán.
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. ..... kr. 61,87 pr. mán.
5. Af álagsstýringarliðum ..... kr. 61,87 pr. mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Frá og með 1. janúar 1983 skal smásöluálagning á skeiðarsvömpum, sem innihalda medroxíprógesterónacetat og notaðir eru til að samstilla gangmál hjá ám, vera 36,4%. Óheimilt er að taka afhendingargjald fyrir þessi lyf. Sama dag fellur úr gildi auglýsing sama efnis nr. 588/1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. desember 1982.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.

Nr. 760. 3. desember 1982.

REGLUGERÐ

um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá.

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 1 600,00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 800,00.

2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 400,00 er greiðist sérlyfjasjóði fyrir 1. mars ár hvert.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 670/1981 og 1. gr. og 12. gr. reglugerðar um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá nr. 451/1976 með áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. desember 1982.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.

1. desember 1982. Nr. 761.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð Stúdentafélags Reykjavíkur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 1. desember 1982.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

Háskólasjóðs Stúdentafélags Reykjavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur. Sjóðurinn er stofnaður af Stúdentafélagi Reykjavíkur, skv. samþykkt aðalfundar þess, hinn 15. október 1982 og að höfðu samráði við rektor Háskóla Íslands. Heimili sjóðsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000,00 framlag Stúedentafélags Reykjavíkur. Stofnfé sjóðsins má ekki skerða. Ávaxta skal fé sjóðsins með hagkvæmasta hætti, sem völ er á á hverjum tíma.

3. gr.

Stúdentafélag Reykjavíkur mun í samræmi við ofangreinda samþykkt, skv. 1. gr. vinna að því að afla sjóðnum tekna og hvetja til þess, að sjóðurinn vaxi með frjálsu gjafafé.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ýmis verkefni Háskóla Íslands svo og stúdenta við Háskóla Íslands, samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Stjórn Stúdentafélags Reykjavíkur kýs 2 stjórnarmenn og háskólaráð 2. Þessir 4 stjórnarmenn skipa sameiginlega fimmta stjórnarmanninn með samkomulagi, en ella skal sá stjórnarmaður skipaður af dómsmálaráðuneyti. Stjórnin er skipuð til eins árs í senn frá 1. janúar ár hvert. Stjórnin skiptir með sér verkum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins semur ársreikning fyrir 15. febrúar næsta árs og skulu þeir endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Með samhljóða samþykki sjóðsstjórnar, samþykki dómsmálaráðuneytisins og samþykki aðalfundar félagsins má breyta ákvæðum skipulagsskrár þessarar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á skipulagsskrár þessari.

Nr. 762. 9. desember 1982.

TILKYNNING

frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Samkvæmt tillögu stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og staðfestingu sjávarútvegsráðherra hefur verið ákveðinn verðgrunnur fyrir söltuð þorskflök framleidd í desember 1982:

Söltuð þorskflök	U.S. $ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up	3 850,00
Flokkur A 400/700	3 650,00
Flokkur A 200/400	3 450,00
Flokkur A 100/200	3 050,00
Flokkur B 700/up	3 400,00
Flokkur B 400/700	3 200,00
Flokkur B 200/400	2 800,00
Flokkur B 100/200	2 400,00

Verðbil verður 4% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Dagleg umsjón og rekstur Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er í höndum gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands, Austurstræti 14, Reykjavík.

Reykjavík, 9. desember 1982.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir söltuð þorskflök framleidd í desember 1982.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir söltuð þorskflök framleidd í desember 1982:

Söltuð þorskflök	U.S. $ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up	3 850,00
Flokkur A 400/700	3 650,00
Flokkur A 200/400	3 450,00
Flokkur A 100/200	3 050,00
Flokkur B 700/up	3 400,00
Flokkur B 400/700	3 200,00
Flokkur B 200/400	2 800,00
Flokkur B 100/200	2 400,00

Verðbil verður 4% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. desember 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

7. desember 1982. Nr. 764.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september 1982 til 31. desember 1982.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september 1982 til 31. desember 1982.

	U.S. $ pr. lest cif.
Lausfrystur hörpudiskur	3,20
Blokkfrystur hörpudiskur	3,00
Rauður hörpudiskur	1,77

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. desember 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 765. 7. desember 1982.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski og söltuðum ufsaflökum fyrir tímabilið 1.—31. desember 1982.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest að sá verðgrundvöllur fyrir óverkaðan saltfisk og söltuð ufsaflök sem gilti fyrir tímabilið 1. september til 30. nóvember 1982 og staðfestur var með auglýsingu ráðuneytisins dags. 18. október gildir óbreyttur fyrir desembermánuð 1982.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. desember 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 766. 7. desember 1982.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1.—31. desember 1982.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest, að sá verðgrundvöllur fyrir freðfisk sem gilti fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 30 nóvember 1982 og

staðfestur var með auglýsingu ráðuneytisins dags. 17. september gildir óbreyttur fyrir desembermánuð 1982.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. desember 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

7. desember 1982. Nr. 767.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir tímabilið 1.—31. desember 1982.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest, að sá verðgrundvöllur fyrir frysta rækju sem gilti fyrir tímabilið 1. september til 30. nóvember 1982 og staðfestur var með auglýsingu ráðuneytisins dags. 15. október gildir óbreyttur fyrir desembermánuð 1982.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. desember 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Akstur um Bröttugötu og Mjóstræti verður heimilaður í báðar áttir.
2. Akstur um Skúlatún verður heimilaður í báðar áttir.
3. Bifreiðastöður verða bannaðar
   a. Á Kóngsbakka.
   b. Á Skúlatúni, austanmegin götunnar.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi nú þegar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. nóvember 1982.

Sigurjón Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 75 — 1982

15. desember 1982. 1353 Nr. 769.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

10. gr. i-stafliður hljóði svo:

„Lyf, er skert geta hæfni manna til aksturs bifreiða og/eða stjórnunar hvers konar véla, skal merkja rauðum varúðarþríhyrningi, sbr. ákvæði reglugerðar um merkingu sérlyfja nr. 568/1982.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á Viðauka 1 við reglugerðina. (Undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, skv. 13. gr. a).

Lyf eða lyfja-samsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Diphenhydraminum.	Lyf í afmældum skömmtum, er innihalda 50 mg eða minna.	Mest 10 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Lyfið er ætlað til varnar veltuveiki (sjóveiki, bílveiki, flugveiki). Skammtar: **Fullorðnir:** 1 tafla 1/2—1 klst. fyrir brottför, síðan 1 tafla á 4—6 klst. fresti, ef þörf krefur. **Börn 4—8 ára:** 1/2 tafla 1/2—1 klst. fyrir brottför, síðan 1/2tafla á 6—8 klst. fresti, ef þörf krefur. **Börn 9—12 ára:** 1 tafla 1/2—1 klst. fyrir brottför, síðan 1 tafla á 6—8 klst. fresti, ef þörf krefur. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 4 ára. Sjá einnig 10. gr. i-lið.	
	Mixtúrur.	Ekki yfir 0.3%. Mest 150 ml handa einstaklingi. Áletrun: Hóstamixtúra. 1—2 teskeiðar (5—10 ml) í senn. Mest 5 sinnum á sólarhring handa fullorðnum. Sjá einnig 10 gr. i-lið. 1 teskeið (5ml) í senn, mest 4 sinnum á sólarhring handa börnum 6—12 ára. 1/2 teskeið (2.5 ml) í senn, mest 4 sinnum á sólarhring handa börnum 1—5 ára. Sjá einnig 10. gr. i-lið.	

B 170

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Endurprentað blað.

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Paracetamolum.	Endaþarmsstílar.	Einstakur skammtur mest 500 mg. Mest 20 endaþarmsstílar handa einstaklingi. **Endaþarmsstílar 60 mg:** Áletrun: Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni. Endaþarmsstíl er stungið í endaþarminn og því hentugur handa börnum með uppköst eða þau eiga erfitt með að gleypa töflur. Skammtastærðir handa börnum, hafi læknir ekki ráðlagt annað: 0—1 árs: 1 endaþarmsstíll mest í tvö skipti. 1—4 ára: 2 endaþarmsstílar mest þrisvar sinnum á sólarhring. Frekari lyfjagjöf aðeins í samráði við lækni. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða. **Endaþarmsstílar 125 mg:** Áletrun: Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni. Endaþarmsstíll er stungið í endaþarminn og því hentugur handa börnum með uppköst eða þau eiga erfitt með að gleypa töflur. Skammtastærðir handa börnum, hafi læknir ekki ráðlagt annað: Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 1 árs. 1—4 ára: 1 endaþarmsstíll mest þrisvar sinnum á sólarhring. 4—8 ára: 1—2 endaþarmsstílar mest þrisvar sinnum á sólarhring. 8—12 ára: 2 endaþarmsstílar mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða. **Endaþarmsstílar 250 mg:** Áletrun: Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni. Endaþarmsstíl er stungið í endaþarminn og því hentugur handa börnum með uppköst eða þau eiga erfitt með að gleypa töflur. Skammtastærðir handa börnum, hafi læknir ekki ráðlagt annað: Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára. 8—12 ára: 1 endaþarmsstíll mest þrisvar sinnum á sólarhring. 12—16 ára: 1—2 endaþarmsstílar mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.	

Lyf eða lyfja-samsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
		Endaþarmsstílar 500 mg: Hver pakkning skal merkt eftirfarandi áletrun: Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið er ekki ætlað til langvarandi notkunar án samráðs við lækni. Endaþarmsstíl er stungið í endaþarminn. Skammtastærðir, hafi læknir ekki ráðlagt annað: Fullorðnir: 1—2 endaþarmsstílar þrisvar sinnum á sólarhring. Börn 12—16 ára: 1 endaþarmsstíll mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.	
Freyðitöflur.		**Freyðitöflur** Einstakur skammtur mest 500 mg. Mest 20 freyðitöflur handa einstaklingi. Áletrun: Venjulegur skammtur er 1—2 freyðitöflur í senn, mest 6 freyðitöflur á sólarhhring handa fullorðnum við höfuðverk, tannverk, tíðaverk og sótthita af völdum inflúensu eða kvefs. Freyðitöflurnar eru leystar upp í hálfu glasi af vatni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára nema í samráði við lækni. Börn 8—12 ára: ½ freyðitafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Börn 12—16 ára: 1 freyðitafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða. Lyfið inniheldur natríum og er því ekki ætlað fólki, sem er á saltsnauðu fæði.	
Mixtúrur 24 mg/ml.		**Mixtúra 24 mg/ml:** Mest 60 ml handa einstaklingi. Áletrun: Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni. Skammtastærðir handa börnum, hafi læknir ekki ráðlagt annað: 0—1 árs: 2,5 ml mest í tvö skipti. Frekari lyfjagjöf aðeins í samráði við lækni. 1—4 ára: 2,5—5 ml mest þrisvar sinnum á sólarhring. 4—8 ára: 5—10 ml mest þrisvar sinnum á sólarhring. 8—12 ára: 10 ml mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.	

Endurprentað blað.

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
	Töflur.	**Töflur:** Einstakur skammtur mest 500 mg. Mest 20 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Venjulegur skammtur er 1—2 töflur í senn, mest 6 töflur á sólarhring handa fullorðnum við höfuðverk, tannverk, tíðaverk og sótthita af völdum inflúensu eða kvefs. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára nema í samráði við lækni. Börn 8—12 ára: ½ tafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Börn 12—16 ára: 1 tafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.	

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978 öðlast gildi 1. janúar 1983. Jafnframt fellur úr gildi 3. gr. reglugerðar nr. 752/1981 um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. desember 1982.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.

Nr. 770. 15. desember 1982.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga skv. lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, annarra en tekjutryggingar og heimilisuppbótar skv. 19. gr., skulu hækka um 2.1% frá og með 1. janúar 1983 frá því sem þær voru í desember 1982.

2. gr.

Tekjutrygging skv. 19. gr. skal frá sama tíma hækka um 2.68% en heimilisuppbót um 4.5%.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1982.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda og greiðslu barnabóta á árinu 1983 o. fl.

1. gr.

Þinggjöld skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1983. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánaðanna janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða á hverjum gjalddaga 14% — fjórtán af hundraði — þeirra þinggjalda er honum bar að greiða á árinu 1982.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1983 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli áranna 1981 og 1982 að tekjuskattsstofn á tekjuárinu 1982 sé meira en 25% lægri en tekjuskattsstofn hans var á tekjuárinu 1981, eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 50%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaðan einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1983 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

7. gr.

Þeir gjaldendur sem vænta mega verulegra eftirstöðva barnabóta til útborgunar við álagningu skatta árið 1983 geta sótt um að fá helming þeirra greiddan fyrirfram á fyrri hluta ársins 1983, að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. þessarar greinar.

Fyrirframútborgun fer einungis fram til þeirra er hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu og vænta má að eigi meira en 4 500,00 kr. eftir af barnabótum sínum vegna ársins 1982 þegar frá hafa verið dregin opinber gjöld fyrir gjaldárið 1983 er um ræðir í 3. mgr. 69. gr. laga nr. 75/1981. Framangreint lágmark gildir sameiginlega fyrir hjón, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, þannig að útborgun til þeirra fer því aðeins fram að vænta megi að samanlagðar barnabætur þeirra beggja nemi a. m. k. 4 500,00 kr. hærri fjárhæð en þau opinberu gjöld beggja hjóna samanlögð sem um er rætt í 3. mgr. 69. gr. laga nr. 75/1981.

Sé helmingur væntanlegra eftirstöðva barnabóta undir 2 250,00 kr. kemur ekki til útborgunar fyrirfram.

8. gr.

Þeir sem óska fyrirframgreiðslu skulu senda umsókn þar að lútandi til skattstjóra í umdæmi sínu.

Ef um er að ræða sambýli fólks, sem rétt hefur til samsköttunar, skulu skattframtöl beggja sambýlisaðila fylgja umsókn.

Umsóknarfrestur er til 1. mars 1983.

9. gr.

Skattstjóri áætlar á grundvelli framtals og umsóknar hvers gjaldandi megi vænta til útborgunar á barnabótum árið 1983. Skattstjóri tilkynnir umsækjanda ef umsókn er synjað en samþykktar umsóknir skal senda hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs sem annast útborgun. Útborgun fyrirframgreiðslu er háð takmörkun fjárhæðar skv. 7. gr. og að umsækjandi (eða maki hans ef við á) eigi ekki vangreiddar eftirstöðvar þinggjalda frá fyrri árum.

10. gr.

Útborgun fyrirframgreiddra barnabóta skv. 7.—9. gr. fer fram í apríl 1983.

Þegar í ljós kemur við álagningu skatta hvern rétt gjaldandi á til útborgunar barnabóta á árinu 1983 verður fyrirframgreidd upphæð dregin frá heildarfjárhæðinni og kemur það sem þá stendur eftir til útborgunar á síðari hluta ársins. Komi í ljós við álagningu opinberra gjalda að gjaldandi, sem fengið hefur barnabætur fyrirframgreiddar, hafi fengið ofgreiddar bætur ber honum þegar að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs.

11. gr.

Heildarfjárhæð barnabóta að frádregnum greiðslum opinberra gjalda skv. 3. mgr. 69. gr. laga nr. 75/1981 og að frádregnum fyrirframgreiddum barnabótum skv. 7.—10. gr. skal skipt í fimm sem næst jafnar greiðslur er koma til útborgunar á fyrstu 15 dögum hvers mánaðar frá ágúst til desember 1983. Þó skal útborgun barnabóta ekki hefjast fyrr en álagningu á einstaklinga í viðkomandi umdæmi er lokið.

Sé heildarfjárhæð eftirstöðva barnabóta lægri en 3 000,00 kr. skal þeim skipt niður á færri en fimm útborgunardaga þannig að lægri fjárhæð en 1 200,00 kr. skal ekki skipt og engin greiðsla verði lægri en 600,00 kr. vegna skiptingar. Útborgun fer þá fram á fyrstu útborgunardögum skv. 1. mgr.

12. gr.

Greiðslur til sveitarfélaga á þeim hluta barnabóta, sem ráðstafað er til greiðslu útsvars og aðstöðugjalds ársins 1983 eða fyrri ára, skulu falla á fimm gjalddaga, sem eru 20. ágúst, 20. sept., 20. okt., 20. nóv. og 20. des. 1982 og vera sem næst fimmti hluti hverju sinni af upphaflegri fjárhæð. Fari svo að álagning í einhverjum umdæmum dragist svo lengi að greiðslu verði ekki við komið í ágústmánuði skulu sveitarfélögum í þeim umdæmum greiddir tveir fimmtu hlutar upphaflegrar fjárhæðar í september.

Í sveitarfélögum þar sem tíðkast að þorri útsvara er greiddur á færri gjalddögum en fimm (t. d. 1—2) skal heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr., og haga greiðslu sem mest í samræmi við það hvernig sveitarsjóði hefðu borist gjöldin ef hann hefði innheimt þau sjálfur hjá gjaldanda.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um starfsemi Viðlagatryggingar Íslands.

1. gr.

Eigendum verðmæta þeirra, sem greinir í 2. og 3. gr., er skylt að vátryggja þau hjá Viðlagatryggingu Íslands og er henni skylt að vátryggja þau.

2. gr.

Þessi verðmæti er skylt að vátryggja hjá Viðlagatryggingu:

1. Hús öll og húseignir svo og lausafé, svo sem áhöld, tæki, vörubirgðir og vélar, enda séu verðmæti þessi í almennri brunatryggingu hjá vátryggingarfélagi eða stofnun, sem starfsleyfi hefur til vátrygginga hér á landi. Lausafé er tryggt í þeirri byggingu eða geymslustað, sem tilgreindur er í tryggingarskírteini.
   Nú brunatryggir vátryggingarfélag verðmæti, sem almennt er ekki venja að brunatryggja. Skal slík trygging ekki falla undir viðlagatryggingu og er óheimilt að reikna viðlagaiðgjald af henni.
   Tryggingarskyldan tekur einnig til þess lausafjár, sem vátryggt er svonefndri samsettri vátryggingu, ef brunatrygging er þar innifalin, enda sé hér um eignatryggingar að ræða að mati tryggingaeftirlitsins.
   Ef um er að ræða „all risk" tryggingar eða sértryggingar falla þær ekki undir viðlagatrygginguna nema að fengnu sérstöku samþykki stjórnar hennar.
   Þegar um samsettar tryggingar er að ræða, skal ábyrgð Viðlagatryggingar aldrei vera víðtækari en um almenna (staðbundna) brunatryggingu væri að ræða.
2. Allt ræktað land, tún og akrar, enda sé það sérmetið af Fasteignamati ríkisins.
3. Lóðir og erfðafestulönd, sem sérmetin eru af Fasteignamati ríkisins.

3. gr.

Skylt er að tryggja neðangreind mannvirki hjá Viðlagatryggingu enda séu þau ekki tryggð samkvæmt 2. gr. Borholur eða vatnsbrunnar tryggjast þó ekki:

1. **Hitaveitur** sem annast dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu svæði, þar með taldar jarðhitastöðvar og hitunarstöðvar með öðrum orkugjafa.
   Skolpveitur í eigu sveitarfélaga.
   Vatnsveitur í eigu sveitarfélaga eða vatnsveitufélaga.
2. Varanlegar brýr og hafnarmannvirki. Vegur að og frá brú telst ekki hluti hennar og ekki heldur varnargarðar. Varanleg hafnarmannvirki skulu klædd þili úr stáli eða tré, gerð úr steinsteypu eða hlaðin úr tilhöggnu grjóti. Grjótgarðar eða grjóthlífar til varnar slíkum mannvirkjum tryggjast ekki.
3. Raforkuvirki, þ. e. mannvirki og búnaður til vinnslu, flutnings eða dreifingar raforku þar með talin miðlunarmannvirki.
4. Sími og önnur fjarskiptamannvirki Landssíma Íslands, fjarskipta- og öryggiskerfi flugþjónustu, fjarskiptakerfi sjónvarpsfyrirtækja og útvarpsfyrirtækja.

Ákvæði 1. mgr. á við öll fyrirtæki og stofnanir, sem eru eign ríkisins eða stofnana þess, sveitarfélaga, sýslufélaga eða félaga, sem sérstaklega eru stofnuð til að eiga og reka slík fyrirtæki.

Þótt fyritæki, sem eiga mannvirki þau, er greinir í 1. mgr. fullnægi ekki skilgreiningu 2. mgr. um eignaraðild er skylt að vátryggja þau hjá Viðlagatryggingunni.

Mannvirki þau, sem að framan greinir, skulu ekki tekin í tryggingu fyrr en framkvæmdum við þau er að fullu lokið.

Stjórn Viðlagatryggingar skal fylgjast með því, eftir því sem kostur er, að ávallt séu í tryggingu öll þau mannvirki, sem falla undir 3. grein.

4. gr.

Stjórn Viðlagatryggingar er heimilt að vátryggja önnur verðmæti en þau, er greinir í 2. og 3. gr., enda samþykki ráðherra það. Stjórnin ákveður tryggingarfjárhæð, iðgjöld og öll önnur skilyrði um vátryggingu þessa.

5. gr.

Vátryggingarfjárhæðir skulu ákveðnar þannig:

1. Verðmæti þau, sem um ræðir í 1. tl. 2. gr. skulu vátryggð fyrir sömu fjárhæð og brunatrygging þeirra nemur á hverjum tíma.
2. Eignir þær, er greinir í 2. og 3. tl. 2. gr. skulu vátryggðar fyrir fasteignamatsverð á hverjum tíma.
3. Verðmæti þau, sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr. skulu vátryggð fyrri áætlað endurbyggingarverð á hverjum tíma. Eigendur þessara mannvirkja skulu fyrir 1. mars ár hvert senda Viðlagatryggingunni skrá um verðmæti þau, sem tryggja ber, ásamt áætlun um endurbyggingarverð miðað við verðlag 1. janúar næstan á undan.
   Nú hefur stjórn Viðlagatryggingarinnar ástæðu til að ætla, að áætlun um endurbyggingarverðmæti sé óraunhæf, getur stjórnin þá tilnefnt tvo sérfróða menn til þess að meta viðkomandi verðmæti. Vanræki einhver að senda skýrslur um eignir þessar og endurbyggingarverð þeirra, ákveður stjórn Viðlagatryggingar einhliða vátryggingarfjárhæðir og eru eigendur við þá ákvörðun bundnir það ár.
4. Sé notuð heimild 2. mgr. 3. gr. ákveður stjórn Viðlagatryggingar vátryggingarfjárhæðir.

6. gr.

Eigin áhætta vátryggðs skal vera 5% af fjárhæð hvers tjóns þó aldrei lægri fjárhæðir en að neðan greinir.

1. Verðmæti, sem um ræðir í 2. gr., minnst 5 000,00 kr.
2. Verðmæti þau, er um ræðir í 3. gr. minnst 50 000,00 kr.

Fjárhæðir þessar eru miðaðar við byggingarvísitölu þá er gildir 1. janúar 1983 og hækka eða lækka í samræmi við breytingar á þessari vísitölu.

Stjórn Viðlagatryggingar ákveður eigin áhættu eigenda þeirra verðmæta, sem um ræðir í 4. gr., innan þeirra marka, sem um getur í 1. mgr.

7. gr.

Árleg iðgjöld skulu vera sem hér segir:

1. Iðgjöld af verðmætum þeim, sem greinir í 2. gr. skulu vera 0,25 ‰ af vátryggingarfjárhæðum.
2. Iðgjöld af verðmætum þeim, sem um ræðir í 3. gr. skulu vera 0,20 ‰ af vátryggingarfjárhæðum.
3. Stjórn Viðlagatryggingar ákveður iðgjöld vegna vátryggingar verðmæta þeirra, sem greinir í 4. gr.

Af tryggingum, sem gilda eiga í skemmri tíma en 4 mánuði skal greiða 34% af ársiðgjaldi, annars hlutfallslega. Hver byrjaður mánuður telst sem heill.

8. gr.

Vátryggingarfélög þau eða stofnanir, er brunatryggja eignir þær sem um ræðir í 1. tl. 2. gr. skulu innheimta iðgjöld til Viðlagatryggingar með brunatryggingaiðgjöldum sínum, enda skulu þau hafa sama gjalddaga. Brunatryggjendur skulu mánaðarlega gefa stjórn Viðlagatryggingar skýrslu um innheimt iðgjöld í næsta mánuði á undan og greiða innheimt iðgjöld til Viðlagatryggingar eigi síðar en 15. hvers mánaðar. Stjórn Viðlagatryggingar skal gera samning við brunatryggjendur um þóknun fyrir þjónustu þá er þeir veita Viðlagatryggingu.

9. gr.

Skattstjórar skulu leggja á iðgjöld vegna vátryggingar eigna þeirra, sem um ræðir í 2. og 3. tl. 2. gr. hver í sínu umdæmi, um leið og lagður er á tekjuskattur og eignarskattur.

Eigandi bújarðar skal greiða iðgjald af ræktuðu landi jarðarinnar. Eigandi eignarlóðar skal greiða iðgjald af henni.

Afnotaréttarhafi skal greiða iðgjald af erfðafestulöndum og leigulóðum.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu innheimta hver í sínu umdæmi iðgjöld þessi með öðrum sköttum og á sömu gjalddögum.

Skulu þeir standa skil á iðgjöldum, sem innheimt eru, á sama tíma og þeir standa skil á innheimtum sköttum til ríkissjóðs.

10. gr.

Viðlagatryggingin innheimtir sjálf iðgjöld vegna vátryggingar verðmæta þeirra, sem um ræðir í 3. gr. Gjalddagar iðgjalda skulu vera tveir 1. apríl og 1. október ár hvert og skal greiða helming ársiðgjalds í hvort sinn.

11. gr.

Öll iðgjöld til Viðlagatryggingar njóta lögtaksréttar samkv. ákvæðum laga nr. 29/1885.

Iðgjöld vegna vátryggingar húsa og húseigna njóta lögveðréttar í húsinu eða húseigninni svo og lóð þeirri eða landi sem hún stendur á.

Iðgjöld til Viðlagatryggingar njóta eftir því sem við á sömu sérréttinda og brunatryggingaiðgjöld sbr. 18. gr. laga nr. 9/1955, 6. gr. laga nr. 25/1954, sbr. 2. gr. laga nr. 37/1965 og 5. gr. laga nr. 59/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 93/1965.

12. gr.

Séu iðgjöld ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða Viðlagatryggingu dráttarvexti af hinu vangreidda. Dráttarvextir eru hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Ákvæði þessi um dráttarvexti gilda einnig um skil brunatryggjenda á iðgjöldum sbr. 8. gr.

13. gr.

Viðlagatrygging bætir beint tjón á vátryggðum verðmætum af völdum neðangreindra orsaka, enda sé um að ræða tjónsatburði, er teljast vera náttúruhamfarir í almennum skilningi á því hugtaki.

a. Tjón af völdum eldgosa, s. s. þegar hraun eða öskufall veldur skemmdum eða eyðileggingu á tryggðum verðmætum.
b. Tjón af völdum jarðskjálfta, er verður í þeim mæli, að hann veldur sprungum, hruni eða annarri eyðileggingu á tryggðum eignum, þar með talið tjón af eldsvoða, sem jarðskjálftinn hefur orsakað.
c. Tjón af völdum snjóflóða, er falla á tryggðar eignir og valda skemmdum eða eyðileggingu. Það telst ekki vera snjóflóð þótt þak á húsi sligist undan snjóþunga, sem safnast á þakið í snjókomu.
d. Tjón af völdum þess, er skriða fellur á tryggðar eignir og veldur skemmdum eða eyðileggingu á þeim.
e. Tjón af völdum flóða, er verða í þeim mæli, að ár eða lækir flæða yfir bakka sína eða flóðbylgjur frá hafi eða vötnum ganga á land og valda skemmdum eða eyðileggingu á tryggðum eignum.

14. gr.

Hafi tjón orðið eða sé yfirvofandi hætta á tjóni, ber hinum vátryggða eða umráðamanni tryggðra eigna að gera það sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir tjón eða takmarka það eins og frekast má verða og forða frá skemmdum verðmætum, sem tök eru á að bjarga.

15. gr.

Telji vátryggður, að hann hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni skal hann svo fljótt sem unnt er tilkynna Viðlagatryggingu um tjónsatburðinn. Sé um að ræða vátryggingu verðmæta þeirra, sem um ræðir í 1. tl. 2. gr., skal þó tilkynna aðalskrifstofu brunatryggjanda þess, er brunatryggir eignirnar. Tilkynningu þessa skal vátryggður senda á sannanlegan hátt innan 30 daga frá því að tjónsatburður gerðist. Geri hann það ekki er niður fallinn réttur hans til heimtu vátryggingarbóta.

Hafi tilkynning um tjónsatburð borist brunatryggjanda, sbr. 1. mgr., skal brunatryggjandinn tilkynna um atburðinn til Viðlagatryggingar innan viku frá því að tilkynning barst.

16. gr.

Þegar er Viðlagatryggingunni hefur borist tilkynning eða vitneskja um tjón, sem gæti verið bótaskylt, skal þegar í stað gera ráðstafanir til að fá úr því skorið hvort um bótaskylt tjón sé að ræða.

Rísi ágreiningur um hvort bótaskyldur atburður hafi gerst eða hvort tjón sé bótaskylt skal stjórn Viðlagatryggingar úrskurða í málinu.

Vilji tjónþoli ekki sætta sig við úrskurð stjórnar, skal hann innan 30 daga frá því að honum barst tilkynning um úrskurðinn skjóta ágreiningi til hamfaranefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð í málinu.

17. gr.

Hafi bótaskyldur atburður gerst skal Viðlagatrygging svo fljótt sem verða má gera eða láta gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til björgunar tryggðum verðmætum. Þessar aðgerðir skulu framkvæmdar í samráði við Almannavarnir og aðra þá aðila, sem falið verður að hafa með höndum þau mál. Allur kostnaður af björgunarstarfi greiðist af Viðlagatryggingu.

18. gr.

Hafi bótaskyldur atburður gerst og ætla má að tjón sé að mestu ljóst, skal stjórn Viðlagatryggingar kveða til hæfa og óvilhalla matsmenn til að skoða tjón, lýsa því og áætla hæfilegar bætur.

Ætíð skal gefa tjónþolum kost á að mæta við matsgerð og koma sjónarmiðum sínum á framfæri við matsmenn. Matsmenn skulu við framkvæmd mats fara eftir því sem fyrir er mælt í lögum um Viðlagatryggingu Íslands, reglugerð þessari og almennri venju um matsgerðir. Matsmenn skulu skila skriflegri matsgerð og ljúka störfum svo fljótt sem kostur er. Þegar stjórn Viðlagatryggingar hefur borist skýrsla matsmanna skal hún þegar tilkynna tjónþola um matið á sannanlegan hátt. Viðlagatrygging ber allan kostnað af slíku mati.

19. gr.

Við ákvörðun bóta skal hafa hliðsjón af þessum meginreglum:

1. Tryggingin bætir einungis hið beina tjón, sem orðið hefir á hinum tryggðu verðmætum af orsökum, sem tryggt er gegn samkvæmt 13. gr.
2. Vátryggingarupphæð sú, er viðlagaiðgjald var síðast reiknað af skal lögð til grundvallar við uppgjör tjóns. Tryggingarupphæðin sem slík er ekki sönnun fyrir verðmæti hins tryggða. Hún er þó ávallt hámark þeirrar ábyrgðar, sem við skal miðað við ákvörðun bóta.
3. Verðmæti hinna tryggðu eigna skal ákveða með hliðsjón af því hvert er raunverulegt verðmæti þeirra á verðlagi á tjónsdegi. Skal þá tekið tillit til verðrýrnunar vegna aldurs, notkunar, minnkaðs notagildis eða annarra ástæðna.

4. Vörur, sem eigandi hefir ekki framleitt sjálfur, verðleggjast miðað við innkaupsverð samkvæmt því verðlagi, sem var á sams konar vörum á tjónsdegi og miðað við venjulegan innkaupsmáta.
5. Vörur eða framleiðsla á vinnslustigi eða fullunnin verðleggst samkvæmt innkaupsverði á hráefni að viðbættum áföllnum vinnslukostnaði miðað við verðlag á tjónsdegi.
6. Þegar um tjón að hluta er að ræða ákvarðast bætur eftir því hvað það kostar að gera við það skemmda svo það verði eins eða sem næst því eins og fyrir tjónið. Slíkar bætur geta þó aldrei orðið hærri en mismunur á verðmæti hlutar eða eignar fyrir tjónið og verðmæti hans eftir tjónið.

Tjónþoli er skyldur að halda skemmdri eign eða hlut gegn því að fá skemmdirnar bættar samkvæmt framangreindum ákvæðum.

Komi í ljós við uppgjör á tjóni að hið tryggða er meira virði en vátryggingarupphæðinni nemur bætist tjónið hlutfallslega þannig:

$$\frac{\text{tjónsupphæð} \times \text{vátryggingarupphæð}}{\text{raunverulegt verðmæti}} = \text{bætur}$$

Frá bótaupphæð þeirri, sem þannig er fengin dregst sjálfsáhætta hins vátryggða.

20. gr.

Þótt bótaskylda sé fyrir hendi samkvæmt framangreindum ákvæðum, er stjórn Viðlagatryggingar heimilt að synja um bætur eða lækka þær:

1. Þegar hús eða mannvirki, sem tjón verður á, er reist á stað, sem almennt er vitað fyrirfram um að var hættulegur með tilliti til snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða eða gliðnunar vegna jarðsprungna.

   Það telst almennt vitað í þessu sambandi, ef hús eða mannvirki á sama stað hafa oftar en einu sinni orðið fyrir samskonar tjóni.
2. Þegar styrkleiki húss eða mannvirkis, byggingarlag og byggingarhættir eru óforsvaranlegir miðað aðstæður þær, sem algengar eru á byggingarstað og tjón hefur orðið meira af þeim sökum.

Framangreindar reglur gilda um öll verðmæti, sem tryggð eru, svo sem lausafé geymt í húsum eða opnum geymslum.

21. gr.

Vilji tjónþoli eigi sætta sig við ákvörðun stjórnar Viðlagatryggingar um bætur getur hann innan fjögurra vikna frá því að honum barst ákvörðun stjórnarinnar skotið málinu til uppgjörsnefndar sem tekur endanlega ákvörðun í málinu.

22. gr.

Þegar um er að ræða tjón á brunatryggðum verðmætum, sbr. 1. tl. 2. gr., er stjórn Viðlagatryggingar heimilt að fela brunatryggjanda að sjá um uppgjör tjóns, enda sé um minni háttar tjón að ræða.

Alltaf er þó tjónþola heimilt að krefjast úrskurðar stjórnarinnar um bætur og bera síðan ákvörðun hennar undir uppgjörsnefnd sbr. 21. gr.

23. gr.

Heildarbótaskylda Viðlagatryggingar vegna hvers einstaks tjónsatburðar takmarkast við 5 ‰ af heildarvátryggingarfjárhæð í upphafi hvers árs.

Nemi heildarfjárhæð bótaskyldra tjóna vegna eins tjónsatburðar hærri fjárhæð skal hlutur allra tjónþola skerðast hlutfallslega.

24. gr.

Nú er tjónsatburður hafinn eða er talinn yfirvofandi, er þá óheimilt að taka nýjar tryggingar á þeim stað eða svæði, sem í hættu er, eða breyta eldri tryggingum.

25. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 88 8. nóvember 1982 um Viðlagatryggingu Íslands og tekur gildi 1. janúar 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 46 9. janúar 1979 um bótaskyld tjón hjá Viðlagatryggingu Íslands.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1982.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

Nr. 773.

REGLUGERÐ

30. desember 1982.

um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

		kr.
1.	Áfrýjunarleyfi	435,00
2.	Nóvaleyfi	435,00
3.	Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum	220,00
4.	Lögskilnaðarleyfi	435,00
5.	Ættleiðingarleyfi	220,00
6.	Leyfisbréf til heildsölu	21 500,00
7.	Leyfisbréf til umboðssölu	10 800,00
8.	Leyfisbréf til smásölu	5 300,00
9.	Leyfisbréf til lausaverslunar	4 400,00
10.	Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	220,00
11.	Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	4 400,00
12.	Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi	2 200,00
13.	Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	1 550,00
14.	Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl.	220,00
15.	Leyfi til tækifærisveitinga	235,00
16.	a) Leyfi fyrir vínveitingastað til eins árs eða skemur	5 600,00
	b) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára	9 600,00
	c) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en tveggja ára	18 700,00
17.	a) Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga)	320,00
	b) Skemmtanaleyfi, þar sem vínveitingar eru leyfðar	560,00
18.	Iðju- og iðnaðarleyfi	2 200,00
19.	Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	3 200,00
20.	Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	620,00
21.	Leyfi til að stunda almennar lækningar	620,00
22.	Leyfi til að stunda sérlækningar	3 200,00
23.	Leyfi til að stunda tannlækningar	620,00
24.	Sérfræðileyfi til tannlækninga	3 200,00
25.	Leyfi til fasteignasölu	1 060,00
26.	Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa	120,00
27.	Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	55,00
28.	Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	220,00

	kr.
29. Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum	220,00
30. Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1977	3 200,00
31. Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, sbr. 1. mgr. 9 gr. laga nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunarleyfi	1 060,00
32. Endurnýjun á söluleyfi skv. 33. tl.	220,00
33. Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977	220,00
34. Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. laga nr. 46/1977	55,00
35. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1977	435,00
38. Önnur leyfi, er valdsmenn eða Stjórnarráðið gefa út, nema gjald fyrir þau sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum	220,00

2. gr.

Skírteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Vegabréf til útlanda (18—66 ára)	220,00
2. Vegabréf til útlanda fyrir aðra	120,00
3. Ökuskírteini bifreiðastjóra	120,00
4. Skírteini til aksturs bifhjóls	120,00
5. Skírteini til stjórnar farandvinnuvélar	220,00
6. Ökuskírteini, alþjóðlegt	220,00
7. Bifreiðaskírteini, alþjóðlegt	220,00
8. Meistarabréf	1 060,00
9. Sveinsbréf	220,00
10. Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskipum allt að 120 br.rúml., hvert skírteini	120,00
11. Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskip af hvaða stærð sem er og stýrimanns- og skipstjóraskírteini á verslunarskip allt að 400 br.rúml., hvert skírteini	340,00
12. Undirstýrimannsskírteini, stýrimannsskírteini og skipstjóraskírteini á verslunarskip og varðskip af hvaða stærð sem er, hvert skírteini	435,00
13. Vélstjóraskírteini, fyrsta stigs, hvert skírteini	120,00
14. Vélstjóraskírteini, annars stigs, hvert skírteini	220,00
15. Vélstjóraskírteini, þriðja stigs, hvert skírteini	340,00
16. Vélstjóraskírteini, fjórða stigs, hvert skírteini	435,00
17. Flugnema- og svifflugmannsskírteini	120,00
18. Einkaflugmannsskírteini	220,00
19. Atvinnuflugmannsskírteini, III. fl.	340,00
20. Atvinnuflugmannsskírteini, II. fl.	625,00
21. Atvinnuflugmannsskírteini, I. fl.	1 060,00
22. Flugtækna-, flugvélstjóra-, flugleiðsögumanns-, flugumsjónarmanns- og flugumferðarstjóraskírteini	625,00
23. Skírteini til kvikmyndasýninga	
a) staðbundin skírteini	120,00
b) sveinsskírteini	120,00
c) meistaraskírteini	220,00
24. Naglabyssuskírteini	120,00
25. Skírteini fyrir suðumenn	120,00

3. gr.

Fyrir skráningar, sem lögboðnar eru og eigi er ákveðið gjald fyrir í öðrum greinum reglugerðar þessarar, skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	kr.
1. Skráning samvinnufélags	1 550,00
2. Skráning útibús	800,00
3. Skráning starfsstöðva erlendra félaga	1 040,00
4. Skráning firma eins manns	625,00
5. Skráning firma tveggja manna eða fleiri	1 060,00
6. Skráning breytinga á eldri skráningu	170,00
7. Tilkynning um prókúru, sérstök	170,00
8. Afturköllun prókúru	120,00
9. Skráning bifreiðar, nýskráning	740,00
10. Skráning bifreiðar, umskráning milli umdæma	370,00
11. Skráning bifreiðar, umskráning innan umdæmis	740,00
12. Skráning eigendaskipta að bifreið	370,00
13. Skráning bifhjóls, nýskráning	370,00
14. Skráning bifhjóls, umskráning	180,00
15. Skráning eigendaskipta að bifhjóli	180,00
16. Skráning og umskráning létts bifhjóls	180,00
17. Skráning eigendaskipta að léttu bifhjóli	180,00
18. Skráning og umskráning beltabifhjóls	180,00
19. Skráning eigendaskipta að beltabifhjóli	180,00
20. Skráning og umskráning dráttarvélar	180,00
21. Skráning eigandaskipta að dráttarvél	180,00
22. Skráning og umskráning tengivagna og festivagna	370,00
23. Skráning eigendaskipta að tengivögnum og festivögnum	370,00
24. Skráning loftfars til atvinnuflugs	1 130,00
25. Skráning loftfars til einkaflugs	465,00
26. Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o. fl.)	465,00
27. Skráning kaupmála	220,00

4. gr.

Fyrir skráningu á eignarrétti á loftfari greiðast 58,00 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg af leyfilegum hámarksþunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en 380,00 kr.

Fyrir aðra skráningu greiðist 530,00 kr. Ekkert gjald greiðist fyrir að afmá skráningu.

5. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og mannflutningaskip, sem kemur frá útlöndum, og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 6,30 kr. af hverri nettórúmlest skipsins. Hálf rúmlest eða þar yfir telst heil.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftar en sex sinnum á almanaksári.

Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.

6. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða 7,20 kr. af hverri nettórúmlest skipsins er það tekur höfn hérlendis. Hálf rúmlest eða þar yfir telst heil og skal ætíð miðað við hæstu mælingu.

7. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

	kr.
1. Löggilding manns um ævitíð (dómtúlkar, skjalaþýðendur, endurskoðendur o. fl.)	1 060,00
2. Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjórar o. fl.)	220,00

Undanþegnir gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

8. gr.

	kr.
1. Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða	170,00
2. Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar	120,00
3. Fyrir útnefningu matsmanna, fyrir hvern mann	120,00
4. Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu (vöruvottorð)	29,00
5. Fyrir sakavottorð gefin samkvæmt beiðni einstakra manna	38,00
6. Fyrir veðbókarvottorð	58,00
7. Fyrir önnur embættisvottorð	38,00
8. Fyrir lögskráningu skipshafnar, fyrir hvern mann	16,00

9. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

	kr.
Fyrir vélritaða síðu	16,00

Hluti úr síðu telst heil síða.

Lægstu ritlaun eru	38,00

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir skal greiða samlestrargjald 4,50 kr. af hverri síðu.

10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjald er tekið fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi 1. janúar 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 681/1981.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um leiðréttingu á auglýsingu um umferð í Keflavík, dags. 2. nóvember 1982.

4. mgr. auglýsingarinnar orðist svo:
Bannað er að leggja ökutækjum beggja vegna Skólavegar á kaflanum milli Suðurgötu og Sólvallagötu.

Lögreglustjórinn í Keflavík, 17. desember 1982.

Jón Eysteinsson.

Nr. 775. 30. desember 1982.

REGLUGERÐ

um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.
Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19 og skal fjárhæð þess ákveðin með sérstakri reglugerð.

2. gr.
Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmígjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum sem nota má á bifreiðar og bifhjól og skal gjaldið nema 0,45 kr. af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna sem fylgja bifreiðum er fluttar eru til landsins.

3. gr.
Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	15 900,00	3000—3199	21 352,00
2000—2199	16 808,00	3200—3399	22 260,00
2200—2399	17 718,00	3400—3599	23 170,00
2400—2599	18 670,00	3600—3799	24 078,00
2600—2799	19 534,00	3800—3999	24 988,00
2800—2999	20 442,00		

b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	20 670,00	3000—3199	27 757,00
2000—2199	21 850,00	3200—3399	28 938,00
2200—2399	23 033,00	3400—3599	30 121,00
2400—2599	24 271,00	3600—3799	31 301,00
2600—2799	25 394,00	3800—3999	32 484,00
2800—2999	26 575,00		

c. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0— 4,9	0,85	15,0—15,9	1,81
5,0— 5,9	0,91	16,0—16,9	1,96
6,0— 6,9	0,98	17,0—17,9	2,10
7,0— 7,9	1,03	18,0—18,9	2,23
8,0— 8,9	1,08	19,0—19,9	2,40
9,0— 9,9	1,12	20,0—20,9	2,53
10,0—10,9	1,19	21,0—21,9	2,67
11,0—11,9	1,24	22,0—22,9	2,84
12,0—12,9	1,39	23,0—23,9	2,97
13,0—13,9	1,52	24,0—24,9	3,11
14,0—14,9	1,68	25,0—25,9	3,26

Af akstri fólksflutningabifreiða er taka 17 farþega eða fleiri í sæti, sem á sér stað vegna áætlunarferða í þéttbýli, þ. e. akstur almenningsvagna, eða sérleyfisferða, skal greiða 70% lægri þungaskatt en um getur í 1. mgr. þessa stafliðs. Við ákvörðun á þeim fjölda kílómetra sem á sér stað vegna sérleyfisferða, skal leggja til grundvallar ekna kílómetra hvers sérleyfishafa á viðkomandi sérleið á hverju greiðslutímabili samkvæmt leiðabók umferðamáladeildar fólksflutninga sem í gildi er hverju sinni. Afslátturinn skal miðast við að allur akstur í áætlunarferðum í þéttbýli og sérleyfisferðum fari fram á bifreiðum sem eru 15,0—15,9 tonn að leyfðri heildarþyngd. Komi í ljós að akstur á sérleið hefur verið minni en leiðabók segir til um skal afslátturinn miðast við raunverulegan akstur. Með almenningsvögnum samkvæmt þessari málsgrein er átt við vagna sem ekið er samkvæmt fyrirfram ákveðinni tímaáætlun í þéttbýli og ætlaðir eru almenningi til afnota gegn fyrirfram ákveðnu gjaldi.

d. Eigendur bifreiða er um getur í a- og b-liðum þessarar greinar geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli í stað fasts árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera 0,85 kr. Greiða skal 1/12 hluta gjaldsins skv. a- eða b-lið þessarar greinar, eftir því sem við á, fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera útbúin viðhlítandi ökumælisbúnaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athugasemdadálk skráningarskírteinis bifreiðar hvort greiða skuli þungaskatt samkvæmt ökumæli eða fast árgjald.

Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt ökumælisbúnað bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að ökumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977 með síðari breytingum.

e. Þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið skv. c-lið þessarar greinar fyrir 25 000 km akstur á einu almanaksári skal þungaskattur miðast við að veittur sé 10% afsláttur af kílómetragjaldi sem til fellur umfram 25 000 km og að 45 000 km og 20% af kílómetragjaldi umfram 45 000 km.

Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framangreindum mörkum. Réttur til endurgreiðslu fylgir bifreið þótt eigendaskipti verði.

Um ísetningu ökumæla, innsiglun, álestur og viðgerðir, svo og um skyldur umráðamanns bifreiðar varðandi álestur, færslu ökubókar o. þ. h., gilda ákvæði reglugerðar um ökumæla nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar og gjaldskyldu sker fjármálaráðherra úr.

4. gr.

Nú er bifreið eða festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfður heildarþungi nýtist ekki til fulls og á þá eigandi rétt á að gjaldskylda sé miðuð við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd. Slík þyngd er hér eftir nefnd skráð þyngd. Skráð þyngd, sem skattur er greiddur af, skal aldrei vera minni en 13 000 kg sé um bifreið að ræða, en 6000 kg sé um vagn að ræða. Skráð þyngd, sem greiðsla er miðuð við, má og aldrei vera minni en eigin þyngd bifreiðar eða vagns og ekki skal slík skráning vera til skemmri tíma en 12 mánaða. Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hver sé skráð þyngd samkvæmt þessari grein.

Bifreiðaeftirlit ríkisins færir upplýsingar um skráða þyngd í skráningarskírteini. Að lokinni færslu í skráningarskírteini og álestri á ökumæli bifreiðar miðast þungaskattur við hina skráðu þyngd. Nú verður uppvíst að heildarþyngd bifreiðar er meiri en hin skráða þyngd og skal þá heimild til notkunar skráðrar þyngdar þegar afmáð úr skráningarskírteini og skal notkun skráðrar þyngdar þá ekki heimiluð næstu fjögur árin.

5. gr.

Bifreiðar erlendra sendisveita eru undanþegnar gjaldi skv. 3. gr. svo og bifreiðar erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. a-lið 3. gr. með eftirtöldum skilyrðum:

a. Þeir lýsi því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.
b. Þeir sanni með vottorði hlutaðeigandi skattstjóra, að eigandi bifreiðarinnar hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri. Heimilt er þó að víkja frá ákvæði þessa stafliðar ef heildartekjur samkvæmt landbúnaðarframtali næstliðins árs eru hærri en tekjur vísitölubús.

6. gr.

Gjalddagi skatts, sem um ræðir í a- og b-liðum 3. gr., er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreiðin er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heilan mánuð þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa) án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Þungaskattur skv. c- og d-lið 3. gr. skal innheimtur ársþriðjungslega eftir á og er gjalddagi skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október, en eindagi síðasti dagur sömu mánaða. Skal skatturinn innheimtast fyrir hvern ársþriðjung þar sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Í lok hvers ársþriðjungs, þ. e. á síðustu 10 dögum ársþriðjungs eða fyrstu 10 dögum næsta ársþriðjungs skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Um nánari tilhögun á innheimtu þungaskatts samkvæmt ökumælum og álestri ökumæla vísast til reglugerðar nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Lækka skal eða endurgreiða skatt skv. a- og b-liðum 3. gr. að réttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt. Við útreikning á frádrætti skattsins skal miðað við heila mánuði þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður en hálfum mánuði eða minna skal sleppt.

7. gr.

Eigi skal endurgreiða skatt af bifreið sem greiddur hefur verið af henni út árið þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skráningarumdæmi, heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu.

8. gr.

Viðurlög ef gjöld skv. a- og b-liðum 3. gr. eru ekki greidd:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af henni gjaldfallinn þungaskattur svo og skráningargjald og vátryggingariðgjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema framangreind gjöld hafi áður verið greidd af bifreiðinni til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma og gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

Þungaskattur af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt. Bifreiðin skal vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

9. gr.

Viðurlög skv. c- og d-lið 3. gr.:

Komi í ljós við eftirlit að ökumælir sé eigi innsiglaður svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun án þess að mælir þess hafi verið virkur, greiðir eigandi og/eða umráðamaður bifreiðarinnar viðurlög sem nema þungaskatti af allt að 10 000 km akstri á mánuði, þó aldrei minna en sem nemur 5 000 km akstri á mánuði, en 15 000 km akstri á mánuði við ítrekað brot. Viðurlög miðast við c- og d-liði 3. gr. eftir því sem við á og innheimtast eins og um venjulegan álestur væri að ræða.

Ef í ljós kemur við skoðun bifreiðar eða við álestur ökumælis að ökumælir eða ökumælisbúnaður er ekki virkur eða að mælir telur rangt og ætla má að eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar hafi verið grandlaus, getur viðkomandi innheimtumaður ríkissjóðs ákvarðað skattinn samkvæmt því sem telja má sennilegan akstur að viðbættu 10% álagi.

Misnotkun ökumælis, rof innsiglis á honum eða ítrekuð vanræksla samkvæmt framansögðu varðar sektum allt að 5 000,00 kr. auk viðurlaga samkvæmt reglugerð þessari nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú vanrækir eigandi að láta setja ökumæli í bifreið sína á tilskildum tíma og hann nýtur eigi til þess sérstakrar undanþágu frá Bifreiðaeftirliti ríkisins og skal þá lögreglustjóri stöðva bifreiðina hvar sem til hennar næst og taka skráningarmerki hennar til geymslu uns ökumælir hefur verið settur í bifreiðina.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma og gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

10. gr.

Heimilt er að veita sérstaka undanþágu frá því að komið sé með bifreið, sem greiða skal af þungaskatt skv. c- og d-lið 3. gr., til álestrar ársþriðjungslega ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ófærð eða veikindi, enda hafi beiðni þar að lútandi borist viðkomandi innheimtumanni með hæfilegum fyrirvara. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á tilskildum tíma skal innheimtumaður leggja viðurlög á eiganda eða umráðamann bifreiðar, er nemi 45,00 kr. á hvern dag sem líður frá þeim tíma sem ákveðinn er til álesturs skv. 4. mgr. 6. gr. í allt að 30 daga, eða þar til komið er með bifreiðina til álestrar sé það fyrr.

Heimilt er innheimtumanni þó að fella niður sekt þessa hafi sérstakar ástæður orðið til þess að ekki var komið með bifreið til álestrar á réttum tíma, enda hafi fullnægjandi greinargerð borist innheimtumanni um orsök tafarinnar innan tveggja vikna frá lokum þess tímabils er tilgreint er til álestrar ökumæla. Að öðru leyti er niðurfelling sekta samkvæmt þessari grein óheimil nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Ef taka þarf ökumæli úr bifreið til viðgerðar skal setja annan ökumæli í stað hans. Nú verður því ekki við komið og er þá heimilt að veita tímabundna heimild til aksturs bifreiðarinnar gegn greiðslu daggjalds, er miðast við meðaltal ekinna kílómetra á dag á næstliðnu álesturstímabili samkvæmt álestursbók eða sambærilegu tímabili fyrra árs verði því við komið.

11. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annan orkugjafa en bensín, skal talin vera slík hvað skatti viðkemur þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) að hún noti þar eftir bensín sem orkugjafa.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar sem setur í bifreið sína hreyfil er notar annan orkugjafa en bensín skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós að bifreið notar annan orkugjafa en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun nema eigandi eða umráðamaður sanni að svo hafi ekki verið.

12. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri. Bensíngjald og gúmmígjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

Sé þungaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Heimilt er að veita innflytjendum gjaldfrest á greiðslu aðflutningsgjalds af bensíni. Skal fresturinn miðast við sölu af birgðum og aldrei vera lengri en svo að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

Innflytjandi skal telja fram sölu af birgðum í hverjum mánuði eigi síðar en viku áður en gjaldfresti lýkur.

13. gr.

Eftirlitsmönnum með ökumælum er heimilt að stöva bifreiðar, sem gjaldskyldar eru samkvæmt reglugerð þessari, í því skyni að kanna hvort fyrirmæli reglugerðar þessarar og reglugerðar nr. 62/1977 um ökumæla með síðari breytingum séu haldin.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, sbr. lög nr. 78 23. desember 1975 og lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi 1. janúar 1983. Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. c-lið 3. gr., tekur þó eigi gildi fyrr en að loknu 1. álestrartímabili en því lýkur á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 682/1981 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. svo og reglugerðir nr. 4/1982 og nr. 237/1982 um breyting á henni. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

30. desember 1982. Nr. 776.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486 23. ágúst 1982 um söluskatt.

1. gr.

3. mgr. 45. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu ákvæði 22. gr. reglugerðar þessarar ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. febrúar 1983 og skulu ákvæði 22. gr. reglugerðar nr. 169 31. ágúst 1970 halda gildi sínu til þess tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi nú þegar.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

30. desember 1982. Nr. 777.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 417 12. júlí 1982 um bókhald.

1. gr.

3. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu ákvæði 10. gr. reglugerðar þessarar ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. febrúar 1983 og skulu ákvæði 11. gr. reglugerðar nr. 354 29. desember 1972 halda gildi sínu til þess tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi nú þegar.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um formbreytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 739, 30. nóvember 1982, er taki þegar gildi.

1. A2 Á eftir, „séu lampar fasviksjafnaðir" komi: „sjá liði 3.4 og 3.5."
2. Taxtinn C4 falli niður.
   Notendur fari yfir á taxta A2 eða C1, sem allir eru jafnir að krónutölu.
3. Í stað taxtanna D1 — D8 komi þrír hitataxtar, D1, D2 og D3.

D Hitun.

D1	Órofin hitun:	Orkugjald	1,19	kr/kWh
		Fast gjald	2 153,00	kr/ár
D2	Húshitun með rofi:	Orkugjald	0,45	kr/kWh

Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag við hitun íveruhúsnæðis og allt að 5 klst. á dag við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

D3	Næturhitun með rofi:	Orkugjald	0,26	kr/kWh

Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring við hitun á íveruhúsnæði og frá kl. 08:00—24:00 við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru óbreytt að öðru leyti en því, að til viðbótar við síðustu málsgrein g) liðar komi:

„Þau falla undir gjaldskrárliði B, C eða E eftir því sem við á:"

Nýr liður h, orðist svo:

„Ákvæði liðanna a til og með g, eiga ekki við varðandi tengingu við skip. Það skoðast sem sérstök veita. Raforkuvirki í skipum eru undanþegin ákvæðum reglugerðar RER um raforkuvirki sbr. gr. nr. 102."

4. Liður 3.6.
   Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 60% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. nóvember 1982 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að ⅘ af þeirri breytingu. Breyting skv. þessum lið er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.
5. Liður 3.7.
   Söluskattur 23,5% og 19% verðjöfnunargjald af raforku samtals 42,5% eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar nema á húshitunartöxtunum.

Iðnaðarráðuneytið, 22. desember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

	kr.
— Fyrir opinn bát	210,00
— Fyrir þilfarsskip minna en 25 rúml.	402,00
— Fyrir þilfarsskip 25 rúml. allt að 100 rúml.	630,00
— Fyrir þilfarsskip 100 rúml. allt að 250 rúml.	870,00
— Fyrir þilfarsskip 250 rúml. allt að 500 rúml.	1 200,00
— Fyrir þilfarsskip 500 rúml. allt að 1600 rúml.	1 980,00
— Fyrir þilfarsskip 1600 rúml. og stærri	2 370,00

Að auki greiðist skoðunarmönnum útlagður kostnaður, svo sem akstur og símakostnaður skv. reikningi.

Þegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist 1/3 hluti og fyrir vélaskoðun greiðist 1/3 hluti og fyrir bolskoðun greiðist 1/3 hluti.

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

Skal greiðslan miðuð við tímakaup fastráðinna skoðunarmanna Siglingamálastofnunarinnar fyrir dag- eða yfirvinnu, eftir því sem við á hverju sinni.

3. gr.

Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir hleðslumerkjaskoðun og áritun hleðslumerkjaskírteinis greiðist kr. 106,00.

4. gr.

Skoðunarmönnum er heimilt að innheimta kr. 50,00 hjá þeim sem biður um vottorð vegna endurgreiðslu tolla.

5. gr.

Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórriti, í þar til gerðar bækur, sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr. skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr. greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 455, 1981, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

Samgönguráðuneytið, 20. desember 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl.

1. gr.

Aðalskoðun

Fyrir árlega aðalskoðun á öryggisbúnaði, vél og bol skips skal eigandi þess greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	kr.
Fyrir opna báta	350,00
Fyrir þilfarsskip minni en 25 brl.	600,00
Fyrir þilfarsskip 25 brl. til 100 brl.	930,00
Fyrir þilfarsskip 101 brl. til 250 brl.	1 250,00
Fyrir þilfarsskip 251 brl. til 500 brl.	1 700,00
Fyrir þilfarsskip 501 brl. til 1600 brl.	2 750,00
Fyrir þilfarsskip 1601 brl. og stærri	3 300,00

Hálf rúmlest telst heil, en minna broti skal sleppt.

Sé ástandi skips þannig háttað við árlega aðalskoðun að nauðsynlegt sé fyrir viðkomandi skoðunarmann að mæta til skoðunar á öryggisbúnaði, vél eða bol skips, oftar en tvisvar sinnum í sama skipið, teljast skoðanir þar eftir aukaskoðanir.

Fyrir skoðun skipa sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greitt hálft gjald fyrir árlega aðalskoðun samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Aukaskoðun

Fyrir aukaskoðun, hvort heldur hún fer fram að tilhlutan skipstjóra, skipseiganda eða siglingamálastjóra skal greiða skv. reikningi hans fyrir útlögðum kostnaði.

Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að leggja 30% á kostnaðinn að undanskildum ferðakostnaði.

3. gr.

Eftirlit með nýsmíði.

1. **Opnir bátar og þilfarsbátar minni en 8 metrar að lengd:**
   A. Fyrir yfirferð á teikningum og samþykki til smíði á nýrri gerð báta. . . kr. 2 800,00
   B. Fyrir úttekt á nýsmíði og innfluttum bátum af viðurkenndri gerð og útgáfu skipsskjala ..... kr. 1 500,00
2. **Önnur þilfarsskip.**
   A. Fyrir yfirferð á teikningum og eftirlit með nýsmíði þilfarsskipa innanlands, þ. m. t. lokaúttekt og útgáfa skipsskjala, skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins eftirfarandi gjöld:

Fyrir þilfarsskip styttri en 26 m ..... 0.30% af lokaverði skips.
Fyrir þilfarsskip lengri en 26 m ..... 0.26% af lokaverði skips.

Lokaverð er það verð sem lagt er til grundvallar við endurgreiðslu á tollum og aðflutningsgjöldum. Þ. e. meðtalin fjármagnskostnaður verksala (vextir og verðbólgutap).

Fyrir skip smíðuð erlendis, skal miða við það verð, sem lagt er fyrir Fiskveiðasjóð, og/eða Ríkisábyrgðarsjóð, sé um fiskiskip að ræða, og viðskiptaráðuneytið, sé um önnur skip að ræða.

B. Fyrir skip sem smíðuð eru skv. reglum og undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags skal greiða 1/2 gjald skv. A og C lið þessarar málsgreinar.
C. Fyrir nýsmíði þilfarsskipa erlendis skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins skv. A lið þessarar málsgreinar að viðbættum fargjöldum skoðunarmanna.

3. Eftirlitsgjöld skv. þessari grein skal greiða sem hér segir:
20% gjaldsins við undirritun smíðasamnings eða upphaf smíði.
30% gjaldsins þegar lokið er að byrða bol skips, sjóða hluta þess saman, stilla fyrsta feldi upp eða bandreisa, sé um tréskip að ræða.
20% gjaldsins þegar aðalvél er komin á undirstöður.
Eftirstöðvar gjaldsins ásamt fargjöldum skoðunarmanna skv. C lið 2. málsgreinar, við afhendingu skipsskjala.

4. gr.
Eftirlit með viðgerðum.

1. Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi fyrir útlögðum kostnaði. Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að leggja 30% á kostnaðinn, þó ekki á dagpeninga og fargjöld.
2. Heimilt er að innheimta fyrirfram, hjá eiganda skips, sem svarar fargjöldum og áætluðum dagpeningum skoðunarmanna, fari viðgerð fram erlendis.

5. gr.
Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	kr.
Skip allt að 500 brl.	900,00
Skip 501 brl. allt að 1000 brl.	1 170,00
Skip 1001 brl. allt að 2000 brl.	1 560,00
Skip 2001 brl. allt að 5000 brl.	2 070,00

Skip stærri en 5000 brl. greiðast eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis sem gefið er út skv. hleðslumerkjaútreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða kr. 165,00.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis skal greiða kr. 105,00 fari umrædd skoðun fram um leið og búnaðarskoðun er gerð.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er, eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 350,00 enda sé sérstakrar skoðunar ekki þörf.

6. gr.
Skráning skipa og útgáfa skjala.

	kr.
1. Útgáfa þjóðernisskírteinis	250,00
2. Útgáfa alþjóðamælibréfs	300,00
3. Afrit af alþjóðamælibréfi	100,00
4. Útgáfa mælibréfs fyrir opna báta	150,00
5. Afrit af mælibréfi fyrir opna báta	50,00
6. Einkaleyfi á skipsnafni	2 000,00

7. gr.

Mæling skipa.

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs, nema um nýsmíði sé að ræða skal greiða:

	kr.
Opinn bátur	500,00
Þilfarsskip minni en 25 brl.	2 500,00
Þilfarsskip 25 brl. allt að 100 brl.	3 500,00
Þilfarsskip 101 brl. allt að 250 brl.	5 500,00
Þilfarsskip 251 brl. allt að 500 brl.	8 500,00
Þilfarsskip 501 brl. allt að 1600 brl.	12 000,00
Þilfarsskip 1601 brl. allt að 5000 brl.	16 000,00

Þilfarsskip 5001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

Sé skipið mælt tvennskonar mælingu skal greiða eitt og hálft gjald skv. ofanrituðu miðað við hærri mælinguna.

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum erlendis, vegna mælinga, skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

8. gr.

Útgáfa vottorða og umsagnir.

	kr.
Vottorð um útstrikun skips af aðalskipskrá	100,00
Vottorð um lúkningu vélaskipta og viðgerða	50,00
Umsögn um vélaskipti	250,00

9. gr.

Tækjaleiga.

Við röntgenmyndun greiðist sérstaklega fyrir leigu á tækjum, filmum, framköllun og mat skv. II W kr. 120,00 á hverja mynd.

Tækjaleiga við þykktar- og aðrar örbylgju- og sprungumælingar, titrings- og hávaðamælingar og átaksprófanir kr. 80,00 á klst.

10. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, skal greitt skv. reikningi. Þurfi skipskoðunar- eða eftitlitsmenn á sérfróðri aðstoð að halda sbr. 9. gr. laga nr. 53/1970, greiði eigandi skips kostnað við slíka aðstoð.

11. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar fari fram á venjulegum skrifstofutíma.

Sé hins vegar óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnuninni í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greiðast í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingamálastofnun ríkisins eftir reikningum sem hún gefur út. Þó skal heimilt að fela sýslumönnum og bæjarfógetum innheimtu gjaldanna ef hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum, gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skuli skila gjöldum, sem þeir innheita skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 53 12. maí 1970 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1983, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun skipa nr. 71/1981.

Samgönguráðuneytið, 20. desember 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

28. desember 1982. Nr. 781.

REGLUGERÐ

um dómsmálagjöld o. fl.

I. Gjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975, sbr. lög nr. 13 5. maí 1978.

1. gr.

Dómsmálagjöld í einkamálum skal greiða sem hér segir:

		kr.
A.	Fyrir héraðsdómi:	
	1. Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu	25,00
	2. Gjald fyrir þingfestingu	200,00
	3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	40,00
	4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	60,00
	5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	60,00
	6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	50,00
	7. Gjald fyrir kæru til Hæstaréttar	240,00
	8. Gjald fyrir sjóferðarpróf	480,00
B.	Fyrir Hæstarétti:	kr.
	1. Gjald fyrir útgáfu stefnu	35,00
	2. Gjald fyrir þingfestingu	320,00
	3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	60,00
	4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	80,00
	5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	80,00
	6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	65,00
	7. Útivistargjald	320,00

2. gr.

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

3. gr.

Fyrir fógetagerðir, aðrar en þær, sem um ræðir í 2. gr. aukatekjulaga, skal greiða sem hér segir:

	kr.
1. Kyrrsetning á manni	240,00
Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 2. gr. aukatekjulaga.	
2. Útburður manns af jörð eða húsi	240,00
3. Innsetning á jörð eða í hús til umráða	240,00
4. Aðrar fógetagerðir, er fara fram á það, er eigi verður metið til peningaverðs	240,00

Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir grein þessari, sé kyrrsetning manns með henni niður felld.

4. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða 80,00 kr.

5. gr.

Fyrir uppboðsgerðir skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð skal gjalda 80,00 kr.
2. Þegar uppboð er haldið á fasteign eða öðru því, er um getur í 11. gr. aukatekjulaga, en sala fer eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda 240,00 kr. fyrir árangurslaust uppboð.
3. Nú hefur uppboðs verið beiðst hjá uppboðshaldara og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin er svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 1. tölulið. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 240,00 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.
4. Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda 160,00 kr.
5. Fyrir undirboðsþing skal greiða 160,00 kr.

6. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum skal greiða 70,00 kr. Sé skjölum þinglýst fyrir Hæstarétti skal greiða 100,00 kr.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottnám lögræðissviptingar.

7. gr.

Fyrir notarialgerðir skal greiða sem hér segir:	kr.
1. Afsagnargerðir (aðrar en víxilafsagnir), stefnubirtingar, er notarius framkvæmir, svo og aðrar slíkar gerðir	80,00
2. Notarialvottorð á arfleiðsluskrá	120,00
3. Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga	80,00
4. Dráttur í happdrætti	320,00
5. Útdráttur skuldabréfa	160,00

II. Gjöld samkvæmt umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968.

8. gr.

Fyrir próf ökumanna skal greiða sem hér segir:	kr.
1. Almennt bifreiðastjórapróf	260,00
2. Próf í akstri bifhjóla	200,00
3. Próf í akstri léttra bifhjóla	65,00
4. Próf í akstri dráttarvéla	130,00
5. Ökukennarapróf	960,00

9. gr.

Fyrir skírteini skal greiða sem hér segir:	kr.
1. Leyfi til að stýra léttu bifhjóli	40,00
2. Leyfi til að stýra dráttarvél	40,00
3. Löggilding ökukennara	160,00

Sama gjald skal greiða fyrir samrit.

10. gr.

Fyrir leyfi til að selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki til mannflutninga án ökumanns skal greiða 780,00 kr.

11. gr.

Fyrir notkun bráðabirgðaskráningarmerkis ber að greiða 1 160,00 kr. á ári. Nú leyfir lögreglustjóri notkun bráðabirgðaskráningarmerkis í styttri tíma, og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og ábyrgðartryggingu 70,00 kr. fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er hann hefur bráðabirgðaskráningarmerki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

III. Gjöld samkvæmt lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977.

12. gr.

Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sem hér segir:

	kr.
1. Fyrir hvert skotvopn, sem skráð er, hvort sem það er nýtt eða notað	160,00
2. Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi, án tillits til fjölda skotvopna	80,00
3. Fyrir afnotaleyfi samkvæmt 19. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri, nr. 16 1978, sbr. reglugerð nr. 174 1979	40,00

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum, sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi samkvæmt 3. málsgr. 8. gr. reglugerðar nr. 16 1978.

13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1983.
Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 697 28. desember 1981 um dómsmálagjöld o. fl.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um mat og flokkun á kartöflum

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 473/1982 um Grænmetisverslun landbúnaðarins og mat og flokkun kartaflna og annarra garðávaxta, skulu gilda eftirfarandi reglur um mat og flokkun á kartöflum:

Kartöflur og aðra garðávexti skal ekki meta né heimila dreifingu á, þegar varan getur talist miður hæf til neyslu vegna alvarlegra breytinga, skemmda, óhreininda eða af öðrum ástæðum s. s. vegna frosta og spíruskemmda (sbr. reglugerð nr. 250/1976 um dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara o. s. frv.)

Fyrir pokaumbúðir skal sauma þétt. Merkja skal með þar til gerðum spjöldum (11×6 cm). Á spjöldin skal letra öðru megin nafn afbrigðis, stærð og sendingardag, en hinu megin nafn og/eða númer og heimili eiganda (innleggjanda).

Kartöflur verða þar til annað verður ákveðið aðgreindar í 7 flokka: Úrvalsflokk, 1. flokk, 2. flokk, 3. flokk, bökunarkartöflur, perlukartöflur, og parísarkartöflur.

Eftirfarandi afbrigði af kartöflum eru tekin með í úrvalsflokk, 1. flokk og perlukartöflur: Rauðar íslenskar, Gullauga, Helga, Mandla og Bintje. Í alla flokka má taka önnur afbrigði ef þau eru talin til þess hæf, að dómi jarðræktarnefndar Tilraunaráðs landbúnaðarins. Undirmálskartöflur mega ekki vera meira en 3% úr hverjum flokki við endurtekna hörpun á netsigti.

Úrvalsflokkur:

Stærð:	35 mm til 50 mm.
Útlit:	Heilbrigðar, bragðgóðar, hýðið heilt að mestu, kartöflurnar því næst lausar við óhreinindi, vel útlítandi. Stöngulsýki og frostskaði er útilokað í þessum flokki.

1. flokkur:

Stærð:	35 mm til 50 mm.
Útlit:	Heilbrigðar og gallalitlar.

2. flokkur:

Stærð:	30 mm og þar yfir.
Útlit:	Kartöflurnar skulu vera þurrar og vel útlítandi. Smávegis skemmdir og gallar leyfilegir.

3. flokkur:

Stærð:	30 mm og þar yfir.
Útlit:	Nokkrar skemmdir og gallar leyfilegir.

Bökunarkartöflur:

Stærð:	50 mm og þar yfir af hnöttóttum afbrigðum en 45 mm af ílöngum.
Útlit:	Gallalausar að mestu, þurrar og vel útlítandi.

Perlukartöflur:

Stærð:	33 mm til 35 mm.
Útlit:	Þurrar og vel útlítandi, gallalausar að mestu.

Parísarkartöflur:

Stærð:	30 mm—33 mm.
Útlit:	Þurrar og vel útlítandi, gallalausar að mestu.

Rauðar íslenskar, 33 mm og stærri:

Rauðar íslenskar kartöflur sem standast þær kröfur um útlit og gæði sem gerðar eru til 1. flokks, að öðru leyti en því að vera af stærðinni 33 mm og stærri. Þó má þungi kartaflna á bilinu 33—35 mm að stærð ekki fara yfir 15%. Neytendaumbúðir við sölu þessara kartaflna skulu merktar þannig: Rauðar íslenskar 33 mm og stærri. Þannig flokkaðar og merktar rauðar íslenskar kartöflur skulu teljast til 1. flokks.

Skýringar á göllum og skemmdum í kartöflum.

Votrotnun:
Kartöflur sýktar af stöngulsýki. Það teljast skemmdir og flokkast sem slíkar, ef vottar fyrir votrotnun í hnýði.

Frostskaði:
Kartaflan er blaut og lin. Votrotnun fylgir oft í kjölfarið.

Þurrotnun:
Kartöflur sem sýktar eru af fusarium, myglu, phoma og öðrum áþekkum þurrotnunarsjúkdómum. Þurrotnun telst það vera ef vottur finnst á kartöflunum af áðurnefndum sjúkdómum.

Grænar kartöflur:
Kartöflur teljast grænar ef meira en 10% af yfirborði hnýða er hulið greinilegum grænum lit.

Sár og sprungur (grunnar):
Sár eða sprungur sem myndast hafa við upptöku eða rögun. Ennfremur vaxtarsprungur 0—3 mm.

Yfirborðslýti:
Hér er aðallega átt við hýðisflögnun, hrjúft hýði, blöðrukláða og silfurkláða. Leyfileg yfirborðsþekja þessara ágalla við flokkun er allt að 40%.

Innri skemmdir:
Vægar frostskemmdir, þeim fylgir oftast dökkur litur í æðastrengjum, ryðlitur. Kartöflur holar að innan (hjartaskemmd).

Kláði:
Þegar 10% af yfirborði hnýðis er þakið vörtukláða eða/og 50% þakið flat- eða netkláða. Kvillar þessir lýta fyrst og fremst hýði kartaflna og skaða áferð þeirra.

Vanskapaðar kartöflur:
Hnýði sem víkja frá eðlilegri lögun viðkomandi afbrigðis þannig, að það geti flokkast undir misvöxt, teljast vansköpuð.

Jarðvegur á kartöflum:
Hér er átt við jarðagnir sem loða við hnýði og vega meira en 1% af þunga kartaflna.

Spíraðar kartöflur:
Kartöflur með spírur, sem náð hafa 2 mm lengd.

Sár og sprungur (djúpar):
Sár og opnar sprungur sem eru dýpri en 3 mm og þekja meira en 5% af yfirborði hnýðis.

Kröfur um gæði:

Vegna skemmda eða galla á/eða í kartöflum skal nota eftirfarandi margföldunarstuðul. Þetta gildir fyrir alla flokka:

Votrotnun	5,00
Frostskemmdir	5,00
Þurrotnun	3,00
Grænar kartöflur	2,00
Spíraðar	0,50
Sár og sprungur (grunnt)	0,25
Sár og sprungur (djúpt)	3,00
Yfirborðslýti	0,25
Vanskapaðar	0,50
Innri skemmdir	1,00
Önnur afbrigði	0,50
Kláði	1,00
Jarðvegur á kartöflum	0,50

Samanlagður stigafjöldi fyrir hvern flokk má ekki vera meiri en eftirfarandi:

Úrvalsflokk	8 stig
1. flokk	24 stig
2. flokk	30 stig
3. flokk	34 stig
Bökunarkartöflur	24 stig
Perlukartöflur	24 stig
Parísarkartöflur	24 stig

Úrvalsflokkur — sýnataka — bragðprófun og suðuprófun.

Taka skal sýni minnst 1,0 kg fyrir hver 1000 kg. Aldrei skal þó taka minna sýni en 2,0 kg. Af sýninu skal taka minnst 20 kartöflur til suðu — bragðprófana. Í % má fjöldi kartaflna ekki vera meiri með eftirfarandi tíðni galla, ef kartöflurnar eiga að flokkast í **úrvalsflokka:**

Detta í sundur við suðu	5,0%
Dökkna fljótlega eftir suðu (10 mín)	2,0%
Taka aðeins litarbreytingum	12,0%

Ef kartöflurnar eru bragðgóðar, ekki finnanlegt aukabragð þá má mest vera 15% með ofangreindum göllum en ef aukabragð finnst af kartöflunum, þá mega gallaðar kartöflur ekki vera meira en 10% af sýninu.

Matsreglur þessar öðlast þegar gildi og gilda til 15. ágúst 1983.

Landbúnaðaráðuneytið, 21. desember 1982.

Pálmi Jónsson.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 120,00 króna árlegt gjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð. Gjald þetta greiðist fyrirfram, og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls, nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Fyrir skoðun léttra bifhjóla, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 98 22. maí 1970, skal greiða 60,00 krónur í skoðunargjald.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1983.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 699 28. desember 1981 um skoðunargjald ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

29. desember 1982. Nr. 784.

AUGLÝSING

um gjaldskrá hlutafélagaskrár.

Samkvæmt 145. gr. laga nr. 32 12. maí 1978 um hlutafélög er gjaldskrá hlutafélagaskrár ákveðin sem hér segir:

		Kr.
1.	Skráning nýs hlutafélags	1 200,00
2.	Skráning útibús erlends hlutafélags	800,00
3.	Skráning breytingar á eldri skráningu	140,00
4.	Löggilding skilanefndarmanna vegna slita á hlutafélagi	170,00
5.	Vottorð úr hlutafélagaskrá	30,00
6.	Ljósrit	16,00

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1983.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 698 29. desember 1981 um gjaldskrá hlutafélagaskrár.

Viðskiptaráðuneytið, 29. desember 1982,

Tómas Árnason.

Björn Líndal.

AUGLÝSING

um umferð í Patrekshreppi.

Að fenginni tillögu hreppsnefndar Patrekshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, hafa verið settar eftirfarandi reglur í Patrekshreppi:

Aðalstræti:

1. Biðskylda á Aðalstræti gagnvart Þórsgötu og Strandgötu.
2. Bifreiðastöður bannaðar við Aðalstræti frá húsinu nr. 23 við Aðalstræti að húsinu nr. 29 við Aðalstræti. Eins eru bannaðar bifreiðastöður frá Aðalstræti 6 að Aðalstræti 62 (neðri kantur).
3. Settar gangbrautir á Aðalstræti við gatnamótin við Urðargötu á þremur stöðum.
4. Umferðarmerki „börn" sett á Aðalstræti við Grunnskólann og gangbraut máluð og sett upp ásamt gangbrautarmerki.
5. Framúrakstur bannaður frá Aðalstræti 21 að Aðalstræti 62.
6. Biðskylda við heimkeyrslu Heilsugæslustöðvar gagnvart Aðalstræti.
7. Biðskylda á Aðalstræti gagnvart Hlíðarvegi (beggja vegna).
8. Biðskylda við Aðalstræti gagnvart Sigtúni (beggja vegna).
9. Bannað að leggja bifreiðum á neðri kant Aðalstrætis frá Sigtúni að Litladalsá. Sett upp gangbraut þvert yfir Aðalstræti að dyrum á sláturhúsi sem snúa að götunni.
10. Í hæfilegri fjarlægð frá brú á Mikladalsá verði sett upp merkið „vegur mjókkar" það sama verði gert innan við brú á Litladalsá.
11. Hámarkshraðamerki á þjóðvegi úr Mikladal verði flutt á móts við kirkjugarð. Þar verði einnig sett upp merkin „vegamót" og „börn".
12. Hámarkshraðamerki 35 km haldist innan við byggð á Björgum, þar verði sett upp merkið „börn". Hámarkshraði 50 km á Strandgötu frá Sigtúni að Arakletti við Strandgötu.
13. Umferð vörubíla bönnuð á Aðalstræti frá Þórsgötu að Sigtúni, nema til losunar og lestunar.

Balar: Biðskylda gagnvart Aðalstræti frá Bölum.
Brunnar: Biðskylda gagnvart Hlíðarvegi.
Eyrargata: Bifreiðastöður bannaðar vegna götunnar frá sundlaug að höfn.
Stekkar: Biðskylda gagnvart Hlíðarvegi.
Urðargata:

1. Bifreiðastöður bannaðar ofan götu frá Aðalstræti út fyrir Urðargötu 26.
2. Bifreiðastöður bannaðar neðan götu frá Bjarkargötu að húsinu nr. 11 við Urðargötu. Einstefna verði frá Aðalstræti að Strandgötu meðfram húsunum nr. 8 við Aðalstræti og nr. 5 við Strandgötu.

Ath. Umferðarhraði verði 35 km á öllum götum svo sem nú er, nema á tilteknum kafla á Strandgötu.

Stöðvunarskylda haldist á Túngötu gagnvart Þórsgötu. Eins haldist biðskylda frá Bjarkargötu gagnvart Aðalstræti.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaður Barðastrandarsýslu, 15. desember 1982.

Stefán Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

við leiklistarlög.

1. gr.

Leiklistarstarfsemi í landinu, þ. e. flutningur sjónleikja, óperustarfsemi, listdans og flutningur leikbrúðulistar, skiptist í fjóra meginþætti:

— Ríkisreknar leiklistarstofnanir.
— Aðrar leiklistarstofnanir, sem að hluta til eru reknar með ríkisstyrk og nafngreindar eru í fjárlögum.
— Önnur leiklistarstarfsemi, sem fé er veitt til árlega í fjárlögum.
— Leiklistarstarfsemi áhugafélaga, sem fé er veitt til árlega í fjárlögum.

2. gr.

Ríkisreknar leiklistarstofnanir starfa svo sem fyrir er mælt í lögum og samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

3. gr.

Framkvæmdastjórn Leiklistarráðs metur samkvæmt reglum, er ráðið setur, hvenær leiklistarstarfsemi fullnægi þeim skilyrðum að eðlilegt sé að hún verði skilgreind sem viðurkennd leiklistarstofnun hljóti sérstaka fjárveitingu í fjárlögum. Framkvæmdastjórn Leiklistarráðs gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um þessi efni.

4. gr.

Framkvæmdastjórn Leiklistarráðs gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitinar til starfsemi ráðsins, til annarrar leiklistarstarfsemi, sem ekki er tilgreind í 1. gr. reglugerðar þessarar.

5. gr.

Bandalag íslenskra leikfélaga gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingar til starfsemi bandalagsins og til leikstarfsemi áhugaleikfélaga.

6. gr.

Sveitarstjórnir veita fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið verður í fjárhagsáætlun þeirra. Leiklistarráð beitir sér fyrir því í samráði við menntamálaráðuneytið að gert verði samkomulag við viðkomandi sveitarstjórnir um viðmiðun og skiptingu á fjárstuðningi ríkis og sveitarfélaga við sjálfstæðar leiklistarstofnanir og aðra leiklistarstarfsemi í sveitarfélagi þeirra.

Fjárstuðningur sveitarfélaga við starfsemi áhugafélaga skal eigi nema lægri fjárhæð til hvers leikfélags en ríkissjóður greiðir.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið úthlutar fé því, sem veitt er í fjárlögum til annarrar leiklistarstarfsemi, svo og öðrum fjárveitingum til leiklistarstarfsemi, sem ekki eru tilgreindar í 1. grein reglugerðarinnar. Styrkveitingar þessar skulu auglýstar og framkvæmdastjórn Leiklistarráðs ákvarða í samráði við menntamálaráðuneytið hvaða upplýsingar skuli koma fram í umsóknum. Framkvæmdastjórn Leiklistarráðs gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um úthlutun samkvæmt reglum, sem hún setur sér. Þessar reglur skulu kynntar á fundi Leiklistarráðs, sem fjallar um þær og markar stefnu framkvæmdastjórnar.

8. gr.

Þeir aðilar, sem njóta fjárstuðnings ríkis og sveitarfélaga, skulu skila Leiklistarráði og viðkomandi sveitarstjórn eintaki af endurskoðuðum reikningum fyrir það almanaksár eða leikár, sem styrkurinn var veittur til.

9. gr.

Aðild að Leiklistarráði eiga fulltrúar félaga og stofnana samkvæmt 5. gr. laganna, svo og fulltrúar félaga og stofnana, sem ráðherra veitir aðild að ráðinu að fenginni umsögn þess. Leiklistarráð felur framkvæmdastjórn ráðsins að gera umsögn um aðild að ráðinu og markar stefnu framkvæmdastjórnar í því efni. Fulltrúar í Leiklistarráði hafa upplýsinga- og samráðsskyldu við stjórn félags síns eða stofnunar.

Skipunartími ráðsmanna er þrjú ár í senn. Ráðið kýs sér sjálft formann og varaformann.

10. gr.

Framkvæmdastjórn þriggja manna fer með málefni Leiklistarráðs milli funda. Leiklistarráð kýs tvo menn í framkvæmdastjórn og tvo til vara, en formaður ráðsins er sjálfkjörinn, og er varaformaður varamaður hans í framkvæmdastjórn. Að jafnaði skal aðeins einum stjórnarmanni heimilt að sitja tvö starfstímabil í röð.

11. gr.

Leiklistarráð kemur saman til fundar einu sinni á ári, nema sérstök ástæða sé til fleiri funda að mati framkvæmdastjórnar. Skylt er að boða fund, ef 5 ráðsmenn hið fæsta óska þess bréflega og tilgreina umræðuefni.

Fundi Leiklistarráðs skal framkvæmdastjórn boða með minnst þriggja vikna fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundarins.

Framkvæmdastjórn leggur fram skýrslu um störf sín og reikningsskil á árlegum fundi ráðsins.

Fundarstjóri staðfestir fundargerðir ráðsins og framkvæmdastjórn dreifir henni til fulltrúa.

12. gr.

Leiklistarráð markar meginstefnu framkvæmdastjórnar í samræmi við leiklistarlög og reglugerð og allar meiri háttar ákvarðanir skal framkvæmdastjórn bera undir ráðið á fundum þess.

Framkvæmdastjórn sendir í fréttabréfi upplýsingar til fulltrúa ráðsins.

13. gr.

Framkvæmdastjórn ráðstafar fjárveitingum til ráðsins í samræmi við stefnumörkun þess og fjárlög hverju sinni.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður greiðslu þóknunar fyrir störf framkvæmdastjórnar og endurgreiðir ferða- og dvalarkostnað utanbæjarmanna vegna fundarsetu.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. leiklistarlaga nr. 33/1977 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 10. desember 1982.

Ingvar Gíslason.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um einkaleyfisgjöld.

1. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:	kr.
Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans	1 600,00
Fyrir næstu fimm ár leyfistímans	6 000,00
Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans	12 000,00

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 12 1923 um einkaleyfi og öðlast gildi 1. janúar 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 28. desember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

17. desember 1982. Nr. 788.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 356 1. júlí 1982 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl., sbr. reglugerð nr. 553 2. september 1982 um breyting á henni.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	Kr/1,0 l.
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	65,00
2. Portvín, sherrry, madeira, vermút og aperitivar	80,00
3. Íslenskar áfengistegundir	265,00
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	325,00

B. Tóbak:	kr.
1. Reyktóbak	160,00 pr. tylft eða lb.
2. Vindlingar	205,00 pr. 200 stk.
3. Smávindlar	25,00 pr. 10 stk.
Meðalstærð	110,00 pr. 25 stk.
Vindlar, aðrir	145,00 pr. 25 stk.

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 553/1982.

Fjármálaráðuneytið, 17. desember 1982.

F. h. r.
Björn Hafsteinsson.

Ingólfur Friðjónsson.

Nr. 789. 3. desember 1982.

SAMÞYKKT

um stjórn hreppsmálefna Ólafsvíkurhrepps.

I. KAFLI

Um skipun hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps skal skipuð sjö hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Hreppsnefnd er almennt í fyrirsvari fyrir Ólafsvíkurhrepp og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni hreppsins, til lykta ráðið án umsagnar hreppsnefndar.

Hreppsnefnd ber að gæta hagsmuna hreppsins í hvívetna og annast þau viðfangsefni sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni sem henni eru fengin í samþykktum er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hreppsnefndar eru þessi:

a. Hreppsnefnd fer með yfirstjórn á fjárreiðum hreppsins.
   1) Hún skal fyrir lok desembermánaðar hvert ár gera áætlun um tekjur og gjöld hreppsins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina hvernig fjárveiting til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið og enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
   2) Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn hreppsins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun hreppsins og/eða hreppsstofnana eða með annarri ákvörðun hreppsins. Ennfremur að eignir hreppsins séu tryggilega varðveittar.
   3) Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga hreppsins eigi síðar en 31. mars ár hvert.

b. Hreppsnefnd hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda hreppsins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlun um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og einstök verk eftir því sem ástæða þykir til.
c. Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra, og kýs nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga hreppsins. Ennfremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum sem um getur í 38. gr. og semur um laun þeirra.
d. Hreppsnefnd setur reglur um stjórn hreppsmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna hreppsins, ákveður lóðarleigu, gjaldskrár hreppsfyrirtækja, eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI
Fundarsköp hreppsnefndar.

3. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum kýs hún sér oddvita og varaoddvita og fer um kosningu þeirra og starfstíma eftir gildandi sveitarstjórnarlögum.

Aldursforseti sveitarstjórnar stýrir fyrsta fundi hreppsnefndar þar til kjöri oddvita er lokið.

4. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í fundargerðarbók, og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Oddviti sér um að allt fari löglega fram og skipulega á fundum hreppsins. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans undir úrlausn hreppsnefndar ef vafi leikur á um skilning fundarskapa.

5. gr.

Hreppsnefnd ræður sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar, sem sér um færslu gerðabókar og hefur oddviti eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal skráð hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja fundinn, töluröð hreppsnefndarfunda, svo og hver er fundarritari og einnig það sem oddvitinn vill láta til bókar færa, þótt ekki sé til getið í dagskrá fundarins.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana.

Hver hreppsnefndarmaður, sem eigi er sammála hinum á rétt á því að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina. Heimilt er að fresta lestri gerðabókar til næsta fundar hreppsnefndar, en þá skal afrit fundargerðar sent hreppsnefndarmönnum innan viku og þeir fá viku frest til að koma á framfæri athugasemdum.

6. gr.

Hreppsnefnd heldur fundi einu sinni í mánuði nema í júlí og ágúst. Reglulegir fundardagar og fundartími skal ákveðinn í byrjun hvers kjörtímabils.

Aukafundi skal halda samkvæmt ákvörðun hreppsráðs, oddvita, sveitarstjóra eða ef tveir hreppsnefndarmenn hið fæsta krefjast þess.

Sveitarstjóri boðar fundi hreppsnefndar.

7. gr.

Sveitarstjóri og oddviti semja dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá skal taka:

1) Fundargerðir hreppsráðs og annarra lögmætra nefnda, sem kunna að þurfa staðfestingar hreppsnefndar á ályktunum sínum.
2) Hvert það mál, sem fellur undir verksvið hreppsnefndar skv. 2. gr. sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af hreppsnefnd, hreppsráði, lögmætri nefnd eða hreppsnefndarmanni, að málið sé tekið á dagskrá.
3) Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem hreppsnefnd á að fjalla um að lögum. Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndar, skal tilkynna það sveitarstjóra eða oddvita skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð eigi síðar en 4 dögum fyrir hreppsnefndarfund. Sveitarstjóri skal í síðasta lagi 2 dögum fyrir boðaðan hreppsnefndarfund hafa sent öllum hreppsnefndarmönnum og a. m. k. jafnmörgum varahreppsnefndarmönnum dagskrá næsta hreppsnefndarfundar. Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, afrita af skýrslum og athugasemdir endurskoðenda svo og annarra gagna, sem geta orðið til upplýsinga um málefni á dagskrá.

Ef ákveðinn verður aukafundur skv. 2. mgr. 6. gr. skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, sem send verði hreppsnefndarmönnum og varahreppsnefndarmönnum með 24 klst. fyrirvara.

Heimilt er þó að boða fund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu enda sé þess getið með fundarboðum, hvaða mál sé á dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð sem dagskrá segir nema hreppsnefnd ákveði að önnur röð sé höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði enda samþykki meirihluti viðstaddra hreppsnefndarmanna þau afbrigði.

8. gr.

Hreppsnefndarfundi skal auglýsa á sama hátt og venja er til um opinberar auglýsingar í hreppnum a. m. k. með 24 klst. fyrirvara.

9. gr.

Hreppsnefndarfundi skal halda í heyranda hljóði. Hreppsnefnd getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna, eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum skal úr því skorið með atkvæðagreiðslu án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum. Ef áheyrandi á hreppsnefndarfundi raskar fundarfriði getur oddviti látið vísa honum út.

10. gr.

Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert nema meira en helmingur hreppsnefndarmanna sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Sveitarstjóri og hver hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og hreppsnefnd á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti fellur það nema við kosningu en þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu sveitarstjóra, nefnda eða með því að fresta því.

Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslu um tilhögun skal hagað.

11. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál við eina umræðu nema hina árlegu fjárhagsáætlun, ársreikninga og reglugerðir sem hljóta skulu staðfestingar ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

12. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að hreppsnefndarmaður réttir upp hönd. Nafnakall eða skrifleg atkvæðagreiðsla skal viðhöfð ef einhver hreppsnefndarmanna eða sveitarstjóri óskar.

Við nafnakall er hreppsnefndarmanni skylt að greiða atkvæði nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni er oddviti metur gild. Ef hreppsnefndarmaður vill ekki una úrskurði oddvita má hann skjóta úrskurðinum til hreppsnefndar, sem sker úr án umræðu.

13. gr.

Hver hreppsnefndarmaður sem vill taka til máls á hreppsnefndarfundi, skal óska heimildar oddvita.

Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumenn svo og hreppsnefndarmann sem vill gera stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan sig.

Ef tveir eða fleiri hafa kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala.

Hreppsnefnd getur heimilað, ef 4 hreppsnefndarmenn samþykkja, að maður utan hreppsnefndar megi tala á hreppsnefndarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

14. gr.

Framsögumaður eða flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir hreppsnefndarmenn tvisvar, heimilt er þó að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd.

Sveitarstjóri sem ekki er jafnframt hreppsnefndarmaður, skal hafa málfrelsi á hreppsnefndarfundum til jafns við hreppsnefndarmenn.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita.

15. gr.

Ef oddviti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt til að umræðutími hvers hreppsnefndarmanns megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur oddviti, hvenær sem er, lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo að hún standi skemur en tvo tíma meðan nokkur hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs.

Hreppsnefnd afgreiðir tillögur oddvita sbr. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Hver hreppsnefndarmaður getur borið fram slíka tillögu og skal hún einnig afgreidd umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eigi ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

16. gr.

Skylt er hreppsnefndarmanni að lúta valdi oddvita í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef hreppsnefndarmaður ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann. Ef hreppsnefndarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur oddviti lagt til við hreppsnefnd að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef hreppsnefndarmaður hlýðnast ekki úrskurði hreppsnefndar eða almenn óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

17. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að allar umræður í hreppsnefnd skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella, sem fram hefur komið á fundi hreppsnefndar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður skuli gefnar út á prenti ásamt því sem fært hefur verið í gerðabók, svo og önnur skjöl eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef hreppsnefnd ákveður slíka útgáfu skal hún jafnframt kjósa nefnd tveggja hreppsnefndarmanna til að hafa umsjón með útgáfunni.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppsnefndarfundir séu teknir á segulband til geymslu einhvern ákveðinn tíma.

Eftir hvern hreppsnefndarfund, þar sem umræður hafa verið skrásettar samkvæmt framanrituðu, skal öllum hreppsnefndarmönnum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

18. gr.

Hverjum hreppsnefndarmanni er skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögleg forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér störf sem hreppsnefnd felur honum t. d. oddvitastörf, setur í hreppsráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá sem hefur verið oddviti hreppsnefndar, setið í hreppsráði eða öðrum nefndum getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Hreppsnefndarmönnum er skylt að koma prúðmannlega fram á hreppsnefndarfundum, gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem hreppsnefndarmenn.

Þá er þeim skylt að gæta hagsmuna og velferðar hreppsins út á við sem inn á við, eftir sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli hreppsnefndarmanna. Einstakir hreppsnefndarmenn hafi auglýstan viðtalstíma skv. nánari ákvörðun hreppsnefndar.

19. gr.

Hreppsnefndarmönnum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf hreppsins og stofnana hans.

20. gr.

Hver hreppsnefndarmaður á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd skv. ákvörðun hennar.

21. gr.

Ef hreppsnefndarmaður, kosinn í nefnd og til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan enda hafi varamaður ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefnd getur veitt hreppsnefndarmanni, sem óskar, lausn frá hreppsnefndarstarfi.

IV. KAFLI

Hreppsráð.

23. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar í júní ár hvert skal kjósa þrjá menn í hreppsráð og þrjá til vara hlutfallskosningu. Kosning hreppsráðs gildir uns nýtt hreppsráð hefur verið kjörið. Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsráðs. Hreppsráð kýs sér formann og ritara. Kjósa má sveitarstjóra formann þótt hann sé ekki kjörinn í ráðið.

Hreppsráð skal halda fundi hálfsmánaðarlega. Fundardaga og fundartíma skal ákveða af hreppsnefnd í upphafi kjörtímabils.

Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri ákveður það eða ef hreppsráðsmaður óskar þess.

Hreppsráð getur ráðið fundarritara utan hreppsráðs. Í gerðabók skal greina frá því hvar fundur er haldinn og hvenær, tölu funda, hverjir sitja fundinn og hver sé fundarritari. Þá skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Listi, sem fulltrúa á í hreppsnefnd en ekki fulltrúa í hreppsráði, má tilnefna hreppsnefndarmann til að sitja fundi hreppsráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsráðs og sér um að fundarboð sé fært hreppsráðsmönnum.

24. gr.

Hreppsráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn Ólafsvíkurhrepps að því leyti sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsráð skal gera tillögur til hreppsnefndar í þeim málum, sem fyrir hreppsráði kunna að liggja.

Hreppsráð getur þó tekið lokaákvörðun í þeim málum, sem hreppsnefnd hefur vísað til þess til fullnaðarafgreiðslu, enda feli það ekki í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir sveitarsjóð.

25. gr.

Hreppsráð hefur eftirlit með stjórnun og fjármálum hreppsins og undirbúningi fjárhagsáætlana, lætur gera tillögur til úrskurðar á reikningum hreppsins, lætur semja skýrslu um eignir og skuldir hreppsins, og hefur eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda.

Hreppsráð hefur umsjón með gatnagerð hreppsins, holræsum, vatnsveitu, barnaleikvelli, dagheimili, áhaldahúsi, svo og öðrum eignum, allt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar og reglugerðum þar að lútandi.

Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum hreppsnefndar er falið að hafa með höndum fyrrgreinda málaflokka, skal hreppsráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

Hreppsráð leggur til við hreppsnefnd hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda að því leyti sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

26. gr.

Skylt er starfsmönnum hreppsins að sitja fundi hreppsráðs, ef það eða sveitarstjóri óskar þess þegar til umræðu eru þau málefni, sem störf þeirra snerta.

V. KAFLI

Um sveitarstjóra.

27. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

Ráðningarsamningur er þó uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara. Á ráðningarkjörtímabilinu þarf uppsögn ráðningarsamnings tvær umræður í hreppsnefnd. Líða skulu minnst 24 klst. milli umræðna.

Nú næst ekki meirihluti í hreppsnefnd fyrir ráðningu sveitarstjóra, svo og að sveitarstjóri er í andstöðu við meirihluta hreppsnefndar, getur ráðherra ákveðið að hreppsnefndarkosningar skuli fara fram á ný.

28. gr.

Sveitarstjóri hefur með höndum framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og framkvæmd á málefnum hreppsins yfirleitt að því leyti, sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað um tiltekið mál.

Skylt er sveitarstjóra að hafa ákveðinn daglegan viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu hreppsins.

29. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hreppsráðs, og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem hreppsnefndarmenn, nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessari samþykkt. Hann á einnig sæti í fastanefndum.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt í hreppsnefnd, hreppsráði eða fastanefndum nema hann sé til þess kjörinn.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum hreppsnefndar, hreppsráðs og nefnda.

30. gr.

Nú samþykkir hreppsnefnd ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, og getur sveitarstjóri fellt slíka ályktun úr gildi um sinn og skal þessi ákvörðun færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda félagsmálaráðuneytinu skýrslu og leggur það úrskurð á málið. Sveitarstjóri skal senda hreppsnefnd afrit af skýrslunni svo hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til viðkomandi yfirvalda.

31. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykkt hreppsnefndar má ekki greiða nema til komi samþykkt hreppsnefndar.

Ekkert gjald má greiða úr hreppssjóði nema sveitarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð hreppsráðs til slíks.

32. gr.

Sveitarstjóra er heimilt í samráði við hreppsráð að fela öðrum að gegna störfum sínum um skemmri tíma.

Stendur sú ákvörðun óhögguð nema hreppsráð ákveði aðra tilhögun. Ef um lengri forföll en tvo mánuði er að ræða skal hreppsnefnd setja mann til að gegna starfi hans.

VI. KAFLI
Endurskoðendur.

33. gr.

Hreppsnefnd kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga hreppsins og fyrirtækja hans.

Hreppsnefndarmenn eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa. Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðar 3. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 31. mars ár hvert. Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun hreppsnefndar.

34. gr.

Hreppsráði er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda skoðun reikninga hreppsins og fyrirtækja hans sbr. 25. gr. Senda skal hann hreppsráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en hreppsráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til hreppsnefndar.

VII. KAFLI
Nefndir.

35. gr.

Hreppsnefnd kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn, til að fara með tiltekin mál eftir því sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt hreppsnefndar:

Til eins árs, í júní ár hvert:
Þrjá menn í hreppsráð og þrjá til vara.
Tvo endurskoðendur og tvo til vara.
Fulltrúa á þing Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi samkvæmt samþykkt samtakanna.

Til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
Þrjá menn í framtalsnefnd og þrjá til vara.
Fimm menn í hafnarnefnd og fimm til vara.
Fimm menn í byggingarnefnd og fimm til vara.
Fimm menn í skólanefnd grunnskóla og fimm til vara.
Þrjá menn í skólanefnd tónlistarskóla og þrjá til vara.
Þrjá menn í bókasafnsnefnd og þrjá til vara.
Þrjá menn í brunamálanefnd og þrjá til vara.
Tvo menn í heilbrigðisnefnd og tvo til vara.
Fjóra menn í áfengisvarnanefnd og fjóra til vara.
Tvo menn í sáttanefnd og tvo til vara.
Þrjá menn í barnaverndarnefnd og þrjá til vara.
Sjö menn í atvinnumálanefnd og sjö til vara.
Fimm menn í æskulýðsnefnd og fimm til vara.
Þrjá menn í fjallskilanefnd og þrjá til vara.
Tvo forðagæslumenn og tvo til vara.
Einn fulltrúa í stjórn og á aðalfund Útvers hf. og einn til vara.
Einn fulltrúa í stjórn og á aðalfund Sjóbúða hf. og einn til vara.
Þrjá fulltrúa í stjórn Verbúða hf. og þrjá til vara.
Einn fulltrúa á aðalfund Hafnasambands sveitarfélaga og einn til vara.
Einn fulltrúa í stjórn eigendafélags félagsheimilis Ólafsvíkur og einn til vara.

Þrjá menn í stjórn verkamannabústaða og þrjá til vara.
Einn mann í stjórn heilsugæslustöðvar og einn til vara.
Þrjá menn í byggingarnefnd íbúða fyrir aldraða.
Þrjá menn í leikskóla- og leikvallanefnd og þrjá til vara.
Fimm menn í umferðamálanefnd og fimm til vara.
Fimm menn í umhverfismálanefnd og fimm til vara.

36. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum hreppsnefndar. Þar sem ekki er um slíkar reglugerðir að ræða getur hreppsnefnd sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem hreppsnefnd er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn skal litið svo á að umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtímabil hreppsnefndar er á enda nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á að starfi hennar ljúki fyrst er verkefnið er til lykta leitt.

37. gr.

Allar nefndir hreppsnefndar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda og nefnda, sem hreppsnefnd setur í sérstök mál, lagðar fyrir hreppsnefnd til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

VIII. KAFLI

Um starfsmenn hreppsnefndar.

38. gr.

Hreppsnefnd skipar fasta starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerð um sérmál tiltekinna stofnana.

Hreppsnefnd getur falið hreppsráði og forstöðumönnum hreppsstofnana, að ráða í ákveðnar stöður.

Fastar stöður skulu að jafnaði vera auglýstar til umsóknar en heimilt er þó hreppsnefnd (hreppsráði) að skipa í stöður án slíkrar auglýsingar. Hreppsnefnd (eða hreppsráð) getur ákveðið hver almenn skilyrði skulu gilda um skipan í stöður hjá hreppnum svo og sérskilyrði er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna hreppsnefndar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum hreppsnefndar.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. desember 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Hríseyjar nr. 421 1. október 1979.

1. mgr. 12. gr. orðist svo:
Vatnsskattur fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert og ber að greiða skattinn á skrifstofu hreppsins.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hríseyjarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. desember 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

21. desember 1982. Nr. 791.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á aðalskipulagi Bolungarvíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 20. desember 1982 staðfest aðalskipulagsuppdrátt af Bolungarvík.
Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Bolungarvíkur og skipulagsstjórn ríkisins. Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur af Bolungarvík sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 24. nóvember 1930.

Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

20. desember 1982. Nr. 792.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 129 13. mars 1978 um þorskfisknet.

1. gr.
2. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 691/1981, orðist þannig:
Á tímabilinu 16. janúar til 15. maí, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að nota, vera 7 þumlungar (178 mm).
Á tímabilinu 16. maí til 15. janúar, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að nota, vera 6 þumlungar (152 mm).

2. gr.
Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. desember 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 793. 20. desember 1982.

AUGLÝSING

um hámarkshraða á Vesturlandsvegi.

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja á Vesturlandsvegi í Mosfellshreppi skal vera 60 km á klst. á vegarkafla frá stað vestan við vegamót við Langatanga upp fyrir Ullarnesbrekku að stað um 100 m frá vegamótum við Þingvallaveg.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Jafnframt breytast ákvæði auglýsingar nr. 252 16 ágúst 1973.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 794. 14. desember 1982.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 8. desember 1982 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Uppdráttur þesssi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og skipulagsstjórn ríkisins. Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur sá af Hafnarfirði sem staðfestur var 3. mars 1933 og skipulagsuppdráttur af „Norðurbæ" í Hafnarfirði sem staðfestur var 12. september 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Stjórnartíðindi B 75, nr. 769—794. Útgáfudagur 31. desember 1982.

STJÓRNARTÍÐINDI B 76 — 1982

14. desember 1982. 1401 Nr. 795.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld fyrir Ólafsfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðar er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þáttöku lóðarhafa í því að leggja bundið slitlag svo og að ganga frá gangstéttum. Gjöld þessi mega nema allt að áætluðum meðalkostnaði við þessar framkvæmdir sbr. 2. og 4. gr. laga nr. 51/1974.

3. gr.

A-gjald vegna nýbygginga og viðbygginga við eldri hús skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands á hverjum tíma, svo sem hér segir:

1. Einbýlishús	2,0%
2. Tvíbýlishús, raðhús	1,7%
3. Fjölbýlishús með allt að 5 íbúðum	1,5%
4. Fjölbýlishús með 5 íbúðum eða fleiri	1,0%
5. Verslunar- og skrifstofuhúsnæði, opinberar byggingar	2,0%
6. Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	1,0%
7. Gripahús, bílageymslur og önnur mannvirki	1,0%

Af kjöllurum, rishæðum og jarðhæðum sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnurekstrar skal greiða hálft gjald.

Gjald skal miða við stærð húss, samkv. samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirliggjandi uppdráttur og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulaginu, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús	500 m^3
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús	400 m^3
Fjölbýlishús	300 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Áætlað skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3—0,5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

4. gr.

Gjöld samkv. 3. grein breytast ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar, eins og hún er reiknuð af Hagstofu Íslands.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds samkv. 3. gr. skulu vera sem hér segir: Við lóðarveitingu skal greiða 70% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar skulu greiðast þegar byggingarleyfi er veitt. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvum í allt að þrjá mánuði frá lóðarúthlutun.

6. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði, fyrir og eftir breytinguna. Sömu reglur gilda er notkun byggingarrýmis er breytt, sem felur í sér að húseignin færist í hærri gjaldflokk, þótt ekki þurfi breytinga á byggingu eða endurbyggingar við.

7. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til bæjarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Óski lóðarhafi að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

50% gatnagerðargjalds endurgreiðast eftir 6 mánuði. Eftirstöðvar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt þegar sú úthlutun fer fram.

8. gr.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, þ. e. 12 mánaða, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta sem endurnýjaður er, eins og það er þá að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem þegar er greitt af sama áfanga.

9. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur bæjarfélaginu vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum sem til greina kunna að koma.

10. gr.

Bæjarráð getur ákveðið að lækka eða fella niður gatnagerðargjald (A-gjald) af fjölbýlishúsum. Þá er bæjarráði heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni.

Ennfremur getur bæjarráð ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

11. gr.

B-gjald sem er gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. gr., þ. e. til að gera slitlag og gangstétt skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands á hverjum tíma svo sem hér segir:

1. Einbýlishús	3,5%
2. Tvíbýlishús, raðhús	2,7%
3. Fjölbýlishús með allt að 5 íbúðum	2,0%
4. Fjölbýlishús með 5 íbúðum eða fleiri	1,5%
5. Verslunar- og skrifstofuhúsnæði, opinberar byggingar	3,5%
6. Iðnar- og atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	1,7%
7. Gripahús, bílageymslur og önnur mannvirki	1,5%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða kr. 4,50 af hverjum fermetra lóðar (vísitala 1140 stig). Gjald skal miða við stærð húss og lóðar samkvæmt fasteignamatsskráningu.

12. gr.

Gjöld skv. 3. og 11. gr. breytast samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana í 3. og 11. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

13. gr.

Gjöld skv. 11. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verkið fer fram, og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

14. gr.

Innheimta skal B-gjald af fasteignum við götur, sem lagðar hafa verið bundnu slitlagi og/eða gangstétt á síðastliðnum 5 árum, enda hafi það ekki verið innheimt áður.

15. gr.

B-gjald skv. 11. gr. greiðist þannig:

20% á framkvæmdaári með gjalddaga skv. nánari ákvörðun bæjarstjórnar við hverja framkvæmd. Eftirstöðvar má greiða með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum árlegum afborgunum næstu fjögur árin. Gjalddagar afborgana eru 1. júlí ár hvert. Lánskjör skulu vera hin sömu og á lánum Byggðasjóðs til gatnagerðarframkvæmda hverju sinni. Lokagreiðsla samkvæmt 11. gr. skal ekki innheimt, fyrr en gengið hefur verið frá gangstétt fyrir framan lóð gjaldanda.

Bæjarráði er heimilt að veita staðgreiðsluafslátt af gjöldum þessum.

16. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

17. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkv. 14. gr. í eftirfarandi tilfellum:

a) Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur, sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða fullu.
b) Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B-gjald, sbr. 16. gr.
c) Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- og örorkulífeyrisþegar.

18. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð sama efnis nr. 219 20. maí 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörndsóttir.

Nr. 796. 16. desember 1982.

REGLUGERÐ

um holræsi í Eskifjarðarkaupstað.

1. gr.

Þegar Eskifjarðarkaupstaður hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem kaupstaðurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið eða í sérstakt holræsi fyrir ofanjarðarvatn, ef gert er, samkvæmt fyrirmælum verkstjóra. Vanræki einhver að láta gera nýtt holræsi eða endurnýja eldra, innan hæfilegs frests, sem bæjarstjóri ákveður, getur kaupstaðurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Eskifjarðarkaupstaður lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1983. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðarmörkum húsa. Heimlagnir eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Bæjarstjóri, verkstjóri og byggingarfulltrúi, undir yfirstjórn bæjarstjóra fara með stjórn framkvæmda, er holræsakerfi kauptúnsins varðar. Heimilt er bæjarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárennsliskerfi sínu, ef krafist verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns á öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn bæjarins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur bygginarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, olíur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr bæjarsjóði, en til að standast þann kostnað er húseigendum, sem hús eiga við veg, götu eða svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0,20% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar eins og það er reiknað á hverjum tíma. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Gjald þetta getur bæjarstjórn lækkað eða hækkað um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart bæjarsjóði. Kröfur, sem bæjarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með fasteignamatsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagar holræsagjalda eru hinir sömu og annarra fasteignagjalda ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000,00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi í Eskifjarðarhreppi nr. 268 21. september 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

16. desember 1982. Nr. 797.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Eskifjarðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Eskifjarðar fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign bæjarsjóðs. Hún hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt og einnig til hafnarinnar. Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri kaupstaðarins, með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Bæjarstjórn kýs 5 manna nefnd til að hafa umsjón með vatnsveitunni og gera tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur og framkvæmdir. Ráða skal sérstakan umsjónarmann til daglegs reksturs vatnsveitunnar.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsæðar svo um kaupstaðinn, sem henta þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að, enda sé húsið reist með samþykki byggingarnefndar. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveituna, skal senda beiðni til umsjónarmanns, enda sé vatnið ætlað til heimilisþarfa. Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni. Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur. Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geta eigi séð atvinnufyrirtækjum eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægjanlegu vatni, er neytanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur, eftir úrskurði vatnsveitunnar. Vatnsveitan hefur eignarétt og viðhaldsskyldu á götuæðum enda þótt húseigendur hafi í upphafi að einhverju eða öllu leyti, borið þann kostnað, er af lögninni leiddi nema öðruvísi verði um samið. Vatnsveitan annast kaup og viðhald brunahana.

5. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu hóflega víðar, nægilega djúpt í jörð og að öðru leyti í samræmi við samþykkt þessa. Engar vatnsæðar má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Vatnsveitan hefur rétt til að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda. Álíti eftirlitsmaður vatnsveitunnar að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

6. gr.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra, skuli lagðar af starfsmönnum hennar á kostnað húseiganda. Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama húsæðakerfið við tvær eða fleiri heimæðar. Vatnsveitan getur ákveðið að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt. Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð. Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Þótt leka hafi orðið vart, getur vatnsveitan ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

7. gr.

Eftirlitsmenn vatnsveitunnar skulu hafa frjálsan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss og skulu húseigendur gefa upplýsingar um vatnsnotkun, sem óskað er eftir. Þeim er og heimilt að fara um lóðir vatnsnotenda til að athuga um vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu vatnsveitunnar, sem nauðsynlegar kunna að teljast.

8. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það þannig að óþrifum eða óþægindum valdi eða vanrækja viðhald á pípum og tækjum tengdum vatnsveitunni. Jafnframt er heimilt að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar, sem fyrirsjáanlega verða ekki teknar í notkun innan árs.

9. gr.

Heimilt er að fyrirskipa takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Einnig að loka fyrir vatnið, vegna viðgerða og hreinsunar, takmarka það á vissum tíma í senn, eftir atvikum. Jafnan skal auglýsa slíkar aðgerðir með svo rúmum fyrirvara, sem kostur er.

10. gr.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkviliðið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur í einkaeign eða eign vatnsveitunnar. Óheimilt er öðrum en slökkviliði, lögreglu og starfsmönnum vatnsveitunnar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, nema með sérstöku leyfi. Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstrartruflunum vegna hugsanlegra aðgerða, sem nefndar eru í 9. og 10. gr.

11. gr.

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar skal leggja fram teikningar af vatnskerfi sínu, ef óskað er. Húseigandi skal greiða stofngjald til vatnsveitunnar áður en tenging fer fram og skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 2,40 á hvern rúmmetra húss allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 1,60 á hvern rúmmetra sem þar er umfram.

12. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar þ. e. mat mannvirkja og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð vatnsskattsins skal vera 0,3% af framangreindu mati.

Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en kr. 600,00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessara greina. Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts:

a. Vatnsnotkun í steypu til iðnaðar kr. 4,00 fyrir hver 100 kg af sementsnotkun.
b. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölur, skal greiða kr. 2 000,00 á ári fyrir vatnsnotin.
c. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald kr. 0,80 á hverja slátraða sauðkind.
d. Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 4,00 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald er fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til pökkunar og pæklunar, skal greiða kr. 2,00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
e. Fyrir vatnsnotkun til síldarbræðslu skal greiða kr. 14,00 fyrir hvert landað síldartonn og kr. 8,00 fyrir hvert landað tonn af öðrum afla.
f. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða kr. 10,00 á hverja smálest af innvegnum fiski, þar sem ekki er vatnsmælir.

g. Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skipa og báta í Eskifjarðarhöfn, skal vera kr. 16,00 fyrir hvern rúmmetra.
h. Gjöld fyrir ótalin vatnsnot skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

13. gr.

Þar sem vatnsnot eru mikil eða komi í ljós, að þau séu óeðlileg, er bæjarstjórn heimilt að krefjast aukavatnsskatts samkvæmt mælingum eða eftir ákvörðun bæjarstjóra. Aukavatnsskattur skal miðaður við kr. 1,00 á hvern rúmmetra vatns. Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafist þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

14. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins. Vatnsveitan sér um eðlilegt viðhald mælisins, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað. Vatnsveitan sjálf ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Ber húseiganda að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða þeirra var.

15. gr.

Árlegur vatnsskattur af heildarmati fasteigna hefir sömu gjalddaga og önnur fasteignagjöld til bæjarsjóðs. Fyrir önnur vatnsnot skv. 12. og 13. gr. svo og aukavatnsskatt samkvæmt mæli, skal greiða í lok hvers ársfjórðungs.

16. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við fasteignamat það er tekur gildi 31. desember 1982 og breytast síðar, í samræmi við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000,00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af broti á reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Eskifjarðarkaupstaðar nr. 152 21. september 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn hreppsmálefna í Hvolhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd er í fyrirsvari fyrir Hvolhrepp og ber henni að gæta hagsmuna hreppsins í hívetna svo og að annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum og reglugerðum.

Meginverkefni hreppsnefndar eru:

A. Hreppsnefnd fer með yfirstjórn á fjárreiðum hreppsins.
B. Hreppsnefnd hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda og kveður á um í árlegri fjárhagsáætlun hversu haga skuli fjárframlögum og framkvæmdum vegna einstakra verkefna.
C. Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Ráðningarsamningur hans er þó uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara. Hreppsnefnd ræður einnig fasta starfsmenn hreppsins að fengnum tillögum sveitarstjóra. Um réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum kýs hún sér oddvita og varaoddvita.

3. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum hreppsnefndar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og að allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar. Oddviti sér um að allt fari vel fram og skipulega á fundum hreppsnefndar. Hann úrskurðar um fundarsköp en skjóta má úrskurði hans undir úrlausn hreppsnefndar.

4. gr.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana. Hver sá hreppsnefndarmaður sem ekki er samdóma hinum á rétt á því að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

5. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar sem sér um færslu gerðabókar undir fyrirsögn og eftirliti oddvita.

6. gr.

Hreppsnefnd heldur að jafnaði fund einu sinni í mánuði nema í júlí og ágúst. Reglulegur fundardagur og fundartími skal ákveðinn í byrjun hvers kjörtímabils.

7. gr.

Sveitarstjóri og oddviti semja dagskrá hvers fundar.

Á dagskrá skal taka:

1. Hvert það mál sem samkvæmt lögum eða reglugerðum fellur undir verksvið hreppsnefndar.
2. Hver sá sem heimild hefur til þess að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndar og óskar eftir því skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð eigi síðar en 4 dögum fyrir hreppsnefndarfund. Sveitarstjóri skal síðan í síðasta lagi 2 dögum fyrir hreppsnefndarfund hafa sent öllum hreppsnefndarmönnum dagskrá næsta fundar.

3. Í dagskrá skal tilgreina þær fundargerðir nefnda er fyrir liggja, tillögur er fram hafa komið og þau mál önnur sem um skal fjallað. Fylgja skal afrit tillagna svo og önnur þau gögn er sveitarstjóra eða oddvita þykja veita nánari upplýsingar um dagskrárliði.
4. Ef ákveðið er að boða til aukafundar, sbr. 3. mgr. 25. gr. laga nr. 58/1961 þá skal til hans boðað með dagskrá sem send verði hreppsnefndarmönnum með 24. klst. fyrirvara. Heimilt er þó að boða fund með styttri fyrirvara ef mjög aðkallandi mál bíður afgreiðslu.
5. Mál skulu afgreidd í þeirri röð sem dagskrá segir fyrir um nema hreppsnefnd ákveði annað.
6. Sveitarstjóri boðar fundi hreppsnefndar.

8. gr.

Hreppsnefndarfundir eru haldnir fyrir opnum dyrum. Einstök mál má þó ræða fyrir luktum dyrum þegar sveitarstjórn ákveður. Fundir skulu auglýstir á sama hátt og venja er til um opinberar auglýsingar í hreppnum með a. m. k. 24. klst. fyrirvara.

9. gr.

Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert nema meira en helmingur hreppsnefndarmanna sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum. Sveitarstjóri og hver hreppsnefndarmanna getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu og frávísunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er og hreppsnefnd á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar.

Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

10. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál við eina umræðu nema hina árlegu fjárhagsáætlun, ársreikninga og reglugerðir sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra. Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður.

11. gr.

Hver hreppsnefndarmaður sem vill taka til máls á hreppsnefndarfundi skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumenn svo og hreppsnefndarmann sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan sig.

Ef tveir eða fleiri hafa kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala. Hreppsnefnd getur heimilað ef 3 hreppsnefndarmenn samþykkja að maður utan hreppsnefndar megi tala á hreppsnefndarfundi, enda sé hann sérstaklega kvaddur á hreppsnefndarfund til að upplýsa og fræða um eitthvert það mál sem hreppsnefnd telur að upplýsinga sé þörf á. En skylt skal honum að gæta fundarskapa.

12. gr.

Framsögumaður eða flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir hreppsnefndarmenn tvisvar. Sveitarstjóri sem ekki er jafnframt hreppsnefndarmaður skal hafa málfrelsi og tillögurétt á hreppsnefndarfundum til jafns við hreppsnefndarmenn.

13. gr.

Ef oddviti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt til að umræðutími hvers hreppsnefndarmanns megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt. Þá getur oddviti hvenær sem er lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur oddvita skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

14. gr.

Skylt er hreppsnefndarmanni að lúta valdi oddvita í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu. Ef hreppsnefndarmaður ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðu þá skal oddviti víta hann.

Ef hreppsnefndarmaður hlýðnast ekki fyrirmælum oddvita eða almenn óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

15. gr.

Hreppsnefndarmönnum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf hreppsins og stofnana hans.

Hver hreppsnefndarmaður á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd skv. ákvörðun hennar.

Hreppsnefnd getur veitt hreppsnefndarmanni lausn frá setu í hreppsnefnd ef hann óskar þess.

16. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra sem hreppsnefnd tekur svo og framkvæmd á málefnum hreppsins yfirleitt að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Sveitarstjóri hefur ekki atkvæðisrétt í hreppsnefnd eða nefndum nema hann hafi verið kjörinn í þá nefnd. Sveitarstjóra er heimil seta á fundum nefnda með málfrelsi og tillögurétt.

17. gr.

Allar nefndir hreppsnefndar skulu færa gerðarbækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda sem hreppsnefnd setur í sérstök mál lagðar fyrir hreppsnefnd til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hvolhrepps í Ragnárvallasýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. desember 1982.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

20. desember 1982. Nr. 799.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Eskifjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Uppþot og hvers konar óspektir eru bönnuð á almannafæri. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina eða óþæginda fyrir vegfarendur. Með almannafæri er átt við götur, vegi og svæði sem almenningur fer um, eða ætluð eru til

Knattborðs- og leiktækjastofur, þar sem rekstur knattborða, spilakassa og leiktækja er meginhluti starfseminnar, má ekki starfrækja nema með leyfi bæjarstjórnar. Bæjarstjórn ákveður gjald fyrir leyfið sem veitt skal til eins árs í senn. Knattborðs- og leiktækjastofur mega vera opnar frá kl. 09:00 til kl. 23:00. Í rekstrarleyfi getur bæjarstjórn bannað aðgang barna yngri en 16 ára.

VII. KAFLI

Um útivistartíma barna og unglinga o. fl.

42. gr.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20:00 og ekki eftir kl. 22:00 tímabilið 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum.

Unglingar yngri en 15 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22:00 tímabilið 1. september til 1. maí og ekki eftir kl. 23:00 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtun, íþróttasamkomu eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess er þjónustuna veitir.

Óheimilt er að selja unglingum undir 16 ára aldri sígarettur eða aðrar tóbaksvörur. Barnaverndarnefnd skal vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

43. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20:00 öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga nema í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess að ákvæði þetta sé haldið að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til vínveitinga um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu gæta þess að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum. Úrdráttur úr ákvæði þessarar greinar skal hanga á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd ásamt lögreglu um að þessu sé framfylgt.

Bannað er að unglingar innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum þar sem ætla má að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin. Þegar sérstaklega stendur á getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára aldri. Lögreglustjóri getur og í sérstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar. Barnaverndarnefnd er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

44. gr.

Óheimilt er að sýna opinberlega, stilla út í sýningarglugga eða á annan hátt að birta myndir sem að dómi barnaverndarnefndar eru siðspillandi hvort sem það eru ljósmyndir,

veggauglýsingar eða kvikmyndir og getur lögreglustjóri eða barnaverndarnefnd bannað sýningu þeirra eða takmarkað aðgang við ákveðið aldursmark. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna eftir því sem við á.

VIII. KAFLI
Um samgang við skip.

45. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna samgang við erlend skip ef hann telur þess þörf til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu.

Slökkviliðsstjóri getur takmarkað samgang við skip sem flytja eldfim efni svo sem olíuskip.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

46. gr.

Á almannafæri, innan hafnarinnar og á fjörum má eigi kasta hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum brjóta flöskur, fleygja eða skilja eftir grjót, mold, möl, sand, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, múrbrot, spýtnasprek, bílhræ eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér talið sérstaklega, sem valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óprýði.

Aðeins er heimilt að henda mold, grjóti, sorpi og úrgangi á stað sem til þess eru ætlaðir og bæjaryfirvöld vísa á til þeirra nota.

Hvers kyns taka og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask, svo sem taka á hraunhellum, grjóti eða sandi, er óheimil í bæjarlandinu nema með samþykki bæjaryfirvalda.

47. gr.

Tunnur eða önnur ílát með sorpi, slori eða því um líku má ekki láta standa á almannafæri né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum sem ódaun leggur af eða óþrifanaði veldur.

Fiskúrgang, áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum, vel þéttum. Þeir sem flytja vörur, fisk, fiskúrgang og annað um götur bæjarins skulu gæta þess vandlega að flutningstæki séu þannig gerð og hleðslu þannig háttað að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað losnar af við flutninginn, fermingu eða affermingu skal sá er flytur eða flutningum ræður skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

48. gr.

Eigendur verslana og söluturna skulu annast hreinsun á öllu rusli sem hlýst af rekstrinum, að minnsta kosti daglega. Þeir skulu koma upp sorpkössum og tæma þá. Þeir skulu og ganga tryggilega frá sorpgeymslum og hreinsa upp allt rusl sem berast kann út á aðliggjandi götur, torg eða lóðir.

49. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði eða þar sem þeir koma saman á víðavangi, hvar sem er innan lögsagnarumdæmisins. Ber að hreinsa vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli áður en staðurinn er yfirgefinn og grafa ruslið vandlega niður eða flytja það burt. Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á slíkum stöðum.

Óheimilt er að brenna sinu eftir 30. apríl ár hvert. Landeigandi skal tilkynna slökkviliðsstjóra um fyrirhugaðan sinubruna.

Óheimilt er að kveikja elda eða brenna rusli eða sorpi innan bæjarins nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

50. gr.

Bannað er að setja upp girðingar sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t. d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skylt er hús- eða lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kringum hús þeirra. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða stuðla að því að slíkt berist inn á lóðina. Hver sem gerist sekur um slíkt skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því að óhreinindi berist af lóð annars manns.

Eiganda eða umráðamanni húss eða mannvirkis er skylt að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri, svo og tilheyrandi lóð og girðingum. Óheimilt er að geyma hvers kyns drasl, ógangfærar bifreiðar, bílhræ og því um líkt á lóðum þannig að það snúi að almannafæri. Óheimilt er að geyma hjólhýsi, báta eða óskrásettar bifreiðar á bifreiðastæðum, bæjarins, við götur eða á almannafæri. Lögreglu eða bæjaryfirvöldum er heimilt að fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni almennri áskorun sem birt er í bæjar- eða dagblöðum.

Að undangenginni almennri auglýsingu bæjaryfirvalda er heimilt að framkvæma lóðarhreinsun á kostnað eiganda eða umráðamanns. Hreinsunardeild bæjarins er heimilt að halda hlutum sem fjarlægðir voru til tryggingar því að hreinsunarkostnaður á lóðinni verði greiddur. Bæjarsjóður ber ekki ábyrgð á tjóni sem verður á hlut við framangreinda hreinsun.

Auk ákvæða þessa kafla gilda ákvæði heilbrigðisreglurgerðar eftir því sem við á.

X. KAFLI

Um búfjárhald, hundahald o. fl.

51. gr.

Búfjárhald (nautgripa-, hrossa-, svína-, geita-, fiðurfjár- og sauðfjárhald) er heimilt í landi kaupstaðarins að fengnu sérstöku leyfi og með skilmálum, sem bæjarráð setur.

Að öðru leyti vísast til reglugerðar um búfjárhald í Hafnarfirði um skilyrði fyrir leyfi til búfjárhalds o. fl.

52. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því.

Búfénaður má ekki ganga laus um götur bæjarins né annars staðar innan lögsagnarumdæmisins nema maður fylgi til að gæta þess eða það sé í öruggri vörslu. Ef út af er brugðið varðar það sektum. Ennfremur greiði eigandi allan kostnað við handsömun og varðveislu þess. Selja má búféð til lúkningar kostnaði þessum, ef eigandi greiðir hann ekki. Salan skal fara fram innan þeirra tímamarka og samkvæmt þeim reglum sem settar eru í reglugerð um fjallskil fyrir Hafnarfjörð og Gullbringusýslu.

53. gr.

Hesta, sem fara hirðulausir um bæinn, skal lögreglan hýsa og fóðra. Um ábyrgð og kostnað fer eins og segir í 52. gr.

54. gr.

Loðdýr (dýr sem alin eru vegna feldsins), alifugla og tamda fugla, svo sem dúfur, má ekki ala án samþykkis heilbrigðisnefndar og að uppfylltum skilyrðum sem hún setur um hýsingu og aðra aðstöðu.

55. gr.

Á vegum skulu ríðandi menn fara eftir gildandi umferðarreglum.

Óheimilt er að ríða hestum um götur bæjarins þar sem þéttbýlt er en lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

56. gr.

Hundahald er bannað í Hafnarfirði. Þó er bæjarstjórn heimilt að veita undanþágur til hundahalds.

Reglur og skilyrði fyrir leyfi til hundahalds eru í sérstakri samþykkt um hundahald í Hafnarfirði.

XI. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

57. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmið.

58. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum samkvæmt gildandi lögum ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Hagnaður sá er sakborningur kann að hafa af broti sínu og enginn tiltekinn aðili á löglegt tilkall til skal upptækur ger og renna, auk sekta, í ríkissjóð.

59. gr.

Ef einhver lætur það ógert sem skylda hans er að framkvæma skv. samþykktinni má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður sem leiðir af þeim ráðstöfunum sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni greiðist af brotamanninum eða ef hann er eigi um það fær úr ríkissjóði.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað nr. 80 17. desember 1928.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um þátttöku sveitarfélaga í kostnaði sjúkrasamlaga.

1. gr.

Af heildarkostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir samtals 15% með þeim hætti sem segir í 2. gr.

2. gr.

Hlutdeild sína í heildarkostnaði sjúkrasamlaga greiða sveitarfélög innan hvers samlagssvæðis með því að greiða af kostnaði sjúkrasamlags síns frá 1. janúar 1982 eins og hér segir:

Sjúkrasamlag Gullbringusýslu	19,02%
Sjúkrasamlag Kjósarsýlsu	17,83%
Sjúkrasamlag Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	13,50%
Sjúkrasamlag Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	14,70%
Sjúkrasamlag Dalasýslu	16,97%
Sjúkrasamlag Austur-Barðastrandarsýlsu	16,07%
Sjúkrasamlag Vestur-Barðastrandarsýslu	17,47%
Sjúkrasamlag Ísafjarðarsýslu	15,57%
Sjúkrasamlag Strandasýslu	17,17%
Sjúkrasamlag Vestur-Húnavatnssýslu	16,08%
Sjúkrasamlag Austur-Húnavatnssýslu	15,03%
Sjúkrasamlag Skagafjarðarsýslu	13,60%
Sjúkrasamlag Eyjafjarðarsýslu	36,66%
Sjúkrasamlag Þingeyjarsýslu	18,94%
Sjúkrasamlag Norður-Múlasýslu	17,57%
Sjúkrasamlag Suður-Múlasýslu	15,86%
Sjúkrasamlag Austur-Skaftafellssýslu	17,97%
Sjúkrasamlag Vestur-Skaftafellssýslu	19,57%
Sjúkrasamlag Rangárvallasýslu	20,74%
Sjúkrasamlag Árnessýslu	17,49%
Sjúkrasamlag Keflavíkur	15,58%
Sjúkrasamlag Njarðvíkur	14,91%
Sjúkrasamlag Grindavíkur	16,05%
Sjúkrasamlag Hafnarfjarðar	16,73%
Sjúkrasamlag Garðabæjar	16,23%
Sjúkrasamlag Kópavogs	18,06%
Sjúkrasamlag Seltjarnarness	17,90%
Sjúkrasamlag Akraness	13,59%
Sjúkrasamlag Ísafjarðar	14,28%
Sjúkrasamlag Bolungarvíkur	15,64%
Sjúkrasamlag Sauðárkróks	14,43%
Sjúkrasamlag Siglufjarðar	16,02%
Sjúkrasamlag Ólafsfjarðar	28,13%
Sjúkrasamlag Dalvíkur	32,73%
Sjúkrasamlag Akureyrar	29,62%
Sjúkrasamlag Húsavíkur	14,45%

Sjúkrasamlag Seyðisfjarðar	16,55%
Sjúkrasamlag Neskaupstaðar	13,01%
Sjúkrasamlag Vestmannaeyja	12,85%
Sjúkrasamlag Reykjavíkur	20,08%

3. gr.

Framlagi sveitarsjóða innan hvers samlagssvæðis skal jafnað niður á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 117 31. desember 1976 um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. desember 1982.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

Nr. 805. 30. desember 1982.

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjarnöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1982:

Kjósarsýsla:

Hólaland á loðdýraræktarbýli í landi Lykkju, Kjalarneshreppi.

Borgarfjarðarsýsla:

Stóra-Býla á smábýli í landi Ytra-Hólms, Innri-Akraneshreppi.

Austur-Húnavatnssýsla:

Dunhóll á nýbýli í landi Stóra-Búrfells, Svínavatnshreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Stóra-Gröf ytri II á iðnaðarbýli í landi Stóru-Grafar ytri, Staðarhreppi.

Eyjafjarðarsýsla:

Hléberg á þjónustubýli í landi Hrafnagils, Hrafnagilshreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Traðir á þjónustubýli í landi Sólbergs, Svalbarðsstrandarhreppi.

Norður-Múlasýsla:

Ormarsstaðir I á eignarhluta úr jörðinni Ormarsstaðir, Fellahreppi.
Ormarsstaðir II á eignarhluta úr jörðinni Ormarsstaðir, Fellahreppi.
Brekkubær á nýbýli í landi Bakka og Bakkagerðis, Borgarfjarðarhreppi.
Fellabær á þéttbýli norðan við Lagarfljótsbrú, Fellahreppi.
Móberg á sameinuðum jörðunum Móbergi og Steinboga, Hjaltastaðahreppi. Jafnframt var nafnið Steinbogi fellt niður.

Austur-Skaftafellssýsla:

Kot á nýbýli (smábýli) í landi Grundar, Nesjahreppi.

Rangárvallasýsla:

Efsta-Grund II á smábýli í landi Efstu-Grundar, Vestur-Eyjafjallahreppi.
Ásheimar á nýbýli í landi Ásmundarstaða II, Ásahreppi.

Árnessýsla:

Dalbrún II á ylræktarbýli í landi Dalbrúnar, Biskupstungnahreppi.
Traðir á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.
Brekkuskógur á nýbýli í landi Brekku, Biskupstungnahreppiu.
Básar á smábýli í landi Bjarnastaða, Grímsneshreppi.
Laugardælir III á garðyrkjubýli í landi Laugardæla, Hraungerðishreppi.
Fiskalón á fiskræktarbýli í landi Þóroddsstaða, Ölfushreppi.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1982.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

AUGLÝSING

um gjald til Almanakssjóðs.

Með skírskotun til 6. gr. laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 16/1922, hefur verið ákveðið, að gjald það, er greiða skal í Almanakssjóð fyrir hvert almanak, sem gefið er út eða flutt inn með sérstöku leyfi samkvæmt séðu lagaákvæði, skuli frá 1. janúar 1983 og þar til öðruvísi verður ákveðið vera 60 aurar fyrir hvert eintak.

Menntamálaráðuneytið, 21. desember 1982.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

1441 Nr. 807.

AUGLÝSING

frá Vörumerkjaskrárritara, Reykjavík.

I. Vörumerki skrásett árið 1982.

Skrás. 1982, nr. 1. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 150/1979. Tilkynnt 18. apríl 1979, kl. 15:30.

LEVI'S
KOVERALLS

Eigandi: Levi Strauss & Co., Two Embarcadero Center, San Francisco, California, U.S.A.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Fatnaður.
Flokkur: 25.
Merkið er skráð í öllum litum.
Discl.: Skráningin veitir ekki einkarétt á orðinu „Koveralls".

Skrás. 1982, nr. 2. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 372/1979. Tilkynnt 5. nóvember 1979, kl. 14:30.

TIBIROX

Eigandi: F. Hoffmann-La Roche & Co. Aktiengesellschaft, 124 Grenzacherstrasse, Basel, Sviss.
Umboðsm.: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Lyf, dýralækningalyf, heilsuverndarlyf og efni.
Flokkur: 5.

Skrás. 1982, nr. 3. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 15/1981. Tilkynnt 19. janúar 1981, kl. 14:00.

HAGKAUP

Eigandi: Hagkaup h/f., Skeifunni 15, Reykjavík.
Vörur/þjónusta: Allar vörur í 1., 2., 3., 4., 8., 13., 14., 16., 18., 20., 21., 22., 23., 25., 26., 27., 28., 29. og 31. fl. Þjónusta í 35. og 36. flokki.
Flokkar: 1, 2, 3, 4, 8, 13, 14, 16, 18, 20, 21, 22, 23, 25, 26, 27, 28, 29 og 31. Þjónusta í 35. og 36. flokki.

Skrás. 1982, nr. 4. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 49/1980. Tilkynnt 12. febrúar 1980, kl. 13:45.

SUCHARD MILKA

Eigandi: INTERFOOD Ltd., Avenue de Cour 107, Case Postale CH-1001, Lausanne, Sviss.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Kókó, súkkulaði, mjólkursúkkulaði, framleiðsla úr sælgæti.
Flokkur: 30.

Skrás. 1982, nr. 5. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 54/1980. Tilkynnt 15. febrúar 1980, kl. 14:00.

POWERPART

Eigandi: Massey-Ferguson Limited, 200 University Avenue, Toronto, Ontario, Canada.
Umboðsm.: Faktor Company, Reykjavík.
Vörur: Varahlutir, fittings og fylgihlutir fyrir dráttarvélar og hjólhýsi (ökutæki), ökutæki til notkunar við akuryrkju, uppskerustörf, garðyrkju, skógrækt, til vinnslu og flutnings jarðvegs og annarra efna, jarðræktar, meðferðar og flutnings á timbri, snjóruðnings og byggingaframkvæmda, vélknúin ökutæki til ferða í snjó og á ís, gaffallyftarar, hringsporar, dráttarbúnaður, léttivagnar, öryggisgrindur, sæti, sætapúðar og sætisbök, hlífðaryfirbreiðslur, allar þessar vörur hannaðar til nota í ökutækjum á landi, vagnatengi, öryggisbúnaður á vagnatengi, keðjur og kúplingar, togstengur, allt hannað til nota við vélknúin ökutæki á landi, dælur, gírar, búnaður fyrir aflmiðlun, rafmagnsræsar, allt til nota fyrir vélknúin ökutæki á landi, vélar og mótorar, ræsitæki fyrir vélar og mótora, fittings fyrir útblástursrör, afldeilikerfi, allt fyrir ökutæki á landi, kælibúnaður.
Flokkur: 12.

Skrás. 1982, nr. 6. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 99/1980. Tilkynnt 18. mars 1980, kl. 10:00.

RAPALA

Eigandi: Rapala Oy, Tehtaantie 2, 17300 Vääksy, Finnlandi.
Umboðsm.: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: 22. fl. Net til fiskveiða.
28. fl. Útbúnaður til sport-fiskveiða, að undanskildum netum.
Flokkar: 22 og 28.

Forgangsréttur er frá 3. október 1979.

Skrás. 1982, nr. 7. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 225/1980. Tilkynnt 27. júní 1980, kl. 14:00.



Eigandi: Nippon Gakki Seizo Kabushiki Kaisha, (Nippon Gakki Co., Ltd.), 10—1, Nakazawa-cho, Hamamatsu-shi, Shizuoka-ken, Japan.
Umboðsm.: Faktor Company, Reykjavík.
Vörur: Björgunartæki og áhöld, þar með talið hjálmar og hlífðargleraugu fyrir ökumenn mótorhjóla, svo og aðrar vörur tilheyrandi 9. flokki.
Flokkur: 9.

Skrás. 1982, nr. 8. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 226/1980. Tilkynnt 27. júní 1980, kl. 14:00.

YAMAHA

Eigandi: Nippon Gakki Seizo Kabushiki Kaisha, (Nippon Gakki Co., Ltd.), 10—1, Nakazawa-cho, Hamamatsu-shi, Shizuoka-ken, Japan.
Umboðsm.: Faktor Company, Reykjavík.
Vörur: Björgunartæki og áhöld, þar með talið hjálmar og hlífðargleraugu fyrir ökumenn mótorhjóla, svo og aðrar vörur tilheyrandi 9. flokki.
Flokkur: 9.

Skrás. 1982, nr. 9. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 437/1980. Tilkynnt 26. nóvember 1980, kl. 13:30.

NEUE MODE

Eigandi: Heinrich Bauer Fachzeitschriften-Verlag KG, Ost-West-Strasse 6, 2000 Hamburg 1, Þýskalandi.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Prentað mál, blöð og tímarit.
Flokkur: 16.
Vörumerkið er skráð á grundvelli 29. gr. vörumerkjalaga „Telle-Quelle".

Skrás. 1982, nr. 10. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 67/1981. Tilkynnt 4. mars 1981, kl. 13:30.

COMPUTERLAND

Eigandi: COMPUTERLAND EUROPE S.a.r.l., 8 rue Jean Engling, Dommeldange, Luxembourg, Luxembourg.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur/
þjónusta: 9. fl. Búnaður og tæki notuð við vísindi, raftækni og rafeindatækni, þar með talinn þráðlaus fjarskiptabúnaður, tölvur, einangraðir rafmagnsþræðir, gerðir sem bönd, segulbönd, segulkringlur fyrir tölvur, hlutar og tæki til þeirra, innifalin í þessum flokki.
16. fl. Pappír, pappi, pappírs- og pappavörur, prentað mál, blöð og tímarit, bækur, bókbandsefni, ljósmyndir, ritföng, bréflím, vörur handa listamönnum, málningarpenslar, ritvélar, skrifstofutæki (önnur en húsgögn), fræðslu- og kennslugögn (önnur en tæki), spil, leturstafir og myndamót (rafgreinimót), sérstaklega pappírsbönd, gataspjöld, pappír fyrir tölvur sem prenta og aðrar vörur fyrir eða viðkomandi tölvum, sem tilheyra þessum flokki.
35. fl. Tækni og viðskiptaleg aðstoð við að setja upp viðskiptafyrirtæki, sérhæfð í sölu á örtölvum og hlutum og tækjum til þeirra, svo og sviputum hlutum.
Flokkar: 9, 16 og 35.
Vörumerkið er skráð á grundvelli 29. gr. vörumerkjalaga „Telle-Quelle".

Skrás. 1982, nr. 11. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 99/1981. Tilkynnt 25. mars 1981, kl. 15:00.

PLÚS

Eigandi: Efnaverksmiðjan Sjöfn, Glerárgötu 28, 600 Akureyri.
Vörur: Hreinlætis- og snyrtivörur. Efnablöndur til hreingerninga.
Flokkur: 3.

Skrás. 1982, nr. 12. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 109/1981. Tilkynnt 2. apríl 1981, kl. 11:30.

ALUDINON

Eigandi: F. Hoffmann-La Roche & Co., Aktiengesellschaft, 124 Grenzacherstrasse, 4002 Basel, Sviss.
Umboðsm.: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Snyrtivörur, hárvökvi, hársápa.
Flokkur: 3.

Skrás. 1982, nr. 13. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 157/1981. Tilkynnt 12. maí 1981, kl. 11.00.

KÓK

Eigandi: The Coca-Cola Company, 310 North Avenue, N. W. Atlanta, Georgia 30313, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Allar vörur í 32. flokki.
Flokkur: 32.

Skrás. 1982, nr. 14. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 188/1981. Tilkynnt 3. júní 1981, kl. 11:00.

VITAMOL

Eigandi: HAMOL LTD., Hanover Avenue, Morristown, New Jersey 07969, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Ilmvörur, snyrtivörur, hreinlætisvörur, sápur, lykteyðandi vörur og aðrar vörur í 3. flokki.
Flokkur: 3.

Skrás. 1982, nr. 15. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 196/1981. Tilkynnt 18. júní 1981, kl. 13:30.


Aquascutum
OF LONDON

Eigandi: AQUASCUTUM, LIMITED, 100 Regent Street, London W, Englandi.
Umboðsm.: Axel Einarsson, hrl., Aðalstræti 6, Reykjavík.
Vörur: Svitalyktareyðir, ilmvötn, snyrtivörur án lyfja, fegrunarvörur, tannhreinsiefni, hárþvottalögur og sápur.
Flokkur: 3.

Vörumerkið er skráð á grundvelli 29. gr. vöruverkjalaga „Telle-Quelle".

Skrás. 1982, nr. 16. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 263/1981. Tilkynnt 5. ágúst 1981, kl. 11:45.



Eigandi: Rowntree Mackintosh Limited, York YO1 1XY, Englandi.
Umboðsm.: Axel Einarsson, hrl., Aðalstræti 6, Reykjavík.
Vörur: Súkkulaði, sælgæti, sætindi úr sykri og súkkulaði, brjóstsykur, karamellur, kex, tyggigúm og blöðrutyggigúm.
Flokkur: 30.

Skrás. 1982, nr. 17. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 264/1981. Tilkynnt 7. ágúst 1981, kl. 14:00.



Eigandi: Miller Brewing Company, 3939 West Highland Boulevard, Milwaukee, Wisconsin 53201, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: Faktor Company, Reykjavík.
Vörur: Allar vörur í 32. flokki.
Flokkur: 32.

Merkið er skrásett í litum.

Skrás. 1982, nr. 18. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 276/1981. Tilkynnt 19. ágúst 1981, kl. 14:30.

CORDARONE

Eigandi: SANOFI, 40, Avenue George V, 75008 Paris, Frakklandi.
Umboðsm.: Faktor Company, Reykjavík.
Vörur: Allar vörur í 5. flokki.
Flokkur: 5.

Skrás. 1982, nr. 19. Skráningard. 5. apríl 1982.


T 281/1981. Tilkynnt 21. ágúst 1981, kl. 13:45.

NYCOL

Eigandi: AB Nynäs Petroleum, Box 5842, S-102 48 Stockholm, Svíþjóð.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: 1. fl. Kolasalli í leðju (kolslurry, ekki eldsneyti).
4. fl. Kolaeldsneyti; kolaleðja sem eldsneyti.
11. fl. Umhverfishlífinn búnaður í formi brennslukerfa sem nýta kolaeldsneyti og kolaleðju.
Flokkar: 1, 4 og 11.

Skrás. 1982, nr. 20. Skráningard. 5. apríl 1982.


T 288/1981. Tilkynnt 31. ágúst 1981, kl. 14:30.



Eigandi: Wilh. Bleyle KG, Postfach 434, Rotebühlstrasse 120, 7000 Stuttgart 1, Þýskalandi.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Höfuðfatnaður, skóvarningur, sérstaklega úr leðri, leðurlíkisefni, ofin efni, prjónaefni og fatavefnaður, sokkavörur, ofinn og prjónaður fatnaður, flíkur, nærfatnaður, borðlín og rúmfatnaður, lífstykki, flibbar, axlabönd, hanskar, garn, ljósmynda- og prentsmiðjuvörur, vefnaðarvörur, fatavefnaður og efni úr feldum, flóki, ferða- og handtöskur, regn- og sólhlífar og göngustafir.
Flokkar: 16, 18, 22, 23, 24 og 25.

Skrás. 1982, nr. 21. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 271/1981. Tilkynnt 18. ágúst 1981, kl. 14:15.



Eigandi: HTH Køkkener A/S Industrivej 6, 6870 Ølgod, Danmörku.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Allar vörur í 11. og 20. flokki.
Flokkar: 11 og 20.

Skrás. 1982, nr. 22. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 291/1981. Tilkynnt 1. september 1981, kl. 14:15.



Eigandi: GASA ODENSE A.m.b.A., Lavsenvænget 1, DK 5200 Odense V, Danmörku.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Nýir ávextir, grænmeti, lifandi plöntur og náttúruleg blóm.
Flokkur: 31.

Skrás. 1982, nr. 23. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 295/1981. Tilkynnt 3. september 1981, kl. 14:50.



PENGUIN

Eigandi: TOYAMA FISHING MANUFACTURING CO., LTD., 11, Azuchimachi 2-chome, Higashi-ku, Osaka, Japan.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: 22. fl. Fiskinet.
23. fl. Garn og þráður.
Flokkar: 22 og 23.

Skrás. 1982, nr. 24. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 303/1981. Tilkynnt 11. september 1981, kl. 14:40.



Eigandi: S. A. RACCORDS ET PLASTIQUES NICOLL, Rue Pierre et Marie Curie, 49309 CHOLET, Frakklandi.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: 11. fl. Kerfi, áhöld og tæki til dreifingar vatns og afrennslis skolps og regnvatns, þar með taldar aðalleiðslur (kanalar) og tengingar við þær. Skoðunarlokar, stútar, sigti og vatnslásar. Hreinlætistæki, handföng fyrir salernisbyssur, frárennslisrör fyrir vatnssalerni. Kerfi, áhöld og tæki fyrir loftræstingu, þar með talin loftræstitæki, sjálfstillandi lokar fyrir loftinntök og loftúttök, stokkar fyrir loftúttök, loftúttök.
17. fl. Rör, rörbútar og tengistykki til þeirra, ekki úr málmi.
19. fl. Þakrennur, gluggagrindur, kýraugu, geymslutankar, byggingarhlutar þar með taldar veggeiningar, mótuð stykki, gólflistar og horn. Vörurnar eru ekki úr málmi.
Flokkar: 11, 17 og 19.
Forgangsréttur er frá 18. mars 1981.

Skrás. 1982, nr. 25. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 306/1981. Tilkynnt 14. september 1981, kl. 14:40.

LIBRA

Eigandi: Industrigruppen LIAB Inredningar AB, Box 49100, Alströmergatan 39, S-100 28 Stockholm, Svíþjóð.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Allar vörur í 20. flokki.
Flokkur: 20.

Skrás. 1982, nr. 26. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 307/1981. Tilkynnt 16. september 1981, kl. 14:00.

THRUST

Eigandi: Faberge, Incorporated, 1345 Avenue of the Americas, New York, New York 10019, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Allar vörur í 3. og 5. flokki.
Flokkar: 3 og 5.

Skrás. 1982, nr. 27. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 308/1981. Tilkynnt 18. september 1981, kl. 14:00.

UNICONTIN

Eigandi: Mundipharma AG, St. Alban-Vorstadt 94, CH-4006 Basel, Sviss.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Lyfja-, dýralækninga- og hreinlætisefni.
Flokkur: 5.

Skrás. 1982, nr. 28. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 309/1981. Tilkynnt 21. september 1981, kl. 14:30.

OMNI

Eigandi: Liggett Group Inc., 100 Paragon Drive, Montvale, New Jersey, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Sígarettur.
Flokkur: 34.

Skrás. 1982, nr. 29. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 310/1981. Tilkynnt 21. september 1981, kl. 14:30.



Eigandi: SOTHYS, 163 rue du Faubourg Saint-Honoré, París 8éme, Frakklandi.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Sápur, ilmefni, ilmolíur, fegrunarefni, snyrtiefni og snyrtivörur, sérstaklega áburður, smyrsl og lögur, snyrtiduft og snyrtivötn, fegrunargrímur, farðar, kinnrauði, naglalakk, varalitir, efnasambönd til að varna sólbruna, en auka sólbrúnu, hárvötn, tannhirðivörur.
Flokkur: 3.

Skrás. 1982, nr. 30. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 313/1981. Tilkynnt 22. september 1981, kl. 14:00.

REACH

Eigandi: Johnson & Johnson, 501 George Street, New Brunswick, New Jersey, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: G. H. Sigurgeirsson, P. O. Box 1337, 121 Reykjavík.
Vörur: Tannburstar.
Flokkur: 21.

Skrás. 1982, nr. 31. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 314/1981. Tilkynnt 23. september 1981, kl. 10:45.

Toshiba

Eigandi: Tokyo Shibaura Denki Kabushiki Kaisha, also trading as Toshiba Corporation, 72, Horikawa-cho, Saiwai-ku, Kawasaki-shi, Kanagawa-ken, Japan.
Umboðsm.: G. H. Sigurgeirsson, P. O. Box 1337, 121 Reykjavík.
Vörur: Tæki og búnaður til skurðlækninga, lyflækninga, tannlækninga og dýralækninga (hér með talið gervilimir, -augu og -tennur.)
Flokkur: 10.

Skrás. 1982, nr. 32. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 315/1981. Tilkynnt 23. september 1981, kl. 10:45.

TOSHIBA

Eigandi: Tokyo Shibaura Denki Kabushiki Kaisha, also trading as Toshiba Corporation, 72, Horikawa-cho, Saiwai-ku, Kawasaki-shi, Kanagawa-ken, Japan.
Umboðsm.: G. H. Sigurgeirsson, P. O. Box 1337, 121 Reykjavík.
Vörur: Tæki og búnaður til skurðlækninga, lyflækninga, tannlækninga og dýralækninga, (hér með talið gervilimir, -augu og -tennur).
Flokkur: 10.

Skrás. 1982, nr. 33. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 317/1981. Tilkynnt 24. september 1981, kl. 11:20.

KENNAMETAL

Eigandi: KENNAMETAL INC., P. O. Box 231, Latrobe, Pennsylvania 15650, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Slitþolnir hlutir sem samanstanda af samanbundnum harðmálmum, svo sem verkfæri og verkfærahlutir sem nota á til slípunar, skurðar og formunar málma og annarra efna, í löð, í patrónur rennibekkja- og slípivélar, í legur, í dæluventla og hluta til þeirra, í sagarstengur, í þjalir, í leiðara og í tengur til meðhöndlunar á gleri; í hluti slitflata, svo sem splitpinna, rúllukefli, kambáselti, fóðringar, áslátt, löð, fallhamra, grjótmulningsvélar, cylinderfóðringar, snertifleti, mælasamstæður, gripfleti, forseta (work rests) og hlutar til þeirra í 7. og 8. flokki.
Flokkar: 7 og 8.

Skrás. 1982, nr. 34. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 318/1981. Tilkynnt 24. september 1981, kl. 11:20.

DORMICUM

Eigandi: F. Hoffmann-La Roche & Co., Aktiengesellschaft, 124 Grenzacherstrasse, 4002 Basel, Sviss.
Umboðsm.: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Lyf, dýralækningalyf og heilsuverndarlyf.
Flokkur: 5.

Skrás. 1982, nr. 35. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 319/1981. Tilkynnt 24. september 1981, kl. 11:20.

CONCEPT NOW

Eigandi: Concept Now, Inc., 14000 Anson Street, Santa Fe Springs, California 90670, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Allar vörur í 3. flokki.
Flokkur: 3.

Skrás. 1982, nr. 36. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 320/1981. Tilkynnt 24. september 1981, kl. 11:45.

RENAISSANCE

Eigandi: SOCIETE MAURICE BLANCHET PARFUMS DE LUXE, SOCIETE ANONYME, 21 rue Pierre-Dupont -SURESNES (Hauts de Seine), Frakklandi.
Umboðsm.: G. H. Sigurgeirsson, P. O. Box 1337, 121 Reykjavík.
Vörur: Ilmvörur, fegrunarvörur, sápur, farðar, ilmolíur snyrtivörur, hárhirðiefni, tannhirðiefni.
Flokkur: 3.

Skrás. 1982, nr. 37. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 321/1981. Tilkynnt 24. september 1981, kl. 11:45.

KENWOOD

Eigandi: TRIO KABUSHIKI KAISHA (also trading as Trio-Kenwood Corporation), 6—17, Aobadai 3-Chome, Meguro-Ku, Tokyo, Japan.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Myndsýnitækjabúnaður, upptökutæki fyrir myndsegulbönd, spilarar fyrir myndsegulkringlur og kringlur til þeirra, sjónvarpsmóttökutæki, segulbönd og snældur fyrir segulbandstæki og myndsegulbandsupptökutæki, þurrkarar (dryers), segulbandsspólarar og öll auka- og hjálpartæki fyrir áðurnefnd tæki, ljóstæknitæki og allar aðrar vörur í 9. flokki.
Flokkur: 9.

Skrás. 1982, nr. 38. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 323/1981. Tilkynnt 29. september 1981, kl. 14:15.

MEMORY

Eigandi: CBS Inc., 51 West 52nd Street, New York, New York, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Grammófónplötur og segulbönd.
Flokkur: 9.

Skrás. 1982, nr. 39. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 328/1981. Tilkynnt 1. október 1981, kl. 14:30.

DÖGG

Eigandi: Sól hf., Þverholti 19—21, 105 Reykjavík.
Vörur: Drykkir og matvæli.
Flokkar: 29, 30 og 32.

Skrás. 1982, nr. 40. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 329/1981. Tilkynnt 1. október 1981, kl. 14:30.

DALADÖGG

Eigandi: Sól hf., Þverholti 19—21, 105 Reykjavík.
Vörur: Drykkir og matvæli.
Flokkar: 29, 30 og 32.

Skrás. 1982, nr. 41. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 332/1981. Tilkynnt 6. október 1981, kl. 14:00.

POLYCELL

Eigandi: POLYCELL PRODUCTS LIMITED, 30 Broadwater Road, Welwyn Garden City, Hertfordshire, Englandi.
Umboðsm.: Björn Árnason, Árni Björnsson, Einarsnesi 21, Reykjavík.
Vörur: Límefni sem telst til 1. flokks.
Flokkur: 1.

Skrás. 1982, nr. 42. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 330/1981. Tilkynnt 2. október 1981, kl. 13:30.

PYREM

Eigandi: Kenogard AB, Box 11033, 100 61 Stockholm, Svíþjóð.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Skordýraeitur og sveppaeitur.
Flokkur: 5.

Skrás. 1982, nr. 43. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 333/1981. Tilkynnt 6. október 1981, kl. 14:00.

POLYFILLA

Eigandi: POLYCELL PRODUCTS LIMITED, 30 Broadwater Road, Welwyn Garden City, Hertfordshire, Englandi.
Umboðsm.: Björn Árnason, Árni Björnsson, Einarsnesi 21, Reykjavík.
Vörur: 3. fl. Efni til þess að fjarlægja veggfóður; efni til þess að fjarlægja málningu; hreinsiefni.
19. fl. Efni, ekki úr málmi, til þess að líma og fylla sprungur, holur og álíka skemmdir á yfirborði bygginga og skreytinga.
Flokkar: 3 og 19.

Skrás. 1982, nr. 44. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 344/1981. Tilkynnt 19. október 1981, kl. 11:15.

ROBAXACET

Eigandi: A. H. Robins Company, Incorporated, 1407 Cummings Drive, Richmond, Virginia 23220, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: Björn Árnason, Árni Björnsson, Einarsnesi 21, Reykjavík.
Vörur: Lyf og lyfjaefni, einkum til vöðvaslökunar.
Flokkur: 5.

Skrás. 1982, nr. 45. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 345/1981. Tilkynnt 19. október 1981, kl. 14:00.

KLICK

Eigandi: Mommers Print Service B. V., Peutenweg 2, ECHT, Hollandi.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Lyklahringir gerðir úr plasti.
Flokkur: 20.

Skrás. 1982, nr. 46. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 347/1981. Tilkynnt 22. október 1981, kl. 13:45.

SWEET HEARTS

Eigandi: Oxford Biscuit Fabrik A/S, 9800 Hjørring, Danmörku.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Allar vörur í 30. flokki.
Flokkur: 30.

Skrás. 1982, nr. 47. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 350/1981. Tilkynnt 23. október 1981, kl. 11:40.

Kendex

Eigandi: KENNAMETAL INC., P. O. Box 231, Latrobe, Pennsylvania 15650, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Carbide skurðverkfæri, svo sem skurðfletir og rennistál og stálhöldur fyrir vélaverkfæri.
Flokkur: 7.

Skrás. 1982, nr. 48. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 351/1981. Tilkynnt 23. október 1981, kl. 11:40.

Kenloc

Eigandi: KENNAMETAL INC., P. O. Box 231, Latrobe, Pennsylvania 15650, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Tæki til skurðar með bitstáli, sem markarar í 7. flokki.
Flokkur: 7.

Skrás. 1982, nr. 49. Skráningard. 5. apríl 1982.
T 348/1981. Tilkynnt 23. október 1981, kl. 10:15.

dropi

Eigandi: SÓL hf., Þverholti 19, 105 Reykjavík.
Vörur: Drykkir og matvæli.
Flokkar: 29, 30 og 32.
Discl.: Skráningin veitir ekki einkarétt á orðinu „dropi".

Skrás. 1982, nr. 50. Skráningard. 5. apríl 1982.
T 352/1981. Tilkynnt 23. október 1981, kl. 11:40.

KENROC

Eigandi: KENNAMETAL INC., P. O. Box 231, Latrobe, Pennsylvania 15650, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Grjót- og jarðborar.
Flokkur: 7.

Skrás. 1982, nr. 51. Skráningard. 5. apríl 1982.
T 353/1981. Tilkynnt 23. október 1981, kl. 11:40.

Kentrol

Eigandi: KENNAMETAL INC., P. O. Box 231, Latrobe, Pennsylvania 15650, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Útskiptanlegar skurðtennur til þess að setja í verkfærahöld, þar með talið bitstál, sem markarar og verkfærahöldur, til festingar á bittönnum og aðrir hlutir í nefndar verkfærahöldur.
Flokkur: 7.

Skrás. 1982, nr. 52. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 362/1981. Tilkynnt 30. október 1981, kl. 11:30.

ALPO

Eigandi: ALLEN PRODUCTS COMPANY, INC., P. O. Box 2187, R. D. 3, Allentown, Pennsylvania, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Allar vörur í 31. flokki einkum hundafæða.
Flokkur: 31.

Skrás. 1982, nr. 53. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 354/1981. Tilkynnt 23. október 1981, kl. 11:40.

Top Notch

Eigandi: KENNAMETAL INC., P. O. Box 231, Latrobe, Pennsylvania 15650, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Útskiptanlegar skurðtennur til þess að setja í verkfærahöld, þar með talið bitstál, sem markarar og verkfærahöldur, til festingar á bittönnum og aðrir hlutir í nefndar verkfærahöldur.
Flokkur: 7.

Skrás. 1982, nr. 54. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 355/1981. Tilkynnt 28. október 1981, kl. 11:15.

INTIMATE

Eigandi: REVLON, Inc., 767 Fifth Avenue, New York, New York, U.S.A.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Ilmvötn, kölnarvötn, baðpúður, handsápur og baðsápur.
Flokkur: 3.

Skrás. 1982, nr. 55. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 341/1981. Tilkynnt 12. október 1981, kl. 14:30.

Le Crabe

Eigandi: A/S JANTON, Kronprinsessegade 20, DK-1306 Kaupmannahöfn K, Danmörku.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Allar vörur í 18., 25. og 26. flokki.
Flokkar: 18, 25 og 26.

Skrás. 1982, nr. 56. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 356/1981. Tilkynnt 28. október 1981, kl. 11:15.

TANG

Eigandi: GENERAL FOODS CORPORATION, 250 North Street, White Plains, N.Y. 10625, U.S.A.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Allar vörur í 32. flokki.
Flokkur: 32.

Skrás. 1982, nr. 57. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 367/1981. Tilkynnt 4. nóvember 1981, kl. 14:20.

PETRON

Eigandi: Petron Golf Equipment Limited, Vastre Estate, Kerry Road, Newtown, Powys, Wales, Englandi.
Umboðsm.: Faktor Company, Reykjavík.
Vörur: Íþróttavörur og tæki, þar með taldar golfkylfur.
Flokkur: 28.

Skrás. 1982, nr. 58. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 360/1981. Tilkynnt 30. október 1981, kl. 11:30.

BLUE CORAL

Eigandi: Blue Coral, Inc., 5300 Harvard Avenue, Cleveland, Ohio 44105, U.S.A.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Fægingar- og hreinsiefni fyrir bifreiðar og önnur farartæki.
Flokkur: 3.

Skrás. 1982, nr. 59. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 361/1981. Tilkynnt 30. október 1981, kl. 11:30.

BLUE POLY

Eigandi: Blue Coral, Inc., 5300 Harvard Avenue, Cleveland, Ohio 44105, U.S.A.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Efni til þess að fægja og hreinsa farartæki, svo og aðra harða fleti og gera þá vatnsþétta.
Flokkur: 3.

Skrás. 1982, nr. 60. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 370/1981. Tilkynnt 6. nóvember 1981, kl. 11:30.

OSMOS

Eigandi: MERCK & Co., Inc., 126 E. Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey 07065, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Allar vörur í 5. flokki.
Flokkur: 5.

Skrás. 1982, nr. 61. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 374/1981. Tilkynnt 6. nóvember 1981, kl. 14:00.

CUPS

Eigandi: HARIBO LAKRIDS A/S, Præstøvej 55, 4640 Faxe, Danmörku.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Allar vörur í 30. flokki.
Flokkur: 30.

Skrás. 1982, nr. 62. Skráningard. 5. apríl 1982.

T 373/1981. Tilkynnt 6. nóvember 1981, kl. 14:00.



Eigandi: MARS, INCORPORATED, Westgate Park, 1651 Old Meadow Road, McLean, Virginia, U.S.A.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR st., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Tilbúnar máltíðir og snarl í 29. og 30. flokki.
Flokkar: 29 og 30.

Skrás. 1982, nr. 63. **Skráningard. 5. apríl 1982.**

T 376/1981. Tilkynnt 10. nóvember 1981, kl. 12:00.

PÁLÍNA

Eigandi: Toyotavarahlutaumboðið hf., Ármúla 23, Reykjavík.
Vörur: Toyotasaumavélar.
Flokkur: 7.

Skrás. 1982, nr. 64. **Skráningard. 5. apríl 1982.**

T 377/1981. Tilkynnt 10. nóvember 1981, kl. 14:20.

FIX

Eigandi: Fix trikåfabriker ab, Box 116, 614 00 Söderköping, Svíþjóð.
Umboðsm.: Björn Árnason, Árni Björnsson, Einarsnesi 21, Reykjavík.
Vörur: Fatnaðarvörur einkum barnafatnaður.
Flokkur: 25.

Skrás. 1982, nr. 65. **Skráningard. 5. apríl 1982.**

T 382/1981. Tilkynnt 11. nóvember 1981, kl. 13:30.

VIROTEX

Eigandi: Sportvöruhús Reykjavíkur, Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Fatnaður fyrir karlmenn og kvenfólk, þar með talið skófatnaður og belti.
Flokkur: 25.

Skrás. 1982, nr. 66. **Skráningard. 5. apríl 1982.**

T 384/1981. Tilkynnt 11. nóvember 1981, kl. 13:30.

GRANUFLEX

Eigandi: E. R. Squibb & Sons, Inc., Lawrenceville-Princeton Road, Princeton, New Jersey 08540, U.S.A.
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Sárabindi og sáraumbúðir allskonar í 5. flokki.
Flokkur: 5.

Skrás. 1982, nr. 67. **Skráningard. 5. apríl 1982.**

T 385/1981. Tilkynnt 12. nóvember 1981, kl. 10:45.

TRINOVUM

Eigandi: Johnson & Johnson, 501 George Street, New Brunswick, New Jersey, U.S.A.
Umboðsm.: G. H. Sigurgeirsson, P. O. Box 1337, 121 Reykjavík.
Vörur: Allar vörur í 5. flokki einkum getnaðarvarnarefni til töku í gegnum munninn.
Flokkur: 5.

Skrás. 1982, nr. 68. **Skráningard. 5. apríl 1982.**

T 388/1981. Tilkynnt 13. nóvember 1981, kl. 11:30.

CELEBRITY

Eigandi: John Walker & Sons, Limited, 63 St. James's Street, London S.W, Englandi.
Umboðsm.: Axel Einarsson, hrl., Aðalstræti 6, Reykjavík.
Vörur: 33. fl. fyrir sterka drykki (spirits).
Flokkur: 33.

Skrás. 1982, nr. 69. **Skráningard. 5. apríl 1982.**

T 371/1981. Tilkynnt 6. nóvember 1981, kl. 11:30.

INDOCID GITS

Eigandi: MERCK & Co., Inc., 126 E. Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey 07065, Bandaríkjunum.
Umboðsm.: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vörur: Allar vörur í 5. flokki.
Flokkur: 5.

Skrás. 1982, nr. 19. **Skráningard. 5. apríl 1982.**

T 369/1981. Tilkynnt 5. nóvember 1981, kl. 15:30.

GÆÐAMERKI



Eigandi: Félag leiðsögumanna, Skólavörðustíg 2, 101 Reykjavík.
Þjónusta: 38. fl. Samgöngur.
41. fl. Fræðslu- og skemmtistarfsemi.
42. fl. Önnur þjónusta.
Flokkar: 38, 41 og 42.
Discl: Skráningin veitir ekki einkarétt á orðunum í merkinu.

Skrás. 1982, nr. 70. Skráningard. 1. júní 1982.

T 402/1974. Tilkynnt 27. nóvember 1974, kl. 9:00.

VINA MONTY

Eigandi: BODEGAS EL MONTECILLO, S.A., Fuenmayor (Logrono), Spáni.
Umboðsm.: Faktor Company, Reykjavík.
Vörur: Vín, líkjörar og sterkir drykkir.
Flokkur: 33.
Vörumerkið er skráð á grundvelli 29. gr. vörumerkjalaga, „Telle-Quelle".

Skrás. 1982, nr. 71. Skráningard. 1. júní 1982.

T 403/1974. Tilkynnt 27. nóvember 1974, kl. 9:00.

BODEGAS EL MONTECILLO

Eigandi: BODEGAS EL MONTECILLO, S.A., Fuenmayor (Logrono), Spáni.
Umboðsm.: Faktor Company, Reykjavík.
Vörur: Vín, líkjörar og sterkir drykkir.
Flokkur: 33.

Skrás. 1982, nr. 72. Skráningard. 1. júní 1982.

T 129/1975. Tilkynnt 14. apríl 1975, kl. 15:14.

PANASONIC

Eigandi: Matsushita Electric Industrial Co., Ltd. 1006, Ohaza Kadoma, Kadoma City, Osaka, Japan.
Umboðsm.: Árni Björnsson, cand. polit., Reykjavík.
Vörur: Tímavélar, armbandsúr, borðklukkur, veggklukkur, rafhlöðuklukkur, rafmagnsklukkur, rafeindaklukkur og hlutar og fylgihlutir þessara vara.
Flokkur: 14.

Skrás. 1982, nr. 73. Skráningard. 1. júní 1982.

T 331/1977. Tilkynnt 26. ágúst 1977, kl. 14:05.

Panasonic

Eigandi: Matsushita Electric Industrial Co., Ltd. 1006, Ohaza Kadoma, Kadoma City, Osaka, Japan.

Umboðsm.: Árni Björnsson, cand. polit., Reykjavík.

Vörur: Allar vörur í 1. fl., einkum bindiefni (þó ekki efni til ljósmyndanota).
Allar vörur í 5. fl., einkum nagdýraeitur.
Allar vörur í 6. fl., einkum vaskar og suðuvír.
Allar vörur í 7. fl., einkum rafmagnsþvottavélar fyrir bíla, rafmagnsgólfhreinsitæki, rafmagnshreyflar og aðrir rafmagnsmótorar, rafmagnsúðar og -sprautur.
Allar vörur í 8. fl., einkum rafmagnsrakvélar og skrúfjárn.
Allar vörur í 9. fl., einkum útvarpsgrammófónar, rafmagnsstraujárn, rafmagnsryksugur, kolskaut, röntgensjónvarpsbúnaður, röntgenmyndbreytitæki, myndsýningarbúnaður, slökkvitæki, (þó ekki tæki til ljósmyndagerðar, kvikmyndatöku og -sýninga og sjóntæki og -áhöld, -optisk).
Allar vörur í 10. fl., einkum rafmagnsteppi, rafmagnslök, rafmagnsnuddtæki, rafmagnsheyrnartæki, heilsubótarbaðtæki.
Allar vörur í 11. fl., einkum rafmagnskæliskápar, rafmagnsfrystar, rafmagnssýningarkistur, rafmagnsfrystar fyrir rjómaís, rafmagnsvatnskælitæki, rafmagnskjötkvarnir, rafmagnsísmulningsvélar, rafmagnsdósahnífar, rafmagnsbrauðristar, rafmagnspottar, rafmagnsbökunarofnar, örbylgjuofnar, rafmagnspönnur, rafmagnseggjasuðutæki, rafmagnskaffivélar, rafmagnshitaplötur, rafmagnssteikingartæki, rafmagnssteikingargrindur, rafmagnshrísgrjónasuðutæki, rafmagnsgufutæki fyrir handklæði, rafmagnsloftræstitæki, rafmagnsrakaeyðar, rafmagnsrakatæki, rafmagnslofthreinsitæki fyrir herbergi, rafmagnsloftrásatæki, rafmagnsviftur, rafmagnsvindsnældur, reykhettur með snældum, rafmagnsofnar, rafmagnsfóthitunartæki, rafmagnsgólfhitunartæki, rafmagnsgufutæki fyrir andlit, rafmagnshárþurrkur, rafmagnshárliðunartæki, vatnssíur, steinolíuofnar, gasofnar, gasbökunarofnar, gashitarar til að snöggþita vatn, gashrísgrjónasuðutæki, vasahitatæki, rafmagnslampar, flúrskinslampar, gerlaeyðandi lampar, kvikasilfurslampar, natríumlampar, klórlampar, glóðakveikjur, tengihlutir fyrir flúrskinslampa, statív og höldur fyrir lampa, lampar með innrauðum geislum, leifturljós, sterk geislaljós, ljósker, kolstengur, vatnshitar með sólargeislum, vatnskranar, gólflagnir.
Allar vörur í 12. fl., einkum matarvagnar, reiðhjól, lúðrar fyrir reiðhjól, rafmagnsvagnar og rafmagnsbílar.
Allar vörur í 16. fl., einkum rafmagnsblýantsyddarar, rafmagnsbréfaopnarar. (þó ekki ljósmyndir og lesprentarar (reader printers)).
Allar vörur í 17. fl., einkum rafmagnseinangrunarefni og mótunarefni úr hitaðri viðarkvoðu.

Allar vörur í 19. fl., einkum melamineskrautþynnur, melaminehúðaður krossviður, veggklæðningarefni, þakrennur úr plasti og viðarkvoðu, flísar og hellur, vatnsheld efni í húsaþök, verksmiðjuframleidd hús.
Allar vörur í 21. fl., einkum rafmagnstannburstar, og ílát.
Allar vörur í 28. fl., einkum rafmagnsflot fyrir fiskveiðar, hlutar og fylgihlutir fyrir allar ofangreindar vörur í flokkum 1, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 16, 17, 19, 21 og 28.

Flokkar: **1, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 16, 17, 19, 21 og 28.**

Skrás. 1982, nr. 74. **Skráningard. 1. júní 1982.**

T 404/1974. Tilkynnt 27. nóvember 1974, kl. 9:00.



Eigandi: BODEGAS EL MONTECILLO, S.A., Fuenmayor (Logrono), Spáni.
Umboðsm.: Faktor Company, Reykjavík.
Vörur: Vín, líkjörar og sterkir drykkir.
Flokkur: 33.

Skrás. 1982, nr. 75. **Skráningard. 1. júní 1982.**


T 429/1977. Tilkynnt 18. nóvember 1977, kl. 10:45.



Eigandi: Matsushita Electric Industrial Co., Ltd. 1006, Ohaza Kadoma, Kadoma City, Osaka, Japan.
Umboðsm.: Árni Björnsson, cand. polit., Reykjavík.
Vörur: Reiðhjól, hlutar og búnaður og allar vörur í 12. flokki.
Flokkur: 12.

Skrás. 1982, nr. 76. **Skráningard. 1. júní 1982.**


T 257/1978. Tilkynnt 26. júní 1978, kl. 11:30.



Eigandi: ADIDAS Fabrique de Chaussures de Sport, S.a.r.l., 67490 Landersheim, Frakklandi.
Umboðsm.: Faktor Company, Reykjavík.
Vörur: 18. fl. Leður og leðurlíki, húðir, koffort, töskur og þar með taldar töskur fyrir íþróttavörur og áhöld, veski og pyngjur.
25. fl. Fatnaður, þar með talin stígvél, skór og inniskór, og hverskonar íþróttafatnaður.
28. fl. Leikspil og leikföng, leikfimi- og íþróttavörur:
Flokkar: 18, 25 og 28.

Skrás. 1982, nr. 77. **Skráningard. 1. júní 1982.**

T 309/1978. Tilkynnt 1. ágúst 1978, kl. 12:00.



Eigandi: ADIDAS Fabrique de Chaussures de Sport, S.a.r.l., 67490 Landersheim, Frakklandi.
Umboðsm.: Faktor Company, Reykjavík.
Vörur: **Allar vörur í 18., 25. og 28. flokki, að undanskildum knöttum til leikja** og íþrótta.
Flokkar: 18, 25 og 28.
Forgangsréttur er frá 3. febrúar 1978.

Skrás. 1982, nr. 78. **Skráningard. 1. júní 1982.**

T 232/1981. Tilkynnt 7. júlí 1981, kl. 10:45.



Eigandi: NIPPON GAKKI SEIZO KABUSHIKI KAISHA. d.b.a., NIPPON GAKKI CO.,Ltd., 10-1, Nakazawa-cho, Hamamatsu-shi, Shizuoka-ken, Japan.
Umboðsm.: Faktor Company, Reykjavík.
Vörur: 6. fl. Óunnir og að nokkru unnir ódýrir málmar og blöndur úr þeim, akkeri, steðjar, bjöllur, völtuð og steypt byggingarefni, teinar og önnur málmefni í járnbrautarspor, keðjur (þó ekki drifkeðjur í ökutæki), strengir og vírar (þó ekki til rafmagnsnota), lásasmíðavörur, málmpípur og hólkar, öryggisgeymslur og peningakassar, stálkúlur, skeifur, naglar og skrúfur, aðrar vörur úr ódýrum málmum sem ekki heyra undir aðra flokka; málmgrýti.
9. fl. Rafmagnsbúnaður og tæki notuð til vísinda, siglinga og landmælinga (þar með talinn þráðlaus fjarskiptabúnaður), ljósmyndir, kvikmynda-, sjón-, vigtunar-, mæli-, merkjasendinga-, eftirlits-, björgunar-, og kennslubúnaður og tæki; peninga- og spilapeningasjálfsalar, talvélar, búðarkassar, reiknivélar; slökkviútbúnaður.
15. fl. Hljóðfæri (önnur en talvélar og þráðlaus fjarskiptaútbúnaður).
28. fl. Leikspil og leikföng; leikfimi- og íþróttavörur (þó ekki fatnaður); jólatrésskraut.
Flokkar: 6, 9, 15 og 28.

Skrás. 1982, nr. 79. Skráningard. 1. júní 1982.


T 322/1978. Tilkynnt 8. ágúst 1978, kl. 13:00.

TANGO

Eigandi: ADIDAS Fabrique de Chaussures de Sport, S.a.r.l., 67490 Landersheim, Frakklandi.
Umboðsm.: Faktor Company, Reykjavík.
Vörur: 25. fl. Fatnaður, svo sem buxur, pils, kjólar, jakkar, jafnt til íþróttaiðkana og kyrrsetu, undirfatnaður, æfingabúningar, samfestingar, skíða- og vetraríþróttafatnaður, regnföt, skyrtur, stuttskyrtur, belgpeysur, stuttermaskyrtur, íþróttabuxur, íþróttastuttbuxur, legghlífar, baðföt, baðkápur, strandföt, morgunsloppar, baðhettur, íþróttaglófar, húfur, sokkar, hnésokkar, stígvél, íþróttaskór, hvíldarskór, sandalar og inniskór.
Flokkur: 25.
